

ELINBORG LÁRUSDÓTTIR

MIÐILLINN

HAFSTEINN
BJÖRNSSON

BÓKAÚTGÁFAN



NORÐRI H.F

Hafsteinn Björnsson

MIÐILLINN
HAFSTEINN BJÖRNSSON

ELÍNBOG LÁRUSDÓTTIR

Áður út komið:

Sögur	1935
Anna frá Heiðarkoti	1936
Gróður	1937

Förunenn:

Dimmuborgir	1939
Efra-Ás-ættin	1940
Sólon Sókrates	1940
Frá liðnum árum	1941
Strandarkirkja	1943
Hvíta höllin	1944
Úr dagbók miðilsins	1944
Simon í Norðurhlíð	1945
Miðillinn Hafsteinn Björnsson .	1946

MIÐILLINN

HAFSTEINN BJÖRNSSON

ELÍNBOG LÁRUSDÓTTIR
HEFIR SAFNAÐ OG SKRÁÐ



BÓKAÚTGÁFAN NORÐRI H.F.

P R E N T V E R K O D D S B J Ö R N S S O N A R

1 9 4 6

I. KAFLI

Miðillinn Hafsteinn Björnsson og kynni mín af honum

I.

Fyrstu kynni mín af miðlinum Hafsteini Björnssyni eru mér fremur óljós í minni. Þau munu stafa frá þeim árum, er hann var að hefja æfingar sínar. Eg átti þá kost á að vera viðstaddur á nokkrum fundum hans, en langt leið á milli. Eg minnst þess ekki, að mér þætti mikið til fundanna koma, og gerði mér enga grein fyrir því, hvort hér væri um gott miðilsefni að ræða eða ekki. Síðar frétti eg það, að hann væri tekinn að stunda reglubundnar æfingar hjá Einari H. Kvaran og undir hans umsjá, og fóru mér þá að berast fregnir um það, að horfur væru vænlegar um hann sem góðan miðil. En eg átti þess aldrei kost að vera á fundum hans á því skeiði.

Fyrstu persónuleg kynni mín af Hafsteini urðu, er hann fyrir nokkrum árum var lyftuþjónn í Landssímahúsinu, þar sem eg var farþegi hans upp og ofan oft-sinnis á dag. Mér þótti þá maðurinn strax eftirtektar-

verður. Yfir honum var eitthvað dult og fjarlægt, eins og hann ætti líf sitt að einhverju leyti utan við takmörk þess hversdagslega. Eg varð þess áskynja, að misjöfn persónuleg áhrif orkuðu á líðan hans. Fékk eg þá að vita, að þetta stafaði af nálega stöðugri skyggni hans. Svo mikið kvað að henni, að hann átti jafnvel örðugt með að greina, hverjir af farþegum voru samborgarar hans og hverjir óboðnir gestir frá annarlegum heimi.

Nokkrum árum síðar gerðist hann starfsmaður Ríkisútvarpsins við innheimtu. Kom þá í ljós, að skyggni hans og næmleiki fyrir áhrifum urðu honum til boga. Þó tókst mér að velja honum starf, sem var honum betur við hæfi, og hefir hann reynst trúr og dugandi starfsmaður.

Eftir að Hafsteinn Björnsson átti ekki lengur kost handleiðslu og umsjár Einars H. Kvaran, var miðilsstarf hans nokkuð á reiki. Skorti þar fasta stjórn og handleiðslu. Sjálfur er hann þannig gerður, að hann má helzt ekkert aumt sjá og getur tæplega synjað nokkurs manns bón. Hann lét mér í té nokkra einkafundi, þar sem mér gafst kostur á að ræða við stjórnanda hans og aðra þá, sem eru fastir við sambandið hinum megin frá. Varð það þá að ráði, að eg stofnaði fastan hring til reglulegra æfingafunda fyrir hann, og höfðum við slíka fundi nokkuð stöðugt veturinn 1944–45. Þann vetur kynntist eg miðilshæfileikum hans til þeirrar hlítar, að eg þykist geta dæmt um þá út frá þeirri þekkingu og reynslu, sem eg hafði öðlast af kynningu og samstarfi við aðra miðla.

Hiklaust tel eg Hafstein Björnsson vera meðal beztu sannanamiðla, sem eg hefi átt kost á að kynnast. Ef

fundir eru hagstæðir, fundargestir fáir og samstilltir, er hann fljótur að falla í mjög djúpan og traustan miðilssvefn og jafnframt fljótur að vakna, er fundi hefir verið slitið af stjórnanda hans hinum megin frá. Það tel eg auðkenna hann umfram aðra miðla, eða máské réttara sagt þá, sem hafa hann að tæki, að mannanöfn og staðaheiti koma því nær óhikað, einkum ef fundir eru léttir og samstilltir, en eins og áður er tekið fram, verða fundir því auðveldari og árangursríkari sem fundargestir eru færri og samstilltari. Eg hefi margsinnis orðið vitni að því, að lýst hefir verið fjarlægum landshlutum og sveitum, þar sem miðillinn hefir aldrei stigið fæti sínum, bæir nefndir réttum nöfnum og lýst, hvar þeim er í sveit skipað, lýst landslagi, ám og vötnum og kennileiti rakin á þann hátt, sem nákunugum sjónarvotti einum væri fært að gera. Nöfn og persónulýsingar þeirra, sem leyft er að gera vart við sig hinum megin frá, koma jafnaðarlega hiklaust og hárrétt, atvik greind og persónulegum ástæðum fundargesta, íbúðum þeirra, húsgögnum og öðrum sérkennum lýst svo, að oft skeikar ekki frá því rétta. Eg hefi orðið vottur að því, að til þess að koma fram sönnun hafa þeir, sem tala fyrir munn miðilsins, orðið að leggja út í flóknar ættartölur og búsetu manna eða heimilisfang jafnvel langt í ættir fram.

Eftir því sem mér er bezt kunnugt, ber Hafsteinn Björnsson tilskilda virðingu fyrir hæfileikum sínum og metur þá eins og gjöf, sem honum er veitt öðrum til hjálpar og hugarléttis, en ekki honum sjálfum til persónulegs ávinnings. Eg hefi aldrei orðið var minnstu hneigðar til þess að nota hæfileikana í hagn-

aðarskyni eða gera sér mannamun um þjónustu, enda mun það vera höfuðskilyrði fyrir því, að vel takist og slíkir dýrlegir hæfileikar spillist ekki. En af því leiðir, að slíkum mönnum er þörf trúrra ráðunauta, sem bæði hafa til að bera skilning og einurð til þess að verja þá áföllum og misnotkun.

II.

Mér þykir rétt að fara hér örfáum orðum um fundina. Áríðandi er, að fyrirfram boðaður fundur hefjist nákvæmlega á tilsettum tíma, því þá sofna miðillinn, og skiptir öllu máli, að fundargestir séu komnir, settir, kyrrð sé tryggð, eftir því sem verða má, því allur utan að komandi hávaði, umgangur í næstu stofum, símahringingar og þess háttar hafa truflandi áhrif. Sumir telja, að veðurfar hafi einnig sín áhrif, en um það get eg ekki látið í ljós neina skoðun.

Lýsing á fundarherberginu er og eitt mikilsvert atriði. Sjálfum miðlinum fellur bezt dauf rökkur-skíma, er dagsljós leggur gegnum nokkuð þykk gluggatjöld, en hjartir geislastafir, er kunna að leggja inn með gluggatjöldum, eru honum ógeðfelldir. Fundir þeir, er eg hefi staðið fyrir, voru haldnir við daufa birtu af rauðu ljósi, er eg hafði á bak við miðilinn og gaf þægilega rökkurbirtu, svo að fundargestir sjá vel andlitsfall hver annars og allar hreyfingar miðilsins verða greinilega merktar. Líkamsstillingar og svípmót miðilsins breytist mjög eftir því, hver notar hann sem tæki í það og það skiptið. Sumir vilja telja, að greinileg um-

myndun (transfiguration) eigi sér stað, en um það vil eg ekki staðhæfa út frá minni reynslu.

Fundir byrja venjulega með stuttri bæn og síðan lágværum söng, sem er til þess fallinn að samstillja og róa hugi allra viðstaddra. Meðan miðillinn er að sofna, fara miklir og að því er virðist krampakenndir kippir gegnum líkama hans, og andköf eru tíð og djúp, unz hann kemst í rólegan svefn. Svipuð andköf eiga sér stað, er verur þær, sem gera vart við sig, koma og fara. Vera, sem gerir vart við sig í fyrsta skipti á þann hátt, að hún taki líkama miðilsins til sinna nota, á venjulega mjög örðugt með, fyrst í stað, að ná nokkrum árangri. Venjulega koma þá fram síðustu áhrif jarðvistarinnar og jafnvel dauðastríðsins, og getur miðillinn þá sem snöggvast orðið, að því er virðist, undirlagður miklum þjáningum, svo sem andþrengslum, sársauka o. s. frv. Truflanir verða oft á fundum, einkum þar sem ósamstætt og ókunnugt fólk er saman komið. Næmir fundargestir geta komizt undir sterk áhrif. Skiptir þá miklu máli, að aðrir fundargestir haldi fullri geðró. Stjórnin á bak við er svo sterk og örugg, að slíkar misfellar eru fljótt lagfærðar.

Venjulega, en þó ekki ætíð, gerir stjórnandinn, sem óskar, að hann sé kallaður „Vinur“, fyrst vart við sig og talar nokkur hæglætisorð til fundargesta. Málfar hans er stillilegt og vitnar um jafnvægi og öryggi. Síðan koma aðrir þeir, er við sambandið þjóna, hver af öðrum, og getur fundarstörfum ekki orðið frekar lýst í þessu máli. Þó vil eg hér geta þess, að við og við koma fram einhverjir, sem ekki gefa upp nöfn sín og syngja venjulega sálmalög eða aðra andlega söngva. Er röddin

svo mikil og fögur og söngurinn svo kunnáttulegur, að dómbærum mönnum þar um þykir furðu sæta. Í fundarlok er og fyrir munn miðilsins mælt fram Faðir vor og blessunarorðin. Fyrir kemur það, einkum í fundarlok, að fram koma sem snöggvast verur, sem mæla á erlendum tungum og hefi eg heyrt ensku, þýzku og dönsku talaða af vörum miðilsins.

Fundurinn endar á svipaðan hátt og hann byrjar, með söng fundargesta. Miðillinn vaknar smám saman, og virðist þá fara fram samtali milli hans og vina hans hinum megin frá, svo sem athugasemdir og fyrirmæli, ýmist viðkomandi því, sem komið hefir fram á fundinum, eða því óviðkomandi og fundargestum óskiljanlegt. Hafi fundur verið ljúfur og ekkert sérstaklega erfitt borið að höndum, er miðillinn fljótur að vakna og er þegar alhress, eins og ekkert hafi í skorist.

Lengd funda er, eftir atvikum, frá einni og hálfri til tveggja og hálfur klukkustundar.

III.

Eg ætla að freista þess að fara nokkrum orðum um verurnar, sem stjórna og starfa hinum megin frá við þessi fundahöld. Það er mikill vandi og mikill ábyrgðarhluti, og kýs eg fremur, að vanhermt sé en ofmælt um það efni.

Eftir að hafa átt kost á því að kynnst þessum verum, ræða við þær, njóta hispursleysis þeirra og hreinskilni, hjartahlýju þeirra og andlegrar fegurðar, er svo komið, að eg tek samfundi við þær fram yfir alla persónulega viðkynningu, sem eg á kost á utan fjölskyldu minnar

og nánustu ættmenna. Viðkynning þeirra hefir veitt mér enn fyllri vissu en áður um gott hlutskipti til þroskunar í framhaldslífinu fyrir alla þá, sem temja sér auðmýkt og óttaleysi og eru tilbúnir að ganga til umskiptanna með jafnvægum huga, sáttir við guð og menn.

Stjórnandinn „Vinur“ gefur ekki upp nafn sitt; telur það ónauðsynlegt og geti ekki komið að haldi í sönnunarskyni, með því að nafn sitt muni hvergi vera skráð í fornum heimildum. Á sínum dögum hafi ekki verið færðar lögskráðar heimildir um menn í landinu.

Samkvæmt umsögn miðilsins og Finnu er stjórnand-
anum lýst í stuttu máli á þessa leið: Hann er tæplega þrjár álnir á hæð, íturvaxinn, ákaflega þrekinn og herðabreiður, hánorrænn, bjartur yfirlitum, ljósgult skegg mikið og slær á rauðleitum blæ, ljóst, gullið hár, skipt í miðju enni og fellur á herðar niður, nefið beint en mótar fyrir lið; augun djúpblá, fremur lítil, en skær og snör og geta orðið mjög hvöss. Fasið ber vitni um óbifanlegt jafnvægi og yfirmannlegan þroska.

Frásögn „Vinar“ er á þessa leið: Eg var uppi á 16. öld, bóndasonur á Húsafelli í Borgarfirði, einn af liðsmönnum Jóns Arasonar, Hólabiskups, í trúarbragða- og valdaskærum, sem þá voru uppi í landinu. Eg mun hafa þótt standa framarlega í flokki ungra manna til liðsemdar á minni tíð. Eg féll í bardaga, tuttugu og tveggja ára gamall.

Eg á nú orðið erfitt með að muna atburði aðra en þá, sem hæst rísa, og fá kennileiti eru mér í ljósu minni. En eftir því sem eg get bezt munað, voru helztu atvik þessi:

Eg var einn af fylgdarsveinum Jóns biskups, er hann reið norður til Hóla af Alþingi, eftir að hann hafði annast þar lögskil og tekið skýrslur af klerkdómi sínum. Mig minnir, að þetta væri tveim árum fyrir líflát hans. Þó getur skakkað um ár til eða frá. Við riðum norðan fimm saman, sunnanmenn. Á eyrunum, þar sem Þverá í Borgarfirði fellur í Hvítá, mættum við óvinaflokki, og sló þegar í bardaga. Þar hlaut eg það skeyti, er sendi mig yfir í annan heim.

Fyrst eftir líkamsdauða minn var eg mjög sama sinnis og eg hafði verið. Eg vildi bera herklæði mín og berjast. En svo bar það til, að til mín kom tignarlegur maður, hjúpaður hvítri skikkju. Hann stóð gegnt mér, og mér stóð ógn af valdi hans. Eg brá sverði mínu. En hann yfirbugaði mig með valdi augna sinna, og hann mælti: „Fylg þú mér.“ Þá féll sverðið úr máttvana hendi minni, og eg fylgdi honum.

Eg get ekki rakið sögu mína í þessum samtölum. Hún væri efni í margar bækur. Og hún væri líka torveld mér til frásagnar og ykkur til skilnings. — Eg ætla einungis að segja þér lítið eitt um þann þátt, sem er tengdur þessu sameiginlega áhugamáli okkar.

Hneigð mín varð að miklu bundin sviði jarðarinnar. Í trúarbók ykkar er rætt um þjónustubundna anda, en það eru þær ótölulegu liðsveitir, sem veita ykkur mönnunum fyrstu og brýnustu hjálp við andlátid og sífellt leitast við að vernda ykkur og leiðbeina. Eg komst snemma í snertingu við þetta hjálparstarf og öðlaðist þrá til þess að eiga þar í virkan þátt. Tugum ára saman leitaði eg fyrir mér um hæfilegt tæki, slíkt sem eg hefi nú ráð á. Eg var viðstaddur ótal fundi og

önnur tækifæri, þar sem áttu sér stað samhrif þeirra, sem á jörðinni dvöldust, og hinna, sem komnir voru yfir í annan heim.

Svo bar það til eitt sinn, að eg var staddur úti í Englandi og eg hafði verið viðstaddur einn slíkan atburð. Það var raunar ekki venjulegur miðilsfundur, heldur fundur hjá spákonu, sem sagði fyrir örlög manna. Eg reikaði um með mínar gömlu áhyggjur yfir því, hvort mér myndi takast að fá þrá minni fullnægt. Þá hitti eg allt í einu tvo menn, sem þegar höfðu áunnið sér þjónsstarf slíkt, sem eg þráði. Annar þeirra var íslenzkur, hinn var danskur. Þeir hurfu til mín og sögðu: „Fylg þú okkur, nú er leið þín greið.“

Síðan fóru þeir með mig rakleitt til Einars H. Kvaran, en þar var þá piltur þessi (þ. e. Hafsteinn Björnsson) staddur. Með aðstoð reyndra hjálpenda, sem höfðu miðla sína á þeim fundi og fleiri fundum, tókst mér smám saman að ná tökum á viðfangsefninu. Mér gekk mjög erfiðlega fyrst. Mér fannst eg verða lítill og máttvana, og lýsingar mínar urðu ruglingslegar og ófullnægjandi. Eg á það að þakka handleiðslu og ströngum aga Einars H. Kvaran, að eg náði loks viðunandi árangri. Hann leiðbeindi mér um nútíðarmálfar og kenndi mér svo að segja að tala af nýju. Hann var mjög strangur, og mér lék stundum hugur milli vonleysis og þykkju undir aðfinnslum hans. En loks tókst mér að hefja mig úr vanmætti mínu, náði fullu valdi yfir tækinu, gat valið mér aðstoðarhjálpendur, og fundirnir báru smám saman meiri og meiri árangur.

Þessir voru aðaldrættirnir í frásögn „Vinar“ og sem eg hermi svo nákvæmlega, sem mér er framast unnt.

Eg hefi átt við hann mörg og merkileg samtöl, sem ekki verða greind í þessu máli. Hann hefir lesið fyrir upphaf að sjálfstæðum þáttum, þar sem eru frásagnir um næstu tilveru og eg hefi látið rita niður orðréttar. Vera má, að síðar komi áframhald af þeim, svo úr verði sjálfstæð heild.

IV.

Við sambandið starfar lækni, ekki mjög löngu farinn af þessum heimi. Hann hirðir ekki um, að nafn sitt verði greint í þessu máli. Hann hefir með höndum þann þátt starfseminnar, sem horfir til lækninga, og hann vakir yfir líðan fundargesta og lagfærir skjótt hverja misfelli, sem kann að gera vart við sig. Hann er orðfár, en mjög ákveðinn og tilbúinn að grípa inn í, hvenær sem þörf gerist.

V.

Skemmtilegasta persónan við sambandið er gömul kona, sem nefnir sig Finnu. Hún gerir þá eina grein fyrir sér, að hún sé löngu farin og hafi lifað lífi sínu í Fljótum í Skagafirði. Hún kveðst mest hafa umgengist málleysingjana, þ. e. skepnurnar, og ekki hafa átt kost á neinni uppfræðslu, jafnvel ekki lært að lesa. Henni er lýst svo, að hún sé smá vexti, lotin í herðum, lítil fyrir mann að sjá og beri oftast klæðagerfi gamalla, umkomulítilla kvenna frá sinni tíð, skýlu, þríhyrnu á herðum o. s. frv. Hún er ákaflega snör í hreyfingum. „Vinur“ hefir látið um mælt um hana eitt hvað á þessa leið: Hún var mjög umkomulaus og átti

einkum sálufélag við skepnurnar, sem hún umgekkst og annaðist, en hún var gædd takmarkalausri fórnarlund, og allt hennar starf var og er til þessa sífelld fórn.

Finna er með skemmtilegustu persónum eða mäske allra skemmtilegust þeirra, sem eg hefi átt kost á að kynnast hinum megin frá á fundum miðla. Hún er ræðin, létt í máli, spaugsöm, hispurslaus, stundum jafnvel nokkuð hrjúf, en stillir þó vel í hóf. Þegarfundir eru hagstæðir, er hún ákaflega dugleg að lýsa og koma með sannanir og greiða úr flækjum. Hún er mjög mótfallin öllum ágiskunum frá fundargestum og fellst til um það, ef viðleitni hennar misheppnast og sannanir takast ekki til fullrar niðurstöðu. Finna mun verða ógleymanleg persóna hverjum þeim, sem á kost á að kynnast henni til nokkurrar hlítar, og hún verður svo náinn vinur, að slíkt er vissulega fágætt í reynslu manna.

VI.

Loks starfar við sambandið stúlkubarn, sem nefnir sig Rögnu. Hún er fyrir stuttu farin af þessum heimi, en slíkt er títt, að börn eru tekin til þessarar þjónustu og hljóta við það uppeldi sitt og þroska. Ragna er yndisleg vera og annast lýsingar og sannanir undir umsjá Finnu. Það ber oft við, að Finna beitir henni jafnvel fyrir sig, er henni þykir erfitt fyrir, og aðstoðar hana sjálf á bak við.

Framanskráð yfirlit um reynslu mína og kunnugleik af Hafsteini miðli og starfi því, sem fram fer fyrir hans milligöngu, er að vísu mjög ófullkomið, en gæti þó

orðið til nokkurs fróðleiks þeim, sem hirða um þetta málefni. Það, sem hér er hermt, er samkvæmt því, er eg veit sannast og réttast, árangur óbrjálaðrar og nákvæmrar athygli. Eg fyrirverð mig ekki fyrir að játa það, að eg tel spíritismann og starf það, sem með varúð og samvizeusemi er unnið á vegum hans, eitt mikilsverðasta málið í heimi. Reynsla mín á vegum þess máls hefir gætt mig hugrekki og jafnvægi, og eg get vel tekið undir með Stephani G. Stephanssyni, þar sem hann segir:

Allt líf verður gengt meðan hugur og hönd
og hjarta er fært til að vinna.
Og gröfin er ljúf fyrir geiglausu önd,
og gott er að deyja til sinna.

Jónas Þorbergsson.

II. KAFLI

Dulskyggni — Dulheyrn

Sýn við dánarbeið Einars H. Kvaran

Tekið upp úr „Morgni“, júlí—desember hefti 1938

Þegar eg kom í svefnherbergi Einars H. Kvaran, tók eg mér í bili sæti á legubekknunum og litaðist um. Sá eg að þar voru fleiri viðstaddir en þeir, er vér sjáum venjulega. Athygli mín beindist einkum að ungum manni, eða mér virtist hann vera á bezta aldri. Stóð maður þessi við hvílu Einars. Hann sýnist vera meðal-maður á vöxt. Föt hans voru fannhvít og var sem bjartir geislar stæðu út frá honum. Andlit hans var einkennilega bjart en nokkuð fölt að sjá. Hélt hann á einhvers konar lömpum eða ljósatækjum, og sá eg, að frá þeim stöfuðu marglitir geislar og bar einna mest á rauðfjólubláum lit. Beindi hann þessum geislum á hinn deyjandi vin okkar. Ekki var maður þessi alltaf kyrr á sama stað, heldur flutti hann sig til kringum hvílu hans, eftir því sem honum virtist bezt henta. Sá eg mann þennan allan tímann er eg var þarna, eða frá kl. 7 að kvöldi til kl. 4 að morgni, er eg fór heim til mín.

Guðlaugu, móður Einars, sá eg einnig þarna inni. Hún var í fannhvítum klæðum og virtist mér hún vera að undirbúa komu sonar síns yfir á eilífðarlandið. Rétt hjá henni sá eg séra Harald Níelsson og sýndist mér hann mjög ánægður og glaður, en eigi að síður var þó eitthvað það ofið í svip hans, er sýndi innilega hluttekningu og samúð með þeim, er nú voru að kveðja hjartfólginn ástvin sinn að enduðum jarðneskum samvistum. Ennfremur sá eg þarna viðstadda konu eina, er eg hefi oft áður séð á heimili Einars H. Kvaran, og var mér sagt að kona þessi væri frú Stefanía Guðmundsdóttir leikkona. Ennfremur sá eg þarna fullorðinn mann. Stóð hann dálítið fjær, en mér virtist hann gefa gætur að öllu, er þarna er að gerast. Maður þessi var nokkuð hár vexti, þrekinn og nokkuð feitlaginn að sjá. Hann hafði yfirskegg, fremur lítið, klippt að neðan. Við hlið hans sá eg ungan mann, á að gizka um þrítugs aldur; virtist mér hann myndarlegur og karlmannlegur að sjá, hár hans var dökkt og greitt aftur. Eg spurði Finnu hvaða menn þetta væru. Heyrði eg hana nefna nafnið Ásgeir. Sigurð H. Kvaran lækni, bróðir Einars, sá eg þarna líka. Með honum var kona ein, búin sem hjúkrunarkona. Eftir útliti að dæma, virtist mér hún mundi vera á fertugsaldri. Hár hennar var nokkuð mikið, dökkt að lit. Í nokkurri fjarlægð sá eg hóp af unglingum, að því er virtist á fermingaraldri. Stóðu ungmenni þessi í skipulegum röðum, drengir öðrum megin stúlkur hinum megin. Nokkru fjær, bak við rúm hans og dálítið fyrir ofan það, sá eg mikinn fjölda af verum, er sýndust vera á bernskualdri. Skipuðu þær sér sem söngflokkur gerir, en fyrir

framan þær stóðu þrjár fullorðnar verur hlið við hlið. Í miðrið stóð faðir Einars H. Kvaran. Hægra megin við hann ungur maður í hvítum klæðum, hár hans var ljóst. Virtist mér hann fremur grannur í andliti, en þó tók eg eftir fögrum rósum í kinnnum hans, en til vinstri hliðar við hann sá eg unga stúlku, á að gizka kringum fermingaraldur. Börn þessi og hinar áðurnefndu verur sungu sálminn „Dýrð sé guði í hæstum hæðum“.

Á meðan þær sungu sálm þenna, breyttist umhverfið og allt varð eins og bjartara. Tók eg samtímis eftir einkennilegu litaskrúði í herberginu, er helzt mætti líkja við marglitt norðurljósablik, er bærðist fram og aftur. Sá eg það allan tímann er eg var þarna, með þeim breytingum einum, að litskrúð þetta virtist verða bjartara og fegurra eftir því sem nær leið úrslita-stundinni.

Síðari hluta laugardagsins kom eg aftur á heimili Einars H. Kvaran. Kom eg fyrst inn í herbergið, þar sem lík hans var, en ekki sá eg þar neitt. Var mér samtímis gert ljóst að þar myndi eg ekkert sjá. Eg fór svo inn í skrifstofu hans og tók mér þar sæti og dvaldi þar um stund. Að stuttri stund liðinni sá eg hinn látna vin inni í herberginu. Virtist mér sem hann hvíldi þar í höfgum blundi og hallaðist upp að einhvers konar hvílubeði eða hægindi. Við hægri hlið hans stóð móðir hans, mjög ánægjuleg að sjá og hélt hún í hönd honum. Vinstra megin við hann stóð ung stúlka, meðallagi há, hún hafði þykkt og dökkt hár og var sem því væri hvíslað að mér, að þetta mundi vera systir hans, eða þá einhver mjög náskyld honum. Bak við hann

stóð séra Haraldur Níelsson og hélt á tveimur pappírsblöðum. Uppi yfir honum og umhverfis hann sá eg hóp af englaverum og í talsverðri fjarlægð úti í bládjúpum geimsins sá eg mjög fagurt landslag, ofið marglitu blómskrúði, og hvíldi yfir því rauðfjólublár bjarmi. Eg sá að sólin var að koma upp og hella geislum sínum yfir þetta yndislega land, og mér duldist ekki, að ef augu hans lykjust upp, þá mundi hann sjá yndislega sjón. Það varð líka. Hann eins og vaknaði og mér fannst eg skynja eitthvað af hugsunum hans. Eg skynjaði að hann var að þakka hinum hæsta af öllum innileik sálar sinnar fyrir dásendir hans og gæzku. Í sama bili sá eg að séra Haraldur gekk til hans, laut niður að honum og talaði við hann, eins og faðir talar við ástfólgið barn sitt. Fleira sá eg ekki að því sinni, en eg horfði á þetta meðan eg stóð þarna við og varð engin breyting á því er eg vék á brott.

Sýn við útför Einars H. Kvaran

Heima

Þegar eg kom var verið að enda við að syngja sálminn „Drottinn vakir“.

Eg staðnæmdist utarlega á ganginum, er var troðfullur af fólki. Að lítilli stundu liðinni var sem veggir og þil væru numin á brott og á móti mér blikaði ljómandi ljóshaf, og gat eg í fyrstu ekki greint eitt frá öðru í birtu þess. En smám saman skýrðist þetta betur og mér fór að verða unnt að greina einstaka hluti. Eg sá fyrst inn í forkunnarfagra kapellu. Virtist mér hún mundi snúa frá austri til vesturs. Fyrir stafni hennar í austurátt sá eg altari, er var tjaldað rauðfjólubláu

klæði, en framan á miðju altarisklæðinu var fagur rósasveigur og var sem hann væri ofinn í klæðið sjálft. Innan í hring þeim er rósasveigurinn myndaði, sá eg mynd af sexyddri stjörnu. Virtist mér sem mynd af lykli væri inni í stjörnu þessari. Á altarið var breiddur fannhvítur dúkur. Tvær ljóastikur voru á altarinu, loguðu sjö ljós á hvorri. Gerð þeirra var ólík öllum ljóastikum er eg hafði séð. Ýmsir fleiri hlutir voru á altarinu, en sérstaklega tók eg eftir staf einum, er þar lá, og virtist mér sem á miðju hans væri hnattlöguð kúla, en yfir miðju hennar, þeirri hliðinni er upp sneri, sá eg stjörnumynd. Innan í mynd þeirri sá eg krosstákn og auk þess þrjár myndir aðrar, er mér var sagt að táknuðu trúna, vonina og kærleikann.

Fyrir ofan altarið og á austurgafli kapellunnar, sá eg marglitan ljósboga, er blikaði í ósegjanlegri fegurð. Virtist mér bera einna mest á rauðfjólubláu bliku í ljósboga þessum, en yzt í boganum var fagurgul rönd. Skammt fyrir ofan altarið, undir miðjum ljósboganum, sá eg veru eina svo fagra og yndislega, að eg ætla ekki að gera neina tilraun til að lýsa henni. Því að það tel eg mér ekki unnt, en út frá veru þessari streymdi dýrlegur geislaljómi. Sitt hvoru megin við veru þessa sá eg tvær litlar, vængjaðar engilverur, sem horfðu brosandí út yfir kapelluna og var dásamlegur friður ofinn í bros þeirra.

Eg tók nú eftir að komið var með hinn látna vin okkar inn í kapelluna, og virtist mér sem hann væri borinn á einhvers konar gullstóli, af tveim engilbjörtum verum. Settu þær stólinn niður fyrir miðju altari, en stóðu svo kyrrar við hlið hans. Rétt á eftir, eða því nær

samstundis, var sem veggir kapellunnar leystust upp í skínandi ljósljóma. Hin yndisfagra vera, er eg gat um að birzt hefði ofan við altarið, kom nú til hans, tók í hönd honum og reis hann þá samstundis á fætur. Var sem hann væri nú orðinn ungur aftur. Verur þessar stóðu nú hjá honum meðan á athöfninni stóð. Umhverfis þær ljómaði yndislegt ljósblik, en fegurð þess er mér ekki unnt að gera ykkur skiljanlega með orðum. Eg sá og þarna séra Harald, móður hins látna og nokkra fleiri látna vini hans, er eg sé ekki ástæðu til að nefna, þar sem eg hefi áður sagt frá návist þeirra við önnur tækifæri.

Í Fríkirkjunni

Pegar eg kom inn í kirkjuna sá eg að hún var fagurlega ljómuð og jafnframt tók eg eftir miklum mannfjölda, er mér virtist vera í nokkurri fjarlægð. Eg sá þegar Einar H. Kvaran, móðir hans, séra Harald og virtust mér þau sitja fyrir framan fólkið, er eg sá að baki þeim. Tók eg nú eftir að einn og einn kom úr hóp þessum, gekk til hans og tók í hönd hans. Eg spurði Finnu hvað þetta ætti að þýða. Sagði hún mér að menn þessir væru að þakka honum fyrir það, sem hann hefði gert fyrir þá bæði hér í heimi og eins eftir að þeir hefðu flutt yfir landamærin.

Að vörmu spori hvarf þetta mér sýnum, en eg sá nú aftur Einar H. Kvaran og fylgdist móðir hans með honum. Var sem þau svifu áfram og færðu sig nær. Sá eg að hann gekk til konu sinnar, tók í hönd hennar og klappaði henni á kinnina, slíkt hið sama gerði móðir

hans. Gengu þau því næst til sætis þess er þeim var búið vinstra megin við altarið. Sá eg þetta gerast meðan verið var að syngja fyrsta sálminn, því næst kom til hans hópur ungra barna, sem settust á hné hans, önnur tóku í hönd hans. Öll vildu þau snerta hann og vera sem næst honum. Eg minnst ekki að hafa séð jafn ástúðlegt augnaráð frá föður til barna sinna, sem það er hann sendi þeim.

Eftir nokkur augnablik hvarf þetta sjónum mínum, en er séra Árni hóf ræðu sína virtist mér hann rísa á fætur og ganga til hans. Staðnæmdist hann þar og sá eg þá í fylgd með honum Sigurð lækni bróðir hans og móðir hans og sá eg þau þarna á meðan séra Árni flutti ræðuna.

En er byrjað var að leika á fiðluna, virtist mér þau færa sig dálítið fjær og var svo að sjá sem þau stæðu nokkuð fyrir ofan altarið, en að baki þeim sá eg standa þrjár verur. Ein þeirra var karlmaður, hár vexti og hinn göfugmannlegasti. Hann var í hvítum klæðum og hafði staf einn mikinn í vinstri hendi og á topp hans sá eg blikandi stjörnu. Stafaði bjartur geisli frá honum og lá þessi geisli alla leið til fiðluleikarans, en sitt hvoru megin við mann þennan sá eg engilfögur ungmennti. Horfði eg á þetta meðan lagið var leikið.

Þegar byrjað var að syngja sálminn: „Þín náðin, drottinn, nóg er mér,“ færði hinn látni vinur sig aftur nær, ásamt þeim er eg gat áður um, að hefðu verið í fylgd með honum, en að baki þeim sá eg hóp af unglingum er skipuðu sér í fylkingar og sungu þær sama lagið. Um leið og séra Jón Auðuns tók til máls færði Einar H. Kvaran sig nær honum. Og var sú ein breyt-

ing á því sem eg hefi áður sagt að sonur hans var kominn við hlið hans í stað Sigurðar læknis, bróður hans. Staðnæmdust þau rétt fyrir framan séra Jón, en Einar H. Kvaran tók sér sæti rétt hjá honum. Að baki honum sá eg tvær verur. Voru þær báðar eins búnar, í fjólubláum skikkjum er voru festar saman í hálsmálið, en jaðrar þeirra sýndust bryddaðir með fjólublárri flosrönd. Í vinstri hönd héldu þær á löngum stöfum með leiftrandi stjörnu á toppinum, en í hægri hönd báru þær rjúkandi ker og lagði kynlegan ilm af reyknunum, ilm, sem eg hefi aldrei áður fundið.

Að nokkurri stundu liðinni beindist athygli mín að yndisfögru landslagi, er eg sá í nokkurri fjarlægð. Sá eg þar dali og fjöll, og skógi vaxnar hlíðar Spegiltært stöðuvatn er blikaði fagurlega. Einkum varð mér starsýnt á dálítið dalverpi. Sá eg þar lítið en fagurt hús. Á bak við húsið sá eg fagran og stóran skógarlund, en framan við húsið var yndislega fagur blómagarður. Yfir landi þessu var fjólublár bjarmi, mjög fagur, himininn var óvenju tær og fagurblár og ljómaði í margs konar litskrúði. Yfir sýn þessari sá eg þetta lettrað:

Þetta eru heimkynni mín.

Að því loknu hvarf landslagið sjónum mínum, en samstundis brá annarri sýn fyrir. Eg sá inn á víðáttumikið land og skiptust þar á hæðir, hálsar og hólar, en fyrir neðan sá eg blómofna sléttu er ekki sá út yfir. Slétta þessi glitraði í fegursta blómaskrúði og sýndist ljós blika í hverju blómi. Litbrigðablómi þessi var fegurri en eg fæ lýst, og yfir landslagi þessu hvíldi töfr-

andi litadýrð og bar mest á fjóluþláa litnum. Yfir mynd þessari sá eg lettað:

Þetta er ljósanna og friðarins land.

Frásögn Ísleifs Jónssonar

Ritstjóri „Morguns“ hefir farið þess á leit við mig, að eg skrifaði fáeinar línur, til staðfestingar á þessari frásögn Hafsteins Björnssonar. Mér er mjög ljúft að verða við þessum tilmælum.

Eg vil þá fyrst geta þess, að eg var einnig viðstaddur húskveðjuna á heimili E. H. K. en jafnframt taka það fram, að við H. B. vissum hvorugur af öðrum. H. B. var frammi í gangi, en eg var inni í stofu, og var því útilokað að Hafsteinn vissi nokkuð um mig — eða eg um hann. Eg tek þetta fram af því að eg sá alla sömu sýnina frá upphafi til enda en þó nokkuð fyllri á stöku stöðum. Eg hefði ekki getað, og get, af sérstökum ástæðum, ekki sagt frá því er eg sá, betur eða fyllra en hann. Sýn þessi finnst mér vera ein hin merkilegasta er eg hefi séð, og eg tel frásögn Hafsteins á henni vera svo frábærlega góða, að hún sé beinlínis í fremstu röð. Móttökuathöfnin, sem þarna virtist fara fram, var svo hugnæm og dásamleg, að eg tel varla að við höfum fengið frásögn um aðrar fegurri. Fyrir mér er hún þannig, að því meir, sem eg hefi hugsað um hana, því dásamlegri verður hún og stórkostleg staðfesting þess, að lífið haldi áfram á sama stigi og við stóðum hér, er við lögðum upp í langferðina miklu. Sá, sem hefir starfað að því að veita ljósi og yl til meðbræðra sinna, og talið það sitt æðsta hlutverk, hann fær viðtökur í

ljósi og litaskrúði, sem mun hafa alveg ómetanlegt gildi fyrir hann á hinu nýja sviði. Eg lít svo á, að það að við Hafsteinn báðir fengum að sjá þessa sýn, hafi verið gert til þess að staðfesta enn betur sannleiksgildi hennar, og þá skilst hvers vegna eg tók það fram, að við hefðum ekki vitað hvor af öðrum; svo að það sæist að ekki væri um innbyrðis áhrif að ræða milli okkar.

Eins atriðis verð eg að geta enn. — Eg hefi fengið það staðfest, að H. B. stóð þannig í ganginum að útilokað var að hann sæi inn í stofuna, þar sem líkkista E. H. K. stóð og húskveðjan fór fram. Steinveggurinn, sem þarna er á milli hefir því ekki orðið til fyrirstöðu, að hann sæi það, sem í stofunni gerðist, þ. e. a. s. á hinu æðra sviði. Þetta gefur sýn þessari enn meira gildi, lyftir henni upp yfir allan þennan takmarkaða efnisheim okkar, svo að hann verður sjáandanum ekki til neinnar hindrunar.

Fyrir mér er þessi sýn svo merkileg, að um hana mætti rita langt mál, og þeir tímar geta komið, að það verði gert.

Að endingu vil eg geta þess, að flest allt í sýn Hafsteins er þannig að algerlega er óhugsandi að hann hefði getað sagt svo nákvæmlega frá, ef hann hefði ekki séð þetta greinilega, eða ef hann hefði ætlað að búa til einhverja fagra frásögn af móttöku vinar okkar, E. H. Kvaran. Sýn þessi er svo bundin við ýmsan veruleika að slíkt er alveg óhugsandi.

Að síðustu vil eg endurtaka það, að eg staðfesti í öllum aðalatriðum sýn Hafsteins við húskveðju E. H. Kvaran, sem rétta og samkvæma þeirri sýn, er eg sá

sjálfur, og hefir sýn þessi fyrir mig margfalt meira gildi fyrir það, að hann sá hana einnig.

Ísleifur Jónsson.

Eg er fús að staðfesta það, að eg og H. B. höfðum alls ekkert samband hvor við annan, eða töluðum saman frá því áður en húskveðjan hófst, svo sem getið er í frásögninni hér að framan, og þar til eftir að Einar Loftsson hafði ritað upp frásögn H. B. Eg tel því útilokað, að við höfum að nokkru minnsta leyti getað haft áhrif á hugsun eða sýn hvor annars.

Eg hafði sagt nokkrum vinum mínum frá sýn minni, áður en við E. L. töluðum saman, og hann sagði mér þá sýn H. B. Eg vil að lokum endurtaka það, að eg tel þessa sýn H. B. eina af þeim merkilegustu er eg hefi heyrt um hér á landi. Sýn mín fékk fyrst verulegt gildi fyrir mig, eftir að eg hafði heyrt sýn H. B., þar sem mér var sjálfum kunnugt um allt er fram fór, en eg fullyrði að H. B. gat á engan hátt verið kunnugt um það eða hann á neinn hátt þekkt það, sem hér var að gerast, því að þarna hafði farið fram athöfn, sem aðeins fáum sérstökum mönnum hér á landi var kunn á þessum tíma.

Reykjavík, 13. júní 1946.

Ísleifur Jónsson, Bergstaðastræti 3.

Þegar húskveðja var flutt við kistu E. H. Kvaran sat eg við hlið Ísleifs Jónssonar. Mér virtist af svipbrigðum á andliti hans, sem hann myndi sjá eitthvað meðan á athöfninni stóð, en vitanlega var ekki tími til að spyrja hann neins er þannig stóð á. Eg var að svip-

ast um eftir Hafsteini Björnssyni, en gat hvergi séð hann, og þótti mér miður hefði hann ekki getað verið viðstaddur. „Tókstu eftir Hafsteini?“ spurði Ísleifur mig, er við vorum að ganga út, og svaraði eg því neitandi. Við Ísleifur fylgdumst að niður í kirkju og skildum ekki fyrr en að lokinni athöfninni í kirkjugarðinum, og var hvorugur okkar var við Hafstein á þessum tíma.

Að kvöldi þessa dags kom Hafsteinn heim til mín og sagði hann mér þá hvað hann hefði séð í sambandi við útför Einars H. Kvaran, og ritaði eg þá samstundis niður það er hann sagði mér.

Þegar eg heimsótti Ísleif Jónsson, daginn eftir, þá sagði eg honum að eg hefði hitt Hafstein, hann hefði verið viðstaddur húskveðjuna, þótt við yrðum hans ekki varir þá, og hefði eg ritað niður sýn hans, en áður en eg las Ísleifi sýnina, æskti hann þess að segja mér áður hvað fyrir sig hefði borið við athöfnina. Gerði hann það og las eg því næst sýn Hafsteins fyrir Ísleif, og er mér minnisstætt hve Ísleifur varð undrandi yfir sýn Hafsteins, og taldi þetta óvæfengjanlega sönnun þess, að Hafsteinn væri búinn frábærum skyggni-hæfileikum.

Sýn Hafsteins þótti mér sérstaklega merkileg, þar sem henni í öllum aðalatriðum bar saman við sýn Ísleifs Jónssonar. Mér var þá ljóst að Ísleifur myndi skilja og þekkja meginatriðin í sýn Hafsteins, en ger-samlega er útilokað að Hafsteinn hafi nokkuð getað vitað um að athöfn lík þessara átti fram að fara.

Reykjavík, 8. júní 1946.

Einar Loftsson.

Frú Elinborg Lárusdóttir hefir spurt mig, hvort eg minntist þess, hvenær og hverjum þeir Hafsteinn Björnsson og Ísleifur Jónsson hefðu hvor um sig sagt frá sýn þeirri, er fyrir þá bar á Sólvallagötu 3, meðan séra Kristinn prófastur Daníelsson var þar að flytja húskveðju við kistu Einars Hjörleifssonar Kvaran. Því miður er mér þetta úr minni liðið. En svo mikið er víst, að þeir höfðu hvor í sínu lagi sagt frá sýninni áður en fundum þeirra bæri saman. Það atriði er mér fast í minni, því að frá öndverðu þótti mér þrennt mikilsverðast um atburðinn: (1) að Hafsteinn sá þetta úr þeim stað, þaðan sem honum var ekki unnt að sjá með líkamlegum augum inn í stofuna, þar sem kistan var, þó að Ísleifur hins vegar hefði þangað góða útsýn; (2) að hann sá þarna athöfn, sem honum hlaut að vera með öllu óskiljanleg, enda þótt Ísleifur hefði fullan kunnugleik á því, er hann sá vera að gerast; og (3) að báðir sögðu frá sýninni áður en fundum þeirra hafði borið saman.

Reykjavík, 8. júní 1946.

Snæbjörn Jónsson.

Dulsýnir

Erindi eftir Hafstein Björnsson, flutt í S. R. F. Í. 1938

Nokkrir vina minna hafa stundum verið að mælast til þess við mig, að eg segði ykkur einhver atriði úr dulrænni reynslu minni. Eftir nokkra umhugsun taldi eg rétt að verða við óskum þeirra og ætla því að þessu sinni að segja ykkur frá einhverju af því, er fyrir mig

hefir borið á umliðnum árum. Að vísu er mér ekki unnt, að segja samfellda sögu þessarar reynslu minnar. Mörgu af því er fyrir mig hefir borið hefi eg gleymt, og það er fyrst nú á hinum síðari árum, að eg hefi farið að skrifa niður frásagnir um einstakar sýnir, er eg hefi séð, og þá einkum þær er orðið hafa mér hugstæðar af einum eða öðrum ástæðum.

Mér er heldur ekki unnt að greina frá því, hvar eða hvenær fyrstu sýnina bar fyrir augu mín, en frá því að eg man fyrst eftir mér hefi eg séð og skynjað eitt og annað af því, er venjulega er hulið augum vorum. Endurminningar mínar frá fyrstu bernskuárunum eru að vísu óljósar, eins og gefur að skilja, en eg man þó eigi að síður vel eftir því, að er eg var á sjöunda aldursári, sá eg einatt menn hér og þar, er aðrir menn sáu ekki. Olli þetta mér einatt talsverðum óþægindum og stundum töluverðri hræðslu. Ef átti að senda mig eitthvað komst eg stundum ekki nema hálfaleiðeðatæplega það, sneri þá aftur og kom venjulega annað hvort dauðhræddur eða skælandi til baka og sagði þeim er höfðu sent mig, að eg hefði séð mann eða menn á leið minni, er hefðu komið á móti mér, staðið í vegi fyrir mér, hvesst á mig augun og eg hefði ekki þorað að halda áfram. Menn tóku þessum afsökunum mínum misjafnlega, eða oftast nær á sama veg. Þeir hlógu að hræðslu minni og töldu þetta vera eintóma hugaróra mína og þvaður eitt, eg nennti bara ekki að gera það sem mér hefði verið sagt o. s. frv. Af ýmsum ástæðum hirði eg ekki að fjölyrða um þessa hlið málsins, læt aðeins nægja að segja, að tortryggni og rengingahneigð full-

orðna fólksins olli mér einatt ýmsum óþægindum og mörgum leiðindastundum.

Eg man nú orðið fátt eitt af því, er fyrir mig bar um þetta leyti og næstu árin, en eitt atvik frá bernskuárum mínum hefir samt mótast svo skýrt í huga minn, að eg tel mér fært að segja ykkur frá því, er þá bar fyrir mig. Eg var þá á áttunda árinu. Þá átti eg og foreldrar mínir heima í Hátúni í Seyluhreppi í Skagafirði. Við vorum þrjú í baðstofunni, móðir mín, er sat við borðið og var að sauma eitthvað, en eg og yngsti bróðir minn vorum að leika okkur á gólfinu. Allt í einu varð mér litið upp og segi þá samstundis við mömmu: „Nei, þarna er hann Guðmundur.“ „Hvaða Guðmundur?“ spurði hún. „Hann Guðmundur í Miklagarði,“ sagði eg. „Því dettur þér í hug að segja þetta barn, hann sem er dáiinn,“ sagði móðir mín. „Hann situr nú þarna samt, eg sé hann eins vel og þig,“ sagði eg. Mamma var auðsjáanlega hálf forviða yfir því er eg hafði sagt, en eg ásetti mér að reyna að sannfæra hana um það, að eg væri ekki að skrökva þessu, og fór að reyna að lýsa honum betur. „Hann er fremur lítill vexti, lotinn í herðum, og hann gengur við staf, hann hefir gisið, svart alskegg, grá meinleysisleg augu, hárið á honum er grátt og ósköp úfið, og á höfðinu hefir hann slitna, enska húfu.“ Eg man ekki hvort eg sagði henni eitthvað meira um þennan mann, en hvað sem því líður, þá tókst mér að sannfæra hana um að eg hefði séð þennan framliðna mann. Mér fannst eg hafa unnið stórsigur. Hún leit nú öðrum augum á þennan hæfileika minn, en hún hafði gert áður. Geta má þess, að skömmu eftir að eg hafði sagt móður minni af návist hans, kom son-

ur þessa manns á heimili okkar. Sennilega hefi eg einhvern tíma séð mann þennan áður, en sjálfur man eg ekkert eftir að svo hafi verið, enda mun hann hafa komið á heimili okkar einkum þau ár, er eg var á bernskuskeiði, en eg hefi sjálf sagt haft lítil kynni af honum, því að eg man aðeins eftir útliti hans í sambandi við sýnina áðurnefndu.

Húskveðjan

Haustið 1935 lá eg á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki. Þar lá og kona ein, Guðrún Þ. Þorkelsdóttir að nafni, frá Þorleifsstöðum í Blönduhlíð; hún var búin að liggja þar rúmfast í 11 ár. Aðfaranótt þess 5. nóv. s. á. dreymdi mig óvenju einkennilega. Eg man eftir því í draumnum, að eg lá í rúmi mínu á sjúkrahúsinu og mér fannst eg vera að lesa í bók. Allt í einu sé eg, að hurðin að næstu stofu er opnuð og sé mér til mikillar undrunar, að Guðrún kemur inn í stofuna, þar sem eg lá, og gengur að rúmi einu, er stóð nálægt dyrunum. Í rúmi þessu lá gamall maður, Magnús Jónsson að nafni. Hún staðnæmdist við rúm hans og segir við hann: „Þá er öllu lokið fyrir mér, nú er eg komin heim.“ Þá er hún hafði sagt þetta gekk hún aftur burtu, en leit til mín um leið og hvarf út. Morguninn eftir var mér sagt lát Guðrúnar. En eg átti eftir að sjá meira í sambandi við hana. Jarðarför hennar var ákveðin 15. s. m. og hófst athöfnin með húskveðju, er haldin var á sjúkrahúsinu.

Starfsfólk sjúkrahússins og sjúklingar þeir er ferlivist höfðu voru viðstaddir kveðjuathöfnina auk margra

annarra, vina og vandamanna hinnar látnu, en eg var þá rúmliggjandi og lá í svonefndri norðvesturstofu, sem er næst ganginum, en þar stóð kistan, meðan hús-kveðjan var haldin. Þegar byrjað var syngja fyrsta sálminn var eins og einhver einkennilegur höfgi færðist yfir mig, og um tíma var sem eg gleymdi stað og stund. Athygli mín beindist næstu augnablikin að þremur yndisfögnum ljósum, er eg sá. Ljós þessi voru bjartari en nokkur venjuleg ljós; frá þeim stöfuðu yllhlýir geislar og ósegjanlegur friður, sem mér er ekki unnt að gera ykkur fyllilega skiljanlegt. Eg horfði stöðugt á þessi ljós, meðan verið var að syngja fyrri sálminn. Þegar söngnum var lokið fannst mér eins og veggurinn og loftið í stofunni leystist sundur með einhverjum dularfullum hætti og eg sjá því næst út í endalausan geiminn. Eg sá nú kistuna glögg og fólkið sem stóð umhverfis hana. Yfir því hvelfdist stjörnubjartur kvöldhiminn, þar sem ljósin áðursögðu skinu í ósegjanlegri fegurð. Eg tók nú eftir því að ljós þessi voru á hreyfingu; þau voru þrjú, eins og áður er sagt, þau virtust nokkuð langt í burtu í fyrstu, en þau færðust stöðugt nær með jöfnum hraða, unz þau staðnæmdust í beinni röð rétt fyrir ofan kistuna. Þau urðu nú skýrari og greinilegri og virtust stækka allmikið. Eg sá nú að í hverju þessara ljósa var mannsmynd, er smá skýrðist, unz eg sá greinilega verur þessar birtast í ljósunum. Í ljósi því, er mér virtist næst mér, sá eg kvenveru. Eftir útliti að dæma virtist mér sem hún mundi vera á þrítugsaldri; hún var björt yfirlitum að sjá, fremur holdug, hárið var dökkjarpt, og bar hún hvítan sknúða. Næst henni stóð gömul kona, hávaxin að sjá og dökk-

hærð, en ekki virtist gamla konan eins ánægð að sjá og stúlkan áðurnefnda. Við nánari athugun komst eg brátt að raun um það, að gamla konan var engin önnur en sú, sem verið var að syngja yfir. Öðrum megin við gömlu konuna sá eg ungan mann, er virtist vera um tvítugt. Hann var fremur lágur vexti, dökkhærður. Allt var fólk þetta eins búið, hvítklætt. Eg horfði hugfanginn á þessa yndsilegu sýn. Mér er ekki unnt að lýsa friði þeim og yndsleik er stafaði frá návist þeirra. Sá einn, er séð hefir eitthvað þessu líkt getur skilið það til fulls, en eg horfði á þær allan tímann meðan kveðjuathöfnin í sjúkrahúsinu stóð yfir, enda gleymdi eg öllu öðru en návist þeirra. Eg kom fyrst til sjálfs mín er móðir mín, sem var þarna viðstödd, kom að rúmi mínu til þess að kveðja mig.

Eg skal taka það fram, að eg þekkti ekki verur þær, er eg sá standa hjá Guðrúnu sálugu, en mér var sagt það síðar, að lýsing mín ætti við börn hinnar látnu, er þá voru látin fyrir nokkru, en þau hafði eg aldrei séð.

Mannskaðinn á Sauðárkróki

Veturinn 1935—36 lá eg á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki. Tíðarfarið hafði verið óvenju hagstætt undanfarnar vikur, oftast hreinviðri og frost og höfðu menn því stundað sjóróðra þaðan um nokkurn tíma og bjuggust menn við að halda því áfram meðan þannig viðraði. Aðfaranótt hins 13. des. var veður stillt og bjart og hugðu menn því til róðra eins og venjulega og dró það sízt úr mönnum, að veðurstofan spáði góðu veðri næsta dag, og reru menn því almennt síðari hluta

natur. En margt fer öðruvísi en ætlað er og reyndist svo að þessu sinni. Með deginum breyttist veðrið og um hádegi daginn eftir var komið hriðarveður. Var þá mörgum í landi órótt, því að veðrið fór stöðugt versnandi. Nokkru eftir hádegi fóru bátarnir að koma að landi. Síðasti báturinn, er náði lendingu, kom um tvöleytið, en tveir voru þá ókomnir, þeir Njörður og Aldan. Þrátt fyrir óveðrið vonuðu menn þó, að ekkert hefði orðið að þeim. Töldu kunnugir sennilegast að þeir mundu hafa farið lengra en hinir bátarnir, farið norður fyrir Eyjar sem kallað er, og væntanlega náð landi einhvers staðar utar með firðinum eða þá að þeir lægju í vari. Var öðru hvoru verið að síma til næstu staða, Hofsóss og Kolkuóss, og spyrjast fyrir um það, hvort sézt hefði þaðan til báta þessara, en ekki hafði sézt til ferða þeirra frá þessum stöðum. Veðrið versnaði eftir því sem leið á daginn og um kvöldið var komið mesta foraðsveður, sem eldri menn töldu vera eitt af þeim verstu er þar höfðu lengi komið. Var því ekki unnt að hefja leit að bátunum sökum hriðarofsa og náttmyrkurs. Alla nóttina voru menn á vörði niður á bryggjunni og inni á Borgarsandi til þess að taka á móti bátunum, ef vera kynni að þeir kæmu að. Fáum mun hafa orðið svefnsamt þessa eftirminnilegu nótt, mér ekki fremur en öðrum. Í hvert skipti sem mér fannst eg vera að sofna fannst mér einhver koma og vekja mig og gekk svo um hrið. Síðari hluta natur fannst mér samt að eg mundi geta sofnað, en hrökk þá upp við það, að engu var líkara en að nákaldri hendi væri strokið um kinn mína. Eg hrökk ónotalega upp við þessa óvæntu snertingu og reyndi ekki framár til

þess að sofna, en jafnhliða þessu fannst mér eins og eitt-
hvert magnleysi kæmi yfir mig, og var mér ekki unnt
að sporna á móti því.

Því nær samstundis fannst mér að eg sæi eitthvað út
í geiminn. Eg sá hriðina og heyrði veðurduurnar, en
mér þótti það einkennilegt að eg sá í gegnum hriðina
og því nær samstundis sá eg bát, sem var að velkjast í
hafrótinu, en svo brotinn virtist mér hann vera orðinn,
að naumast var um annað en flak að ræða. Á bátsflak-
inu sá eg einn mann og virtist mér hann mundi ör-
endur vera, því að eg gat ekki greint neina hreyfingu á
honum. Eg fór nú að litast um og gæta að því, hvort eg
sæi ekki eitthvað meira og tók þá eftir því, að framund-
an var land. Dálítill vogur skarst þarna inn í ströndina.
Fyrir ofan hann voru klettar eða klettabelti, en fyrir
neðan sá eg í fjörusandinn. Eg sá einnig að tveim lík-
um hafði skolað upp í fjöruna, en hið þriðja var að
velkjast í brimgarðinum. Eg sá lík þessara manna ekki
svo greinilega að mér væri unnt að þekkja þá, en það
var eins og þrýst væri inn í hug minn að mér hefðu
þarna verið sýnd afdrif Öldunnar, og styrkti það hug-
boð mitt, að á henni höfðu verið fjórir menn. Mér
þótti ömurlegt að þurfa að horfa á þessa sjón, en mér
var ekki unnt að losa mig undan þessum einkennilegu
áhrifum, hve feginn sem eg vildi. Eg komst fyrst til
sjálfs mín, er einn af sjúklingunum hringdi bjöllunni,
og þegar vökukonan kom inn í stofuna losnaði eg til
fulls úr þessu óþægilega ástandi. Daginn eftir var iðu-
laus stórhrið, er hélzt fram undir mánudagsmorgun.
Símalínurnar höfðu slitnað í ofviðrinu, svo að ekki var
unnt að spyrjast fyrir um bátana á næstu höfnum. En

Þegar á sunnudagsmorguninn fór að reka ýmsa hluti úr Nirði og þóttust menn þá vita, að hann mundi hafa farið þar skammt undan. En um afdrif Öldunnar vissu menn þá ekki neitt; en ekkert frekara varð aðhafzt að því sinni sökum veðurofsa og stórhriðar. Strax og veður batnaði var farið að leita, bæði á sjó og meðfram ströndinni.

Nokkru eftir hádegi á mánudaginn náðist aftur símasamband við Kolkuós og var þá tilkynnt þaðan, að Aldan hefði fundist rekin upp í svonefndan Óslandskrók, mjög brotin, og sömuleiðis lík hinna drukknðu. Var þá samstundis sendur bátur frá Sauðárkróki til að sækja lík hinna drukknðu manna. Hagar þar nákvæmlega eins til og mér var sýnt áður nefnda nótt. Ennfremur sagðist sjónarvottum svo frá, að eitt af líkunum hefði verið í bátsflakinu, en lík hinna þriggja hefði rekið upp í fjöruna.

Feigð

Laugardaginn þann 18. apríl 1936 var eg staddur við jarðarför Sigurlaugar Guðmundsdóttur, húsfreyju á Sauðárkróki. Móðursystir mín, Sigurlaug Jósafatsdóttir, var samferða mér út eftir, og ætlaði einnig að vera viðstödd útförina. Við komum út eftir nokkru fyrir en kveðjuathöfnin átti að hefjast, og gengum við heim til kunningjafólks okkar þar á staðnum og dvöldum þar um stund. Nokkru eftir að við vorum sett. kom Árni Magnússon, tengdafaðir húsbóndans þar á heimilinu, inn til okkar. Mér brá undarlega við um leið og hann kom inn, og stóð ósjálfrátt á fætur, svo

mjög virtist hann vera orðinn undarlega fyrirgengi-
legur að eg var sem steini lostinn. Ekki vakti það síður
undrun mína, að eg sá margt af framliðnu fólki í fylgd
með honum. Það var eins og einhver óhugur gripi mig
um leið og hann kom inn, eg átti ómögulegt með að
halda kyrru fyrir og varð þeirri stundu fegnastur er
við fórum út. Fólkið, sem þarna átti heima, ætlaði
einnig að vera við útför Sigurlaugar sálugu og varð
okkur samferða. Gengum við sem leið lá niður götuna
að húsi hennar, en mér þótti það dálítið kynlegt, að
rétt eftir að við vorum komin af stað sneri Árni frá
okkur og gekk upp með sínu húsi að norðan og svo
suður með því og fór þar í gegnum hlið á girðingunni
er var á milli húsanna. Að lokinni kveðjuathöfninni
í heimahúsum var gengið í kirkjuna og er sóknarprest-
urinn hafði lokið máli sínu flutti Gísli Ólafsson erfi-
ljóð, er hann hafði ort við þetta tækifæri. Þegar hann
byrjaði að lesa, sá eg að Sigurlaug sáluga kom að kist-
unni og beið þar á meðan hann flutti kvæðið. Þá er
hann hafði lokið lestri þessum, sá eg að hún rétti hon-
um hendina og skildi eg það svo, sem hún væri að
þakka honum fyrir þetta. Að þessu loknu gekk hann
til sætis síns. Hann var einn af líkmönnunum, en þeir
sátu allir í öðrum bekk frá prédikunarstólnum. Sigur-
laug sáluga fylgdist á eftir honum upp í bekkinn, en
staðnæmdist ekki við sæti hans, heldur hélt áfram og
staðnæmdist hjá Árna, er sat út við gluggann. Sá eg
að hún lagði höndina á öxl hans og stóð kyr um stund,
en rétt á eftir hvarf hún sjónum mínum. Eg varð með
þeim síðustu er gengu úr kirkjunni og var líkfylgdin
þá komin nokkuð áleiðis. Eg spurði frændkonu mína

hvort hún ætlaði ekki að fara upp í garðinn. Svaraði hún því neitandi, „við erum orðin svo langt á eftir.“ „Jú, við skulum koma,“ sagði eg, „það er áreiðanlega eitthvað eftir.“ Hún hreyfði engum andmælum við þessum tilmælum mínum og gengum við þegar af stað. Þá er við komum þangað var verið að láta kistuna síga niður í gröfina. Svo var að sjá, sem Árni hefði ekki líkað hvernig kistan kom niður, því að hann fór niður í gröfina til þess að lagfæra hana eitthvað. Þegar hann hafði lokið þessu kom hann upp, en um leið og hann sneri sér við, hné hann niður þar sem hann stóð, og var þegar örendur. Var þetta síðasta verk hans í þessum heimi. Þegar eg kom heim, sá eg að Árni sat inni í eldhúsi hjá móður minni. Sá eg hann oft eftir það, bæði þar og annars staðar.

Látinn maður gerir mér greiða.

Vorið 1936 réðst eg vinnumaður að Nesjum í Grafningi í Árnessýslu til þeirra frk. Gunnþórunnar Halldórsdóttur og frú Guðrúnar Jónasson, og fór eg þangað um mánaðamótin apríl og maí. Ekki var eg búinn að vera lengi á bæ þessum, er framliðið fólk fór að birtast mér, einkum var það maður einn, er eg sá oftast. Hann var fremur grannur vexti, dökkhærður, gráeygur og leit út fyrir að vera svona á að gizka 20—25 ára. Mér virtist hann vera í móleitum buxum og dökkri eða sauðsvartri prjónapeysu með gráan hatt á höfði. Sá eg mann þennan oft, er eg var við vinnu. Eitt sinn, er eg var að líta eftir lambám um vorið sá eg mann þennan sem oftast. Var hann nokkuð langt

frá mér og virtist mér sem hann væri að athuga eitt-hvað þarna. Mér datt því í hug að ganga þangað og vita hvort eg sæi nokkuð athugavert á þessum slóðum. Eg sá að þarna var djúp laut, en þannig hagaði til að hún var að miklu leyti hulin af hrískjarri, sem breiddist út yfir hana svo að ekki sást niður í botninn af bakk-anum. Eg fór nú niður í hana og fann þar þá nýborna á og er eg nærri viss um að hún hefði ekki komizt hjálparlaust upp úr, en eg tel vafasamt að ég hefði fundið hana, hefði eg ekki notið aðstoðar þessa fram-liðna manns.

En þetta var ekki eini greiðinn er hann gerði mér. Kvöld eitt, rétt eftir að eg var nýkominn að Nesjum, fór eg að sækja hrossin, því að þau voru enn-þá höfð í húsi á nóttum, og að þessu sinni var nauð-synlegt að hafa þau vís, vegna þess að nota þurfti þau snemma daginn eftir. Er eg hafði lokið venjulegum heimaverkum lagði eg af stað til að ná í þau og bjóst við að þau mundu vera á sömu slóðum og þau voru vön að vera, en er þangað kom, voru þau öll á bak og burt. Mér kom þetta illa, bæði var nokkuð orðið áliðið, og eg ókunnugur á þessum slóðum, en samt afréð eg að gera tilraun til þess að finna þau. Eg lagði nú af stað og gekk nokkuð lengi, en hvergi sá eg hrossin. Sé eg nú hvar þessi sami maður kemur á móti mér og gerir hann mér bendingu um að koma á eftir sér. Eg var tregur til að gera það, því að eg hugði vænlegra að fara í allt aðra átt, en hann virtist vilja láta mig fara, en hann sat fastur við sinn keip og lét sig hvergi. Svo ákveðið var látbragð hans, að eg sá þann kost vænstan að fylgja honum eftir og sjá hvað úr þessu

yrði, þrátt fyrir það, að hann benti mér í þveröfuga átt við það, sem eg vildi fara. Gekk eg á eftir honum um hrið, en ekki sáust hrossin. Mér var nú efst í huga að snúa við og fara þangað er eg hafði upphaflega ætlað mér, hann virtist öllu ákveðnari en áður og fannst mér eins og standa gustur af honum er eg ætlaði að snúa við. Eg afréð því að fylgja honum eftir. Hann var á að gizka 4—5 faðma á undan mér og alltaf var hann að líta við og gefa mér bendingu að koma á eftir sér. Héldum við þannig áfram um hrið, gengum vestur fyrir Krumma og allt vestur fyrir Bungur, en svo eru kenniheiti ein nefnd á þessum bæ. Komumst við alla leið vestur Stutta-stíg og þar hvarf maður þessi sjónum mínum, en þá var hann búinn að gera nóg, því að skammt þar frá fann eg hrossin, en áreiðanlega hefði eg ekki fundið þau í þetta sinn, hefði hann ekki komið mér til hjálpar. Hver var þessi maður? Mér lék nokkur forvitni á því að fá eitthvað meira að vita um hann, ef mögulegt væri. Eg sagði einu sinni gömlum manni frá manni þessum, er eg sá þarna einatt, og lýsti útliti hans fyrir honum og klæðnaði. Sagði hann mér að lýsing mín ætti í alla staði við Jón nokkurn Þorsteinsson, er hafði verið að byrja búskap á Nesjum. Síðan mundu vera nálægt því þrjátíu ár. En stuttu eftir að hann hefði verið þangað kominn, hefði hann veikzt af lungnabólgu og látist eftir nokkurra daga legu. Sagði hann að margir, er þarna hefðu verið áður en eg kom þar, hefðu sagt svo frá að þeir hefðu séð þennan mann.

Þegar Ólafur fórst

Í janúar—júní hefti „Morguns“ 1940, er skráð sýn er Hafsteinninn sá kvöldið sem hann kom heim frá allra sálnamessu í Hafnarfirði og fer hún hér á eftir:

Nokkru áður en eg festi svefn, fannst mér eg allt í einu sjá út á opið haf. Eg sá hvergi til lands enda var veðurhæðin og öldurótið afskaplegt. Af hverju er verið að sýna mér þetta? hugsaði eg. Eg reyndi að rýna út í geiminn og allt í einu sá eg skip á siglingu, sem vellist í hafrótinu, unz eg sá það stingast niður í djúpið, þá varð mér ljóst hvað hafði gerzt. Sýn þessi hvarf jafn snögglega og hún hafði birzt mér. En rétt á eftir sá eg aðra sýn, gjörólíka hinni. Eg sá spegilsléttan haf-flöt, sólgylltan svo langt sem augað eygði. Mér fannst sem eg stæði út á einhverjum nesodda. Þótti mér all einkennilegt að sjá tvær sólar á lofti í einu, aðra sem var að ganga til viðar í vestri en hin var að koma upp í austri. Eg tók nú eftir litlum báti, sem kom á fleygiferð utan af hafinu. Hann beygði fyrir nesið og stefndi upp að vogskorinni strönd og lenti í litlum vogi. Niður við sjóinn sá eg fjölda manna, sem virtust vera að taka á móti þeim, er í bátnum voru. Upp úr bátnum sá eg koma tuttugu menn er hurfu inn í mannfjöldann. Eftir örlitla bið kom svo hinn síðasti þeirra. Um leið hvarf þetta sjónum mínum.

Meðan á þessu stóð var sem hvíslað væri að mér, að þarna hefðu mér verið sýnd afdrif togarans Ólafs, er fórst með allri áhöfn um þetta leyti. Geta má þess, þótt það skipti ekki miklu máli, að er Morgunblaðið birti myndir hinna tuttugu skipverja vantaði eina mynd-

ina, en hún var birt síðar í blaðinu. Eg minni á þetta til samanburðar sýninni. Það leið örlítill stund frá því að tuttugasti maðurinn kom upp úr bátnum og þar til sá síðasti kom.

Hafsteinn Björnsson.

**Sýn við útför Unnar Benediktsdóttur Bjarklind
frá Fríkirkjunni í Reykjavík 18. apríl 1946**

Þegar kistan var borin inn í kirkjuna og farið var að leika á orgelið sá eg kveikt á þúsundum ljósa, sem uppljómuðu, ekki aðeins kirkjuna, heldur einnig umhverfið út frá kirkjunni. Þó bar einna mest á þessari ljómandi ljósadýrð inni í kórnum og um innri hluta kirkjunnar. Frá þessari geisladýrð bárust yndisleg áhrif og ófust inn í tónana frá orgelinu og fylgdi líknsamur friður.

Vinstra megin við kistuna sá eg að komið var fyrir háseti, og þóttist eg strax skynja að einhverjum vissum væri ætlað þar sæti. Yfir kistunni og hásetinu ljómaði stjörnublik og geislar hnígando sólar. Þegar farið var að syngja sálminn „Fögur er foldin“ opnaðist mér annað svið.

Eg var kominn langt aftur í tímann. Eg sá íslenzka náttúru og íslenzkt umhverfi að vorlagi í öllum gróandanum. Eg heyrdi nið sjávarins, þyt frá fjöllum í fjarska, heiðvinda er komu úr suðri og eg sá fagran dal og bæ og eg sá litla stúlku er hóf sína jarðargöngu sem pílagrímur. Að baki hennar sá eg margar verur — verur sem sumar voru löngu liðnar, aðrar fyrir skömmu. Meðal þeirra sá eg gamla konu. Hún var

meðal kona á hæð og ofurlítið lotin. Hárið var upphaflega jarpt en farið að grána. Hún hafði reglulegt andlitsfall og mjög falleg augu. Frá henni lagði góðleik og ljúft viðmót. Einnig sá eg þarna gamlan mann. Hann var með alskegg og silfurhvítur á hár, mjög bjartur, gráeygður og sterkur. Hann gekk við staf.

Pegar prestur hóf ræðuna breyttist umhverfið. Allt sem var fjær færðist nú nær. Eg sá tvær hvítar kvenverur leiða hana inn í kórinn og inn að kistunni og háseti því er eg gat um. Virtist hún hress og fylgjast með öllu sem gerðist. Margt sá eg með henni af verum. Þar á meðal unga stúlku sem eg gat ekki betur séð en væri dóttir hennar og gamlan mann, sem mér var sagt að hétu Sigfús.

Þarna sá eg líka táknrænar myndir frá lífi hennar sjálfrar — myndir sem hún hafði sjálf skapað. Ljóðin hennar tóku á sig líf og liti. Sögurnar hennar sögðu frá fólki sem hún hafði sjálf lifað með. Þulurnar tóku á sig gerfi og sögðu frá æfintýrum, og æfintýrin urðu að veruleik. Fegurðin sem hún skóp í ljóðum sínum var litauðug og umvafði hana mildi og hlýju.

Fólkið sem hún hafði skrifað um gekk nú fram og þakkaði henni. Álfarnir úr æfintýrunum sendu henni líka sína kveðju. Hver hugsun frá hverri veru fyrir sig skóp sína sérstæðu mynd.

Meðan þessu fór fram endaði presturinn ræðuna. Nú var henni leyft að rísa á fætur og ganga til ástvina sinna. Hún strauk um vanga þeirra og eg heyrði hana segja: „Eg er ykkur öllum þakklát.“

Nú fannst mér eg allt í einu vera staddur í fögrum dal. Hann var auður og tómur en samt var hann fullur

af lífi og þrunginn af krafti. Eg sá ána og heyrði nið hennar. Hún rann skammt fyrir neðan bæinn, sem er á hól, en lækur hríslaðist niður norðan við bæinn. Þetta er gamaldags bær með burstum fram að hlaði. Það voru göng inn eftir bænum til baðstofu. Út úr bænum kom kona og gekk hægum, hljóðlátum skrefum suður fyrir bæinn, upp fyrir túnið og upp í hlíðina að tærri lind. Hún sá sjálfa sig í lindinni, en lindin streymdi fram.

Pegar sungið var erindið „Hver á sér fegra föðurland“ runnu upp myndir af landinu okkar í fögru lit-skrúði. En bak við myndirnar stóð hún sjálf björt og hvít umvafin geislum. Þannig sá eg hana meðan þetta var sungið. En er sungin var sálmurinn „Allt eins og blómstrið eina“ breyttist umhverfið hægt og hægt. Ljósinn smádofnuðu. Aftankýrrð færðist yfir. Hún gekk sjálf fram fyrir mannfjöldann, ljúf og elskuleg. Úr augum hennar skein þökk um allt og til allra. Hún gekk aftur til sinna nánustu og kvaddi þá með ástúð og bros á brá.

En nú sá eg að baki hennar fagurt umhverfi — lítinn fjörð þar sem hús voru dreifð. Eg sá hvítklæddar verur hér og þar og nú benti hún ástvinunum og sagði: Hér bíð eg.

Nú dvínaði krafturinn. Eg sá ekki fleira.

Hafsteinn Björnsson.

Eg tel rétt að geta þess, að eftir beiðni minni, var Hafsteinn miðill við útför Unnar Benediktsdóttur Bjarklind í kirkjunni. Án þess að vita hvernig því yrði

tekið af eftirlifandi ættingjum, það eg hann um þetta, á síðustu stundu. Var það gert með ráðnum huga og í því skyni, að hann hefði ekkert tóm til að afla sér upplýsinga, um einkalíf hinnar látnu, enda þótt eg hafi aldrei komizt að því að Hafsteinn hefði neinar slíkar brellur í frammi. Hann fór í kirkjuna og sá það sem skráð er hér að framan. Þótt eg þekkti frú Unni Bjarklind, nú á síðustu árum, var mér alveg ókunnugt um hvort það barn, sem þau hjónin mistu, var piltur eða stúlka.

Þegar eg skrifaði sýnina eftir Hafsteini, tók hann það skýrt fram að dóttir hennar hefði verið með henni allan tímann, meðan á athöfninni stóð, og eins maður, sem hétu Sigfús. Það virðist líklega ótrúlegt, en þá vissi eg ekki föðurnafn Sigurðar, hafði allt af heyrt hann kallaðan og skrifaðann Sigurð Bjarklind. Eg skrifaði sýnina eftir Hafsteini. En mér var þá hreinasta ráðgáta hvort nokkurt vit væri í henni.

Sigurður Bjarklind hefir nú staðfest hana. Hefi eg engu öðru við að bæta, en taka það fram, að Hafsteinn þekkti hina látnu á sama hátt og öll þjóðin þekkti hana, sem skáld og rithöfund. En einkalíf hennar, eða látna vandamenn, þekkti hann ekki. Að vísu má segja, að Benedikt á Auðnum hafi verið svo þjóðkunnur maður, að hvert mannsbarn hefði getað lýst honum af mynd, en ætli hann sjáist á nokkurri mynd með stafinn sem Hafsteinn getur um?

Reykjavík 18. júní 1946.

Elinborg Lárusdóttir.

Sýn þá, er Hafsteini Björnssyni gaf h. 17. apríl 1946, við útför Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, og hér er skráð af frú Einborgu Lárusdóttur, hef eg lesið og hugleitt með þeirri fyllstu athylgi er eg á til, og eg verð að segja að eg undrast mjög yfir ýmsu sem kemur fram í þessari sýn. Lýsing á fólki því er þarna kemur fram er mjög táknandi, t. d. foreldrum Unnar, einkum þó á föðurnum. Gamla manninum sem sjáand-
anum var sagt að hétu Sigfús, það er föðurnafn mitt. Ungu stúlkunni sem honum finnst vera dóttir hennar, og getur einnig staðist. Lýsingin á dalnum er þannig að eg hygg að allir þeir, sem þekkja æskustöðvar Unnar verði ekki í neinum vafa um hverju verið er að lýsa í sýninni. Ekkert af þessu sem hér er dregið á gat Hafsteinn Björnsson vitað áður, hvorki um stað né fólk. Eg hafði aldrei séð manninn; fyrst um viku eftir þetta fékk eg hann til að koma heim til mín. Sat hann hjá mér og börnum mínum nokkra stund og við spjölluðum saman. Þá sagði hann okkur ýmislegt sem hann sá í kring um okkur, og lýsti svo nákvæmlega ýmsu fólki að eg gat ekki verið í vafa um hverjir þar voru komnir, og ekkert af því fólki hafði hann nokkurn tíma heyrt eða séð.

Fleira gæti eg sagt af því sem H. B. sagði mér og eg dreg af mínar ályktanir, en eg tel ekki viðeigandi að skrásetja það hér, — en það fullnægði mér.

Mímisvegi 4 í Reykjavík 14. júní 1946.

Sigurður Sigfússon Bjarklind.

Stefán frá Karlsskála

Fimmtudaginn 28. desember vildi svo til að Hafsteinn leit snöggvast inn til mín. Eftir nokkur augnablik sagði hann mér að hann yrði var við mann inni hjá mér, sagðist heyra nafnið Stefán, hann hefði heitið þessu nafni. Hann fékk einu sinni slag eða aðkenning af slagi þegar hann var úti í hlöðu. Það var komið að honum þar sem hann lá í heyinu hjá stabbanum. Hann bölvaði fyrst þegar hann raknaði við og sagði að mér heyrir: „Andskotinn, hver skrattinn er þetta, er eg dauður?“ Svo lá karlinn fram eftir vetri, lifði víst ein tvö ár eftir þetta. Heyri nöfnin Björn og Helgi, ætli að þeir hafi hjálpað honum eða borið hann inn? Hann hefur verið með alskegg, eins og hann hafi klippt það. Heyri ártalið 1925. Hann spurði mig því næst hvort eg kannaðist við þennan mann. Eg var dálítið óákveðinn og gat ekki áttað mig á þessu. „Þú hlýtur að þekkja hann,“ sagði miðillinn, „hann var á Karlsskála.“ Mig rámaði nú eitthvað í þetta, en allt er það óljóst fyrir mér. Eg spurði Finnu um það um kvöldið, því að þá hafði eg tækifæri til að tala við hana um hvernig á því hefði staðið, að þessi maður skyldi hafa komið til mín. „Það var víst vegna unga mannsins, sem er hjá þér,“ sagði Finna og átti hún þar við Gunnar frá Stekk, sagði að þeir væru mikið skyldir.

Mér var ekki unnt að segja neitt um það, er Hafsteinn sagði mér um Stefán þennan, að öðru leyti en því, að ég kannaðist við að nafn þetta gæti átt við mann, sem einu sinni var á Karlsskála, en það var eft-

ir að eg fór þaðan. Eg sendi því manni þar eystra afrit af því sem Hafsteinn sá að þessu sinni í sambandi við mann þennan og fékk með næstu ferð svohljóðandi umsögn frá Jónínu Stefánsdóttur, húsfreyju á Karlsskála:

„Það er alveg rétt, að Stefán sá er Hafsteinn lýsir fékk slag, þegar hann var hjá okkur. Hann var að taka hey handa kúnum er hann veiktist úti í hlöðu, en fann þá að sér var að verða illt, en komst ekki nema fram að hlöðudyrnum eða út úr þeim. Björn Eiríksson og Helgi sonur minn báru hann og minnir mig það fastlega, að það hafi verið blótsyrði, sem við heyrðum hann segja, þegar hann fékk meðvitund. Um ártalið man ég ekki fyrir vízt, en minnir þó, að það muni láta nærri að þetta hafi verið 1925.

Jónína Stefánsdóttir.

Um þetta leyti var staddur hjá mér maður, Gunnar Larsson, frá Útstekk við Reyðarfjörð, en hann var ekki heima við, þegar Hafsteinn kom, en það er rétt hjá Finnu, að þeir voru náskyldir.

Einar Loftsson.

Skyggnilýsing 22. nóvember 1937

Eg sé landslag. Það er eins og eg sjái stóran fjörð opnast fyrir mér. Beggja megin fjarðarins eru há fjöll. Fjöllin, norðanmegin fjarðarins, einkum yzt, sýnast hærri, sé mikið af skriðum, þau eru brött, efst eru klettabelti, undirlendið er lítið að sjá, eða næstum

ekkert sumstaðar, þó sé eg þarna ofurlítið graslendi, er teygir sig upp eftir fjallshlíðunum, sumstaðar er eins og skriðurnar náí alveg niður í sjóinn. Eitt fjallið þarna, eða hluti af því, er eins og toppmyndað, ein-kennilega lagað. En þegar kemur inn fyrir öxlina, eða hvað sem eg á að kalla það, sé eg meira graslendi og m. a. einn bæ upp undir fjallinu. Fjallið fyrir ofan bæinn er ekki eins bratt að sjá, en það fer smáhækk-andi, myndar eins og hjalla. Eg sé foss fyrir ofan bæinn þarna, það er steinhús þarna, með dálitlum kvisti, að mér sýnist.

Eg veit ekki hvernig á því stendur að athygli mín beinist einkum að norðurströnd fjarðarins, eg segi að vísu norðanmegin, en eg finn að eg er ekki vel klókur í áttunum þarna. Það er eins og mér sé nú sýnt lengra inn með firðinum, þar er meira gras, fjöllin ekki eins nærri, en landið smáhækkar upp undir fjöllin fyrir ofan, sé þarna allmarga bæi, þeir standa niður undir sjónum, sumir að vísu dálítið frá honum. Sæmilega hýst á flestum þeirra að sjá. Athygli mín beinist eink-um að einum þeirra, mér virðist hann vera nálægt miðjum firðinum. Hann sýnist standa á dálitlum bala, fjöllin eru ekki alveg hjá honum. Fyrir utan bæinn er allstórt gil, eftir því rennur á eða lækur, hann getur víst orðið nokkuð stór. Fyrir ofan bæinn sé eg eins og mela, en þar fyrir ofan töluvert graslendi, dálítið hallandi en fyrir ofan það taka við fjöll, nokkuð há, með hjöllum og klettabeltum, eitt þeirra er hnúk-myndað, en eg sé líka lengra inn með allstórt fjall, það er eins og liturinn á því sé nokkuð dökkur. Eg sé nú betur heim að þessum bæ. Það er timburhús

þarna, það er kvistgluggi á efri hliðinni, heyhlaða og einhver kofi rétt fyrir ofan bæinn, milli hússins og heyhlöðunnar er mjótt sund. Úti á túninu sé eg gripahús og sennilega er heyhlaða áföst við það, en neðar í túninu er annað hús. Túnið er fremur stórt og því hallar niður að sjónum. Eg sé tvo unglingspilta ganga upp túnið, annar þeirra er minni, ljóshærður, en mér sýnist hinn vera skolhærður og heldur hærri. Ennfremur skammt frá þeim dökkhærðan mann, ekki háan, en maðurinn, sem kemur á eftir honum, er heldur hærri að því er mér virðist. Svo sé eg, gamlan mann, hann er gráhærður með alskegg, eftir því sem eg bezt get greint. Svo sé eg unglingspilt, en sé hann ekki eins greinilega eða ekki svo að eg geti lýst honum. Nú er eins og myndin sé flutt til, eða að eg fari lengra inn eftir. Það er eins og fjörður skeri sig inn úr aðalfirðinum. Á vinstri hönd þegar farið er inn með þessum firði, sé eg einstakt, einkennilegt fjall, toppmyndað, eða þaðan sem mér finnst eg vera, kemur það út eins og einstakt en á hægri hlið eru há fjöll, samvaxin að sjá og mynda eins og skeifu kringum fjarðarbotninn, eða réttara sagt dalinn inn af honum. Eg sé nú lítinn kaupstað, hann er nokkuð langur og flest húsin standa niður við sjóinn, sum nokkuð ofar í brekkunni, sé kirkju þarna upp frá, hún stendur nokuð hátt. Annars sé eg þorpið ekki verulega greinilega, svo örðugt er að lýsa því. Ströndin fyrir fjarðarbotninum er bogamynduð, ber dálítið á sandi. Inn frá fjarðarbotninum er dalur, sé þar a. m. k. þrjá bæi, dalur þessi er þó nokkuð langur, fremur fallegur. Hlíðarnar hægra megin eru fallegar og grösugar. Það er sennilega ekki rétt

að tala um að þær séu skógi vaxnar en eitthvert kjarr er þó í þeim, þetta eru ágætar trúlofunarbrekkur. Sé eins og tvo hnúka uppi á fjallabeltinu, nokkuð langt á milli þeirra, en þar uppi er töluvert útsýni. Nú hverfur þetta sjónum mínum.

Hafsteinn Björnsson.

Aths. Eg skal geta þess til skýringar, að landlagslýsing þessi er hárrétt lýsing af Reyðarfirði. Bæir þeir, er hann einkum veitir athygli í sýninni eru: Hinn fyrrnefndi, Karlsskáli, en sá síðari, Helgustaðir, en á þessum tveim bæjum hefi eg einkum verið langdvölum, báðir eru þeir norðan megin fjarðarins. Mennina er hann sér á túninu á Helgustöðum kannast eg vel við af lýsingum hans, þeir áttu þar allir heima einu sinni og þar var eg þeim samtíða. Þá er og rétt lýsing hans af kaupstaðnum, Eskifirði, það sem hún nær, og einkum af dalnum inn af firðinum, en þess skal getið, að á þessar stöðvar hefir sjáandinn aldrei komið.

Einar Loftsson.

Hvíta kisa

(„Kleópatra“ var hún nefnd).

Vinur minn, Hallgrímur Jónsson skólastjóri, hafði sagt mér af pilti nokkrum að norðan, er væri svo skyggn, að hann sæi dána menn, huldufólk og hvað annað, er aðrir sæju ekki. Gerði ég lítið úr þessu og

var hinn vantrúaðasti, jafnvel þótt Hallgrímur segði mér það og segðist sjálfur hafa reynt.

Laugardaginn fyrir Hvítasunnu hringdi Hallgrímur til mín í síma og sagði, að nú væri pilturinn staddur hér í bænum, og spurði, hvort hann ætti ekki að senda hann til mín.

„Hvað á hann að vilja til mín?“ sagði eg, „hvað ætti hann að sjá hérna?“

„Hver veit það? En það væri gaman fyrir þig að reyna hann, og þá ekki síður að sjá hann.“

Pilturinn kom, og leizt mér vel á hann; mér virtist hann þrúður og stilltur.

Eg spurði hann að heiti, hvaðan hann væri o. s. frv.

„Hafsteinn Björnsson heiti eg og er frá Sauðárkróki. Eg hefi verið að Nesjum í Grafningi síðastliðið ár.“

Að stundarkorni liðnu og samtali „um daginn og veginn,“ tók eg að spyrja hann spjörunum úr, m. a. um það, hvort hann væri skyggn. Lét hann lítið yfir því, en kvað þó ekki örgrannt um það.

„Sjáið þér nokkuð hér inni, annað en það, er þér getið búizt við að við sjáum?“

„Já, það er nú sitthvað; bæði margt og mikið.“

„Hvað sjáið þér?“

„Það er óvenjulega bjart hér inni: Stjörnur og ljós. Einkennilega fagrir litir, eins og regbogalitir. . . . Og hér er margt fólk inni, sem þið e. t. v. ekki eigið von á að sé hér. Það hefir einhvern tíma verið hér, en er nú dáíð?“

„Fólk? — Þekkið þér nokkuð til þess, eða getið þér lýst því?“

„Eg þekki engan. En hér er. . . .“

Tók hann síðan að lýsa ýmsum mönnum, konum og körlum. Könnuðumst við við tvær konur, gamlan mann og barn, er með honum var. Þá í bili gátum við ekki áttað okkur á öðrum. Þótt lýsingin á þeim, er við könnuðumst við, virtist vera alveg rétt, var eg enn vantrúaður og vildi nú reyna hann betur, og spyr hann því:

„Sjáið þér ekki hvíta köttinn okkar?“ En allt í einu sá eg, hversu spurning mín var ógætileg og vanhugsuð: Að eg skyldi nefna hvíta köttinn, því vitanlega var því auðveldara fyrir hann að ákveða litinn, lét eg þó við svo búið standa og beið eftir svari.

„Jú, eg sé ketti, og m. a. einn, sem situr þarna á gólfinu, — ljómandi falleg kisa.“

„Já, sú var nú falleg! Svo ljómandi hvít.“

„Nei, hún er ekki al-hvít!“

„Hvað? Er hún ekki hvít? spurði eg undrandi.

„Nei, ekki alveg: Hún er með dökkleit eyru og hvíta rák upp af nefinu; rákin nær upp á milli eyrnanna.“

„Svo? — Haldið þér að þetta sé rétt hjá yður? Eða sjáið þér fleiri einkenni þess, að hún hafi ekki verið al-hvít?“

„Já hún er með svart skott, eða grátt.“

Nú vaknaði forvitni mín fyrir alvöru, því að þetta var hárrétt lýsing á kettinum, en eg hugsaði mér þó, að reyna hann betur, og spurði hann því:

„Hvað er þetta? Er kötturinn þá ekki allur kol-svartur?“

„Nei, nei! (og hló við) Hún er ekki svört, en hún er með tvo dökkleita bletti aftan á hálsinum, báða nærri því jafn stóra, svo sem fingurgómsstærð; þó er

annar þeirra ofurlítið stærri, hægra megin, og nær aftur á herðablaðið.“ — Nú var mér öllum lokið. Lýsingin var nákvæmlega rétt! Frekari sannana þóttist eg ekki þurfa, en sagði þó í hálfkæringi og til þess að reyna piltinn betur:

„Kötturinn, sem þér eruð að lýsa, er sennilega lifandi! Það er engin furða, þótt þér getið lýst honum!“

„Nei, hann er áreiðanlega dauður! Það sé eg.“

Síðan lýsti hann ýmsu öðru, er hann sá þarna inni, bæði dáu fólki og dýrum, sem við gátum ekki annað en kannast við, en þó ekki allt. Hann fór um allt húsið uppi og niðri og alls staðar var eitthvað að sjá flest fylgdi okkur, hvert sem við fórum, og ávallt var hvíta kisa með okkur, en þess má geta, að hana mistum við í fyrra vetur.

Að öllu samantöldu virtist okkur, að pilturinn hefði séð heilan söfnuð af fólki, sem hann sagði að væri mjög glaðlegt á svipinn, ánægjulegt og brosandi.

Jón Pálsson.

Þorgeirsboli

Veturinn 1930—1931 var eg hjá Ólafi Sigurðssyni á Hellulandi í Skagafirði. Dag einn var eg sendur að Keflavík, sem er næsti bær við Helluland. Var liðið á daginn, en þó ekki farið að bregða birtu. Eg kom inn í Keflavík, en stóð þó stutt við. Eftir að hafa þegið þar góðgerðir og rekið erindi mitt, hélt eg aftur heim. Milli Hellulands og Keflavíkur er landslag þannig, að þar skiptast á klappir, holt og mýrdrög. Þennan dag var bjart yfir. En frost hafði verið undanfarna daga.

Voru mýradrögin lögð ísi. Þegar eg kom suður á klappirnar, milli bæjanna, heyri eg skruðninga mikla á eftir mér. Lít eg þá um öxl og sé, hvar rauðskjöldóttur tarfur, kemur hlaupandi eftir mýradraginu. Verð eg hálfsmeykur og skil ekki, hverju þetta sætir. En mér vinnzt ekkert tóm til umhugsunar. Áður en eg veit af, er þessi skepna komin fast að hlið mér, þannig, að eg sé þó ekki lengra en aftur á bóga. Hann gerir mér ekkert, en hann fylgir mér eftir alla leið heim að fjósi. Eg leit aldrei við og hann kom ekki lengra fram með hlið mér. En af honum var talsverður skruðningur, sem lét illa í eyrum. Þótti mér þessi samfylgd dálítið óþægileg. Þegar eg kom að fjósinu, tók hann undir sig stökk suður hlaðið og hvarf á bak við íbúðarhúsið.

Um kvöldið, þegar eg er í fjósinu, gerast kýrnar allt í einu ókyrrar á básunum. Þær færa sig aftur á stétt eins langt og bandið, sem þær eru bundnar með, leyfir. Hélt eg og konan, sem líka var í fjósinu, að þær mundu slíta af sér böndin. Sé eg þá, hvar boli stendur í fóðurganginum. Veit eg þá, hvað veldur. Hristir hann sig og skekur svo, að eg heyri vel, en sé þó enn betur. Tók þetta ekki langan tíma. Svo hverfur hann, og þá róast beljurnar. Seint á þessu sama kvöldi var barið að dýrum á Hellulandi. Aðkomumaður var kominn utan úr Fljótum. Átti hann erindi við Ólaf bónda. Erindið var að fá teikningu af heybindingsvél, sem Ólafur átti. Vélin var geymd inni í heyhlöðunni. Hlaðan var áföst við fjósið, og í fóðurganginum í hlöðunni stóð boli þetta sama kvöld og ærði kýrnar á básunum.

Hafsteinn Björnsson.

Skemman er opin

Árið 1932 var eg vinnumaður í Húsey í Hólmi í Skagafirði. Bar þar margt fyrir mig. Sumu hefi eg gleymt. Sumt man eg enn, eins og það hefði gerzt í dag eða nótt, sem leið. Meðal þess er það, sem hér fer á eftir.

Það var um miðjan vetur, nótt eina, að mig dreymdi, að maður kom til mín, leit hann hvasst á mig og sagði: Skemman er opin.

Eg hrökk upp og fór að hugsa um þetta. Eg kann-aðist mjög vel við manninn. Hann var daglega á sveimi í Húsey, og alltaf að líta eftir hlutunum. Daginn áður var bjart veður og úrkomulaust, en um kvöldið var hann orðinn nokkuð dimmur í lofti. Í skemmunni var eldiviðurinn geymdur. Gat eg ekki séð, að það sakaði, þótt hún væri opin ef úrkomulaust var.

Samt afréð eg að gæta að þessu og fór fram úr og út. Þegar eg opnaði bæjardyrhurðina, var farið að snjóá lítið eitt. Gekk eg nú norður fyrir bæinn og sá þá, að skemman var opin. En þá stóð sá, sem til mín kom í draumnum, í dyrunum. Eg hleypti í mig kjarki og gekk að skemmunni, eins og eg vissi ekki af honum, og lokaði henni.

Þetta reyndi á taugarnar. Þegar eg gekk aftur heim stéttina, fannst mér hann vera á hælunum á mér, og var mér mjög órótt.

Morguninn eftir var komin stórhrið á norðan.

Hafsteinn Björnsson.

Þú verður að fara heim

Kvöld eitt í s.l. júnímánuði var eg á gangi niðri í bæ. Vestast í Vonarstræti mætti eg Hafsteini Björnsyni, sem var á leið niður að Miðbæjarskóla, en þar ætlaði hann að taka næsta vagn til Hafnarfjarðar, því að hann er búsettur í Hafnarfirði. Við tókum tal saman og sneri eg við með honum, enda var eg ekkert að flýta mér. Þegar við vorum að ganga fram hjá „Iðnó“ nam Hafsteinn allt í einu staðar og varð dálítið einkennilegur á svipinn. Áður en mér gæfist tími til að spyrja hann hvað þessu ylli sagði hann við mig: „Þú mátt ekki vera að þessu, þú verður að fara heim til þín strax.“ „Hvernig stendur á því, eg veit ekki til að mér liggi neitt á heim að þessu sinni,“ svaraði eg. „Það er sama, þú átt að vera kominn heim til þín fyrir klukkan átta.“ „Af hverju þarf eg þess?“ spurði eg. „Eg sá henni frú G. Kvaran bregða fyrir sem snöggvast (hún var þá nýlátin) og Finna segir mér frá henni, að hún hafi beðið sig um að segja mér þetta.“ „En geturðu ekki fengið að vita af hverju hún æskir þess?“ spurði eg Hafstein. „Nei, mér var aðeins sagt þetta,“ svaraði Hafsteinn. Klukkuna vantaði þá fimmtán mínútur í átta, er við vorum staddir þarna, svo að eg ákvað þegar að snúa við heim til mín. „En ætli að þú eigir ekki að koma með mér?“ sagði eg við Hafstein. Hann varð þegar við þeim tilmælum mínum, enda fann eg að honum var áhugamál að vita hvort einhver skýring fengist á tilefni þessarar óvæntu orðsendingar. Þegar við komum heim til mín, tók eg eftir því að bréfi var stungið hjá nafnspjaldi mínu á hurðinni. Var það skrifað af dóttur frú

G. Kvaran. Tilkynnti hún mér þar, að móðir sín yrði kistulögð klukkan átta þá um kvöldið og þau systkinin óskuðu þess að eg yrði viðstaddur við það tækifæri. Þóttist eg nú skilja tilefni hinna óvæntu skilaboða, er Hafsteinn flutti mér niður við „Iðnó“.

Dóttir frú G. Kvaran hafði gert ítrekaðir tilraunir til að láta mig vita um þetta fyrr um daginn, en eg fór út í bæ snemma um morguninn þennan dag og kom ekki heim allan daginn, en hvorki hún né aðrir vissu um hvar eg var, svo að þeim systkinum var með öllu ókleyft að koma boðum til mín. Það ráð var því tekið að láta bréfið hjá nafnspjaldinu í von um að eg myndi koma heim fyrir áðurgreindan tíma, en heim hefði eg ekki verið kominn í tæka tíð, ef Hafsteinn hefði ekki flutt mér þessi áðurgreindu skilaboð. Útilokað er að Hafsteinn hafi getað vitað um, að þetta átti að gerast þá um kvöldið, enda var honum ekki unnt að segja mér af hverju þess var óskað að eg yrði kominn heim fyrir klukkan átta þetta kvöld.

Einar Loftsson.

Eg dvaldi þennan dag hjá Útvarpsstjóra, heima hjá honum. Hafði eg fund hjá honum kl. 5. Kom eg til hans nokkru fyrir fundinn og kom eg beina leið að heiman — sunnan úr Hafnarfirði — og fór rakteitt til hans. Eg fór ekkert annað og hitti enga að máli þennan dag fyrr en eg rakst á Einar Loftsson er eg ætlaði að fara að taka vagninn til Hafnarfjarðar.

Hafsteinn Björnsson.

Afi minn

Fyrir nokkrum árum var eg af tilviljun kynntur fyrir Hafsteini miðli. Sama kvöldið kom hann heim til mín, um klukkan átta. Eg átti von á honum og hafði þess vegna fjarlægt allar myndir af mínu fólki, svo að þær gætu ekki gefið neinar leiðbeiningar, sæi hann eitthvað hjá mér. Hann féll ekki í dásvefn, en hann sá og lýsti bæði föður- og móðurfólki mínu, móðurafa mínum, sem dáinn var fyrir mörgum árum. Þjó þessi móðurafi minn norður á Sléttu. Voru lýsingar Hafsteins á þessu fólki í öllum atriðum réttar og mjög skýrar og greinilegar. Afi minn var sérkennilegur í útliti. Hár maður og afar þrekinn, með rautt alskegg, sem tók niður á brjóst. Var skeggið þykkt, mikið og lifandi, og var því skipt í miðju. Hann lýsti afa mínum nánar. Skal eg taka það fram, að mér þótti lýsingin allmerkileg. Hafsteinn þekkti ekkert móðurfólk mitt og sá aldrei þennan afa minn né móður mína, sem hann lýsti þarna líka. Sagði hann, að afi stæði hjá henni.

Í þetta sama sinn lýsti hann veru, sem hann sagði, að væri hjá mér. Þeirri veru hafði annar miðill lýst fyrir mér áður. Bar lýsing Hafsteins heim við það, sem hinn hafði sagt. Var Hafsteini öldungis ókunnugt, að eg hefði verið hjá þeim miðli og fengið þar vitneskju um þessa veru.

Forðaðist eg þá, og alltaf síðan, hvort sem eg var staddur hjá Hafsteini eða öðrum miðlum, að segja nokkuð það, sem gefið gæti leiðbeiningar.

Þetta var, eins og áður er getið, í fyrsta sinn, sem við Hafsteinn sáumst.

Hundurinn

Nú vikur sögunni um stund að sjálfum mér. Eg vakna einn morgun og lít á klukkuna til að vita, hvort kominn sé fótaferðartími. Sé eg þá lítinn, svartan hvolp með hvítan prestakraga, hvítar lappir og hvítan depil neðst á rófunni. Hann verður þess var, að eg horfi á hann, og stekkur hann nú upp í rúmið mitt og upp á bringu mína og stiklar þarna ofan á mér og virðist ofsakátur, að mér finnst, yfir því, að eg skuli sjá hann. Þetta varaði ekki lengi, en nægilega lengi til þess, að eg sá hann greinilega. Svo stökk hann ofan á gólf og hvarf mér. Eg klæddi mig og fór til vinnu. Í leiðinni gekk eg um hjá Hafsteini. Spurði eg, hvort hann hefði aldrei séð annað með mér en það, sem talið gætu mennskar verur.

Hann sló á glens og sagði hlæjandi: „Heldurðu, að það geti ekki verið eitthvað fleira í för með þér?“

„Eins og hvað?“ spurði eg og lét hann finna, að mér væri alvara að vita, hvort hann hefði séð eitthvað fleira í nálægð minni en það, sem hann hafði áður lýst fyrir mér.

Þá svarar hann: „Ertu nú loksins búinn að sjá hann?“

„Sjá hvern?“ spurði eg.

„Hundurinn, sem fylgir þér,“ sagði hann þá.

Eg spurði, hvort hann gæti lýst honum fyrir mér.

Hann hélt það nú, og svo lýsti hann honum nákvæmlega, og bar lýsingin alveg heim við það, sem eg sá, nema hvað honum sýndist hann dálítið stærri en mér hafði sýnt hann vera.

Sóphonias Pétursson.

Unga stúlkan

Um jólaleytið 1934 andaðist í Landsspítalanum ung stúlka, sem eg hafði kynnt um skeið. Saknaði ég hennar og vildi, ef unnt væri, fá vitneskju um það, hvort hún lifði eftir dauðann.

Nálægt mánuði eftir andliát hennar fór eg ásamt vini mínum á fund konu hér í bænum, sem var kunn fyrir miðilsgáfu sína. Féll hún í miðilsdá og tók innan stundar að lýsa hinni látnu — eða svo virtist mér það. Varð miðlinum í fyrstu tíðrætt um, að hún væri mér nákomin og hefði með sér *blóm*, sem hún vildi þakka. Blómin kannaðist eg ekkert við, og tók miðillinn þá upp annað umræðuefni og fór að lýsa stúlkunni að nýju: vexti hennar og andlitsfalli, svipbrigðum og klæðnaði. Gat lýsing þessi vel átt við stúlkuna, en hún gat átt við aðrar stúlkur, og sótti eg því fast á að fá miðilinn til þess að nefna mér eitthvert það einkenni, sem ekki væri um að villast. Varð allläng bið á því, unz miðillinn segir:

„*Hún hefir ör á annarri augnabrún.*“

Þetta var rétt. Örið bar stúlkan í lifanda lífi, lítið að vísu, en þó svo, að því mátti veita athygli. — Sumir munu vilja skýra þetta þannig, að miðillinn hafi sótt þessa vitneskju í mína eigin vitund. Skal ekki leggja dóm á það, hvort svo hafi verið, en svo mikið var víst, að bæði mér og miðlinum þótti nú tilgangi fundarins náð. Konan vaknaði af miðilssvefninum og eg fór heim.

Á leiðinni heim til mín minntist eg þess, að eg hafði lagt blóm á kistu hinnar framliðnu og taldi þá ekki

ólíklegt, að hún myndi hafa verið að sanna sig með því að minna á þessi blóm.

Nú líða um það bil tvö ár, og bar þá saman fundum okkar Hafsteins Björnssonar. Var eg þá sem fyrr starfsmaður Ríkisútvarpsins en hann þá lyftuvörður þar í húsinu, og skiptumst við á nokkrum orðum þar í lyftunni. Eg varð þess þá smám saman var, að hann hafði ákaflega fjölbættar dulgáfur. Einhverju sinni spurði eg hann, hvort hann yrði nokkurs var í sambandi við mig. „Já,“ segir hann, „eg veit oftastnær hvenær von er á þér. Það kemur ung og falleg stúlka inn í lyftuna og fer sömu leið og þú, upp í útvarp og hverfur þar.“ – Síðan sagði hann mér, að þetta væri þó ekki æfinlega, stundum kæmi hún ekki. „En,“ sagði hann, „ef eg vik mér inn í íbúðina og þú ert að verða of seinn, þá kemur hún þangað og er þá fásmeiri en annars. Þá skilst mér af látbragði hennar, að nú eigi eg að hraða mér í lyftuna, svo að þú komizt upp í tæka tíð. Og eg hlýði alltaf. – Þessi stúlka hefir verið þér nákomin. Henni þykir vænt um þig og hún vill þinn hag.“

Hafsteinn er maður lítið eitt kíminn en þó nærgættinn og þýður í viðmóti. Oft hafði hann það til að segja við mig, þegar eg kom að lyftudyrnum, og ekki voru aðrir við: „Gjörðu svo vel, stúlkan þín er nýfarin upp.... stúlkan þín er í lyftunni.... stúlkan þín hefir ekki látið sjá sig í dag.“ Ýmislegt af þessu tagi sagði hann, en það er nú fallið í gleymsku. Klæðnaði hennar lýsti hann oft og sagði, að hún bæri ekki jarðneskan klæðnað, eins og þá væri komið, heldur blá-

hvítan hjúp, sem ekki væri svo auðvelt að lýsa. — Allt sem hann sagði um þetta, var einfalt og blátt áfram, eins og það er jafnan, sem satt er sagt.

Eftir nokkurra mánaða kynningu okkar Hafsteins þarna í lyftunni, kom hann heim til mín og sat hjá mér kvöldstund. Lýsti hann þá stúlkunni, sem fyrr getur, við dauft ljós og í góðu næði. Var nú lýsing hans mjög ýtarleg og nákvæm og var svo að sjá, að hann horfði á hana beint fyrir framan sig, en eg sat við hlið hans. Þó mátti hugsa sér, að lýsingin ætti víðar við, og það eg hann þá að svipast eftir einhverju því einkenni, sem ekki yrði um villst. Eftir nokkra þögn segir hann þá: „*Það eru færri augnabránahár á annari augabráun en annari.*“ — Einnig þannig mátti lýsa örinu, sem fyrr getur, eins og sjá má hér á myndinni, ef vel er aðgætt, þeim megin, sem skuggann ber á andlitið út við gagnaugað. Þessi lýsing var ekki sótt í mína vitund, svo að mér sé ljóst. Og vegna þess hve lýsingin er sérstæð og einföld, hefir hún mikið sannleiksgildi í mínum augum.



Einhverju sinni hafði Hafsteinn orð á því, að stúlk-
an mín hefði stundum *barn* meðferðis og bæri það
undir hendinni. Eg þvertók fyrir, að hún hefði átt
barn eða fósturað barn og sagði honum, að eg gæti ekki
hugsað mér, að hún hefði neitt barn á sínum vegum,
en hann sat við sinn keip. Barst þetta í tal við nákom-

inn ættingja hennar og taldi hann sig skilja þetta: Í kistu stúlkunnar, undir aðra hönd hennar hafði verið lagt nýfætt barn, sem dáið hafði í fæðingu. — Þessa vitneskju sótti Hafsteinn ekki í mína vitund. Hún var þar ekki til.

Þegar Hafsteinn hvarf úr lyftunni, eftir tæplega eins árs vist, lauk að mestu kynnum okkar, en kona ein, dulgáfuð, er eg var samtíða, staðfesti þessar dulsýnir hans. Hún sá stúlkuna margoft og lýsti á sama hátt og hann útliti hennar og háttum. Einnig hún sá örið á augabrúninni og barnið, sem hún bar.

Ásgeir Magnússon.

III. KAFLI

Frá fundunum

**Hefir Einar H. Kvaran gert tilraun til að sanna sig
eftir andlátíð?**

Svo nefnist erindi, er birtist í Morgni árið 1940. Erindið er skráð af Einari Loftssyni kennara og séra Jóni Auðuns. Fjallar það aðallega um endurminninga-sannanir, sem komu í gegn hjá tveim miðlum, er báðir höfðu starfað undir stjórn Einars H. Kvaran. Þykir rétt að taka hér upp allt, sem kom í gegnum Hafstein miðil, varðandi mál þetta, bæði í dásvefni og án dásvefns. Er það tekið með leyfi þeirra, sem skráð hafa, og fer það hér á eftir.

Þegar Finna hafði heilsað viðstöddum og ávarpað þá nokkrum orðum, sneri hún máli sínu til frú G. Kvaran og mælti á þessa leið:

„Hann (þ. e. E. H. K.) er kominn til þín, hann er með fangið fullt af blómum, þau eru úr landinu, sem þið hafið bæði ferðast um. Hann er að minna þig með þessu á löngu liðnar stundir, þegar þið voruð þar.“ „Eg sé stóra lest,“ sagði Finna þessu næst. „Ykkur voru færð blóm, þegar þið voruð að fara, þau áttu að túlka þakk-

læti fólksins fyrir samveruna með ykkur, blómunum var ætlað að segja það, sem orðin geta aldrei skýrt frá. Þið hafið komið í borg í þessu landi, hún var nú lítil þá í samanburði við það, sem hún er nú, en það voru þar svo margir „landar“, Íslendingar á hann við, en þeir voru stundum nefndir þessu nafni þar.“ Þessu atviki kvaðst frá G. Kvaran muna vel eftir.

Finna sagðist nú sjá nýrri mynd bregða fyrir. „Eg sé ykkur bæði á ferðalagi, þið farið þá með fram langri störnd.“ Frú G. Kvaran kvaðst geta skilið, hvað hann ætti við með þessu, þótt ekki væri meira sagt.

„Hann sýnir mér nú nýja mynd,“ hélt Finna áfram. „Hún er líka af ferðalagi, hann fór þessa ferð einn, nei, það er nú víst ekki rétt hjá mér, eg á við það, að þú varst ekki með honum, en drengurinn var með honum.“ „Hvaða drengur?“ spurði frú G. Kvaran. „Hann Ragnar ykkar og svo einhver annar maður, eg held prestur, dökkur á hár og skegg, hann hafði víst yfirskegg. Hann Einar þinn fór þá eða var að fara til einhvers læknis, eg held vegna brjóstsins á sér. Þú varst áreiðanlega ekki með honum á þessu ferðalagi,“ sagði Finna við frú G. Kvaran. „Þú varst þá vestur frá. Eg er nú að vísu ramm-áttavilt þarna, en mér heyrir hann vilja að eg segi þetta svona. Húsið, sem þú áttir þá heima í, var hvítleitt að lit, samt ekki alveg snjóhvítt, en það var mjög ljóst að sjá í sólskini. Það er áreiðanlega garður hjá húsinu, held að hann sé sunnan undir því. Þú hefir stundum setið þarna inni í stofu og mér finnst, að hún hafi snúið móti suðvestri. Landið þarna umhverfis er slétt að sjá og stór skógur er þarna nálægt. Það sést í vatn frá húsinu. Þá sé eg þarna líka roskinn mann og

hjá honum konu, hún er í meðallagi stór að sjá, hefir haft dökkjarpt hár, en nú er það orðið silfurhvítt. Hún hefir sett hárið upp á höfuðið og hún sýnir sig í dökkum kjól, og hann hefir verið hár í hálsmálið.“

Frú G. Kvaran kvaðst muna vel eftir þessu, og sagði að allt sem Finna hefði sagt í þessu sambandi væri rétt.

Finna hélt nú áfram samtali sínu við frú Kvaran, og sagði henni frá því, að maður hennar sýndi sér annað ferðalag. „Þá varstu með honum, og það var einhver maður samferða ykkur, hann hét Friðrik.“ „Heldurðu að þú sjáir þetta alveg rétt, Finna mín?“ spurði frú Kvaran, „heldurðu að þarna blandist ekki eitthvað saman?“ „Það var ekki sá Friðrik, sem þú ert að hugsa um, þessi með skrítna eftirnafnið,“ svaraði Finna þegar, „en hann segir að þessi samferðamaður ykkar hafi heitið Friðrik, hann var ljós í andliti og dökkhærður.“ Þetta er víst alveg rétt hjá þér, Finna mín,“ sagði frú Kvaran, „eg man vel eftir þessu.“

„Þegar þið voruð á þessu ferðalagi, gistuð þið hjá drengnum.“ „Hvaða dreng?“ spurði frú Kvaran. „Honum Ragnari.“ svaraði Finna þegar. „Hann stendur núna hjá stúlkunni þarna, henni Ragnheiði, en hún var þá lítil þegar þið komuð þar.“ (Ragnheiður dóttir Ragnars Kvaran var stödd á þessum fundi). Frú Kvaran sagðist muna eftir þessu.

Áður en fundinum lauk, talaði E. H. K. sjálfur af vörum miðilsins og eftir að hann hafði ávarpað konu sína nokkrum orðum og heilsað fundarfólkinu, sagði hann: „Magnús, Magnús. Mig minnir að ég hafi nefnt einn dreng í sögu eftir mig þessu nafni, en eg var ekki búinn að ljúka við hana þegar eg fór, en hann er þar

líka nefndur Karla Magnús, hann fékk þetta uppnefni hjá strákum, sem hann var með.“

Frú Kvaran kvaðst muna eftir þessu, en um þetta var hvorki miðlinum né öðrum fundarmönnum kunnugt.

All-verulegt sönnunargildi hafa vitanlega þær frásagnir, sem sýna lifandi endurminning E. H. K. um löngu liðin ferðalög með konu sinni vestur í Ameríku og menn, sem hann var samvistum við þar, en sérstakur sannanþungi er í því atriði fólgin, að hann rifjar upp atburð og nafn úr óprentaðri og ófullgerðri skáldsögu, sem liggur í handriti í skrifborðsskúffu hans. Viðstaddir fundarmenn og miðillinn vissu ekki að þetta handrit væri til, hvað þá að þeim væri kunnugt um nokkra persónu sögunnar, nema frú Kvaran einni, sem kannaðist við atriðið, þegar hann var búinn að koma því í gegn um miðilinn.

Er nokkur skýring á þessu atriði fullkomin önnur en sú, að þarna hafi sjálfur hinn framliðni höfundur verið viðstaddur, með endurminning sína um ófullgerðu söguna? Eg veit að hægt er að kasta fram ósönnuðum tilgátum, til að reyna að skýra málið á annan veg, en slíkt sannar vitanlega ekkert. Hér verða skynsamleg rök ein að skera úr málinu og ekkert annað.

Næsta sönnunargagnið, sem hér er birt, hefir mér borizt frá frú G. Kvaran, og segir frúin þannig frá:

Seint á liðnum vetri kom Hafsteinn Björnsson heim til mín, án þess að tilætlun hans væri að hafa sambandsfund. En þegar hann var búinn að sitja hjá mér nokkra stund, kvaðst hann sjá manninn minn óvenjulega skýrt.

„Helgaðu honum nú þessa stund“ — segi eg — „úr því að þú sérð hann svona glögg og reyndu nú að ná frá honum þeirri sönnun, sem hann var búinn að tala sjálfur um að koma með, þegar hann væri farinn, og engum var kunnugt um hver væri, öðrum en okkur hjónunum.“

Sá eg nú að hann fór undir mikil áhrif og fann, að hann varð ískaldur.

Nú fór Hafsteinn að lýsa:

Hann situr hér hjá okkur og eg sé að hann er eins og að byggja upp einhvern hlut, sem honum er hugleikið að sýna. Hann heldur á hlutum í hendinni.

Eg spurði nú, hvort hann gæti nefnt hlutinn, en það getur hann ekki, heldur fer að stafa sig áfram:

Eg sé K og Ó, en það á að vera S fyrir framan K-ið. Þetta virtist Hafsteinn eiga örðugt með, en síðan kemur hann með allt orðið SKÓR.

Hafsteinn heldur áfram: Kvaran segir, að þú hafir stundum verið óþæg með að nota þá,“ segir hann. Hann handleikur skóinn og þykir ákaflega vænt um að hafa getað komið þessu til þín.

Lengri varð sönnunin ekki, en þetta var endurminning mannsins míns um löngu liðinn atburð, því að bæði í gamni og alvöru bað hann mig oft að nota íslenzka skó innanhúss og ítrekaði þá oft, að með íslenzka skónum skyldi hann sanna sig fyrir mér eftir að hann væri farinn af jörðunni, því að alltaf gerði hann ráð fyrir, að hann færi á undan mér.

Þá kemur enn eitt sönnunaratriðið frá Einari Loftsyni, sem sýnir mjög ljósa endurminning E. H. K. um atvik úr lífi hans, sem gerðist hér á landi.

Ferðalagið

Einu sinni, síðastliðinn vetur, kom Hafsteinn sem snöggvast inn til mín, en stuttu eftir að hann kom, varð hann var svo sterkra sambandsáhrifa, að hann taldi ekki rétt að spyrna á móti þeim, og að vörmu spori var Finna farin að tala við mig af vörum hans. En án þess að gera nokkura grein fyrir því, hvert erindi sitt væri að þessu sinni, hætti hún allt í einu að tala við mig, en rétt á eftir ávarpaði Einar H. Kvaran mig. Allt benti til þess, að hann hefði ágæt tök á miðlinum að þessu sinni, svo eðlilegur var raddblær hans og svo líkt orðatiltækjum hans og framsetningu það, er hann sagði, að mér gat ekki blandast hugur um það eitt augnablik, að það var Einar H. Kvaran og enginn annar, sem var að tala við mig, en slíkt hefir komið fyrir oft, þegar eg hefi verið með Hafsteini. Eftir að við höfðum skipzt á nokkrum orðum um eitt og annað, spurði eg hann hvort hann myndi eftir ferðalaginu okkar? Hann svaraði þegar:

„Austur í Skaftafellssýslu? Nei, það varð víst ekki neitt úr því, eg hafði að vísu hugsað mér að taka þig með í þá ferð, hélt um tíma að hann séra Kristinn myndi ekki geta farið með mér vegna lasleika, og þá ætlaði eg að taka þig með, en hann hresstist svo að hann gat farið, og bíllinn var ekki nógu stór, til þess að þú gætir farið líka. Eg var nú samt með einhverjar ráðagerðir um að taka þig með síðar, en af því varð nú aldrei, líkamskraftarnir entust ekki svo lengi, en ef til vill eigum við eftir að ferðast saman síðar, þótt með öðrum hætti verði en ráð var fyrir gert“.

„En einhvern tíma vorum við saman á ferðalagi, en það var ekki hérna syðra. Við hittumst þá fyrir austan hjá Sigurði bróður mínum, eg var þá að koma ofan úr Héraði. Við fórum þá eitthvað saman, yfir fjallveg, í næsta fjörð. Þú útvegaðir mér hesta til ferðarinnar, báðir voru þeir hvítir. Man eg það ekki rétt, að við yrðum veðurtepptir? Mig minnir það, eg held einn dag, vegna rigningar. En við fórum til baka um nóttina, því man eg vel eftir.“

Þetta, sem hann minnir mig á í þessu sambandi er nákvæmlega rétt og þarf ekki nánari skýringar við. Það skal og tekið fram, að um þetta vissi Hafsteinn ekki.

Enn kemur hér eitt atriði, sem bendir til þess, að Einar H. Kvaran væri viðstaddur með endurminning sína frá jarðlífinu til að sanna sig:

Bænin

Einu sinni, þegar Hafsteinn var heima hjá sér, bar fyrir hann það, sem hér greinir. Hann segir sjálfur svo frá þessu:

„Eg les oft bók séra Haralds, Árin og eilífðin. Eg tók hana sem oftast í þetta sinn og var að byrja að lesa ræðu hans um bænina. Þegar eg var að byrja lesturinn, varð eg þess var, að Einar H. Kvaran stóð við hlið mér. Hann benti með fingrinum á blaðsíðuna og studdi honum á orðið „Bænin“, sem er fyrirsögn ræðunnar, og um leið sagði hann mjög ástúðlega: „Þetta les mamma oft.“ Þegar hann hafði sagt þetta, hvarf hann sjónum mínum.“

Næst þegar hann hitti frú G. Kvaran, sagði hann

henni, hvað fyrir sig hefði borið. Gat hún þess, að ekki væri þetta út í bláinn, því að fáar af ræðum séra Haralds væri sér hugstæðari, og oftast læsi hún ekki neina þeirra en þessa, sem hann hefði vísað til.

Við þessi sönnunargögn hefi eg litlu að bæta, þau tala sínu máli sjálf.

Einar H. Kvaran virðist margsinnis hafa komið og talað við oss um áhugamál sín. Því til sönnunar, að það væri raunverulega hann sjálfur, hefir hann komið með endurminningar um mörg atriði úr jarðlífi sínu innan lands og utan og fyrir konu sinni hefir hann sannað sig með þeirri sönnun, sem hann var áður búinn að gera ráð fyrir við hana, að sanna sig með, og engum var kunnugt um nema þeim hjónunum. Það sönnunaratríði verður að mínum dómi enn merkilegra fyrir það, að það má kalla hversdagslegt, en svo eru mörg merki-
legustu sönnunargögnin, sem tvímælalaust hafa sann-
að, að látinn lifir.

Úr ýmsum áttum hefir heyrzt frá sálrænu fólki, að Einar H. Kvaran hafi gert vart við sig hjá því.

Vera má að svo hafi raunverulega verið, en þess verð-
um vér að minnast, að hann var sjálfur allra manna kröfuharðastur um, að framliðnir menn sönnuðu sig, ef þeir vildu gera kröfu til að verða teknir trúanlegir. Hann bað oss vini sína um, að taka ekki mark á því, þegar hann væri fallinn frá, þótt ýmsar raddir heyrðust: „hann kom hér — hann kom hér“, nema órækar sannanir fylgdu fyrir því, að það væri raunverulega hann.

Eg vil eindregið minna menn á, að láta í þessu að hans eigin óskum og krefjast sannana, ekkert annað

getur gefið oss leyfi til að fullyrða, að það sé hann, sem vér tölum við.

Vegna þess, að vér höfum fengið merkileg sönnunargögn fyrir því, að E. H. K. hafi getað notað miðilshæfileika Hafsteins Björnssonar, birti eg hér þrjár frásagnir, sem hr. E. L. hefir skrásett, ekki vegna þess að þær út af fyrir sig hafi sönnunargildi, heldur vegna þess að mörgum mun hugðnæmt að lesa þær:

Litli drengurinn, sem átti svo bág Sýn Hafsteins

Haustið 1939, var eg sem oftast staddur á heimili frú G. Kvaran. Við sátum inni í skrifstofunni og vorum að tala um dulræn efni á við og dreif, og svo barst talið að eiginmanni hennar, Einari H. Kvaran. Bar þá fyrir mig sýn sú, sem eg mun seint gleyma.

„Eg sá að Einar H. Kvaran var kominn til fundar við konu sína, en mér þótti einkennilegt, að í fylgd með honum var lítill drengur, sem ætla mátti að væri svo til nýkominn yfir landamærin, og var mér gefið í skyn, að hann hefði látizt af slysförum. Einar H. Kvaran sagði mér einnig, að þessi drengur hefði flutzt snögglega yfir landamærin, og sökum þess hefði ekki verið um neinn viðbúnað að ræða til að taka á móti honum, og fyrst eftir umskiptin hefði hann verið næstum óviðráðanlegur, heimtaði mömmu og pabba, en enginn hefði þá verið viðstaddur, sem fær hefði verið um að fullnægja þörfum hans. Mér var nú sagt, að aðstoðar Einars H. Kvaran hefði þá verið leitað, og hann beðinn að reyna til að hugga litla drenginn, og honum tókst

það vonum fyrr. Um leið og eg heyrði þetta sagt, sá eg þá báða inni í einhverju húsi, en svo var að sjá, sem litla drengnum félli ekki að vera þar. Einar H. Kvaran fór nú með honum út í yndisfagran garð. Hann bar hann í faðmi sínum og fór að vekja athygli hans á fegurð blómanna og umhverfisins, sem var yndislegra en orð fá lýst. Í einu horni garðsins var ofurlítið hús og inn í það sá eg þá fara. Þar var tekið á móti þeim af tveim hvítklæddum verum, sem eg þekkti ekki. Einar settist nú á bekk, sem var fram með einum veggnum í húsinu.

Óumræðilegur friður hvíldi yfir öllu, og var sem hann streymdi frá hvítklæddu verunni og Einari H. Kvaran til litla drengsins. En ekki virtist þetta geta fullnægt þörfum hans. Eg sá, að hann hélt af stað með hann með sér, en ekki var mér unnt að fylgjast með ferðalagi þeirra. Von bráðar sá eg þá þó aftur í nýju umhverfi, sem var yndislega fagurt og friðsælt. Lítil lækur rann þar niður eftir blómum og skógi vaxinni hlíð, kvakandi fuglar hoppuðu grein af grein og lítil börn voru að leikjum hér og þar.

Eg sá nú og heyrði, að Einar H. Kvaran var að útskýra þetta fyrir litla drengnum, og heyrði hann spyrja hann að því, hvort honum fyndist ekki gaman að mega leika sér með þessum yndislegu börnum. Um leið og hann sagði þetta, kom lítil, hvítklædd stúlka til litla drengsins með stórt blóm í hendinni, sem hún rétti honum. Hann tók brosandi við því, og jafnframt tók hann í framréttu hönd telpunnar, og sá eg þá að þau leiddust áleiðis til hvítklæddrar kvenveru. En um leið og drengurinn sá þessa veru, breiddi hann út faðminn

og hrópaði fagnandi: „Mamma.“ Þá hugsaði eg með mér: „Nú er búið að útvega honum fóstru, sem hefir tekið að sér að gegna hlutverki móðurinnar.“ Svo hvarf þessi sýn. En eg gleymi aldrei svipnum á Einari H. Kvaran, þegar honum hafði tekizt að hjálpa litla drengnum. Þið ein getið hugsað ykkur gleðiglampann í augum hans, sem þekktuð hann bezt.

Á jólunum 1939

Sýn Hafsteins á aðfangadagskvöld

Aðfangadagskvöld síðustu jóla sat eg heima og var að lesa hátt jólaræðu úr bók séra Haralds. Um það leyti, sem eg var að enda við lesturinn, sá eg að marglitir geislar blikuðu um herbergið og í geislaskrúði þessu sá eg fimm börn, sem komu svífandi í áttina til mín, en í fylgd með þeim sá eg Einar H. Kvaran og var hann umvafinn ósegjanlega fögru ljósi. Öll börnin voru hvítklædd, nema eitt. Það var í bláleitum klæðum og var liturinn á þeim mjög svipaður litnum á skikju þeirri, sem Einar H. Kvaran bar. Hann hélt á staf í hendi sinni. Það virtist, sem hann vildi nota staf þennan til að minna á orðin: „Góði hirðirinn“. Umhverfis þessar verur ljómaði ljós og frá þeim stafaði yndislegur friður. Mér fannst eins og hann væri að segja mér þessi augnablik: Við komum til að flytja ykkur þann frið, sem þessi hátíð boðar. Eg kem ekki einungis til þín, vinur minn, heldur kem eg til ykkar allra, sem mér þykir vænt um. Og nú förum við heim og höldum þar jól. Í sama bili hvarf þessi sýn. —

Að kvöldi þess 7. maí kom Hafsteinn Björnsson á heimili frú G. Kvaran, og sá hann þá það, er hér segir:

„Eg sé lítinn dal. Fjöllin umhverfis hann eru fremur lág að sjá, en hlíðar þeirra eru skógi vaxnar og eftir þessum yndislega dal rennur lítil á. Framan við dalsmynnið er fjörður, nokkuð stór að sjá, en eg sé ekki greinilega nema aðra ströndina. Eg sé nú lengra upp í dalinn. Eg veit ekki almennilega hvernig eg á að orða þetta, það er eins og stór hvammur opnist þarna, en þetta, er eg nefndi hvamm, er þó miklu líkara ljómandi fögrum skrúðgarði; en ofarlega í honum, upp undir fagurri brekku, sé eg hús. Það virðist ekki vera sérstaklega stórt að sjá, en heim að húsinu liggja forkunnar fögur súlnagöng. Mér finnst, að eg sé að ganga upp eftir veginum, milli súlnaraðanna, og nú er eg kominn inn í eins konar kapellu. Á eg að reyna til að lýsa henni?“ Því var auðvitað svarað játandi. Hann hélt því næst áfram að segja frá því, er hann sá.

„Hún virðist ekki vera sérlega stór. Þegar komið er inn í hana blasir við fagurt altari. Það er blómum skreytt og loga á því mörg ljós. Hvílíkur friður! Eg sé Einar H. Kvaran fyrir framan þetta altari. Eg sé, að til hans koma margir, sem leita friðar í sál sína og biðja um styrk, og með honum sé eg marga aðra, sem langt virðast vera komnir í andlegum þroska, sem eru í samvinnu við hann. Fyrir ofan altarið í kapellu þessari má sjá nokkrar táknrænar myndir, yndisfagarar, og slíkar myndir má sjá á víð og dreif um veggi kapellu þessarar, ásamt yndisfögrum blómum, sem eru hér og þar.

Nú sé eg að hann fer út úr kapellunni og eg fylgist með honum að öðrum dyrum á þessu húsi, og nú er eg

kominn inn í ofurlítið en forkunnar fagurt herbergi. Eg vildi að þið gætuð skynjað þennan dásamlega frið, sem umvefur allt. Verðið þið ekki vör við hann? Eg trúi ekki öðru?“ Jú, viðstaddir fundu greinilega til þessa, helgikennda friðar, sem ekki verður lýst með orðum, en þeir einir geta skilið, sem á helgum stundum hafa fengið að sitja við hinar fögru dyr eilífarinnar og laugað hafa sál sína í geislabliki hennar.

„Þarna inni situr hann, þegar hann er að hugsa um viðfangsefni þau, sem honum eru hjartfólgnumst og voru honum það, þegar hann var hér. Á borðinu hjá honum sá eg mynd af þér,“ sagði Hafsteinn við konu hans, og hann horfir á hana. Umhverfið þarna er svo yndislegt og dásamlegt, en eg finn engin orð til að lýsa því; eg get aðeins notið þess. Fyrir ofan húsið, uppi í brekkunni og umhverfis húsið eru ljómandi fögur blómabeð, alsett skínandi fögrum skrautblómum, og í einu horni garðsins er lítil silfurtær lind.“ „Þetta eru heimkynni hans, þarna dvelur hann, og þangað flytur þú til hans, þegar þú ferð héðan,“ sagði Hafsteinn við frú Kvaran.

Þegar Hafsteinn hafði lokið að segja okkur frá því, sem hann sá að þessu sinni í sambandi við Einar H. Kvaran, flutti hann mér kveðju frá honum. En hinn látni góðvinur minn lét ekki nægja að senda mér kveðjuna eina. Hann minnti mig á tvö atriði frá samveru okkar, sem hvort fyrir sig fela í sér ágætar sannanir, en þau eru þess eðlis, eins og eg hefi þegar gert frú Kvaran grein fyrir, að ekki er unnt að segja frá þeim hér.

Jón Auðuns.

Blómakarfan.

Eftir að fundur var settur með venjulegum hætti, segir Finna, að þarna standi maður hjá mér, sem hún eigi ekki gott með að lýsa. Hann leggi alla krafta sína í að færa mér eitthvað — og ef þið, sem hér eruð, vitið, hvað er að langa til einhvers sérstaks, en hafið átt erfitt með framkvæmdir, skiljið þið hann, sem þarna stendur. Allur kraftur hans sameinast um þessa gjöf — og nú leggur hann hana í kjöltu þína — stóra blómakörfu, og lítið kort fylgir með, og á því stendur:

Til hamingju með daginn.

Mér þótti þetta mjög kynlegt. Eg átti afmæli þennan dag, og vissi hvorki miðillinn né neinn annar fundarmanna um, að svo væri. En eg, sem hafði verið á fundum áður þar, sem maðurinn minn kom fram, er látinn var fyrir þrem mánuðum, skildi, að þetta var hann, sem stóð hjá mér og vildi gleðja mig með blómunum og með þeim sanna mér, að hann myndi daginn.

Á þessum fundi sagði kona ein, sem sat fundinn, að hún fyndi svo einkennilegan ilm, eins og blómailm, en þó væri hann ekki eins og venjulegur blómailmur. Hún bætti því við, að hún væri ekki fyrst að finna hann núna. Hún hefði fundið þennan sama ilm heima hjá sér, tveim dögum áður en fundur var haldinn.

Ragna Helgadóttir.

Eg var ein heima tveim dögum fyrir fundinn. Allt í einu fann eg sterkan ilm leggja um herbergið. Ilmurinn var líkastur því, sem er í skrudgarði, eftir að dög

hefir fallið á jörðu, sterkur gróðarilmur og blóma-
angan.

Reykjavík, 22. maí 1946.

Stefanía G. Björnsdóttir.

Boðin

Vorið, sem maðurinn minn andaðist, vann eg eftir lát hans í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Dag einn, rétt um jónsmessuna, var eg að vinna þar ásamt konu, sem var mér til hjálpar. Eg var að klippa tré á einu leiðinu, og hafði eg lofað að gera það fyrir konu, sem eg þekkti. En allt í einu finn eg, að úr mér dregur allan mátt, og er eg að hníga niður. Kalla eg þá til konunnar, sem með mér var, og segi:

Mér er að verða illt.

Hún kemur til mín og býður mér vatn að drekka. En eg afþakka það og segi, að þetta muni líða frá. Dettur mér allt í einu í hug að fara til konu í næsta húsi, sem var mér nákunnug, og fá hjá henni kaffi og víta, hvort eg hressist ekki við það. Eins og eg var nú, treysti eg mér ekki til að vinna áfram. Fór eg nú og sagði konunni, að mér hefði orðið snögglega illt. Hvíldi eg mig þarna dálitla stund og drakk kaffið, og hresstist eg brátt. Eg hélt svo áfram vinnu minni, og bar ekki fleira til tíðinda. Kom eg heim frá vinnu klukkan tæplega 8 um kvöldið. Gekk eg svo að segja strax inn í baðherbergið og þvoði mér. En meðan eg er þarna inni, er dyrabjöllunni hringt, og inn kemur frú Lilja Kristjánsdóttir, Laugavegi 37. Hún segist vera með boð til mín frá manninum mínum.

Eg var á fundi með Hafsteini miðli suður í Sandgerði í dag milli kl. 3—5. Kom maðurinn þinn í sambandið, og var sagt, að honum væri mjög umhugað um að koma boðum til þín og það strax í dag. Hann sagði, að þú værir nú suður í kirkjugarði. Þú værir að vinna í grafreitnum, sem væri rétt hjá skrifstofunum, sem mennirnir ynnu í. Þú værir þar að klippa tré á leiði. Þér hefði orðið illt. Hann hefði komið og af ásettu ráði tekið kraft frá þér. Farðu strax með boðin til hennar — og segi hún svo, að eg hafi ekki getað sannað mig.

Eg gat ekki borið á móti þessu. Allt stóð heima. Það var á þessu tímabili, milli 3—5, sem mér varð illt. Skál eg enn fremur geta þess, að hvorki Lilja né miðillinn vissu, hvað eg ætlaðist fyrir þennan dag. Ekki var mér heldur kunnugt um, að Lilja ætlaði suður í Sandgerði þennan dag, og því síður, að þar yrði haldinn miðilsfundur á þessum tíma.

Um haustið var eg enn á fundi hjá frú Kvaran. Þar var Hafsteinn miðill. Kom þá Finna og sagði, að maðurinn minn væri í sambandinu. Eg varð glöð við og spyr, hvort hann vilji tala eitthvað við mig.

Frú Lilja kom með boðin til þín, skilar Finna þá frá honum.

Eg sagði það vera og sagðist hafa orðið mjög ánægð.

Hann lætur Finnu skila aftur og rifjar upp allt, sem gerðist þarna í kirkjugarðinum og staðfestir frásögn frú Lilju.

Reykjavík, 15. marz 1946.

Lilja Kristjánsdóttir, Laugavegi 37.

Anna Hallgrímsson.

Kistillinn

Þess má geta, að á fundi hjá Hafsteini miðli hefir Finna lýst Kleifarheimilinu í Gilsfirði og staðháttum þar. Hún hefir líka lýst því fólki, sem var þar á heimilinu, er eg var barn. Það fólk er löngu farið héðan, og er alveg útilokað, að miðillinn hafi þekkt til þess fólks, enda hefir hann aldrei komið á þær stöðvar. Þetta fólk var mér mjög kærkomið og lét sér mjög annt um mig og líðan mína. En af lýsingum Finnu kannaðist eg við hvern og einn, enda kom hún með nöfn. Sömuleiðis kom skýr lýsing af foreldrum mínum, sem voru löngu farnir. Einnig var lýst þarna hesti, sem faðir minn átti, og sagt nákvæmlega, hvaða lit hann bar.

Á þessum sama fundi, sem foreldrum mínum var lýst, kom faðir minn með löngu liðið atvik, sem vel er þess virði að skrá. En eg þarf aðeins að bregða mér all langt aftur í tímann.

Eg var 9 ára, er eg fór frá Kleifum, og fluttist eg þá hingað suður. Var eg með lítinn farangur. En eg átti lítinn kistil, sem í var ýmislegt dót. Kistillinn átti að fara með skipinu Skálholti, en eg fór landveg til Reykjavíkur. Eg fæ aldrei kistilinn. Hann tapast, og veit eg ekkert, hvað af honum hefir orðið. Mér þótti leitt að fá hann ekki, og hugsaði eg oft um, hvar hann hefði lent. Nú voru liðin ein 40 ár frá því að hann týndist, og var hann fallinn í gleysku. En á þessum fundi lætur faðir minn Finnu skila til mín, hvort mig langi ekki til að vita, hvar kistillinn minn sé. Eg hafi aldrei fengið hann.

Eg segi það satt vera, eg hafi aldrei fengið kistilinn, en oft um hann hugsað.

Hann er á Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp, uppi á gömlu geymslulofti. Í honum er Jónsbókin hennar mömmu þinnar, segir Finna, að faðir minn láti sig skila.

Mér þótti þetta harla merkilegt og skildi ekki, hvernig kistillinn hefði komizt að Arngerðareyri. Þegar heim kemur, hugsa eg málið. Man eg þá eftir konu, sem verið hafði kunnug á Arngerðareyri. Dettur mér þá í hug að hringja til hennar daginn eftir fundinn.

Hún segir mér, að maður, mér nákominn, hafði haft þennan kistil í farangri sínum, er hann fluttist vestur að Arngerðareyri. Þar hafi hún séð hann í dóti uppi á geymslulofti. Man hún, að Jónsbók var í kistlinum. Eg fékk þetta líka staðfest. Kistillinn hafði borizt í farangri þessa manns vestur, og er bókin, sem í kistlinum var, nú í mínum höndum.

Reykjavík, 15. marz 1946.

Anna Hallgrímsson.

Það, sem enginn vissi

Á fundi, sem haldinn var í Hafnarfirði hjá frú Soffíu Sigurðardóttur, Skúlaskeiði 2, skilar Finna, að maðurinn minn sé kominn í sambandið og sé honum mjög hugleikið að ná sambandi við mig. Eg varð glöð við og spurði, hvað hann vildi, því að satt best sagt

steðjuðu erfiðleikar að mér, og fór eg á fundinn í þeirri von, að hann kæmi í sambandið. Eg fékk brátt vitneskju um, hvað hann vildi mér. Af samtalinu við hann fékk eg fulla vissu fyrir því, að honum voru heimilisástæður mínar eins kunnar og mér sjálfri, og enda betur. Eins og eg gat um áðan, voru erfiðleikar fyrir dyrum heima hjá mér. Um þessar mundir var eg í miklum vanda stödd. En hann kemur þarna með ráðleggingar, er snerta atburð, sem átti eftir að gerast á heimili mínu. Enginn, hvorki eg sjálf né neinn núlifandi, gat frá sagt, á hvern hátt sá atburður yrði til lykta leiddur. En þarna á þessum fundi segir hann mér það nákvæmlega og tekur greinilega fram, hvað eg skuli gera í þessu máli.

Mér þótti vænt um þetta og meira en það. Þessar ráðleggingar frá honum voru mér sá allra bezti styrkur, sem eg gat fengið á þessu tímabili. Eg fór alveg eftir því, sem hann hafði fyrir mig lagt. Gekk allt eftir, eins og hann sagði, og það svo nákvæmlega, að ekki skeikaði um klukkustund. En í þessu sambandi talaði hann líka um tíma.

Eftir að þessi atburður var afstaðinn, fór eg aftur til Hafsteins. Kom maðurinn minn þá og lét Finnu skila til mín því, sem hann vildi sjálfur sagt hafa. Sá eg, að hann vissi enn allt um mig og heimili mitt.

Spurði eg hann þá enn til ráða um atriði, sem varð að leysast. En bæði mér og öðrum, sem að stóðu, var hulin lausn þess. Hélt eg jafnvel, að ekkert væri hægt að gera. En hann var ekki á sama máli. Ráðlagði hann mér enn, hvað gera skildi, og sagði nákvæmlega, hvern-

ig fara mundi. Eg hlýddi ráðum hans í þessu. Gekk allt eftir, eins og hann hafði sagt fyrir.

Reykjavík, 15. marz 1946.

Anna Hallgrímsson.

Það er rétt, sem að framan er skráð.

Soffía Sigurðardóttir.

Sigurður Þorsteinsson.

Presturinn

Undanfarin átta ár hefi eg haft allnáin kynni af miðlinum Hafsteini Björnssyni. Hafa þau kynni orðið mér á ýmsan hátt eftirminnileg. Tel eg Hafstein gæddan óvenjulegum miðilshæfileikum. Hafa og miðilsfundir, sem eg hefi átt með honum, leitt ýmislegt það í ljós, sem eg tel eiga erindi út í lífið. Legg eg því hér fram tvö sýnishorn frá þeim fundum.

Haustið 1940 átti eg miðilsfund með Hafsteini að þáverandi heimili mínu, Bergþórshvoli í Landeyjum. Þann fund sátum við 6 auk miðilsins, kona mín, eg og tvenn hjón úr Landeyjum. Var sá fundur að mínum dómi sérstaklega viðburðaríkur og merkilegur um leið. Stjórnandinn og Finna töldu skilyrðin góð. Gerði Finna mörgu greinileg skil. Umhverfis okkur var að sögn hennar fjöldi látinna manna, sem lifað höfðu víðs vegar á landinu. Mörgum lýsti hún og sumum, sem við höfðum þekkt, svo greinilega, að erfitt var að efast. Nöfnin komu mörg, skýr og ákveðin, og það á

fólki, sem miðillinn gat engan veginn hafa þekkt í lifanda lífi. Enda mun Finna vera sérlega fær á því sviði. Staðháttalýsing hennar um það, hvar hver og einn hinna látnu hefði átt heima, var og langoftast viðunandi eða ákjósanleg.

Þegar liðið var á fundinn og fjöldinn umhverfis okkur með mesta móti, virtist athygli Finnu beinast mjög að einum manni. Hann stóð utarlega í hópnum og virtist eins og hika við að koma fram. Nafn hans, útlit og annað, sem hann snerti, kom svo skýrt fram hjá Finnu, að naumast var um að villast. Maður þessi hafði verið prestur og var nýfarinn af þessum heimi. Við skulum kalla hann séra N. N. En þar sem eg hafði þekkt hann vel í lifanda lífi, bað eg Finnu að koma á sambandi milli okkar, ef unnt væri. Það tókst með nokkrum erfiðismunum. Eg ávarpaði hann, bauð hann velkominn og spurði um leið, hvað hann vildi segja og hvort við gætum nokkuð gjört fyrir hann.

Svarið, sem eg fékk var á þessa leið: Já, eg kom nú hingað eiginlega fyrir forvitnis sakir. Satt að segja átta eg mig ekki enn á þessu, sem hér er að gjörast. Eg hélt aldrei, að sambandinu milli heimanna væri svona farið. Þar með bað hann okkur vel að lifa og hvarf úr sambandinu.

Þessi orð séra N. N. eru mér sterk sönnun um það, sem verður eftir líkamsdauðann. Hann hafði verið óvenju hreinskilinn maður og einlægur í allri hugsun og framkomu, en mjög andstæður spiritisma og sálarannsóknnum alla sína tíð. Og ennþá var hann samur við sig, aðeins sú breyting, að andúðin á þessum sam-

böndum var að leysast upp í forvitni. Myndin af honum var svo glögg og skýr, að ekki var unnt að efast.

Reykjavík, 6. marz 1946.

Jón Skagan.

Sagið

Í janúarmánuði 1946 sat eg annan fund hjá Hafsteini miðli, sem þá starfaði á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands. Á þeim fundi vorum við 6, auk miðilsins. Voru skilyrðin þar góð að sögn stjórnandans og fundurinn viðburðaríkur og á margan hátt eftirtektarverður. Á þessum fundi birtist bróðir minn, látinn 1928. Finna lýsti honum svo vel, útliti, nafni og öðru, sem honum heyrði til, að betur varð naumast á kosið. Jafnvel banameinið sýndi hann með því að benda á höfuðið á sér, að sögn Finnu, sem lýsti látbragði hans og bar á milli það, sem hann vildi segja. Það stóð heima. Berklar í heila voru taldir hafa orðið honum að aldurtila.

Er við höfðum rætt saman litla stund, bað eg hann að rifja upp einhvern atburð frá samverustundum okkar. Því að við höfðum verið mjög samrýndir í bernsku. Þó liðu nokkur augnablik þangað til hann segir:

„Manstu eftir því, þegar við helltum saginu yfir hann kunningja okkar, sem svaf í næsta rúmi við okkur? Það var nú ljótur leikur, bróðir sæll.“

Því næst hvarf hann brosandí eins og hann kom og bað okkur allrar blessunar.

Þessi frásögn um sagið varð mér hvort tveggja í senn, undrunarefni og hafði sérstakt sönnunargildi. Hún

vakti upp minningu um gamlan atburð úr lífi okkar bræðra, og leiddi hann nakinn fram. Maður nokkur, sem var góðkunningi okkar, en smá hrekkjóttur og fremur harðhentur við krakka, hafði einu sinni sem oftast gisti á bernskuheimili okkar. Kvöldið áður höfðum við bræður átt í allmiklum brösum við hann og farið mjög halloka að okkar dómi, enda báðir þá innan tíu ára. En til þess að rétta hlut okkar höfðum við látið sag í tvö hrútshorn og laumað þeim undir rúmstokkinn, áður en við gengum til náða. Morguninn eftir notuðum við svo tækifærið og helltum saginu yfir hann í svefnrofunum.

Báðir fengum við þungar ávítur og refsingu fyrir þetta ljóta tiltæki. Hafði eg og síðar meir, af skiljanlegum ástæðum, litla tilhneigingu til þess að rifja það upp og halda því á lofti. Munu fáir utan fjölskyldunnar hafa haft nokkra vitneskju um þessi brek okkar og á hvern hátt þau gjörðust. En að einmitt þau skyldu koma þarna fram, varð mér sterk sönnun þess, að bróðir minn lifði, þótt látinn væri, lifði áfram og myndi sína fyrri daga.

Læt eg svo nægja þessi sýnishorn um miðilshæfileika og starf Hafsteins Börnssonar, enda þótt af mörgu sé að taka og ástæða væri til að nefna fleiri dæmi.

Reykjavík, 6. marz 1946.

Jón Skagan.

Draumur, sem kemur fram eftir 37 ár

Um aldamótin síðustu dreymdi unnustu mína, er síðar varð konan mín, eftirfarandi draum:

Henni þykir sér vera gefinn hringur með fimm gimsteinum. En er hún fer að skoða hringinn, þá sér hún, að tveir gimsteinarnir eru dottnir úr, og sjást förin eftir steinana greinilega. Hún segir mér drauminn. Við ráðum hann á þann veg, að við munum eignast fimm börn, en missa tvö þeirra. Svo liðu 32 ár, sem guð lofaði okkur að vera samvistum. Þess skal geta, að við hjónin bæði vorum mjög andvíg spiritisma. Eftir lát konu minnar reyndi eg ekki að fá neinar fregnir af henni fyrst í stað. Eg var trúhneigður frá bernsku. Mér nægði sú sannfæring, að konu minni mundi líða vel, og að hún mundi vera í guðs náðarríku umsjá.

Rúmu ári eftir burtför hennar var eg staddur hér í Reykjavík. Var mér þá sagt frá konu, sem hefði miðils-hæfileika. Mér hafði þótt þetta ár ærið lengi að líða, og tómleikinn lá þungt á mér. Þess vegna lét eg tilleiðast fyrir áeggjan annarra að fara til þessarar konu, enda þótt eg væri mjög vantrúaður.

Á þessum fundi er lýst í gegnum miðilinn konu, sem vilji hafa samband við mig. Með konunni er sagt, að séu tvö börn, drengur og stúlka. Það er fullyrt, að eg eigi börnin, þetta séu mín börn. Eg brást ókunnuglega við og sagði, að það væri áreiðanlegt, að eg ætti ekki þessi börn. Tók eg það skýrt fram, að við hjónin hefðum aldrei átt nema þrjár dætur, og sagði sem var, að þær væru allar hér megin. Þá er skilað frá þessari veru, sem segist vera konan mín, hvort eg muni ekki eftir því, að hún hafi veikt snögglega, er við vorum á Breiðabólstað. Þegar eg fer að hugsa mig um, þá minnst eg þess allt í einu, að eitt vorið, sem við vorum þar, fór eg suður í júnímánuði á Synóðus, og hefi að

líkindum verið í Reykjavík í tvær til þrjár vikur. Konan mín var heilbrigð, þegar eg fór, og hún var heilbrigð, er eg kom aftur heim. En hún sagði mér, að í fjarveru minni hefði hún veikzt, fengið mikil blóðlát. Taldi hún líkur fyrir því, að sér hefði leystst höfn.

Þegar þetta atvik var rifjað upp, fóru að renna á mig tvær grímur. Eg hafði gleymt þessum atburði. Og alveg var útilokað, að neinn núlifandi að mér undanteknum vissi um þennan atburð. Eg tók að hugsa um drauminn, sem konu mína dreymdi fyrir 37 árum. Væri þetta á þennan veg, var ráðningin komin. En fyrir því átti eg eftir að fá enn fyllri sönnun.

Síðastliðið haust fékk eg tvo fundi hjá Hafsteini miðli. Gegnum miðilinn kom kona og sagði Finna, að milli hennar og mín væri mjög náið samband. Hún nefndi nafnið Þuríður Filippusdóttir, sem var nafn og föðurnafn konu minnar. Finna segir ennfremur, að á hné mér sitji unglingsstúlka, en á bak við mig standi unglingspiltur. Á þessum fundi grennslaðist eg ekkert frekar um þetta. Orsökina var sú, að viss maður kom í sambandið og leitaði sterkt á að komast í samband við mig. Verður síðar skýrt frá því, hvernig á honum stóð.

En á næsta fundi hjá Hafsteini kemur kona mín strax í sambandið gegnum miðilinn og talar beint til mín. Finna getur þess strax, að hjá mér standi unglingsstúlka, og þá spyr eg:

Hvaða samband er milli mín og þessarar unglingsstúlku?

Það er dóttir þín, er svarað. Þá spyr eg konu mína, hvort hún hafi fylgt með starfi mínu, síðan hún fór.

Jú, hún segir það vera og kemur með margt því til sönnunar, sem ekki varð hrakið. Sá eg af því, að hún vissi allt um hagi mína, alla atburði, sem gerzt höfðu, frá því hún skildi við jarðlífið og til þessa dags. Hún hafði líka á einhvern hátt lesið eða fengið vitneskju um ósagðar hugsanir mínar. Hún rifjaði einnig upp atvik frá löngu liðnum dögum og sagði að síðustu: Og svo læknaðir þú. Í því sambandi minntist hún á pilt, sem slasaðist af skoti á heimili okkar, Staðarstað, og sagði, að mér hefði með guðs hjálp tekizt að gera hann heilbrigðan, þótt þetta hefði verið mikið slys og horfur ískyggilegar. Allt, sem hún sagði, var rétt og satt. Var eg ekki í neinum vafa um, að þetta kæmi beint frá henni. Þetta slys vildi til, meðan við vorum á Staðarstað, og var, eins og hún sagði, allalvarlegt, þótt úr rættist.

Eg hefi fengið sönnun fyrir því, að hún hefir þráfaldlega sézt við hlið mér, og hefir henni verið lýst svo greinilega af fólki, sem ekki hefir séð hana í lifanda lífi og ekkert til hennar þekkt, að ekki var um að villast. Lýsing Finnu á henni í sambandinu var mjög skýr og lifandi.

Jón N. Jóhannessen.

McKermott

Eg gat um, að viss maður hefði sótt fast á, að komast að sambandinu. Hann tók það fram að hann hefði aldrei fyrr komið til Íslands. Hann væri útlendingur. Finna lýsti honum á þá leið, að hann væri dálítið lotinn í herðum, fögur í andliti og skarpleitur, með

dökkt hár, og mjög hvatlegur í hreyfingum. Eg kann-
aðist strax við hann, og bað hana að koma með nafn
hans. Hún kvaðst ekki geta borið það fram. Eg lagði
nú samt mikla áherzlu á það. Eftir talsvert þóf og
með því að stafa tvo fyrstu stafina í nafninu, sem eru
MC, borið fram „Mak“. Þá kom síðari hluti þess, í
gegn um Finnu, Kermott — en allt nafnið er þá Mc
Kermott, og var þá komið rétt nafn, gamla húsbónda
míns, sem eg átti vestur í Ameríku.

Finna byrjaði að tala um, að það væri svo mikið af
glösum í kring um hann. Það skildi eg vel. Hann var
lyfjafræðingur og stjórnaði lyfjabúð í Park-River í
Norður-Dakota. Hann var mér ágætur húsbóndi og
mér mjög vinveittur. Vildi hann helst ekki að eg færi
heim til Íslands, því að eg var töluverður málamaður
í nýju málunum. En þarna voru menn af mörgum
þjóðflokkum, og talaði hver sína tungu. Þegar eg
kvaddi hann, bauð hann mér starfið áfram í lyfjabúð-
inni hvenær, sem eg kæmi aftur, sem hann vonaði að
yrði, sem allra fyrst. Eg settist að hér heima og þar
með voru leiðir okkar skildar.

Þetta var fyrsti fundurinn, sem hann kom á. Síðan
hefir hann komið á hvern miðilsfund, sem eg hefi
setið og sannað sig fyrir mér. Lýsti Finna umhverfinu
þar vestra og húsunum, sem hann bjó í og svo lyfja-
búðinni og kannaðist eg vel við það allt saman eins og
það var, er eg dvaldi þar.

Á þessum fundi bar Finna mér kveðju hans. Hún
sagði, að hann langaði til að heilsa upp á mig og sjá
hvernig mér liði.

Eg get ekki látið vera að geta þess, að eg hefi nú nýverið fengið sönnun úr annarri átt fyrir því, sem komið hefir fram á fundum hjá Hafsteini, varðandi konu mína og börnin.

Eg fór í vor vestur að Breiðabólstað á Skógarströnd að kveðja söfnuð minn og ferma börnin. Áður en eg lagði í þessa ferð, kom eg til konu, sem er skyggn. Hún sagði mér þá að daginn áður hefði konan mín, komið til sín, og að nú væri hún komin með mér. Hún sæti hjá mér á legubekknunum, legði handlegginn um háls mér og hallaði sér upp að mér. Hún vildi tala við mig.

Eg spurði þá hvað hún vildi segja. Konan sagði: Hún segist fara vestur með þér. Þú hefir verið einmana um tíma, en nú fer þér að líða vel. Það er svo líkt hér og þar, og hérna líður tíminn svo einkennilega fljótt. Og svo ennfremur: Þegar þú færð að koma þá tekurðu aftur gamla sætið þitt. Þá vitjum við staðanna okkar og vekjum upp gamlar endurminningar.

Þessi skyggna kona hefir líka séð börnin, sem sagt var að eg ætti. Og staðfestir þetta hvað annað, enda get eg sagt, að ein ný sönnun hafi enn borizt mér. Á fundi, sem eg fékk hjá Hafsteini fyrir skömmu kom konan mín sjálf í gegn og talaði við mig. Og þekkti eg greinilega rödd hennar.

Jón N. Jóhannessen.

Við teljum okkur muna þau atriði, sem gerðust á fundinum hjá Hafsteini, þar sem McKermott kom fram.

*Soffla Sigurðardóttir.
Sigurður Þorsteinsson.*

Stjúpdóttir mín

Eg hefi oft setið fundi hjá Hafsteini miðli, og fengið margt, sem eg tel sönnun fyrir mig. Stjúpdóttir mín hefir þá jafnan gert vart við sig í sambandinu og rætt við mig. Meðal annars sagði hún einu sinni, að nú væri bláa myndin inni í herbergi Sigurðar sonar míns. Sú mynd var áður í hennar herbergi. Þetta var rétt, myndin var inni í herbergi Sigurðar.

Í annað sinn sagði hún mér, að nú væri pabbi sinn í Hvíta húsinu í Washington. Þetta reyndist rétt vera, en það vissi eg ekki, er fundurinn var.

Í hvert sinn, sem stjúpdóttir mín kom í sambandið, fann eg sterka sjúkrahússlykt. Þessa sömu lykt fann önnur kona, sem sat einn fund með mér. Sagðist hafa fundið þessa lykt, rétt áður en stjúpdóttir mín kom. Lyktin varaði þar til stjúpdóttir mín hvarf úr sambandinu.

Stjúpdóttir mín hefir sannað sig fyrir mér á margvíslegan hátt. Skal það ekki allt talið hér. Málrómurinn var hennar, höndin hennar — þvöl og sveitt hönd. Og miðillinn hefir hóstað og stunið og kvartað um þyngsli fyrir brjósti, en hún var brjóstveik. Látbragð miðilsins, meðan hún var í sambandinu, var svo líkt henni, að eg varð sannfærð um að það væri hún.

Reykjavík, 28. apríl 1946.

Margrét Sigurðsson.

Sigurður á Þúfu

Fyrri fundurinn, sem eg sat hjá Hafsteini miðli, var hjá frú Soffíu Sigurðardóttur, Skúlaskeiði 2, Hafnar-

firði. Eg hefi gleymt, hvaða ár eða mánaðardagur var, enda skiptir það minnstu máli. En þetta var nokkrum árum eftir lát Þorsteins sonar míns, en hann andaðist 1938. Eg hafði ekki séð Hafstein miðil. Má eg líka fullyrða, að hann hefir ekki haft neina vitneskju um mig eða mitt fólk. Þá var eg bæði áhugalaus og fremur vantrúuð á þessi mál, þótt eg hins vegar tryði á mína vísu. Eg hafði gaman af að fara og fór, af því að mér var boðið á fundinn.

Á þessum fundi kemur Þorsteinn sonur minn fram og talar til mín. Hann biður mig fyrir kveðju til föður síns og segir, að honum líði ekki vel. Skal geta þess, að faðir hans var enn á lífi, en ekki heima hjá mér.

Svo segir sá, sem talar í gegnum miðilinn, að Þorsteinn fari með sér heim til mín og sýni sér húsið utan og innan, og þó miklu nánar að innan, bæði kjallara og hæð og innanstokksmuni. Verð eg að viðurkenna, að eg, sem hefi búið í húsinu í tuttugu og fimm ár, treysti mér ekki til að lýsa því, né því, sem það hefir að geyma, nánar eða betur, en gert var þarna.

Svo lýsir hann rosnum manni, sem hann segir, að heiti Sigurður. Kemur það skýrt fram, að með þessum Sigurði og Þorsteini syni mínum hafi verið svo miklir dáleikar, að Sigurði hefir ekki fundizt ráð ráðið, nema Þorsteinn væri með í öllu. Þessum Sigurði er svo lýst all-náið að útliði og sagt, að hann hafi oft komið til Þorsteins og stundum gist hjá honum. Eg gat með engu móti komið því fyrir mig, hver þessi maður var, og fór eg af fundi án þess að hafa áttað mig. Eftir lýsingunni að dæma gat þetta allteins verið maður, sem átt hafði heima í sveit. En eg mun nú aðallega hafa rennt hug-

anum yfir þá, sem verið höfðu félagar hans hér í nágrenninu.

Þegar eg kom heim, rann upp ljós fyrir mér. Eg þekkti þá þennan mann vel og vissi, að lýsingin á honum var mjög skýr og rétt. Þetta var Sigurður á Þúfu í Ölfusi, mætur maður og náinn vinur Þorsteins míns.

Hafnarfirði, 23. marz 1946.

Gunnhildur Bjarnadóttir.

Framanritað vottum við, sem vorum viðstödd fundinn, að er rétt.

Soffía Sigurðardóttir.
Sigurður Þorsteinsson.

Myndin

Í vor, sem leið, var eg á fundi hjá Hafsteini miðli hér í Hafnarfirði. Þar lýsir hann húsinu mínu og stofunni, sem eg bý í. Segir hann, að þar sé rúm undir hlið. Yfir rúminu hangi mynd af Þorsteini syni mínum. Til hliðar við þá mynd sé önnur stærri mynd. Hún sé af konu í hvítum kjól, hún haldi á bók í hendinni og sé engu líkara en hún sofi eða sé dái. Hann segir, að Þorsteinn sé oft þarna inni og sitji hann á legubekk, sem sé undir glugganum. Snúi hausinn á legubekknunum að rúmbríkinni. Stundum sitji Þorsteinn líka á gamalli kistu, sem standi undir hinum glugganum. Svo bendir miðillinn með hendinni og segir, að oft hverfi Þorsteinn fram með mér inn í lítið herbergi, sem eg dvelji stundum í á daginn.

Þegar hér er komið, vill miðillinn taka í höndina á mér. Finn eg þá stóra hönd, sem mér finnst mjög lík viðkomu og álíka stór og hönd Þorsteins sonar míns, og um leið heyri eg, að sagt er:

Það er Steini þinn, berðu kveðju mína heim.

Á þessum sama fundi er lýst manni, sem sagt er, að heiti Jón. Svo er sagt, að þarna komi Þorsteinn sonur hans. Hann var bílstjóri, er sagt. Spurt er, hvort enginn kannist við hann hér á fundinum. Kona ein verður fyrir svörum og segir það ekki vera.

Þá er sagt: Hann dó í öðru landi. Kannist þið ekki við hann? Hann var héðan úr Hafnarfirði og ók bíl fyrir ykkur. Vanalega var hann kallaður Steini. Það eru nokkur ár, síðan hann dó.

Sama kona verður aftur fyrir svörum og neitar því ákveðið.

Þá segi eg: Ætli það verði ekki eg, sem hitti naglann á höfuðið. Þessi Þorsteinn mun vera bróðir Ásmundar Jónssonar bakara. Hann dó í öðru landi og átti að flytjast heim. En ekkert ykkar, sem hér eruð, mun vita, hvort hann hefir verið garfinn, brenndur eða geymdur til heimflutnings. Eigi hann eftir að koma til Íslands, skal eg hafa það til mraks, að þetta er ekki allt markleysa. Mig hefir dreymt hann. Eg veit, að hann þráir að komast heim.

Þegar eg hafði þetta mælt, hvarf hann úr sambandinu. Man eg ekki fleira, sem gerðist á þessum fundi og snerti mig.

Litlu seinna frétti eg, að lík Þorsteins hefði komið heim. Gladdi það mig mikið.

Mér fannst þetta harla merkilegt, einkum hinar nákvæmu lýsingar, af öllu sem í húsinu var.

Um myndirnar er það að segja: Að svo stóð á, að er eg var sextug, datt mér í hug að láta mynda mig og látast vera dauð á myndinni. Eg hafði sterka löngun til að sjá sjálf hvernig eg liti út dauð. Fór eg til myndasmíðs, tók mér bók í hönd, hallaði mér í hægindastól og lézt vera dauð. Myndin sýnir stúlku furðu unglega og væri vel hægt að hugsa hana liðna.

Eg vil ekki fortaka það, að Hafsteinn hafi ekki getað heyrt talað um þetta uppátæki mitt, að láta mynda mig, en hann segir nákvæmlega hvar myndin er á þilinu, hvernig kjóllinn er litur, hvernig eg halla mér út af og það, að eg haldi á bók í hendinni. Lýsing hans á húsinu og öllu, sem húsið mitt hefir að geyma, nákvæmnin hvar hver hlutur standi, sem allt reyndist rétt vera, styrkir það, að Hafsteinn hafi líka séð þessa mynd með sálarsjón sinni, og finnst mér það sízt merkilegra, en margt annað, sem hann sagði mér, og getið er hér að framan. Eg vil geta þess, að mér var boðið á fundinn og hafði Hafsteinn ekki hugmynd um að eg ætlaði að vera á fundinum. Hafsteinn hefir aldrei stigið fæti inn fyrir dyr hjá mér eg er mér alveg ókunnur.

Hafnarfirði, 23. marz 1946.

Gunnhildur Bjarnadóttir.

Fundur

Eg var á fundi hjá Hafsteini miðli í Hafnarfirði, 22. marz 1946. Eg vil geta þess strax, að eg hafði aldrei

séð miðilinn og hann ekki mig. Hann vissi ekki nafn mitt né hvaðan eg var. Kona, sem eg þekki lítið eitt, bauð mér á fundinn með sér. Nefndi hún ekki nafn mitt við Hafstein, en bað um sæti fyrir tvo. Mér er ekki grunlaust um, að hún hafi gert það af ásettu ráði að bjóða mér, því að eg er ættuð af Austurlandi. Vissi hún ekkert um hagi mína, er við fórum á fundinn. Held eg það hafi einkum vakað fyrir henni að vita, hvort miðlinum tækist að lýsa nokkru hjá mér.

Við vorum sjö á fundi auk miðilsins. Fyrst kom stjórnandinn, og svo kom vera, er mikið starfar í sambandinu og nefnir sig Rögnu. Hún fór að segja hverjir væru mættir handan að frá. Voru það allmargir. Lýsti hún svo löngu förnu fólki, sem sumt af fundargestum kannaðist við. Einnig nefndi hún nöfn þess. Átti hún erfitt með nöfnin, kallaði hún á Finnu til hjálpar. Greiddi þá þessi Finna úr flækjunni. Virtust fundargestir ánægðir með árangurinn. Leið svo á fundinn, að lýst var burt förnum verum hjá öllum fundarmönnum, en ekkert kom til mín. Segir þá konan, sem bauð mér og hjá mér sat, hvort þeir ætli ekki eitthvað að hugsa um mig.

Hún hugsar um sig sjálf, er henni svarað.

Litlu síðar kemur lýsingin að mér. Fyrst er lýst gömlum manni. Segir Finna, sem nú var tekin við að lýsa, að hann heiti Jón. Hann hljóti að hafa verið mjög nákominn mér. Lýsir hún honum þannig: Hann er varla meðalmaður á hæð, en þrekinn. Hann er með rautt skegg, sem farið er að grána. Hann hefir skolarpt hár, en efst á höfðinu er svolítill skalli. Augna-

brúnirnar eru loðnar og slúta niður. Augun eru blá, lítil, en snarleg. Hann hefir búið á sveitabæ skammt frá sjó, og ekki heldur langt frá dal. Það sést inn til dalsins og niður að ströndinni. En bærinn stendur neðan við hól. Hann hefir búið þarna, en ekki alltaf. Síðan hefir hann flutzt þaðan og í kaupstað, lítinn kaupstað.

Næst er lýst hjá mér gamalli konu í svörtu pilsu með röndóttu svuntu. Hún er í dökkri treyju. Á höfðinu hefir hún skýluklút. Hún hefir breitt andlit. Hún hefir verið á þessum bæ, sem stendur undir hólnum. Það stendur kassi við rúmið hennar. Í þessum kassa hefir verið sitt af hverju. Á kvöldin hefir hún sagt ykkur sögur.

Eg bað Finnu að koma með nafnið.. Hún gat það ekki Það er eitthvað svo hart í nafninu, sagði hún.

Þetta fannst mér dálítið gott. Eg kannaðist við þessa konu, rökkursögurnar og kassann, einnig klæðnað hennar. Hún var hjá föður mínum í mörg ár, og hét hún Bergljót.

Svo kom gömul kona, hálfblind, að sagt var, og nefndi Finna nú nafnið Sigríður. Var henni lýst nánar, einkum klæðaburði hennar. Þekkti eg, að þarna var móðir mín komin.

Þar á eftir komu tvö börn, er eg hafði misst. Var drengnum lýst mjög náíð. Svo var nefnt nafnið Ólafur. Var sagt, að þessi Ólafur hefði verið hár vexti, veðurbarinn í andliti og brúnn á hörund með skolleitt hár. Hann hafði skipt hárinu í hægri vanga, yfir gagnauganu. Var sagt, að hann hefði drukknað. Þeir hefðu

farið báðir í einu, gamli maðurinn og hann — þessi Jón. Þeir hefðu verið náskyldir.

Gat eg ekki annað en kannast við Ólaf bróður minn. Þeir druknuðu saman, faðir minn og hann.

Nú kom háöldruð kona. Var nefnt nafnið Margrét. Sagt varð að hún væri lítil vexti og hæruskotin og svo var búnaði hennar lýst náíð. Þekkti eg þar ömmu mína, sem dó 1901 í Einholti á Mýrum í Hornafirði. En Einholt var bærinn, sem lýst var fyrst og sagt, að Jón faðir minn hefði búið á.

Síðast kom ákaflega veik rödd í gegnum miðilinn. Kallaði röddin mamma og rétti um leið fram höndina í áttina til mín.

Eg spurði, hver talaði til mín. Var þá sagt, að það væri Sigga. Eg þóttist þekkja þarna rödd dóttur minnar, og er eg tók í hönd miðilsins, var hönd hans sveitt og þvöl eins og hönd dóttur minnar var daginn, sem hún skildi við. Mér fannst líka dálítið kynlegt, að hún skyldi kalla orðið mamma. Það var síðasta orðið, sem leið af vörum hennar í andlátinu. Um leið og hún kom, barst inn ákaflega sterk sjúkrahússlykt. Fundu fundargestir hana mjög greinilega. Man eg sérstaklega eftir, að tvær konur höfðu orð á því. Önnur konan enda nokkru á undan komu dóttur minnar í sambandið Handtakið var hennar, röddin hennar rödd. Allar lýsingar af fólki og staðháttum kannaðist eg við. Það var líka rétt, að faðir minn bjó ekki allan sinn búskap í Einholti. Hann flutti í lítinn kaupstað, eins og sagt var af vörum miðilsins.

Á þessum fundi var eg ekki að hugsa um föður minn eða bróður né þetta gamla, löngu liðna fólk.

Eg hugsaði um dóttur mína, sem eg trega mjög, en hún kom síðust allra. Þegar eg hugsa um, hvers vegna hún kom síðust allra, hvers vegna lýst var hinu ættfólki mínu og dregnar myndir af því fyrst — myndir, sem sem eg hlaut að þekkja. Þá þykist eg skilja hvers vegna það var gert. Sigga mín var mjög máttfarin. Hún gat ekkert sagt annað en þetta eina orð, mamma. Þetta eina orð gat ekki sannfært mig. — Handtakið, röddin hennar né hin sterka sjúkrahússlykt, sem með henni barzt, hefðu líklega ekki heldur sannfært mig fyllilega, ef hitt hefði ekki verið komið áður, allar lýsingarnar á þessu löngu liðna fólki og staðhátum og umhverfi því, er það lifði í. Eg gleymdi víst að geta þess áðan, að lýst var líka kaupstaðnum, sem faðir minn flutti í, og húsinu, sem hann bjó í. Einnig var sagt, hvar þeir hefðu drukknað, feðgarnir, og var það líka rétt.

Eg er þakklát fyrir þennan fund, og mun hann verða mér lengi minnisstæður.

Hafnarfirði, 23. marz 1946.

Brynhildur Jónsdóttir.

Miðilsfundur, haustið 1943

Haustið 1943 var eg á fundi hjá Hafsteini Björnsyni í fyrsta sinni. Eg hafði heyrt hans getið fyrir löngu, en þekkti hann þá alls ekki í sjón. Það var tilviljun ein, að eg sat þennan fund. Eg hafði beðið kunningja minn, Hálfdán Eiríksson, kaupmann, að útvega mér einhvern tíma aðgang að miðilsfundi, og í þetta skipti spurði hann mig fyrirvaralítið, hvort eg gæti komið í forföllum annars manns og játti eg því tafarlaust.

Fundur þessi var haldinn að Skúlaskeiði 2, í Hafnarfirði, hjá þeim hjónum Sigurði Þorsteinssyni og Soffíu Sigurðardóttur. Þau hjónin, ásamt frú Þórdísi Helga-dóttur voru fastir fundarmenn hjá Hafsteini um þetta leyti. Fimm gestir voru á þessum fundi. Ekki þekkti eg neitt af fundarfólki, nema fyrrnefndan Hálfðán og móður hans, frú Jakobínu Jakobsdóttur, fyrrverandi kennslukonu. Við sátum saman á fundinum.

Fundurinn hófst á venjulegan hátt, með söng fundarmanna. Þegar miðillinn var sofnaður kom stjórnandinn að vanda og ávarpaði fundarmenn. Síðan hófust lýsingar.

Mjög snemma á fundinum gat stjórnandinn þess (Finna), að inni í hringnum væri maður, sem hefði mikinn hug á að láta heyra frá sér og hann mundi hafa farizt í sjó, en Finna gat ekki náð meiru strax.

Nokkru seinna kom hann aftur og sagði stjórnandinn þá, að hann mundi vilja tala við mig. Síðan sagði hún, að hann sýndi sér landslag. Hann færi með sig langt í burtu og sýndi sér stóran fjörð, með fjöllum og dölum til beggja handa, en einstakt fjall stæði niður við sjóinn. Nafnið sagðist hún ekki sjá strax, en hinn ókunni gestur sýndi sér mikið af dýrum. Svo kom nafnið Dýrafjörður. Stjórnandinn kvaðst ennfremur sjá skip á firðinum — gufuskip — og skammt frá því væri bátur með 5—6 mönnum. Einn þeirra væri mest áberandi, í stórri treyju, með gylltum hnöppum. Nokkur fleiri orð hafði stjórnandinn um þetta, en engum gat dulizt, að hér var verið að lýsa valdsmanni. Síðan segist stjórnandinn sjá mennina í sjónum og 1 eða 2 hanga í bátnum. — Lengri var sýnin ekki.

Mér duldist alls ekki, að hér var verið að lýsa slysi því er varð á Dýrafirði, hinn 10. okt. 1899, þegar bát hvolfdi með 6 mönnum, af völdum enskra togaramanna og Hannes Hafstein var því nær drukknður. 3 menn drukknuðu alls. Einn þeirra var faðir minn.

Síðan lýsti stjórnandinn hinum ósýnilega gesti okkar og náði nafni hans og því að hann væri faðir minn. Er það skemmst af að segja, að allt sem hann sagði um hann var hárrétt, bæði hvað útlit og eiginleika snerti. Eg man t.d. að hann sagði að við hefðum verið líkir að útliti. Það heyrði eg líka oft sagt á yngri árum mínum, meðan eg dvaldi í átthögunum.

Síðan sagði stjórnandinn að nú færi hann (þ. e. faðir minn) með sig þangað, sem eg ætti heima núna. Það væri stórt steinhús og væri garður fyrir framan það og gengið inn eins og á bak við það. Síðan færi hann inn í stofuna þar sem skrifborðið mitt væri. Það væri úti í horni á stofunni og á því mynd og svo eitthvað hnöttótt, eins og ljóskúla. — Allt var þetta rétt, nema ljóskúlan. Eg áttaði mig ekki á því atriði, fyrr en eg kom heim. Á skrifborðinu stóð allstór borðlampi, með sexstrendum, brúnleitum pergamentskermi. Sé litið á lampann, ofan frá, þegar ljós er á honum, líkist hann engu, frekar, en ljóskúlu. Mér þótti ágæt lýsingin á húsinu. Fyrir framan það er stór skrudgarður, er veit móti suðri, en aðalinngangur um norðurdyr. Húsið heitir Garður og er nafnið letrað með stórum stöfum á suðurhlið þess.

Stjórnandinn flutti mér margt fleira frá föður mínum, en það kemur ekki þessari sögu við, þar sem segja mátti að um einkamál væri að ræða. En hins vil eg

geta, að hann lét í ljósi mikla ánægju yfir þessum fundi okkar og svo þess, að mér þótti þessi lýsing öll næsta merkileg. Eg hafði oft verið á miðilsfundum áður og aðeins einu sinni heyrt föður minn nefndan undir þeim kringumstæðum.

Þessi lýsing tók alllangan tíma og hafði djúp áhrif á fundarmenn. Eg man vel, að mér fannst eg hafa tekið oflangan tíma frá þeim, en vitanlega var það ekki mín sök, enda þótti þeim þetta mjög athyglisvert. Eg átti tal við þá eftir fundinn og hefi nú borið undir þá marga þessa frásögn mína. Eru þeir allir, sem eg hefi átt tal við, reiðubúnir að vottfesta frásögn mína, eins og hún er hér skráð.

Að lokum vil eg geta þess, að eg var alls ekki að hugsa um föður minn að þessu sinni, og kom hann alls ekki í hug, þegar stjórnandinn byrjaði að tala um mann er druknað hafði, heldur var annar horfinn vinur efst í huga mínum.

Þá vil eg og geta þess, sem mér þótti og mjög sérstætt, að einn fundarmanna, Þórður Einarsson, hafði þekkt skipstjórann á „Royalist“ — togaranum, sem valdur var að dauða föður míns. Sá maður hefir fengið harða dóma, en mér hefir jafnan fundizt — á mér óskiljanlegan hátt — að hann hafi átt minni sök á atburði þessum en ætlað var. Hér fékk eg sönnun fyrir því, að ætlun mín var rétt. — En það er önnur saga.

14. apríl 1946.

Ingimar Jóhannesson.

Við munum það, sem að framan er skráð.

*Soffía Sigurðardóttir.
Sigurður Þorsteinsson.*

Finna bregður sér til Danmerkur

Frú Málfríður Jónsdóttir segir svo frá:

Eg hefi oft verið á fundum hjá Hafsteini miðli, og yfirleitt hafa þeir fundir heppnast vel. Á eg ekki með því við, að þeir hafi allir flutt mér sjálfir órækar sannanir fyrir framhaldslífinu. En eg tel mig mega fullyrða, að þeir hafi allir flutt einhverjum fundarmanna sannanir og þar hafi margt merkilegt komið fram.

Eg má segja, að þetta var 1940, og voru Þjóðverjar þá búnir að hernema Danmörku. Eg sat þá fund hjá Hafsteini ásamt fleira fólki. Svo stóð á, að við tvær af konunum, sem þarna sátum á fundi, áttum sinn soninn hvor úti í Danmörku. Langaði okkur til að vita, hvernig þeim liði. Þegar svo Finna kom, sem er mikið starfandi við sambandið, báðum við hana að fara fyrir okkur bæjarleið. Var hún fús til þess. Sögðum við henni þá, að okkur langaði til að vita um drengina, hvað þeir væru að starfa og hvernig þeim liði.

Þegar Finna kom aftur, sagði hún glettnislega: Já, það var löng bæjarleið þetta. Það var meiri gauragangurinn þarna í loftinu. Eg fann nú samt húsið, sem þeir eiga heima í, drengirnir ykkar. Þegar þangað kom, varð eg svo að fara eftir löngum gangi. Úr þessum gangi voru svo rangalar til beggja handa. Loksins fann eg herbergið, sem þeir eru í, og eru rúmin eins og básar. Lágu þeir þarna og sváfu, hvor í sínum bás. Eg

klappaði á kollinn á þeim, en þeir urðu mín ekki var-
ir. Svo mætti eg manni á ganginum. Hann sá mig og
varð hræddur og bablaði eitthvað, en eg skildi hann
ekki.

Þið getið verið allsendis óhræddar. Þeim líður vel,
drengrunum, þeir líta vel út.

Okkur þótti þetta betra en ekkert. Finna var alltaf
svo dugleg í sambandinu og jafnframt svo traust og
ábyggileg, að við töldumst geta trúað henni fyllilega.
En er þetta bar við, voru þeir báðir að læra handið
og dvöldu á nemendaheimili. Þar voru fastar reglur um,
að allir ættu að vera komnir í værð klukkan tíu. Þegar
Finna kom aftur með fregnina, var klukkan hér áreið-
anlega ekki nema kringum níu. Þá hefir klukkan í
Danmörku verið um ellefu. Sonur minn, sem er nú ný-
kominn heim, fullyrðir, að á þessum tíma hafi þeir
verið sofandi, eins og Finna fullyrti. Einnig kannast
hann við þennan langa gang og þessa bása, sem Finna
talar um. Þessi maður, sem Finna segir, að hafi séð sig
á ganginum, hefir sennilega verið húsvörðurinn.

Reykjavík, 29. febrúar 1946.

Málfríður Jónsdóttir.

Ófinn

Á fundi í Hafnarfirði, hjá frú Soffíu Sigurðardóttur,
barst mér eftirfarandi vitneskja. Sonur minn, sem lát-
inn er, kom í sambandið og lét Finnu skila til mín, að
hann hefði verið með honum bróður sínum, þeim sem
væri með skeggið. Hann hefði verið með stóran kassa í

fanginu. Í þessum kassa þeytist eitthvað og snýzt, er sagt, að hann segi.

Þegar eg kom heim, spurði eg Kjartan son minn, því að eg þóttist vita, að hinn látni hefði átt við hann, hvað hann hefði keypt og komið með heim.

Hann spurði mig, hvernig eg vissi það. Eg sagði honum eins og var.

Þá segist hann hafa keypt rafofn í Fálkanum. Sækir hann svo ofninn og sýnir mér hann. Inni í þessum ofni var loftskrúfa, sem blés heita loftinu fram úr ofninum.

Sá eg, að þetta bar heim við það, sem mér hafði verið sagt á fundinum.

Reykjavík, 29. febrúar 1946.

Málfriður Jónsdóttir.

Við munum þessa atburði og erum fús til að votta, að hér er rétt farið með.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Soffía Sigurðardóttir.

Sigurður Þorsteinsson.

Skríttni maðurinn

Eg hefi verið nokkrum sinnum á fundi hjá Hafsteini miðli. Í haust, sem leið, sat eg fund. Kom Finna þá og beinir orðum sínum til mín og segir:

Þarna er skritinn maður hjá þér. Svo bætir hún við: Hann hefir ekki verið mikill í lífinu hjá ykkur. Svo fer hún að lýsa klæðnaðinum og segir, að hann sé með lítinn, gráan hatt. Hann bindi klút yfir hatt-

inn og hnýti undir kverkina. Hann er með lítinn staf, og er brot eða brestur í stafnum. Hann lætur ákaflega vinalega að þér. Hann er að þakka þér fyrir það, sem þú hjálpaðir honum, þegar þú varst unglingur.

Eg bað hana að koma með nafnið á þessum manni. Það gat hún ekki. Eg áttaði mig ekki á, hver þetta gæti verið.

Enn heldur hún áfram að tala um hann og lýsa honum. Hún segir, að hann skilji ekkert í því, að eg skuli ekki skilja sig. Síðast segir Finna, að eg hafi einu sinni borið hann yfir keldu, og hann sé að tala um, að eg hljóti að muna eftir því. En eg mundi ekkert og gat með engu móti áttað mig á, hver hann var, þessi skrítni maður .

Það var ekki fyrr en eg kom heim. Þá var það þessi kelda, sem eg átti að hafa hjálpað honum yfir, sem vakti minni mitt til lífsins. Þetta var einn förumaðurinn, Kúa-Hallgrímur var hann nefndur. Jú, eg kann-aðist nú við lýsingu Finnu, hattinn og klútin, sem hann batt jafnan yfir hattinn og hnýtti undir kverk, stafinn, sem var hrífuskafsbrot, er hann gekk við, og eg mundi nú vel eftir, þegar eg var einu sinni að bera hann yfir keldu, er hann var að rölta á milli bæjanna.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Kristinn Grímsson.

Herbergið

Á þessum sama fundi var Finna dálítið ergileg yfir því, að eg skyldi ekki geta munað eftir þessum manni.

Mér er ekki grunlaust um, að hún hafi hugsað, að eg rengdi sig. — Og það var nokkuð til í því.

Hún beinir aftur orðum sínum til mín og segir:

Eg skal nú samt sanna þér, að eg get dálítið: Svo fer hún, en kemur aftur að vörmu spori. Fer hún þá að lýsa húsinu, sem eg bý í, tröppum úti, stiganum upp á loftið, hurðunum fjórum, sem á leið hennar verða upp og þar til hún kemur inn í herbergi mitt. Þegar inn kemur, lýsir hún dragkistu, skápum, myndum af látnu drengjunum mínum, sem hún segist halda, að hún kannist nú við. Hún nefnir þá sínum réttu nöfnum og segir: Parna var mynd af Einari og þarna mynd af Ingimar, og þarna hangir mynd af skipinu, sem Ingimar fórst af. Yfirleitt lýsir hún herberginu og öllu, sem þar var, hverjum smáhlut, miklu betur en eg hefði getað gert sjálfur. Eg skal geta þess, að þessir látnu drengir hafa báðir komið í samband á fundum hjá Hafsteini og rætt við mig. Í því samtali býst eg við, að sumum — jafnvel hinum vantrúuðu — fyndist felast talsverðar sannanir. En það samtal er einkamál mitt og minna.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Kristinn Grímsson.

Æskustöðvarnar

Á öðrum fundi fékk eg aðra lýsingu frá Finnu. Hún fer að lýsa landslagi og segir: Parna eru stór vötn á báðar hendur — tvær stórar tjarnir. Og svo lýsir hún tveim samstæðum bæjum og lítilli kirkju, víðáttu-

miklum tünnum, mikið þýðum, en þó telur hún þarna vera nokkrar sléttur. Öllu þessu lýsir hún svo nákvæmlega, að eg þekki strax, hvert hún er nú komin, sem sé á æskustöðvar mínar. En við þetta varð hún að fara marga tugi ára aftur í tímann.

Svo kom hún með rökkurleikina okkar krakkanna og sagði ,að við hefðum rennt okkur á leggjum og torfusneplum yfir glerhála ísa. Síðast kemur hún með lýsing af kotunum þremur í Tunguhverfinu, sem stóðu sitt í hvorum túnjaðrinum á mínum uppvaxtarárum.

Sömuleiðis lýsir hún prestinum, séra Jakobi Björnsyni ,sem þá var prestur á Torfastöðum, og segir, að hann hafi fermt mig.

Eg er uppallinn í Bræðratunguhverfinu í Ásakoti. Kannaðist eg vel við þessar lýsingar Finnu og eins lýsinguna af séra Jakobi Björnssyni. Var það líka rétt, að hann fermdi mig.

Eg er nú orðinn gamall maður og er næstum blindur. Eg get því ekki um það borið, hvort miðillinn breytist í dásvefninum, en það get eg sagt, að það eru mjög ólíkar raddir, sem tala í gegnum hann.

Hafnarfirði, 5. marz 1946

Kristinn Grímsson.

Við munum það, sem að framan er skráð, og erum fús til að votta, að rétt er farið með.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Soffía Sigurðardóttir.
Sigurður Þorsteinsson.

Lýsingar á fundi

Fundurinn hófst með venjulegum hætti. Finna kemur fer að lýsa manni, sem hún segir, að sé hjá mági mínum, sem einnig var á fundinum. Finna segir, að hann sé nýfarinn. Hann hafi drukknað. Mágur minn skilur ekki, hvaða maður þetta geti verið og heldur, að hann sé að vestan, en Finna segir það ekki vera.

Hún segir, að hann hafi verið úr „plássinu“, þar sem mágur minn hafi verið að vinna. En mágur minn getur ekki áttað sig á þessu, þótt Finna lýsi honum nákvæmlega. Við biðjum hana að koma með nafn hans. Hún nefnir nafnið Sigurður og segir, að hann langi til að það sé kannast við sig.

Eg segi þá við mág minn: Manstu ekki eftir neinum manni með þessu nafni, sem hefir farizt þarna í vetur?

Hann hugsar sig um litla stund og segir svo: Ekki af bátnum, sem eg var með. En það fórst maður í vetur í „plássinu“, og hét hann Sigurður.

Þegar mágur minn hefir áttað sig á þessu, segir Finna, að hann verði svo glaður. Við spyrjum þá, hvort við getum nokkuð gert fyrir hann. Finna skilar aftur, að það sé ekki, honum þyki bara svo vænt um að hafa getað komið og sannað sig.

Á öðrum fundi kemur pabbi minn og heilsar upp á Ólafu Hallgrímsdóttur, sem var á fundi með okkur.

Þakka þér fyrir kaffisopana, sem eg fékk við eldhúsborðið, Óla mín, segir hann.

Hún spyr hvaða Ólafur þetta sé. Þetta er Ólafur Þorkeðsson, pabbi hennar Guðrúnar, segir Finna.

Vertu velkominn, Ólafur minn, segir Ólafía. Þú manst þá eftir því, þegar þú varst að koma til okkar.

Já, eg er ekki búinn að gleyma kaffisopanum, skilar Finna aftur.

Finna segir, að þarna sé kona með honum, sem heiti Guðlaug. Hún þekki mig. En eg man í bili ekki eftir neinni Guðlaugu.

Þá skilar Finna: Hún átti heima á ströndinni, þar sem klettarnir ganga út í sjóinn. Húsið, sem hún hefir verið í, stendur rétt niður við sjóinn. Það er stórt tún umhverfis húsið. Finna lýsti þessu miklu nánar, en eg drep hér á helztu atriðin, af því að þau man eg greinilega. Að síðustu segir Finna:

Hún átti ekki alltaf heima í þessu húsi. Hún átti líka heima herna, þar sem þú býrð núna, en að lokum lýsir Finna svo þessari Guðlaugu, sem fullyrt er, að eg þekki. Var sú lýsing svo skýr og nákvæm, að eg þekkti hana strax, og um leið ströndina, sem hún talar um, klettina, túnið og húsið. Í því húsi kynntist eg henni. Var eg þá barn að aldri. Allt, sem Finna sagði í sambandi við þessa konu, var rétt, þótt eg væri svona lengi að átta mig. Þessi Guðlaug átti heima í þessu húsi, en fluttist síðar hingað til Hafnarfjarðar og bjó hér það, sem eftir var ævinnar.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Guðrún Ólafsdóttir.

Eg man það, sem að framan er skráð og votta, að rétt er farið með.

Hafnarfirði, 30. maí 1946.

Soffía Sigurðardóttir.

Kveðjan

Sjöunda nóvember 1945 fór Eyjólfur maður minn í vinnu um klukkan hálf átta að morgni. Eg vaknaði, en var syfjuð og hugsaði mér að halla mér aftur til klukkan átta. Þá varð eg að vekja dóttur mína, sem var í skóla og átti að fara á þeim tíma. Eyjólfur kvaddi og fór, en eg lagðist aftur út af. Eg veit ekki, hve margar mínútur eg hefi mókt. En allt í einu hrekk eg upp við, að barið er að dyrum hjá Kristni tengdafaður mínum. Hann svaf í næsta herbergi við okkur, á lofthæð hússins. Eg heyrði svo greinilega hurð opnaða og að gengið var inn til hans og spurt eftir Eyjólfu.

Eg heyrði Kristinn svara:

Nei, Eyjólfur er ekki heima. En konan hans er hérna í næsta herbergi.

En á sömu stundu fannst mér veggurinn milli herbergjanna hverfa. Sá eg nú manninn greinilega. Hann var ungur, rúmlega meðalmaður á hæð, með hátt enni, frekar toginleitur, beint nef, svart hár, og var hárinu skipt í öðrum vanganum. Föt hans voru dökk á lit, en með gráum röndum.

Eg kannaðist ekkert við manninn og skildi sízt, hvað hann gæti verið að vilja til okkar. En nú heyri eg hann segja:

Það er þarna eitthvað, sem Eyjólfur á. Um leið sé eg hann benda á haglega gerða eftirlíkingu af vita, sem tengdafaðir minn lét gera, og átti þessi viti að vera afmælisgjöf frá honum til Eyjólfss manns míns, en Eyjólfur átti afmæli þennan sama dag.

Eg var gröm yfir að fá heimóskn svona snemma dags

og vera sjálf ekki komin á fætur. Í því að eg er að hugsa um það, heyri eg hann segja:

Eg var sendur frá honum Guðjóni á Sviða til að taka í höndina á honum Eyfa í dag og óska honum til hamingju.

Svo hagar til, að það er stór rennihurð á milli herbergjanna. Hurðin er alltaf læst. Dragkista er fyrir hurðinni öðrum megin, en legubekkur hinum megin. Um leið og maðurinn mælir þessi orð, hrekkur milli-hurðin svo snögg upp, að hún fer hálfa leið til baka aftur. Við þennan skell hrekk eg ónotalega við, en í þessu heyri eg, að gengið er niður stiganann. Eg hendist fram úr rúminu til þess að gæta að þessum ókunna gesti, og horfi um allt, en sé engan. Hann gat ekki verið farinn út. Útidyrhurðin var ekki opnuð, en það hefði eg heyrt engu síður en fótatak hans í stiganum. Hann var hvergi sjáanlegur í öllu húsinu. Allir hvíldu í fastasvefni. Enginn var kominn á fætur nema Eyjólfur, og hann lokaði húsinu á eftir sér, er hann fór. Gat enginn ókunugur komið inn í húsið nema hafa lykil að útidyrum. En lykil höfðu engir nema þeir, sem í húsinu bjuggu. En þar búa ekki aðrir en við hjónin, börnin okkar og svo tengdafaðir minn, háaldraður.

Mér þykir þetta mjög kynlegt. Fer eg nú von bráðar inn til tengdafaður míns og spyr hann, hvort nokkur hafi komið til hans. Eg held, að hann hafi orðið dálítið hissa á spurningunni. Hann sagði: Það hefir enginn komið, og eg hefi ekki átt tal við neinn.

Eg sagði honum, hvað fyrir mig bar og um komu hins ókunna gests, sem eg lýsti fyrir honum, en hann

kannaðist ekki við fremur en eg. Kom Eyjólfur svo heim, og sagði eg honum líka, hvað gerzt hafði skömmu eftir að hann fór. Leið svo dagurinn, að ekkert bar til tíðinda. Fékk Eyjólfur engar fleiri kynlegar kveðjur þann dag. Samt er sagan ekki enn á enda. Af því, sem á eftir kemur, má ráða, að fleiri en þeir, sem hér lifa viti, hvað gerist hér hjá okkur.

Nokkru eftir þetta, er eg svo á fundi hjá Hafsteini. Var mér boðið á síðustu stundu af kunningjakonu minni, sem ætlaði að taka manninn sinn með sér, en svo stóð á, að hann gat ekki farið. Hafsteinn miðill hafði því ekki hugmynd um, að eg ætlaði að verða á fundinum. En er fundur er nýbyrjaður, kemur Finna í gegnum miðilinn og segir við mig:

Það var skrítið — það var skrítið, sem fyrir þig kom, Guðrún.

Eg mundi ekki eftir neinu skrítnu atviki í svip og sagði, að eg vissi ekki, við hvað hún ætti.

Þá segir hún: Fékkstu ekki heimsókn nú fyrir skömmu?

Hvernig veiztu það? spyr eg og þóttist nú vita, að hverju hún stefndi.

Hún svarar ekki beinlínis, en ber fram aðra spurningu: Þótti þér ekki betra, að það kom svona, heldur en að Guðjón á Sviða hefði komið sjálfur?

Jú, það þótti mér, svara eg.

Já, eg hélt það, segir hún.

Ef Guðjón hefði komið sjálfur, hefði mér orðið verulega bylt við, af því að hann er dáinn. Líklega hefði eg þá haldið, að það boðaði mér og mínum eitthvað sér-

stakt. Þegar þarna kom annar maður, sem eg þekkti ekkert, með kveðju frá Guðjóni, tók eg það bara svo, að Guðjón myndi eftir deginum og vildi sýna manni mínum, að hann hefði ekki enn gleymt honum, þótt leiðir væru skildar. En Eyjólfur var mörg ár stýrimaður á Sviða.

Þetta, sem kom fram þennan dag, var einkamál. Eg fullyrði, að Hafsteini var á engan hátt kunnugt um þetta; ekki heldur konunni, sem með mér var, né neinum fundarmanna.

Eg vil geta þess, að auk þess, sem skráð er hér að framan, hefir ýmislegt fleira komið í gegn hjá Hafsteini, sem varðar mig og mína. Hann hefir oft lýst hjá mér löngu liðnu fólki. Einu sinni man eg eftir, að Finna lýsti fleiri mönnum, sem hún sagði að væru þarna, og nefndi nöfn eins og Guðmundur, Stefán, Hallur. En engum þeirra lýsti hún nákvæmlega nema Halli þessum. Hún sagði, að hann væri með stóra húfu, sem slútti niður fyrir eyru. Með stóran, mórauðan trefil um hálsinn og væri honum brugðið í lykkju að framan. Hann hefði á tímabili ársins sótt eitthvað til pabba míns, og svo lýsti hún landslaginu þar, sem hann hefði átt heima. Eg gat ekki áttað mig á þessu. En er eg sagði, móður minni frá, þá sagði hún:

Þetta er lýsingin af honum Halli í Hvassahrauni. Það hefir verið hann. Nöfnin Stefán og Guðmundur voru nöfn þeirra manna, sem áttu þá heima í Hvassahrauni, er Hallur þessi var þar. Hallur hafði róið á bát með föður mínum á vertíðnini. Það hefir sennilega

verið það, sem Finna átti við, er hún sagði, að hann hefði sótt eitthvað til föður míns.

Hafnarfirði, 5. marz 1946.

Guðrún Ólafsdóttir.

Bréfið

Eg var fullviss um framhaldslífið, áður en eg kom á fundi hjá Hafsteini. Á þeim fundum, sem eg hefi verið hjá Hafsteini, hefi eg sannfærzt um þroska þeirra, sem farnir eru og komið hafa fram í miðlinum. Þar hefi eg fengið vitneskju um einkamál, sem einungis varða mig og fjölskyldu mína. Þetta voru stundum ýmist smáatriði, sem konan mín sáluga kom með í gegnum miðilinn. Sum þeirra vissi eg, en sum vissi enginn núlifandi. En ávallt reyndist rétt það, sem hún sagði.

Á einum fundinum minntist hún á bréf, sem var talsvert sérkennilegt. Eg hélt, að þetta bréf væri glatað, en hún sagði, hvar það væri niður komið. Reyndist frásöng hennar nákvæmlega rétt. Bréfið var þar, sem hún vísaði á.

Á öðrum fundi sagði hún, að gamli maðurinn, þar átti hún við fósturföður minn, sem var látinn, væri hérna og væri að gá eftir tóbakinu mínu. Hann segi:

Nú á hann Sveinn lítið í pontunni. — Í lifanda lífi skar hann fyrir mig í nefið, er eg var til sjós, og enda alltaf. Þetta var rétt. Eg átti lítið í pontunni.

Hafnarfirði, 5. marz 1946.

Sveinn Jónsson.

Aðvörun

Í apríl í fyrra fórum við þrjú á fund. Þá kemur konan fram í miðlinum og talar við okkur, mig og börnin mín tvö, sem þarna voru. Hún talar ekki við okkur öll í einu, heldur sitt í hvoru lagi. Hún virðist mjög áhyggjufull út af drengnum okkar, sem er sjómaður. Þar varar hún við, að hann sé á sjónum. Og óskar þess eindregið, að hann slái slöku við hann um tíma. Eg grennslast eftir hjá henni, hvernig á þessu standi. Stríðið sé nú úti og hætturnar þá líka.

En hún segir: Það er sama, það eru alltaf hættur.

Meira vill hún ekki segja. Hún gefur í skyn, að hún hafi jafnvel sagt meira en hún mátti segja.

Því miður var ekki farið eftir þessu. Drengurinn var áfram á sjónum, og líða svo fram tímar, þar til síðast í janúar, að hann slasast um borð í skipi, og voru þá liðnir rúmir 8 mánuðir, frá því að konan mín sáluga varaði okkur við hættunni. Þetta slys var mjög alvarlegt, og er hann enn sjúklingur af völdum þess. Eins og nú er komið, geta lækarnir enn ekkert um það sagt, hvort hann missir höndina eða fær að halda henni.

Þetta „sem komið hefir fram, tek eg sem sönnun þess, að þeir, sem farnir eru yfir um landamærin, fylgist með því, sem hér gerist og hefir gerzt.

Hafnarfirði, 5. marz 1946.

Sveinn Jónsson.

Við erum fús til þess að votta, að rétt er með farið.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Soffía Sigurðardóttir.
Sigurður Þorsteinsson.

Lýsingar

Árið 1943 var eg stödd á fundi í húsi frú Soffíu Sigurðardóttur. Var miðillinn Hafsteinn Björnsson. Á þeim fundi er talað til mín af föður mínum. Spyr eg þá, hvort það sé hægt að lýsa honum fyrir mér.

Eg er nú sjötíu og fimm ára. Faðir minn dó, þegar eg var 9 ára, þá áttatíu ára gamall. En eg man enn vel eftir honum.

Jú, Finna heldur það. Fæ eg þarna mjög ljósa lýsing á útliti föður míns og því, hvernig hann hafi verið klæddur venjulega. Það er lýst andlitsfalli hans, háralit og síðu skeggi, sem orðið sé gráhvítt.

Tildrögin til, að eg kom síðar á fund, voru þau, að eg hafði misst vinkonu mína, sem var í Vestmannaeyjum og hét Halldóra. Finna, sem mikið starfar í miðilssambandinu, kom og sagði, að hún Halldóra væri þarna og eins móðir hennar, sem líka var látin.

Það eg þá Finnu að lýsa Halldóru fyrir mér. En eg vissi, að hana hafði miðillinn og enginn fundarmanna að mér undanskilinni séð.

Eg fæ þarna nákvæma lýsingu af Halldóru, eins og eg sá hana síðast, en þó alnákvæmasta af klæðaburði hennar, og fannst mér þetta dálítið merkilegt.

Á þeim sama fundi kom þarna líka fram heil skips-
höfn, sem farizt hafði af báti frá Kotvogi. Var mönn-
unum lýst og þeir nefndir með nafni. En nákvæmust
var lýsingin af formanni bátsins, sem Björn hét. Bað
hann mig að bera Hildi frá Kotvogi kveðju sína.

Kannðist eg vel við alla þessa menn, og fundust mér
lýsingarnar mjög nákvæmar, þótt ólíkar væru.

Þorbjörg Jónsdóttir, Hafnarfirði.

Soffía Sigurðardóttir.

Sigurður Þorsteinsson.

Páll

Eg varð fyrir þeirri sorg að missa þrjá syni mína
með stuttu millibili eða á rúmu ári. Eru það orsak-
irnar til þess, að eg kom á fund hjá Hafsteini. Frú
Soffía Sigurðardóttir og maður hennar buðu okkur
hjónunum á fundinn, því ella hefði eg ekki farið. Var
eg mjög vantrúuð og tortryggin á þessi mál. En þessi
fundur varð mér til stórrar blessunar. Og því lengur,
sem eg hugsa um hann, því merkilegri finnst mér hann
af ýmsum ástæðum.

Nú er það Ragna, sem kemur í sambandið. Segir
hún, að hjá mér standi gamall maður, gráskeggjaður,
heldur lítill, hvítur í andliti með dökkt hár, er sé þó
farið að grána, og við hina hlið mér standi gömul
kona, dálítið há og heldur þrekvaxin. Hún sé ljós-
hærð. Lýsti hún þeim að ýmsu ýtarlegar en þetta. En
eg man ekki að segja orðrétt frá því. Var eg svo spurð,
hvort eg kannaðist við þau.

Eg sagði svo vera, af því að mér fannst eg þekkja foreldra mína af lýsingunni. Segir Ragna, að þetta sé rétt, þau séu foreldrar mínir.

Þá spyr eg, hvort þarna séu nokkrir fleiri, því að eg hafði drengina mína einkum í huga, og þá þráði eg mest.

Ragna segir, að sonur minn sé hér og tilgreinir ekki nema einn.

Þá spyr Ágúst, maðurinn minn, hvort hún geti lýst honum.

Hún segist treysta sér til þess. Fer hún svo að lýsa honum. Og kemur hún með svo greinilega lýsingu af Páli, elzta syni okkar, að ekki var um að villast.

Á þessum fundi var maður, sem heitir Halldór Sigurgeirsson. Þekkti hann Pál vel. Þetta er sannarlega nákvæm lýsing af Páli, varð honum að orði.

Svo segir Ragna, að nú sé annar sonur okkar kominn. Hafi faðir minn hjálpað honum til að komast í sambandið. Sá sonur okkar heitir Lárus. Hann sé að þakka okkur fyrir börnin sín og biðja okkur að gleyma þeim ekki. Svo kveðja þeir faðir minn og hann.

Þriðji sonur okkar kom ekki. Rétt áður en fundi var lokið, kom svo Páll aftur og kvaddi.

Eftir fundinn varð eg alveg undrandi. Á meðan á þessum fundi stóð, bar svo við, að Páll sonur okkar kom í samband annars staðar. Lýsti hann fundinum, sem við vorum á, og því, hvernig hringurinn væri skipaður, og segir svo: Eg verð að fara áður en fundurinn

þar er úti og kveðja hana mömmu. Hún hefir ef til vill saknað mín af fundinum.

Hafnarfirði, 5. marz 1946.

Ingveldur Lárusdóttir.

Soffía Sigurðardóttir.

Sigurður Þorsteinsson.

Um fundina í Hafnarfirði

Eg heimsótti frá Soffíu Sigurðardóttir, Skúlaskeiði 2, Hafnarfirði, og bar undir hana það, sem eg hafði fengið skriflegt frá því fólki sem sat fundi í húsi hennar. Eins vildi eg fréttu eitthvað um miðilinn og starf hans, þau árin sem fundir voru haldnir að staðaldri í húsi frúarinnar.

Frúin tekur mér mjög vingjarnlega. Segist hún vera fús til að votta það, sem hún muni og láta mér í té allar upplýsingar, sem hún geti og megir. En hún er mjög varkár og telur sig ekki hafa leyfi til að skýra frá neinu því er fundargesti varðaði og fram kom á fundum. Hún er hins vegar fús til þess, að votta það, sem hún man, ef fundargestir vilja sjálfir skýra frá því.

Frúin sýnir mér fundarherbergið, sem er lítið herbergi, en bjart og vistlegt. Hún býður mér sæti í sama stól og miðillinn sat í meðan fundir stóðu yfir. Yfir heimilinu hvílir sú ró og sá friður, sem hefir góð áhrif á þann, sem kemur að utan, frá skarkala götunnar. Frú Soffía segir svo frá:

Á meðan fundir stóðu yfir, var ekkert inni í þessu herbergi nema sæti miðilsins og þau sæti, sem fundar-

gestir notuðu. Myndir voru teknar af veggjum. Ljós var í miðju lofti. Var rautt bréf vafið um skerminn svo að birtan inni var dauf, en þó svo björt að við greindum hvort annað. Venjulegast sátu 7—8 fundinn. Við hjónin sátum alla fundi. Annan veturinn, sem fundir voru hér, bættist Þórdís Helgadóttir við, sat hún einnig hvern fund með okkur. Þeir fimm, sem sátu svo fundi auk okkar, var langoftast fólk, sem hvorki við né miðillinn þekktum. Fundir voru oft lofaðir gegnum síma. Bar eigi sjaldan við að karl eða kona bæði um öll fimm sætin. Var þá nefnt aðeins eitt nafn og skyldi þá láta þann hinn sama vita gegnum síma, hvenær það mætti koma. Það var ekki ótítt, að hvorki eg né miðillinn þekktum nöfn fundarmanna. Eg má líka fullyrða að þeir voru langtum fleiri, sem við höfðum aldrei augum litið og vissum ekki einu sinni hvort voru hér gestkomandi í borginni eða áttu þar heima, en hinir, sem við þekktum nöfn á og vissum að voru búsettir hér eða í Reykjavík.

Við hjónin gerðum okkur far um að grennslast aldrei um fundargesti, hvorki á undan né eftir fundi. Hafsteini var líka langoftast gersamlega ókunnugt hverjir sátu fundina. Þó bar við að hann var beðinn um fund og tilkynnti hann mér það þá.

Fundir hófust hjá mér veturinn 1941. Um miðsumarið varð hlé á fundarhöldum. Þeir byrjuðu venjulega í ágúst og enduðu síðast í maí. Hafsteinn hélt fundi hjá okkur allt til vorsins 1945. Lang fæstur hluti fundargesta var úr Hafnarfirði. Reykvíkingar munu hafa verið fjölmennastir og svo má geta þess að á fundi kom fólk víðs vegar að af landinu. Þessa vitneskju hlaut eg

fyrir þær sakir, að oft gáfu fundargestir sig á tal við okkur hjónin og miðilinn eftir fund, kynntu sig fyrir okkur og töluðu um það, sem við hafði borið á fundinum. Mér er óhætt að fullyrða að fundarmenn töldu sig fá margt og merkilegt. Margir töldu sig fá sannanir. En af því að fundir voru haldnir í mínu húsi og eg sá algerlega um fundina, taldi eg það skyldu mína að hafa aldrei á orði það, sem á fundunum gerðist. Eg gætti þess, að sem minnstur umgangur væri um fundarherbergið daginn, sem fundir áttu að vera. Á meðan fundir vöruðu, var algerr kyrrð yfir. Fundargestir komu oftast tíu mínútum fyrir fund. Lét eg þá sitja inni í annarri stofu þar til fundur hófst.

Það gerðust aldrei nein óvenjuleg fyrirbrigði á þessum venjulegu fundum. Hlutar voru aldrei fluttir úr stað. Við heyrðum aldrei nein óvenjuleg högg. Það komu aldrei líkamningar fram hjá Hafsteini. En það bar við að allt í einu birti í herberginu og liðu ljósgeislar um allt herbergið. Var þessi birta allt öðruvísi en birtan frá perunni í loftinu. Þessi birta gat ekki stafað frá neinum í húsinu. Húsið var læst meðan fundir voru. Myrkur var í hinum herbergjunum og heimilisfólk vorum aðeins við hjónin, sem sátum fundina. Við gengum úr skugga um að utan frá stafaði ekki þessi birta, enda var glugginn byrgður með tjaldi. Fundargestir tóku eftir þessu og býst eg við að fleiri muni þessi ljósfyrirbrigði.

Eg vil geta þess að á miðlinum urðu miklar breytingar, eins og fundarmenn hafa réttilega getið um. Þær urðu með ýmsum hætti. Til dæmis urðu miklar breytingar á raddblæ og orðalagi. Svo miklar að við,

sem stöðugt sátum fundina, þekktum þá sem vanir voru að koma í gegnum miðilinn. Því kom það okkur aldrei á óvart er nýjir komu í sambandið. Eg get sagt það frá eiginbrjosti og hið sama hefir margoft verið sagt í minni áheyrn eftir fundi hjá Hafsteini, að útlit og látbragð miðilsins í dásvefninum minnti svo á látna vini og ættingja, að margur taldi sig þekkja þá, þar af.

Að mínum dómi voru fundirnir dálítið misjafnir. Fór það mestmegnis eftir ásigkomulagi fundargesta. Það bar sjaldan fyrir að fundir eyðileggðust. Fundargestir voru yfirleitt velviljaðir málefnum og komu af þrá til að fréttu eitthvað frá látnum vinum eða ættingjum.

Öll árin, sem við störfuðum með Hafsteini, var hann trúr og mjög samvizkusamur í starfinu. Við rákum okkur aldrei á neitt, sem benti til þess, að hann hefði blekkingar í frammi. Það hefði ekki verið hægt að koma svikum við, nema að við hjónin hefðum verið í vitorði með miðlinum, því að Hafsteinn var sem gestur á heimili okkar, en bjó inni í Reykjavík. Vona eg að engin gruni okkur né miðilinn um slíkt athæfi.

Hafnarfirði, 29. maí 1946.

Soffía Sigurðardóttir.

Reimleikar.

Í húsi einu hér í borginni gerðust athyglisverðir atburðir, sem ekki er talið rétt að falli í gleysku. Þessir atburðir gerðust síðastliðið sumar, eða árið 1945. Þeir eru ritaðir eftir frásögn þess aðilja, sem

mest er við þá riðinn, og staðfestir af þeim, sem fundinn sátu hjá Hafsteini miðli. En af vissum ástæðum verður ekki nafns aðiljans getið, sem er kona, né heldur nafna sumra hinna, sem koma við þetta mál og um það vissu. Undirskrift fundarmanna, sem voru allir málavextir kunnir, er næg trygging þess, að hér er ekki farið með neitt fleipur.

Konan, sem er aðalaðiljinn, segir svo frá: Seint í fyrravetur fer hún að finna til óþæginda, er hún er í íbúð sinni, sem er á neðstu hæð hússins. Í fyrstu getur hún ekki gert sér grein fyrir, hvað þetta er eða frá hverju þetta stafar. En stundum bregður eins og þokuslæðingi fyrir sjónir hennar. Hún heyrir oft umgang, þótt enginn sé inni nema hún. Í tvö skipti telur hún sig hafa séð manni bregða fyrir. Í annað sinn á ganginum inni í íbúðinni, en í hitt skiptið í skúr, sem er á bak við húsið. Smám saman ágerist þetta svo, að henni finnst þetta vera að verða alveg óbærilegt. Þá er það dag einn, að hún leggur sig út af á legubekk í stofunni. Liggur hún vakandi með opin augun. Þá sér hún, hvar maður kemur inn, gengur til hennar og ræðst að henni. Grípur hann heljartökum um brjóst hennar. Finnst henni hann ætla að kremja sig sundur. Sér hún hönd, sem henni finnst taka um hjartað í sér. Hún verður yfir sig hrædd og kennir mikils sársauka. Hyggur hún þetta muni vera sitt síðasta og segir, að sér hafi flogið í hug:

Jæja, svona átti eg þá að fara. Þetta ástand varir allt að fimmtán mínútum. Finnst henni hún hafi allan þann tíma verið að verjast árás þessa manns, sem hún gerði sér þá grein fyrir að ekki var mennskur maður,

en skildi hins vegar ekki, hvers vegna hann ásótti hana svona illilega. Ekki vissi hún til þess, að neinn framliðinn ætti sökótt við sig á neinn hátt.

Eftir þetta fannst henni alveg óbærilegt að vera ein með barn í íbúðinni. Bar hún sig upp við konuna, sem býr á efri hæð hússins og tjáði henni, hvað fyrir sig hefði borið. Kom þeim saman um, að svo væri. Réð hún þá af að biðja eldri mann, sem henni er nákunnugur og er bæði góður og gætinn maður, að sofa í íbúðinni. Sagði hún honum, hvernig komið væri og að hún þyrði ekki að leggja sig og ekki að sofna, nema hafa einhvern sér sterkari í íbúðinni.

Fyrst slær hann þessu upp í grín og gerir ekkert úr þessu. Þó fer svo, að hann kemur heim með henni og lofar að sofa þar um nóttina. Hann háttar svo og sefur á legubekk í stofunni. Sofnar konan nú róleg og óhrædd og vaknar ekki fyrr en um venjulegan fótaferðartíma.

Sér hún þá, að gamli maðurinn liggur enn kyrr, og ávarpar hún hann með þessum orðum:

Ætlarðu ekki að fara í vinnu í dag?

Nei, eg er hálflasinn og fer víst ekki í dag, svarar hann.

Hún gengur svo fram að hita kaffið. Eftir litla stund kemur hann fram til hennar og segir:

Eg held, að eg rengi þig nú ekki framar. Mér varð ekki svefnsamt í nótt. Rétt eftir að þú ert sofnuð, sé ég hvar hurðin opnast og inn kemur lítill maður á mógráum fötum, með lítið, hnöttótt höfuð. Án nokkurra umsvifa ræðst hann á mig. Mér verður ekki um sel. En hugsa samt, að bezt sé að taka á móti karli, þótt eg

sé nær sjötugur. Takast nú þarna með okkur harðar sviptingar, og reyni eg allt, hvað eg get, að standa á móti. Þeim lýkur loks þannig, að eg felli hann, og finnst mér þá sem hann hverfi sjónum mínum. En eg ligg eins og lamaður eftir. Eftir það sofnaði eg ekki einn einasta blund alla nóttina. Og það get eg sagt þér, að eg treysti mér ekki til að vera aðra nótt hér. Sé eg nú, að ekkert vit er fyrir þig að vera eina hér í íbúðinni.

Svo fór hann, og fannst konunni þá fjúka í flest skjól fyrir sér. Nefndi hún þetta svo við tvo menn aðra og sagði þeim, hvað fyrir sig hefði borið og hvað komið hefði fyrir gamla manninn, en hann þekktu báðir þessir menn. Spurði hún, hvort þeir vildu, annarhvor eða báðir, sofa þarna í íbúðinni, því að hún þyrði ekki að vera ein.

Þeir færðust undan því. Sá hún sér þá engan kost annan en flýja íbúðina. Var hún svo fjarverandi í hálfan mánuð. Kom hún samt stöku sinnum heim að degi til og fann þá jafnan til óþæginda inni í íbúðinni, en sá ekkert og varð ekki heldur fyrir beinum árásum. En loftið var einkennilegt og mjög óþægilegt, segir hún.

Áttu þær svo enn á ný tal um þetta, konan, sem býr á efri hæðinni, og hún. Fannst báðum þetta ástand allveg óbærilegt. Varð það svo úr, að konan á efri hæðinni fór fyrir hönd hinnar til séra Jóns Auðuns og bað hann ásjár. Hann brást vel við og lofaði að tala við Hafstein miðil, ef unnt væri að fá fund og komst fyrir, hvaðan þetta stafaði.

En nú verður vegna þess, sem á eftir kemur, að geta

þess, að konan, sem fyrir árásinni varð, hafði eitthvert hugboð um, af hvers völdum þetta stafaði. Hún hafði vissa manneskju í huga, sem búið hafði í þessu sama húsi, en var þar ekki nú, er þetta kom fyrir. Hún vissi, að henni fylgdi eitthvað, sem var mjög óþægilegt. En hún skildi ekki, hvers vegna það ásótti hana, því að þessi manneskja hafði alltaf verið mjög vinsamleg í hennar garð, og til hennar þekkti hún gott eitt.

Þetta sagði hún konunni á loftinu, og konan á loftinu lét þetta í ljós við séra Jón Auðuns, er hún ræddi við hann um þetta mál. Eins vil eg geta í sambandi við þetta, að í dag kom gamli maðurinn, sem fyrir árásinni varð, til mín. Sýndi eg honum það, sem eg hafði skrifað eftir frásögn konunnar. Hafði hann ekkert við það að athuga.

Þetta er satt og má því segjast, sagði hann. Hann endurtók það, að lengur hefði hann ekki treyst sér til að vera þarna, og kvaðst hafa verið eftir sig eftir viðureignina. Hann er með hæstu mönnum, og er teinréttur og kraftalegur.

Viku síðar var svo fundur haldinn með Hafsteini í þessari sömu stofu, sem reimleikarnir gerðust í. Fundinn sátu konan, sem varð verst úti og varð að flýja íbúðina, konan á loftinu, séra Jón Auðuns, Guðrún Jónsdóttir, Þórdís Helgadóttir og Einar Loftsson, kennari.

**Frásögn séra Jóns Auðuns
af því, sem gerðist á fundinum**

Það var skömmu eftir sólstöður í fyrra vor, að kona nokkur, sem getur hér að framan og eg nefni „konuna

á loftinu," kom til erindis við mig. Konuna hafði eg ekki þekkt áður. Þegar hún var sett í skrifstofu minni, sá eg að hún átti örðugt með að stynja upp erindinu, og spurði eg hana því beinum orðum, hvað henni væri á höndum. Hún sagði mér þá sögu þá af sambýliskonu sinni í húsinu, sem frú Elinborg Lárusdóttir hefir skráð hér að framan. Mér þótti ýmislegt benda til þess, að hér væru reimleikar á ferðinni og spurði konuna, hvort þær hefðu nokkra hugmynd um, af hverju þessi ósköp stöfuðu. „Konan á loftinu“ hélt það og sagði mér, að fullyrt hefði verið af ýmsum, að gamalli konu, sem til skamms tíma hefði búið í húsinu en nýlega hefði verið flutt þaðan undir fremur ömurlegum kringumstæðum, fylgdi eitthvað dularfullt. „Konan á loftinu“ sagði mér, að þær tvær, hún og sambýliskona hennar í húsinu, sem fyrir óþægindunum yrði, væru sannfærðar um, að hér væri fylgja gömlu konunnar að verki. Eg varaði hana við, að slá nokkru föstu um það, um þetta gætum við enn ekkert vitað, þótt ekki væri óhugsandi, að svo kynni að vera, sem þær héldu. Eg hét því, að reyna að fá Hafstein Björnsson mér til hjálpar til að athuga þetta, þótt hann væri hættur störfum um sinn, þar sem komið væri hásumar og hvíldartími hans frá transfundum þess vegna kominn.

Eg náði í Hafstein í síma sama dag. Sagði eg honum, að mig langaði til að fá hann með mér til að reyna transfund í húsi einu hér í bænum, sem ástæða væri til að ætla, að reimleikar væru í. Aðrar upplýsingar gaf eg honum ekki, en hann tók þessu óðara vel og nefndi kvöld, viku síðar, er hann gæti komið.

Eg vil geta þess ,að ekki vissi Hafsteinn meira um þetta fólk en svo, að síðla dags, sem fundinn skyldi halda, hringdi hann til mín til þess að spyrja mig, hvar í bænum húsið væri, sem við ættum að hittast í, nöfnin á konunum hafði eg enn ekki nefnt við hann né aðra, sem fundinn áttu að sitja með okkur, en þeir voru frú Þórdís Helgadóttir, kona Hafsteins, Einar Loftsson ,kennari, og frú Guðrún Jónsdóttir.

Við hittumst í þessu húsi kl. 8.30, síðdegis einhvern fyrsta daginn í júlí 1945.

Þegar í dyrunum kom á móti mér „konan á loftinu“ og sagði mér, að svo einkennilega hefði viljað til, að gamla konan, sem hún setti reimleikana hiklaust í samband við, hefði látizt þennan sama dag. Eg bað hana, að gera ekki of mikið úr þessu að sinni.

Gluggar voru byrgðir vegna sumarbirtunnar, við settumst, konurnar tvær og gestirnir, og innan stuttrar stundar var miðillinn fallinn í trans.

Fljótlega talaði við mig rödd, sem oft talar í gegn um Hafstein. Við skulum kalla hann læk'nirinn. Eg spurði hann þegar, hvort hann gæti ekki sagt mér eitt-hvað um gömlu konuna, sem hér hefði búið og hefði farið af okkar heimi í dag. Læk'nirinn svaraði stuttlega: „Eg veit ekkert um hana.“ Eg innti hann aftur eftir henni, en hann svaraði enn stuttlegar en áður: „Held-urðu að eg viti um alla, sem koma yfir í okkar heim?“ En svo bætti hann við á þessa leið: „Þetta er allt annað en þið haldið. Þið eruð á villigötum með þetta allt sam-an. Verið þið róleg, þá verður ykkur sagt það, sem þið eigið ekki von á. Verið þolinmóð.“ Læk'nirinn sagði ennfremur: „Maðurinn, sem vandræðunum hefir vald-

ið, er herna inni. Hann stendur þarna í horninu á herberginu. Eg hef góðar vonir um þetta.“

Það, sem á eftir fer, sögðu þær báðar, Finna og Ragna, en þær töluðu til skiptis.

„Eg sé fyrir mér mann“ — við skulum nefna hann N.N., „það er ekki maðurinn, sem þú heldur, séra Jón, þessi maður er ennþá hjá ykkur á jörðunni, en þetta mál stendur á einhvern kynlegan hátt í sambandi við hann. Þessi N.N. hefir verið í þessu húsi.“ Nú synjuðu báðar konurnar, sem í húsinu bjuggu, þess, að maður með þessu nafni hefði nokkurn tíma átt þar heima, að því, er þær vissu til, og hafði þó „konan á loftinu“ búið þar um margra ára skeið.

Enn hélt röddin, sem í gegn um miðilinn talaði áfram: „Þetta er allt svo undarlegt. Það er erfitt, að gera mér það skiljanlegt og eg á erfitt með að láta ykkur skilja það. Þessi maður, þessi N. N. hefir staðið í einhverju sambandi við þetta hús, hann hefir haft sterkan hug hingað. Bíðið dálítið, ég ætla að reyna að ná þessu betur frá þeim, sem eru að láta mig segja þetta.“

Nú varð nokkur þögn, en þá hélt röddin áfram: „Jú, þetta er svona, þessi N. N. hefir verið að hugsa mikið um þetta hús, hann hefir ætlað að eiga herna heima, hann hefir ætlað að eignast þetta hús, hefir haft sterkan hug á því, en hann hefir verið hindraður frá því. Gamli maðurinn, sem vandræðunum hefir valdið er fyrir allöngu farinn af jörðinni, en hann er gamall vinur þessa N. N., hann hefir alltaf fylgt með honum og haft hug á öllum málefnum hans. Þegar N. N. var hindraður frá að eignast húsið, vissi gamli framliðni maðurinn það, og hann reiddist svo fyrir hönd þessa

jarðneska vinar síns, að hann hefir valdið þessum reimleikum hérna í húsinu til þess að hefna hans á ykkur.“

Þegar hér var komið hafði gamla manningnum verið lýst eins og konan, sem fyrir ásókninni varð, hafði lýst honum áður, og nú var búið að gefa okkur svo greinilegar upplýsingar um þennan N. N., að við þekktum hann, kunnan borgara þessa bæjar.

En nú brá okkur, gestunum, nokkuð við. „Konan á loftinu,“ rak upp undrunaróp, og botnlaus furða var í rómnum, þegar hún kallaði eins og ósjálfrátt upp: „Getur þetta verið svona! Er þetta mögulegt!“

Eg spurði hana, við hvað hún ætti, og hún sagði okkur merkilega sögu á þessa leið: „Í vor var í ráði að selja þetta hús, og komst eg að því, að maðurinn, sem hér er nefndur N. N., hafði mikinn hug á að kaupa húsið og falaðist eftir því, en við leigjendurnir hindruðum hann með því að nota okkur húsaleigulögin og neita að fara út, en hann þurfti að fá húsið allt laust til íbúðar. Úr kaupunum varð því ekki. En sízt hefði mig grunað það, að framliðinn vinur þessa N. N. yrði til þess, að taka upp þykkjuna fyrir hann og hefna sín á okkur!“

Eftir þetta stutta fundarhlé talaði lækurinn aftur við mig í gegnum miðilinn. Hann hafði orð á því að við þekktum ekki, hvílíkir örðugleikar væri fyrir þá hinum megin, að koma jafn flóknu máli og þetta var réttu gegn um miðilinn, en þeim Finnu og Rögnu hefði tekizt vel. Hann gat þess, að í byrjun hefði hann sagt okkur, að við værum á villgötum með hugmyndir okkar um orsakir reimleikanna í húsinu, nú gætum við séð, að þeir hefðu ekki staðið í neinu sambandi við

gömlu konuna, eins og konurnar í húsinu hefðu þó haldið. Hann talaði um N .N., sem við fundarfólkið þekktum, eins og áður sagði, og er alþekktur borgari höfuðstaðarins, og sagði um hann: „Aumingja N. N. er vitanlega alsaklaus af þessu, þessi gamli kunningi hans hefir tekið upp þykkjuna fyrir hann vegna þessara húsakaupa, hann var svo vanur að hugsa um hans hag. Af þessu sjáið þið, að þeir eru ekki allir komnir langt áleiðis, þótt hingað yfir séu komnir.“

Eg spurði lækirinn nú, hvort þessum reimleikum í húsinu myndi létta af ,og hvort þessi gamli, móklæddi maður, sem hann hefði sagt okkur frá, mundi vera búinn að átta sig svo á þessu máli, að hann hætti brellum sínum. Lækirinn svaraði: „Hann um það, en við hérna gerum annað .Við erum búnir að taka konuna, sem fyrir ásókninni hefir orðið, í hálf-trans (og það sáum við að var rétt, því að konan hafði þá um stund verið hálf meðvitundarlaus) og við „lokum henni fyrir áhrifum.“

Þetta man eg glögggt frá þessum fundi og votta það með mér þeir, sem auk mín sátu fundinn.

Reykjavík, 20. júní 1946.

Jón Auðuns.

Þórdís Helgadóttir.

Guðrún Jónsdóttir.

Einar Loftsson, kennari.

Í viðtali við séra Jón Auðuns biður hann mig að geta þess, að fundurinn hafi borið fullan árangur, reimleikarnir hættu. Einnig skal þess getið, að lækirinn sagði við séra Jón Auðuns:

„Við lokum henni — (konunni) í sex mánuði“.

Þetta gekk eftir. Konan flutti í íbúð sína og varð hún engra óþæginda vör í sex mánuði. En eftir þessa sex mánuði fór hún aftur að finna til óþæginda, en þau voru allt annars eðlis.

Reykjavík, 30. júní 1946.

Elínborg Lárusdóttir.

Frá fundum

Veturinn 1938 langaði mig mikið til að vera á fundi hjá einhverjum trúverðugum miðli. Andrés var dáiinn. Eg þekkti engan miðil. Einhver sagði mér af Hafsteini. Hann hafði eg þá aldrei séð og aldrei talað við. Loksins komst eg eftir, hvar eg gæti náð sambandi við hann. Var mér vísað á frú Lilju Kristjánsdóttur, Laugavegi 37. En þar hélt Hafsteinn fundi að minnsta kosti stundum. Eg talaði ekki við hann sjálfan, heldur hana. Mig minnir í gegnum síma. Hún tók vel í þetta. Þetta átti að vera einkafundur og var það. Auk miðilsins var enginn viðstaddur nema eg og frú Lilja. Þessi fundur var einn hinn bezti, sem eg hefi setið.

Eg kom til að fá leyst úr máli, sem varðaði mig miklu. Það var leyst, og mér sagt, hvernig fara mundi. Eg var þá ekki trúuð á það. En það hefir gengið nákvæmlega eftir.

Gamall prestur, sem verið hafði vinur minn í jarðlífinu, kom þarna fram. Var honum lýst mjög nákvæmlega, svo sem hæð, vaxtarlagi, andlitsfalli og háralit.

Sagt var líka, að hann hefði veika rödd og talaði mjög lágt, Honum hefði verið illt í hálsinum. Allt var þetta á þann veg, að ekki var um að villast, við hvern var átt.

Þarna var sagt frá ferð gamla prestsins út yfir hafið, til fjarlæggra landa. Finna, sem talaði í gegnum miðilinn, sagði, að hann hefði verið í mikilli þoku, er hann fór þessa ferð. Eg skildi vel, hvað þessi þoka táknaði, en hitt skildi eg ekki fyrr en síðar, er lýst var umhverfinu, sem hann flutti í vestur í Ameríku, og Finna sagðist sjá hænsni í kringum hann.

Síðar fékk eg að vita, að á tímabili hafði hann stundað hænsnarækt vestra. Þetta var í fyrsta sinni, sem hann kom í sambandið. Síðan hefir hann komið á næstum hvern fund og hefir löngu sannað sig. Hann hefir verið mér þráfaldlega nálægur í andanum og virðist hann alltaf vita um líðan mína og minna og hvað eg hefst að. Hann hvatti mig til að gefa út „Föru-menn“ og sagði nákvæmlega, hvernig gengi með þá bók.

Svo sá eg Hafstein ekki svo árum skipti, eða ekki fyrr en frú Gíslína Kvaran kom með hann veturinn, sem eg lá lengst. En síðan hefir hann haldið nokkra einkafundi fyrir okkur hjónin heima hjá okkur. Við höfum ekki skráð fundina jafnóðum, svo að hér verður það eitt sagt, sem eg man glögg.

Finna hefir alltaf flutt kveðju og boð frá gamla prestinum. Þegar bókin „Hvíta höllin“ var í prentun, lét hann Finnu skila, að þetta hefði átt að vera miklu stærri bók.

Þegar eg fór að hugsa um það, sá eg, að þetta var alveg rétt. Eg átti efni frá því tímabili í miklu stærri bók.

Faðir minn, sem lézt rétt fyrir aldamótin, hefir einu sinni komið sjálfstætt fram í miðlinum og talað í gegnum hann. Var átakanlegt að heyra hóstann og hrygluna í miðlinum, er hann kom í gegn, enda kvartaði hann um, að sér væri svo þungt fyrir brjósti. Hann dó úr lungnabólgu mörgum árum áður en Hafsteinn miðill fæddist.

Eg má segja, að faðir minn kom á fyrsta fundinum hjá frú Lilju. Síðar hafa svo oft komið skilaboð frá honum til mín og þó einkum Lárusar sonar míns. Lætur hann sér mjög annt um Lárus og segist vera með honum, þegar hann geti. Eitt sinn skilar Finna þessu frá honum til Lárusar:

Eg tek stundum í þig, og eg hefi að minnsta kosti einu sinni tekið svo hraustlega í þig, að eg held, að þú hljótir að muna það. Það verða allir að gá niður fyrir fætur sér.

Þegar Finna skilar þessu, svarar Lárus:

Já, þetta er víst alveg rétt.

Eftir fund förum við að spyrja Lárus. Hann segir svo frá:

Í ágústmánuði sumarið 1936 fór eg með Félagi ungra jafnaðarmanna austur á Þingvöll. Við höldum saman þrír strákar. Hugðum við gott til veiða í vatninu og höfðum allan útbúnað þar tilheyrandi. Við stigum út úr bílnum og skildum farangurinn eftir skammt frá Vellankötlum. Eg var í kloffháum vaðstígvélum. Við

ætluðum að vaða út í vatnið eins langt og fært yrði. Svo vildi til, að eg var fyrstur ferðbúinn. Þrammaði eg áfram skemmstu leið, þótt eg sæi ekki annað en þéttan skóg framundan.

Þetta var í ljósaskiptunum og aðeins byrjað að rökkva, en þó engan veginn skuggsýnt orðið. Gekk eg nú nokkra faðma áfram. En allt í einu finn eg ekki fyrir festu undir hægra fæti og er eg að steypast fram yfir mig. Finn eg þá, að þrifið er í mig aftan frá, og er mér hent nokkra faðma aftur á bak. Ligg eg þar flatur í skógarkjarrinu, og bogar svitinn af mér.

Nú koma strákarnir til mín og spyrja, hverju þetta sæti, hvað sé um að vera, hvort ég sé veikur, það sé ósköp að sjá mig.

Eg segist ekki geta áttað mig á þessu. Mér hafi fundizt þrifið í mig og mér hent aftur á bak.

Engum okkar þótti það víst sennilegt, að svo hefði verið. Því væri nú svo, þá var hér um einhverja ósýnilega veru að ræða, og enginn okkar var víst mjög trúður á, að slíkt ætti sér stað. En eg fór nú samt að hugsa um þetta og ásetti mér að athuga staðinn, sem ég ætlaði mér að fara um. Fórum við nú allir þrír að skyggjast um. Brá mér ónotalega, er eg varð þess áskynja, að eg hafði verið að steypast ofan í gjá, sem að vísu var ekki mjög stór ummáls, en svo djúp, að hvergi sá til botns. En að ofan var hún hulin af þéttum skógargreinum.

Lárus hafði ekki sagt okkur frá þessum atburði. Vissum við ekkert um þetta fyrr en eftir þennan fund.

Voru þá liðin 7 ár frá þessum atburði og þar til faðir minn minntist á þetta í sambandinu.

Reykjavík, 8. apríl 1946.

Elinborg Lárusdóttir.

Ingimar Jónsson.

Frá Ásunnarstöðum

Eg var á miðilsfundi hjá Hafsteini Björnssyni seint í júní 1940. Fundurinn var í Bergstaðastræti 3, hjá Ísleifi Jónssyni. Ef satt skal segja, var eg ekki vel fyrir kölluð og ekki með hugann við það, sem gerðist á fundinum, heldur heima hjá mér. Var eg því lengi að átta mig. En á fundi þessum kom Finna og lýsti staðhättum heima á Ásunnarstöðum í Breiðdal. Lýsti hún öllum húsum og taldi bæjarburstirnar og rúmin í baðstofunni. Útsýni, séð frá bænum, lýsti hún svo nákvæmlega, að mér fannst eg vera komin heim í Breiðdal. Stóð lýsing hennar á húsakynnum heima við það, sem var, er eg fór að heiman 21 árs.

Svo fór hún að lýsa öldruðum manni með skegg. Sagði hún, að hann stæði hjá mér. Lýsti hún andlitsfalli, fasi og klæðaburði hans mjög nákvæmlega. Að síðustu sagði Finna, að hann tæki upp lítinn útskorinn kistil úr rúminu sínu og segði, að eg hlyti að muna eftir kistlinum.

Eg stritaði á móti og samþykkti ekkert í fyrstu. Eins og eg sagði áðan, var eg ekki óskipt þarna á fundinum, og svo vildi eg ekki gefa neitt í skyn, sem yrði ef til

vill hægt að hagnýta. En er þessar lýsingar komu svona skýrt fram, sá eg, að ekki stoðaði að berja í bakkann.

Eg þekkti þennan gamla mann mjög vel. Hann hét Bjarni Björnsson og var í húsmennsku heima hjá föður mínum og var okkur vel til vana. Eg mundi líka vel eftir kistlinum hans og því, sem í honum var. En á þessum fundi átti eg miklu fremur von á, að eitthvað kæmi til mín af mínu fólki, en þessi gamli maður, en ekkert af því kom fram á fundinum.

Reykjavík, 17. marz 1946.

Oddný Stefánsson.

Framanritað votta eg, sem var viðstaddur fundinn, að er rétt sagt frá.

Zóphónías Pétursson.

Móðirin

Veturinn 1937 vorum við hjónin á fundi hjá Einari H. Kvaran, og var Hafsteinn miðillinn. Þegar komið er fram á fundinn, segir Finna í gegnum miðilinn:

En hvað þetta er skrítið. Það er barn í fanginu á Arnheiði.

Einar H. Kvaran spyr, hvort hún kannist við þetta. Hún neitar því og segist aldrei hafa misst barn.

Í því segir stjórnandi miðilsins — Vinur — að við skulum ekki láta okkur bregða. Þeir ætli að hleypa hér í gegn konu, sem líði mjög illa.

Eftir örlitla stund hljómar kvenrödd gegnum mið-

ilinn. Ber hún sig aumlega og grætur og veinar, svo að átakanlegt var á að hlýða, og heimtar barnið sitt.

Einar H. Kvaran spyr þá, hvaða barn þetta sé, sem hún sé að heimta.

Stjórnandinn grípur þá inn í og segir, að þessi kona sé nýdáin af barnsförum á einu sjúkrahúsi bæjarins. Hún sé enn ekki búin að átta sig og vilji friðlaus fá barnið, sem lifi enn hjá okkur. Hann segir, að henni líði ákaflega illa. Hún fáist ekki til að yfirgefa sjúkrahúsið, af því að barnið hennar sé þar. Hún sé sár út í læknana og heimti alltaf barnið sitt.

Einar fer þá að tala við hana og spyr, hvort hún sjái ekki barnið í kjöltu Arnheiðar, konu minnar. Hún sjái, að því líði vel. Hún geti verið alveg róleg.

Við það róast hún. Jú, hún álítur það rétt vera, og fer nokkurn veginn róleg úr sambandinu.

Eftir að hún er farin, fer Kvaran að grennslast um, hvernig í þessu liggi.

Stjórnandinn segir, að þeir geri þetta stundum til þess að róa mæður, sem hverfi frá nýfæddum börnum sínum. Þeir hafi gripið til þeirra úrræða að leggja þetta barn upp í kjöltu Arnheiðar til þess að sýna móðurinni, að því líði vel.

Þessari látnu konu var lýst á fundinum. Var eftir á leitað upplýsinga um þennan atburð. Þetta þótti mjög einkennilegt og jafnframt óvenjulegt atvik.

Í gegnum miðilinn var sagt, í hvaða sjúkrahúsi konan hefði andast, og var það allt rétt. Hún var nýlátin. En barnið hennar lifði. Engum fundarmanna var kunnugt lát þessarar konu. Enginn þeirra þekkti

neitt til hennar. Er því alveg víst að koma hennar stóð ekki í nokkru sambandi við þá, sem fundinn sátu.

Reykjavík, 18. marz 1946.

Arnheiður Jónsdóttir.

Guðjón Sæmundsson.

Eg þekkti hann ekki

Árið 1940 var eg á fundi hjá frú Gíslínu Kvaran. Miðillinn var Hafsteinn Björnsson. Mér er þá sagt af Finnu, sem kemur í gegnum miðilinn, að hjá mér standi maður, sem segist heita Jón Sigtryggsson og vera frá firðinum þar, sem steinn dverganna sé. Eg skildi vel, við hvaða fjörð var átt, er steinn dverganna var nefndur. Það gat ekki átt við nema Seyðisfjörð. Þrátt fyrir það, að eg er sjálf að austan og hefi dvalið á Seyðisfirði, gat eg ekki áttað mig á þessum manni. Þegar eg kannast ekkert við hann, segist hann vera fæddur á hólnum og dalnum, og nú fer Finna að lýsa bæjarstæðinu og umhverfinu, þaðan sem hann segist vera.

Þá spyr einhver fundarmanna, hvort hann eigi við Fljótsdalinn.

Finna svarar því neitandi, og er nú sagt, að hann sé af Hólsfjöllum norður af Jökuldal.

Þegar eg kannast ekki við neitt af þessu, biður hann að skila því, að hann hafi byggt sér hús undir fjallinu. En þrátt fyrir allar þessar lýsingar, sem voru mjög skýrar og greinilegar, man eg ekki eftir þessum manni.

Á fundinum var kona, sem heitir Guðrún Jónsdóttir. Sá hún hann þarna inni og lýsti honum nákvæm-

lega. Bar lýsing hennar og Finnu saman, nema hvað frú Guðrún sagði, að hann væri með skjalatösku undir hendinni, en það man eg ekki til, að Finna nefndi.

Fór eg svo af fundinum, að eg gat ekki áttað mig á þessu. Eftir fundinn fór eg til konu af Seyðisfirði, sem búsett er hér í bæ. Sagði eg henni af þessum manni og lýsti honum fyrir henni, eins og honum var lýst fyrir mér. Hún kannaðist þá við hann af lýsingunni. Segir hún, að hann hafi verið bæjarstjóri á Seyðisfirði. Hann hafi verið ættaður ofan af Hólsfjöllum norður af Jökuldal. Kannaðist hún við lýsingu af staðháttum þar. Hún sagði, að hann hefði líka byggt sér hús á Seyðisfirði undir fjallinu skammt frá sjúkrahúsinu. Ennfremur sagði hún, að hann hefði tekið sér ættarnafnið Þór. En hann hét fullu nafni Jón Sigtryggson.

Þá rifjaðist það upp fyrir mér, að eg hafði einu sinni séð hann, en þekkti hann ekkert. Eg hafði ekki heyrt getið um lát hans og hélt því, að hann væri lifandi, og eftir útliti hans mundi eg ekki, eftir svo mörg ár.

Reykjavík, 10. marz 1946.

Pálína Steinsdóttir.

Gamla konan

Á öðrum fundi hjá sama miðli er mér sagt, að hjá mér sé gömul kona. Finna lýsir henni, klæðnaði hennar, andlitsfalli og fleiri einkennum. Finna segir, að hún hafi oft setið á rúmi og haldið á prjónum. Hún strjúki um augun, hún hafi verið orðin blind, en nú sé sjónin komin aftur.

Eg spyr, hvað hún heiti. Nefnir Finna þá nafið Guðrún og segir, að hún hafi verið orðin gráhærð og gömul, er hún fór héðan.

Eg kannaðist við lýsingu Finnu á þessari konu. Hana þekkti eg. Hún var einstæðingur og bjó í húsi á Seyðisfirði, sem kallað var bakhúsið. Hún hét Guðrún. Var lýsingin af henni svo nákvæm og lifandi, að mér fannst eg sjá gömlu konuna fyrir mér. Og eins og sagt var þarna, var hún orðin blind.

Reykjavík, 10. marz 1946.

Pálína Steinsdóttir.

Þegar Finna fór að lýsa þessum manni, sem hún sagði, að hétí Jón Sigtryggsson, man eg eftir, að eg sá hann þarna inni, og var hann með skjalatösku undir hendinni. Eg kannaðist ekkert við hann, og sama var að segja um þá, sem fundinn sátu. En eins og áður er sagt beindi Finna máli sínu til frú Pálínu Steinsdóttur.

3. maí 1946.

Guðrún Jónsdóttir.

Guðný G. Hagalín segir frá

Veturinn 1944 sat eg fund hjá Hafsteini miðli. Við höfðum þá aldrei sézt, svo að eg vissi til, og var honum ekki kunnugt um, að eg ætlaði að sitja fundinn. Þetta var einkafundur, sem haldinn var hjá frú Elinborgu Lárusdóttur og Ingimari Jónssyni, Vitastíg 8A. Sátu þann fund ekki aðrir en þau hjónin og eg.. Frú Elinborg bauð mér á fundinn svo að segja á síðustu stundu.

Mér er ekki grunlaust um, að hún hafi gert það í þeim tilgangi, að hafa þarna einhvern óþekktan, sem miðillinn vissi ekkert um, og sjá hver árangurinn yrði.

Fyrst var lýst ýmsum verum, sem komu til frá Elinborgar og þeirra hjóna. Man eg sérstaklega eftir gömlum presti, sem frá Elinborg ræddi mikið við, og virtist hann láta sér mjög umhugað um hana. Sagði frúin mér, á eftir, að hann kæmi alltaf í sambandið. Hann væri tryggur vinur og hefði einu sinni dvalið um tíma á heimili þeirra hjóna.

Næst komu svo til mín tengdaforeldrar mínir. Lýsti Finna þeim svo skýrt og greinilega, að eg þekkti þau af lýsingunni, enda nefndi hún nöfn þeirra. Svo kom margt af gömlu fólki, sem var fyrir langa löngu búið að kveðja þennan heim. Allt hafði það verið á mínum vegum á tímabili ævinnar og sumt af því dáið hjá mér. Lýsingarnar á því voru á þann veg, að eg þekkti hvern og einn. Lýsti Finna ekki einungis klæðaburði þess, heldur líka vexti, andlitsfalli, háralit og látbragði. Hún gat um gamla bæinn, sem rifinn var, löngu áður en Hafsteinn fæddist. Virtist mér hún þekkja hann eins náíð og eg. Benti hún á, hvar hver og einn hefði verið í baðstofunni. Fataðist henni þar aldrei. Þetta gamla fólk var harla ólíkt hvað öðru og átti sín sérkenni bæði í lyndiseinkennum og látbragði. Finna var svo nösk á að tína allt það fram, er var einkennandi fyrir hvern og einn, að eg gat ekki annað en brosað. Sérstaklega kom þarna fram einn gamall maður, sem verið hafði vinnumaður hjá mér í 9 ár. Finna nefndi um leið nafnið Einar. Hét hann Einar og var Gíslason. Hann minntist á konu sína, sem enn er á lífi og hér í Reykjavík. Virtist

hann vita um hagi hennar og eins um það, að okkur væri alltaf vel til vana. Var hann glaður mjög og sagði, að nú færi að styttest til samfunda. Þótti mér vænt um, að hann kom fram og gerði vart við sig, því að á honum hafði eg haft miklar mætur. Hann rifjaði upp ýmislegt frá samverutímanum og þakkaði mér að síðustu fyrir sig og sína.

Því næst komu börnin. Ekkert þeirra talaði samt við mig, nema Ólafur, sonur minn. Hann fórst af Leifi heppna og hafði hann áður sannað sig heima hjá mér, í Keflavík og svo í sambandinu hjá Andrésí miðli. Hefir frú Elinborg ritað um það í bókinni „Úr dagbók miðilsins“.

Eg man ekki greinilega samtalið milli okkar Óla míns. En hann sagði, að systkini sín væru öll þarna hjá sér.

Að síðustu segir Finna, að hér sé komin kona, sem sé ákaflega skritilega klædd. Hún sé á hvítum peysufötum. Sjálf segist hún hafa gift sig í þeim og farið í þeim. Finna segir, að hún fullyrði, að eg þekki hana.

Eg gat með engu móti komið henni fyrir mig.

Finna skilar aftur, að eg þekki manninn hennar. Hún sé frá Ísafirði. Þá man eg allt í einu eftir konu, sem þessi lýsing gæti átt við. Heyrði eg talað um, að hún hefði gift sig í hvítum peysufötum og verið kistulögð í sömu fötunum. Hún var, eins og Finna sagði, frá Ísafirði.

Það kom fleira fram á þessum fundi. En eg man það ekki svo glögglega, að eg þori að fara með það, enda fundust mér lýsingar á þessu löngu liðna fólki hið allra merkasta.

Næst sat eg fund hjá Hafsteini hér heima hjá mér, á Barónsstíg 33, 10. apríl 1946. Þetta var einkafundur, eins og hinn, og vorum við auk miðilsins aðeins tvær konur. Hófst fundurinn með því, að farið var að lýsa hjá mér gömlum hjónum, sem eg þekkti strax, að voru tengdaforeldrar mínir. Var sagt, að konan væri ákaflega tengd mér, en samt ekki mamma mín.

En hún gæti verið hálfmamma þín, segir Finna í gegnum miðilinn. Svo var nafn hennar nefnt, en ekki nafn gamla mannsins. En Finna spurði:

Hvar er Gísli? Sagði hún, að gamli maðurinn væri að tala um einhvern Gísla. Hann væri enn hérna á jörðinni. Eg skildi, að hér var átt við Gísla mann minn.

Því næst var lýst gömlum manni, sem sagt var, að stæði hjá mér og væri mikið skyldur mér. Um leið var nefnt nafnið Guðmundur. Hélt Finna svo áfram að lýsa honum nánar, og skildi eg, að hér var átt við föður minn sáluga. Lýsti Finna ekki einungis útliti hans, andlitsfalli, vexti og klæðaburði, heldur líka skapferli hans og framgöngu. Hún sagði, að hann hefði verið stór í lund, er því var að skipta, og eftir því fylginn sér. En það hefði aldrei komið niður á þeim smáu.

Svo fór Finna að lýsa landslagi. Fjöllum, tindum og fjallaskorningunum, sem féð hefði klifað upp um. Svo sagðist hún ennfremur heyra svo mikinn gný í fjallinu fyrir ofan — veðurgný. Það hefði verið hægt að ráða veður af því, hvernig hvinið hefði í fjallaskarðinu fyrir ofan bæinn.

Eg hafði satt að segja hálf gaman af þessari lýsingu Finnu. Náttúran bar ýmsa óma að eyrum mér á Lokin-

hömrum. Eg veitti þeim eftirtekt og þekkti þá og breytileika þeirra. Af dyninum í fossinum frammi í dalnum og veðurhvininum í fjallaskörðunum fyrir ofan bæinn, vissi eg alveg, hvernig veðrið mundi ráðast næsta dag.

Síðan nefndi hún fjörð. Nafnið fann hún ekki, en sagði:

Það er eitthvað um dýr í honum. Eg þóttist vita, að hér ætti hún við Dýrafjörð, þar sem faðir minn bjó.

En nú fer hún lengra yfir og lýsir nú lítilli kirkju, bæjum og fjöllum. Fannst mér sú lýsing eiga við Selárdalinn. Kirkjan þar blasir við frá Lokinhömrum. Svo heldur Finna enn áfram að lýsa, og skil eg af þeirri lýsingðu, að hún er komin heim að Lokinhömrum og að hún er eiginlega alltaf að lýsa Arnarfirðinum, nema hvað hún bregður sér sem snöggvast til Dýrafjarðar í sambandi við föður minn heitinn.

Finna segir, og er þá áreiðanlega að tala um Lokinhamra:

Þar var oft friðsælt og fagurt, einkum síðari hluta dags undir sólarlagið. Það var stundum stafalogn á firðinum, og fuglarnir flugu þá yfir og sungu guði dýrð.

Þetta var rétt. Hún lýsti þessu nánar, landslaginu, og hafði fleiri orð um fegurðina þar, en eg man þetta orðrétt, og því lét eg það fara. Má geta þess, að sólarlagið á Lokinhömrum var yndislega fagurt og kvöldin friðsæl.

Nú hverfur hún frá náttúrulýsingum og segir, að hjá mér standi gömul kona, sem heiti Guðbjörg. Lýsir hún henni nánar. Kannaðist eg vel við hana. En hún hafði

aldrei áður komið til mín. Svo lýsir hún ennfremur gömlum manni, sem hún segir að heiti Jón. Hann hafi verið smali hjá mér. Lýsir hún því, er hann var að reka féð í fjöru og úr fjöru aftur, svo það flæddi ekki. Gat hún þess, að þarna hefðu verið hættur fyrir féð. Svo heldur Finna áfram að lýsa Jóni smala, en svo var hann alltaf nefndur.

Hún sagði, að hann hefði verið lágur vexti með yfirskegg, fremur einfeldningslegur. En augun hefðu verið blágrá og skær og mjög góðleg. Hann var trúr og dyggur, og hann hafði meira og betra vit en fólk hélt. Það gerðu sumir gys að honum, en það var ástæðulaust og óþarft. Hann hugsaði mikið og var engan veginn einfaldur.

Næst segir Finna, að hér sé annar Jón, sem líka hafi verið smali hjá mér. Sagði hún, að hann hefði skegg eða hárhýung um allt andlitið.

Eg kannaðist fljótlega við hann af lýsingu Finnu. Hann var kallaður Jón breiði.

Finna spurði, hvort hann hefði átt mórauðan hund. Það væri með honum mórauður hundur.

Eg gat nú ekki annað en brosað og spurði, hvort Káta væri með honum. En þannig nefndum við hundinn venjulega. Var hann mógofóttur eins og við nefnum það, Vestfirðingar.

Þá segir Finna, að nú brosi hann. Síðast var sagt frá manni, sem væri þarna og hétu hann Árni Arentsson. Eg kannaðist ekkert við hann og ekki konan heldur, sem sat fundinn með mér.

Þá segir Finna: Það gerir ekkert til. Hann Gísli þekkir hann.

Eg vil geta þess, að börnin mín komu þarna. Spurði eg, hvort þau væru þarna öll, og var mér sagt, að svo væri. Spurði eg þá, hvort Gísli væri þarna, en hann var fóstursonur okkar hjónanna.

Já, hann Gilli er þarna, svarar Finna samstundis.

Þetta var gælunafn á honum, og tel eg alveg útilokað að Hafsteinn hafi haft nokkra hugmynd um það.

Eg vil geta þess, að á þeim tíma, er fundurinn var heima hjá mér, var Gísli maður minn að vinna inn við Elliðaár. Hann kom ekki heim, fyrr en fundur var úti. Sáust þeir þá í fyrsta sinn, Hafsteinn miðill og hann. Af því að Finna fullyrti, að Gísli þekkti þennan Árna Arentsson, spurði eg hann strax í áheyrn konunnar, sem sat með mér fundinn, og Hafsteins, hvort hann kannaðist við hann. Þar til svaraði Gísli þessu:

Eg man óljóst eftir honum. Eins og þú veizt, var eg smástrákur, er eg fluttist úr Tálknafirði, bara 11 ára. Árni Arentsson var þá nýfluttur í fjörðinn, og sá eg hann aldrei, eftir að eg fluttist úr firðinum.

Reykjavík, 12. apríl 1946.

Guðný. G. Hagalín.

Ath. Þess skal geta, að Gísli er rúmlega 71 árs, og eru þá liðin 60 ár frá því að hann sá þennan Árna Arentsson, sem getið er um hér að framan.

Við þekktum hann

Í maí 1944 hélt Hafsteinn miðilsfund heima hjá okkur hjónunum. Fundurinn var haldinn í vissum til-

gangi og bar fullan árangur. En það er einkamál og verður ekki sagt hér. Allur fundurinn snerist næstunum eingöngu um þessa veru, sem kom í sambandið, enda hafði hún sótt svo fast að komast í samband, að undanfarinn tíma höfðu jafnt óskyggirnir sem skyggirnir séð hana heima hjá mér.

Þegar Finna og þeir að handan, sem í sambandið komu, höfðu lýst því, sem þeir vildu, og sagt það, sem þessi vera bað þá að segja, fóru þeir, og nú kom dálítið hlé. Eg sá, að það fóru miklir kippir um miðilun. Hélt eg í fyrstu, að hann væri að vakna til meðvitundar. Nú fer hann með aðra höndina ofan í bakvasann. Er líkast því, að hann taki eitthvað upp úr vasanum. Hann tekur því næst vasaklút, sem mér sýnist liggja í kjöltu hans, og brýtur hann vandlega saman. Svo ber hann þennan samanbrotna klút upp að munanum og þurrkar munninn með honum þannig, að hann þerrar fyrst bæði munnvikin. Seinast ber hann klútinn beint að munninum og þerrar hann á sama hátt. Að þessu loknu ber hann vísi- og þumalfingur vinstri handar upp að nefrótunum og strýkur með fingrunum frá nefi og niður með hökunni, líkt og hann sé að strjúka skegg. Síðast togar hann í hökuna, eins og sumir gera, sem hafa hökutopp.

Mér þykir þetta ákaflega skrítið og verður mér litið á Esther, konu mína. Mér til undrunar sé eg, að hún á bágt með að stilla sig um að skella ekki upp úr. En þá snýr miðillinn sér að henni. Sá, sem nú er í sambandinu heilsar henni hlýlega. En það er þá faðir hennar, Ásgeir Blöndal, læknir.

Esther segir, að strax og Hafsteinn seildist ofan í

bakvasann, og fór að brjóta saman klútinn, þerra munninn, strjúka skeggið og toga í hökutoppinn, hafi hún þekkt, hver nú var að koma, því að nákvæmlega hið sama hafði Ásgeir gert. Er Esther ekki í neinum efa um, að þetta hafi verið faðir hennar.

Reykjavík, 11. apríl 1946.

Zophonías Pétursson.

Óvænt heimsókn

Kvöld nokkurt í sl. nóvembermánuði um kl. 5½ síðdegis litu þeir bræður, Ólafur og Ásmundur Helgasonir, inn til mín. Var Ólafur að kveðja mig áður en hann héldi heimleiðis, en hann hafði verið hér í kynnisför. Þegar þeir höfðu staðið við um 20 mínútur, var drepíð að dyrum og vék ég mér því út til að sinna þeim, er kvatt hafði dyra. Gestur þessi var Hafsteinn Björnsson, en enga von átti eg komu hans að því sinni.

Þegar honum varð ljóst, að hjá mér væru gestir, kvaðst hann ekki ætla að dvelja, enda ætti hann ekkert sérstakt erindi við mig. Eg bað hann að afsaka, hvernig ástatt væri hjá mér, og mæltist til, að hann kæmi bráðum aftur, og hét hann góðu um það. En þegar hann var að snúa við til brottferðar, var eins og hvíslað væri að mér: „Láttu hann ekki fara, láttu hann koma inn.“ Eg gat ekkert um þetta við Hafstein, en sagði: „Komdu inn, þó að þessir menn séu hjá mér, þú truflar okkur ekkert, hver veit nema þú verðir einhvers var í nærveru þeirra, áreiðanlega tækju þeir því vel.“ Hafsteinn varð þegar við ósk minni, og mig undraði satt að segja,

hve fúslega hann varð við þessum tilmælum mínum. Ekki kynnti eg Hafstein fyrir þeim bræðrum, þeir höfðu aldrei séð hann fyrr og hann ekki þá. Hann ávarpaði þá aðeins með því að segja „gott kvöld“.

Eg held þá bræður hafi í fyrstu furðað nokkuð á tiltektum mínum eftir komu gestsins. Eg aflæsti dyrunum, bað Ólaf að skipta um sæti við gestinn og slökkti síðan ljósið. En til þess að gefa þeim bræðrum örlitla skýringu á háttalagi mínu sagði ég þeim, að ekki væri óhugsandi, að þessi maður kynni að geta sagt þeim frá einhverjum, er við að jafnaði sæjum ekki. „Mér þykir það ekki ólíklegt, að ég verði einhvers var núna,“ sagði Hafsteinn, „ég ætlaði ekki hingað að þessu sinni, en ég var knúinn til að koma hér við, án þess að vita nokkuð til hvers, en nú er ekki tími til að ræða frekar um það.“

Byrjaði hann fyrst á því að segja þeim frá manni, er Stefán hafði heitið, og könnuðust þeir við hann af lýsingu Hafsteins, en að vörmu spori var hann kominn í sambandsástand og farinn að tala af vörum hans. Fer hér á eftir skýr og greinargóð frásögn af því, er gerðist að þessu sinni, skrifuð af Ásmundi Helgasyni.

Einar Loftsson.

Þið finnið þau í kvöld

Í síðastliðnum nóvembermánuði kom Ólafur Helgason, bróðir minn, hingað í kynnisför, en hann er bóndi á Helgustöðum við Reyðarfjörð.

Meðan hann dvaldi hér, heimsótti hann gamla kunningja af Austurlandi. Fór eg þá með honum, þeg-

ar heilsa mín leyfði það. Dag einn í nóvember fórum við vestur á Nýlendugötu 27 að heimsækja hjónin frá Hafranesi, Einar Friðriksson og Guðrúnu Hálfðanardóttur. Þaðan var svo ferðinni heitið til Einars Loftssonar, kennara, Sólvallagötu 3. Við vorum svo heppnir að hitta Einar heima. En þegar við höfðum staðið við á að gizka tuttugu mínútur, var drepíð hægt á dyr, og fór Einar til dyra. Eftir augnablik kom hann inn aftur, og var þá í fylgd með honum ungur maður, tæplega meðalmaður á hæð, grannvaxinn, skarpleitur og fremur fögur í andliti. Mér sýndist hann syfjaður og augu hans þokuleg. Í hægri hönd bar hann tösku, sem skrifstofufólk og kennarar sjást oft með.

Þegar pilturinn hafði varpað kveðju á okkur, mælti hann:

Eg er víst að villast hingað. Eg ætlaði annað, en var leiddur af einhverju dularafli hingað upp.

Einar Loftsson mælti: Viltu þá ekki taka sæti í djúpa stólnum, sem hann Ólafur situr í. Hann færir sig hingað. Máske að einhvern frá annarri veröld langi til að ná sambandi við þessa gesti mína?

Það er ekki óhugsandi, að svo sé, sagði gesturinn.

Ólafur færði sig í annan stól. Pilturinn settist í sæti Ólafs. Einar slökkti ljósin. En inn um gluggann lagði það mikla birtu, að maður með heilbrigða sjón hefði sennilega getað lesið á bók.

Ekki vissum við bræður, hver gesturinn var. Einar nefndi hvorki nafn hans né okkar. Það eitt skildum við, að hver, sem hann var, þá hlaut að vera náin kynning milli hans og Einars.

Eftir litla stund virtist gestur þessi vera fallinn í

djúpan svefn. Eg sat skáhallt við hann. Ljosið frá glugganum bar á andlit hans. Átti eg því gott með að virða hann fyrir mér, allan tímann sem við sátum svona og hann var í dásvefninum.

Pegar andardráttur hans var orðinn djúpur og jafn, mælti rödd frá munni hans — rödd, sem var gerólik hans rödd og líktist helzt kvenrödd.

Röddin fór nú að lýsa mörgum mönnum, sem hefðu farið héðan á blómaskeiði lífs síns. Sagði hún, að þetta fólk væri komið hér til fundar við gamla og yngri manninn, svo nefndi hún okkur bræðurna.

Röddin lýsti þessu fólki á þann veg, að við vorum ekki í neinum efa um að þarna væri verið að lýsa okkar nánustu vinum og ættingjum. Röddin sagði, að þessir burtkölluðu vinir væru svo glaðir yfir því, að fá loks tækifæri til að komast í samband við okkur.

Ólafur bróðir minn spurði þá, hvernig húsaskipun væri á bæjarhúsunum heima hjá honum.

Röddin kom þá með svo glögga lýsingu af heimilinu á Helgustöðum, að eg hefði ekki treyst mér til að gefa svo glögga mynd af hverjum kima né lagi á herbergjum og útihúsum öllum.

Þá sagði röddin, að hjá okkur væru tvær konur, sveipaðar hvítum hjúpi, sem þýddi að langt væri síðan þær hefðu farið héðan. Þær væru tengdar okkur mjög náið, einkum sú eldri, sem hétu Þuríður. Hin hétu Ólöf. Eftir það var lýst útliti þeirra. Þekktum við af lýsingunni Þuríði móður okkar og Ólöfu systur hennar, fósturu Ólafs bróður míns.

Næst tjáði röddin, að há kona í svörtu pilsí, með röndóttu svuntu og þrjónaða þríhyrnu á herðum, stæði

hjá gamla manninum, en ekkert nafn var nefnt. Þessari konu var svo lýst nánar að útliti, andlitsfalli og vaxtarlagi. Taldi eg mig þar þekkja Ingibjörgu Björnsdóttur, sem annaðist þjónustu á mér í 6 ár eftir burtför móður minnar til æðri heima. — Eg sagði því:

Kom þú sæl, Ingibjörg.

Þá sagði röddin:

Henni þykir vænt um, að þú manst eftir henni.

Næst sagði röddin að kominn væri maður, sem hétu Eiríkur og væri bróðir okkar.

Ólafur bað að lýsa honum. Var það gert og einnig því, hvernig hann fór héðan úr heimi, og var það allt rétt.

Þá nefndi röddin tvo unga menn, sem væru hjá Ólafi bróður. Hann mundi ekki eftir þeim. Þeir kváðust hafa þekkt hann á Seyðisfirði. En síðan Ólafur var þar, eru nú 43 ár. Þótti þeim leitt, að Ólafur skyldi ekki muna eftir þeim.

Þar á eftir sagði röddin, að til gamla mannsins væri komin háöldruð kona. Hún hétu Sigríður. Hár hennar væri hvítt, augun blá og falleg. Hún væri honum mjög þakklát. Hann hefði gert góðverk á henni.

Þá gat eg ekki munað eftir neinni konu með því nafni, sem eg hefði gert góðverk á.

Röddin sagði: Henni þykir leitt að þú skulir ekki muna eftir sér.

(Nóttina eftir fundinn mundi eg allt í einu eftir, hver kona þessi var. Hún hét Sigríður Hallsdóttir. Var hún hjá okkur 1912–1913. Hjálpaði eg henni til að fá sér tennur, en hún hafði ekki getað keypt þær undanfarin ár.)

Þvínæst sagði röddin, að milli okkar gengi gamall maður, meðalmaður á hæð, en þrekinn, gráhærður. Væri hann að segja að hann þekkti okkur alla þrjá. Við hefðum allir verið kunningjar sínir. Hann hétu Sigurður.

Það var víst Einar Loftsson, sem það um betri skýringu.

Röddin svaraði: Hann segist hafa verið læknir ykkar. Nú nefnir hann bókstafinn K.

Mér datt þá í hug Sigurður Kvaran læknir, og sagði: Kom þú sæll, Sigurður.

Röddin sagði: Það er hann. Hann er glaður yfir að þið skulið muna eftir honum.

Næst var sagt að til gamla mannsins væri kominn stór og þrekinn maður. Hann nefndi sig Stefán.

Hann hefði verið prestur hjá okkur þar til hann hefði haft vistaskipti.

Þá segi eg: Sæll og blessaður, séra Stefán, þakka þér fyrir síðast á Vaðlavíkurheiði í snjóbylnum.

Röddin sagði: Hann brosir. Nú gengur hann til yngri mannsins og segir: Ólafur, skilaðu kveðju minni til konu minnar og sonar.

Eg skal skila því þegar eg finn þau.

Röddin mælti: Hann segir, að þið finnið þau í kvöld.

Þetta drógum við í efa.

Eftir þetta virtist kraftur þess sem sat í stólnum fjara út, og eftir litla stund vaknaði hann.

Fór hann að spyrja Einar hvað gerzt hefði. Hann sagðist ekkert muna sjálfur og ekki vita hvað fram færi.

Ólafur bróðir minn sagði:

Það verður víst fyrir aftan mig að koma boðunum sem séra Stefán bað mig fyrir, til frú Helgu og Björns.

Það er bezt að aftaka ekkert, sagði pilturinn.

Einar kynnti okkur þá fyrir honum. Vissum við þá fyrst, að hann hét Hafsteinn Björnsson og var miðill.

Eftir litla stund lögðum við bræður af stað heim á leið.

Þegar við vorum komnir niður fyrir Ljósvallagötu, kom í hug mér, að ekki væri rétt að fara fram hjá bústað góðkunningja okkar, Þórarins Víkings. Eg hafði orð á þessu við Ólaf og féllst hann á það. Snerum við því aftur upp á Ljósvallagötu, að húsi Þórarins, og var okkur tekið þar hið bezta.

En við urðum hálfhissa, er við sáum gestina, sem þar voru fyrir, ekkju séra Stefáns, sem bað mig fyrir boðin, og einnig var þar Björn sonur þeirra.

Ólafur bróðir minn skilaði þarna kveðju séra Stefáns og var kveðjunni tekið með þökkum.

Allt þetta fannst okkur mjög einkennilegt. Í fyrsta lagi koma piltsins til Einars á því tímabili, sem við erum staddir hjá honum. Allar lýsingar á því fólki, sem var löngu liðið og horfið, sem við að vísu þekktum, en miðillinn vissi ekki hvort hefði verið til — og svo síðast en ekki sízt fullyrðing séra Stefáns, að við mundum hitta konu hans og son þetta sama kvöld, sem og líka varð, en enginn vissi þá, hvort verða mundi.

Ásmundur Helgason.

Í sambandi við það, er að framan greinir skal ég láta þess getið, að ég bjóst ekki við komu þeirra bræðra

tremur þetta kvöld en annað, og því síður átti ég von á Hafsteini. Síðar þetta kvöld sagði Hafsteinn mér, að hann hefði alls ekki ætlað að koma við hjá mér að þessu sinni, en alveg óvænt hefði hann skynjað nærveru Finnu, þegar hann var á heimleið, og hefði hún beðið sig að skreppa þegar heim til Einars Loftssonar, án þess að segja mér nokkuð um, af hverju hún æskti þess. Hann kvaðst hafa tekið þessu dauflega í fyrstu, en hefði þó orðið við tilmælum hennar, enda talið tilgangslaust að skýra mér frá því, er gestir væru hjá mér, en ég held að hann hafi gert ráð fyrir, að skýringin á tilmælum Finnu myndi vera sú, að ég þyrfti að hafa tal af honum af einhverjum ástæðum. Þessi óvænti og óundirbúni sambandsfundur stóð um tuttugu mínútur eða hálf tíma og varð mér og þeim bræðrum til óblandinnar ánægju.

Einar Loftsson.

Hún barst á tónunum

Annan september 1939 andaðist Sigurlaug Pálsdóttir, kona Ásmundar Gestssonar kennara. Fimm vikum eftir andlát hennar var eg á fundi hjá Hafsteini miðli. Finna lýsir þar konu, sem hún segir að sé hjá mér. Hún er ekki komin langt með lýsinguna, er eg þekki að lýsingin á við Sigurlaugu. Síðast kemur Finna svo með nafn hennar.

Eg spyr þá Finnu, hvort Sigurlaug vilji ekki segja mér eitthvað sérstakt.

Finna svarar. Hún segir, að þú hafir ekki viljað hafa það neitt.

Þetta svar voru þær beztu sannanir, sem til mín gátu borízt frá Sigurlaugu. Þannig stóð á að nokkru fyrir andlát hennar var eg stödd hjá henni. Töluðum við þá um dauðann og lífið eftir dauðann og spiritismann. Vildi hún þá að við gerðum ráð fyrir að hún kæmi fram á fundi og sannaði sig með einhverju og skildum við koma okkur saman um hvað það ætti að vera. Eg var þessu mótfallin. Man eg að eg lét þessi orð falla: Það er best að hafa það ekki neitt. Ef þú getur komið hefirðu einhver ráð með að sanna þig. Um þetta samtal vissi enginn. Eg hafði engum sagt það.

Eg þakkaði henni fyrir og þótti þetta gott. Spurði eg svo hvernig henni hefði líðið við burtförina.

Þá svarar Finna: Hún segist hafa borízt á tónunum. Þú átt að segja honum Ásmundi það. Finna sagði enn fremur, að hún bæði fyrir kveðju til Ásmundar og bæði að láta það fylgja að hann gæti verið alveg öruggur.

Fleira gerðist ekki mér viðkomandi á þessum fundi.

Eg færði Ásmundi boðin orðrétt. Sagði hann að þetta væri sér mikil sönnun fyrir því, að Sigurlaug hefði verið þarna. Hún hefði lagt sérstaka áherzlu á að mikið yrði spilað og mikið sungið, því að hún vildi berast brott á vængjum tónanna. Hvað hinu viðvæk, að Ásmundur gæti verið öruggur, veit eg ekki hvað var, en mér fannst hann skilja það líka og verða glaður við.

Reykjavík, 3. maí 1946.

Guðrún Jónsdóttir.

Tónarnir áttu sér dýpri rætur
Umsögn og frásagnir Ásmundar Gestssonar

Að tilhlutun höfundar bókar þessarar, frú Elinborgar Lárusdóttur, fékk eg að kynna mér, heima hjá henni, framanskráða frásögn, í handriti frú Guðrúnar Jónsdóttur. Er mér ljúft að votta, að efni greinarinnar, að því er mig snertir, er í alla staði samkvæmt undangengnu samtali okkar frú Guðrúnar, er hún kom heim til mín og skýrði mér frá þeim atriðum, er fyrir hana höfðu borið á umræddum miðilsfundi með hr. Hafsteini Björnssyni.

Mér þótti vænt um að fá skilaboðin og ekki sízt um „tónana“. Að því atriði stóðu dýpri rætur en svo, að aðrir gætu um það borið en eg, en sem eg hafði hugsað mér að geyma, ásamt öðru fleira, sem helgan dóm fyrir mig einan. Sannleikurinn á þó ætíð rétt á sér til að vera birtur öðrum, sem vilja við honum taka, hann þurfa helst allir að eignast, ekki sízt, þá hann bendir á staðreyndir fyrir því, að persónulegt vitundarlíf sé til eftir líkamsdauðann. Grein frú Guðrúnar varð til þess, að eg tel nú rétt, að skýra hér, í fáum dráttum, frá áður-skeðum atburðum, er háðir eru fyrirsögn þessarar greinar.

Stuttu fyrir andlát konu minnar, var eg einn staddur í herberginu hjá henni. Biður hún mig þá að koma nær sér og hlusta á það, sem hún vildi segja mér. Eg hallaði mér niður að henni. Skilnaðarstundin gat naumast verið langt undan, sársaukakennd að vísu, en fyrir staka sálrró og hugprýði konu minnar fann eg mig furðu styrkan.

Meðal margs annars, tiltekur hún tvo sálma, er hún bað mig að sjá um að sungnir yrðu við útför sína. Spyr eg þá hvert hún óskaði nokkurs frekar í því efni. Svarið var á þá leið, að hún legði það í mitt skaut, en eins og mér væri kunnugt, hefði hún ætíð elskað fagran söng og hljómlist og bað mig að sjá svo um, að hvort tveggja yrði sem bezt. „Mig langar mjög að fá að svífa burt á tónunum.“ Þetta var þá hennar síðasta ósk. Orðlengi eg svo ekki meir hér um.

Þann 9. september 1939 fór jarðarförin fram frá Fríkirkjunni með hinni mestu prýði og snilld allra þeirra, er að athöfninni þjónuðu. — Sannkölluð guðsþjónusta, er margir tóku þátt í.

Svo sem viku eftir jarðarförina var eg, ásamt fleirum, á fundi með Hafsteini Björnssyni, heima hjá frú Lilju Kristjánsdóttur að Laugavegi 37. Fengu þar allir viðstaddir eitthvað og sumir ágætar sannanir fyrir sig, enda virtist kraftur nógur og samstilling góð. Þegar kom að mér, segir Finna (sem talar af vörum miðilsins), að hjá mér sé kona, nýskeyð þangað komin yfir landamærin. „Þú hlýtur að eiga hana, því að eg sé að hún á þig. Hún hefir lengi verið mjög veik og er því þróttlítill við sambandið. Hún á svo bágð með að þola það. Hún biður mig bara að skila þín, að sér hafi gengið vel að svífa burt á tónunum.“ Þetta voru mér kærkomin orð. Rann þá upp fyrir mér það, sem á undan var gengið, samkvæmt áður sögðu og sem enginn vissi neitt um utan við tvö ein, en var mér þó, í augnablikinu, sama sem úr minni liðið, þar sem eg var búinn að gera skyldu mína, og allra sízt, að eg væri neitt um það að hugsa þessa stundina. Hugur minn var hins vegar

þrunginn ýmsum öðrum hugleiðingum. Hefði því fremur mátt vænta, að eitthvað af því kæmi fram, en það varð ekki. Eg tel útilokað, að hér hafi getað verið um huglestur að ræða. Naumast þarf eg að taka það fram, að frú Guðrún Jónsdóttir sat ekki fund þennan.

Röð atburðanna er í fám orðum þessi:

1. Sjúklingurinn að dauða kominn, óskar sér að fá að líða héðan burt á öldum tónanna. Þar var eg einn til frásagnar, en þagði og geymdi með sjálfum mér, enda mörkuðu þessi orð sig þá vart dýpra hjá mér en svo margt annað, er okkur tveim fór á milli, um þær mundir.

2. Rúmum hálfum mánuði síðar, eru orðin mér endursögð af vörum miðilsins, með þeirri eðlilegu breytingu, að óskin hafi fengið að rætast. Enn geymi eg atburðinn fyrir mig einan.

3. Um þrem vikum þar frá koma svo orðin til frú Guðrúnar og hún beðin fyrir þau sem skilboð til mín.

4. Stuttu síðar færir frúin mér skilaboðin og fær þá fyrst að vita um ósk hinnar framliðnu, meðan hún enn lifði hértvegin landamæra. Hér gat því hvorki huglestri né undirvitund verið til að dreifa.

5. Um skrif frú Guðrúnar, í þessu efni, var mér ókunnugt, þar til eg, fyrir sérstaka hugkvæmni og góðvild frú Elinborgar Lárusdóttur, fékk að lesa handritið, sem nú beið upptöku og prentunar í þessa bók hennar. Úr því að svo var komið, þótti mér ekki nægilegt frá minni hendi, að votta frásögn frúarinnar rétta og láta þar við sitja, því að málið átti sér dýpri rætur en hún áður vissi. Þess vegna tók eg mér penna í hönd.

Myndirnar.

Þá er enn atriði, sem mér þykir, í þessu sambandi, rétt að minnast.

Svo bar til, að kvöldi þess sama dags og greftrun konu minnar fór fram, að ein systir hennar lét orð falla um það við mig, hvaða mynd eg ætti bezta til stækkunar. Svára eg strax, að það sé myndin af okkur báðum saman, og segi — án þess að hugsa mig frekar um — að auðgert sé að láta draga hennar mynd út af samstæðu myndinni og stækka. En systir hennar verður þá fljótari til svars en eg að átta mig á því, hve barnaleg uppástunga mín var og segir: „Þú ferð þó líklega ekki að aðskilja myndirnar,“ og bætir við: „Börnin ykkar munu, á sínum tíma, vilja eiga stóra mynd af ykkur báðum saman.“ Eg féllst auðvitað samstundis á þetta. Myndin var nokkuð lengi í stækkun, en varð þó lokið nokkru fyrir jól.

Laust eftir áramótin bar svo til, að eg var staddur á fundi með Hafsteini Björnssyni. Er mér þá skýrt frá því, að kona mín sé stödd hjá mér. Fæ eg þá nokkru ýtarlegri lýsingu af henni en í fyrra sinnið, ásamt fleirum, er með henni voru og sem eg þóttist kannast við. Er þá sagt við mig, af vörum miðilsins: „Konan þín biður mig að segja þér, að þú hafir gjört rétt í því, að aðskilja ekki myndirnar,“ og eftir augnablik er bætt við: „Því þær hafa verið saman og eiga að vera saman.“ Um það sem á undan var gengið, gat miðillinn alls ekkert vitað og enginn utan áður umgetin mágkona mín, sem ekki var stödd á fundinum.

Ef til vill mætti segja, að þetta hafi miðillinn getað lesið í huga mér, en slíkt hverfur af sjálfu sér, þar sem eg get með sannni sagt, að þarna var eg sízt um myndirn-
ar neitt að hugsa og munu þeir, er þekkja mig best, taka þessi orð mín trúanleg. Aðrir kynnu að halda því fram, að þetta hafi þá verið sótt í undirvitund mína. Eg læt þá um það. En hvað mundu þá hinir sömu vilja segja um skilaboðin, er frú Guðrún Jónsdóttir flutti mér og um ræðir í fyrri grein minni hér að framan. Hún hafði ekki minnstu hugmynd um tilefni þeirrar orðsendingar.

Reykjavík, 27. maí 1946.

Ásm. Gestsson.

Hann var í kassanum

Í Íjanúar 1944 var fundur heima hjá mér. Miðillinn var Hafsteinn Björnsson. Fundinn sátu við hjónin, tvær systur mínar, bróðir minn og Guðrún Jónsdóttir, Meðalholti 13.

Þegar miðillinn er fallinn í dásvefn, kemur Finna í gegn og fer að lýsa þremur mönnum, sem hún segir, að standi hjá Guðnýju konu minni.

Það er skrítið, segir hún. Tveir þeirra heita sama nafninu, en allir eru þeir Jónssynir. Svo nefnir hún nafnið Jón og segir, að tveir þeirra heiti það. Sá þriðji, segir hún að sé með kistil eða stokk. Hann er ákaflega glaður yfir því að vera kominn heim. Hann er með eitthvað í kistlinum. Hann segist sjálfur vera í kistlinum.

Við hjónin gátum ekki áttað okkur á þessu. En er Finna fór að lýsa Jónunum, þekktum við, að annar þeirra var faðir konu minnar. Hinn var Jón hreppstjóri á Hafsteinsstöðum í Skagafirði. En þá þykist Guðný líka renna grun í, hver sá þriðji sé, sem er svo glaður yfir því að vera kominn heim. Bróðir Jóns á Hafsteinsstöðum hafði farið til Ameríku, og dó hann þar. En fyrir skömmu frétti Guðný, að askan hefði verið send heim hingað.

Því næst lýsti Finna miðaldra manni, sem hún sagði, að væri hjá mér. Eg kannaðist ekkert við lýsinguna. Hún fullyrti, að við værum mikið skyldir. Hann á þig, sagði hún. En er eg kannast ekki við hann, snýr hún sér að því að lýsa bæ og umhverfi, landslagi, fjöllum, brekkum, á og aurum út frá ánni. Eg held í fyrstu, að hún sé að lýsa Skeiðflöt, bænum, sem eg ólst upp á, en samt kannast eg ekki við þetta landslag þar. Þess vegna fer eg að þýfga hana um nafnið á þessum bæ, sem hún er að lýsa. Hún svarar: Það er stutt nafn, og það er svo skrítið. Eftir andartak segir hún: Nú steig hann á nafnið.

Þegar þetta kemur, þá átta eg mig fyrst á lýsingu Finnu af bænum og landslaginu. Finna var að lýsa Steig, bænum, sem faðir minn ólst upp á. Bjó hann sín fyrstu búskaparár á Steig í Mýrdal, en fluttist síðar að Skeiðflöt. Það var ekki von, að eg kannaðist við lýsinguna af föður mínum, hann dó, þegar eg var fimm ára.

15. apríl 1946.

Kristófer Grímsson.

Eg, sem sat fundinn, votta. að rétt er farið með það, sem að framan er skráð.

15. apríl 1946.

Guðrún Jónsdóttir.

Árni Magnússon segir frá

Eg var einn af þeim mörgu, sem ekki aðhylltist spiritismann eða trúðu nokkru því, er að sálarrannsóknarmálunum laust. Allt til haustsins 1940 fór því svo fram, að eg gerði enga tilraun til að kynna mér þau mál og afneitaði í sannleika sagt öllu slíku. En 1940 urðum við hjónin fyrir þeirri sáru sorg að missa elskulega dóttur, 20 ára gamla. Þá urðu eins konar þáttaskipti í lífi mínu, ef eg má orða það svo. Við hjónin treguðum hana mjög. Hún var mjög vel gefin og var menntuð, svo að framtíðin virtist blasa við henni björt og heiðrík. Konan mín og kunningjar mínir hvöttu mig til að hitta frú Gíslínu Kvaran og fá miðilsfund, ef þess væri nokkur kostur. Varð það úr. Fengum við hjónin fund nokkrum dögum síðar.

Miðillinn var Hafsteinn Björnsson. Hafði eg þá aldrei séð hann né heyrt. Nú verð eg að segja það eitt af þessum fundum, sem eg man glögggt og rétt. Hefir sumt fallið í gleysku eða er svo óljóst, að frá því verður ekki sagt. Hefi eg borið mig saman við konu mína, og læt hér fara það eitt, sem við munum bæði glögggt.

Fyrsti fundurinn var þá 1940 um haustið, mig minnir í október. Hófst hann með venjulegum hætti, og var hann haldinn á heimili frú Gíslínu Kvaran. En Auður

mín andaðist 20. júní. Rétt eftir að fundur er settur, kemur vera í gegn, sem segist vera Auður og talar í mjög veikburða og óstyrkum málróm til okkar gegnum miðilinn þessi orð:

Pabbi minn — mamma mín — mér líður vel.

Svo kvaddi hún og fór. Eg var vantrúaður. Mér nægði þetta engan veginn sem sönnun, þótt eg hins vegar viðurkenni, að orð lík þessum sagði Auður oft, meðan hún lifði.

Þegar Auður er farin, segir frú Gíslína:

Þetta var nú stutt og laggott.

Pá segir Finna í gegnum miðilinn: Hún vildi þetta sjálf. Hún er máttlaus ennþá, en hún sækir í sig veðrið.

Fleira gerðist ekki á þessum fundi okkur viðkomandi. Verð eg að játa, að eg var vonsvikinn og engu nær. Þetta varð þó samt til þess, að eg fór að grúska út í þessi mál.

Svo leið langur tími. En eitt sinn atvikaðist svo, að Hafsteinn kom heim á heimili mitt, og þá varð eg þess áskynja, að hann er rammskyggn. Hann lýsti þarna mörgu fólki, er hann sá inni, þeirra á meðal var Auður. Svo lýsti hann manni, sem hann sagði, að væri hjá mér og væri prestur.

Þú hlýtur að kannast við hann, hann heitir Davíð og hefir fermt þig, sagði hann.

Þetta stóð allt heima. Þarna kom mjög nákvæm lýsing á séra Davíð á Hofi í Hörgárdal. Hann fermdi mig.

Næsti fundur var svo 1941.

Pá er sagt í gegnum miðilinn, að nú komi Buddha. Það var gælunafn á henni heima og útilokað, að Hafsteinn vissi um það. Svo kom hún og sagði við mig:

Manstu, pabbi minn, þegar eg datt í stiganum og meiddi mig á hnénu, og þú fórst að ávíta mig fyrir það?

Jú, eg gat ekki neitað því, en hins vegar var þetta atvik alveg fallið í djúpa gleysku hjá mér. Svo heldur hún áfram og segir:

Manstu, þegar eg kom með fuglinn með veika fótinn inn í eldhúsið?

Já, eg mundi það nú, er hún minnti mig á það, að hún fann eitt sinn sólskríkjuunga, sem var fótbrotninn, og bar hann inn og græddi sár hans. Við ræddum svo við hana um ýmislegt, sem varðaði líf hennar hinum megin. Hún kvaðst mest gæta barna. (Hér var hún mikið starfandi í skátahreyfingunni.)

Eg segi svo að síðustu: Þetta er nú allt gott og blessað, Buddha mín, en mig vantar málróminn þinn, þinn eiginlega málrómi.

Þá svarar hún: Það er svo erfitt, pabbi minn, af því að eg nota allt önnur talfæri. En eg skal reyna að kveðja þig með mínum talfærum.

Nú verður þögn svo sem tvær mínútur. En þá heyrir allt í einu rödd, utan við miðilinn úti í herberginu, rödd, sem eg kannaðist vel við — sem kvaddi okkur hjónin. Vorum við hjónin ekki í neinum vafa um, að þetta hefði verið rödd Auðar dóttur okkar.

Næsti og síðasti fundur, sem við höfum fengið hjá Hafsteini, var í fyrrahaust.

Sá fundur var að mínum dómi mjög merkilegur og sá langbezt, sem eg hefi fengið. Finna fór strax að lýsa fólki, sem komið væri til okkar hjóna. Var þar meðal annarra Jakob faðir Önnu konu minnar. Jakob

var búsettur á Þingeyri við Dýrafjörð og dó löngu áður en Hafsteinn miðill fæddist. Lýsti miðillinn honum svo nákvæmlega, að ekki var um að villast, enda kom Finna með nafnið.

Svo lýsti hún báðum foreldrum mínum og kom með nöfn þeirra beggja. Voru lýsingarnar svo glöggar, eftir því sem eg man þau, að eg þekkti þau bæði strax.

Til skýringar skal það tekið fram, að faðir minn er dáiinn fyrir 50 árum, en móðir mín dó norður á Akureyri 1927.

Þetta fólk, sem kom og hann lýsti, talaði ekkert við okkur hjónin nema Jakob, faðir Önnu. En það samtal tel eg, að hafi sannfært mig mest. En því miður er það einkamál og ekki hægt að birta hér, þar sem fleiri en við hjónin eigum hlut að máli.

Síðast á þessum fundi kemur svo Auður okkar. Miðillinn segir, að með henni sé maður, sem við þekkjum mjög vel, og lýsir honum svo nákvæmlega, að við könnuðumst strax við manninn. En við höldum satt að segja, að þetta væri tóm vitleysa, vissum ekki annað en maður þessi væri lifandi. Að vísu var hann í útlöndum, og höfðum við ekki um hann frétt á tíma-bili. En þarna var fullyrt, að hann væri kominn yfir-um og sagt, að Auður væri með hann.

En þetta reyndist rétt, maður þessi var látinn, er fundurinn var haldinn, og það fyrir nokkru, þótt við hefðum ekkert um það heyrt.

Eg vil aðeins bæta því við, að það er alveg útilokað, að Hafsteinn þekki neitt til míns fólks, enda margt af því dáið, löngu áður en Hafsteinn sér dagsins ljós.

Eitt sinn kom Hafsteinn heim til okkar hjóna. Var

það seint á degi og rúmri viku fyrir jól. Hann er nýsetztur inn í setustofuna, er hann segir: Nú kemur Auður. Finna er með henni. Finna segir: Við Auður höfum í allan dag verið niðri á jörðinni. Við höfum verið í blómabúðum. Auði langar til að senda ykkur blóm, en hún veit ekki, hvernig hún á að fara að því. Við höfum reynt að hafa áhrif á einhvern. Við höldum, að okkur hafi tekizt að hafa áhrif á einn mann.

Svo var þetta ekki annað í það sinn. En á aðfangadagskvöldið kom stór blómakarfa, skreytt fallegum, lifandi blómum. Nafnspjald fylgdi og nafn gefandans, sem var lítið kunnugur okkur og hafði aldrei áður sent blóm né neitt annað til okkar, sem ekki var von, þar sem við þekktum hann sama og ekkert. Á spjaldinu stóð ennfremur, að blómin ættu að standa inni hjá okkur, en á annan í jólum ætti að leggja þau á leiði Auðar dóttur okkar. Var það svo gert. Okkur þótti þetta dálítið kynlegt, af því að við áttum ekki von á blómum frá þessum manni og ekki frá neinum.

Reykjavík, 20. janúar 1946.

Árni Magnússon.

Þessi maður er nú látinn. Eg hefi farið til konu hans og sýnt henni það, sem að framan er skráð. Hún segir svo:

Þetta er rétt. Við bárum okkur saman, hjónin, því að eiginlega gátum við sagt miklu fleira, en það kom þá fleirum við, svo að okkur kom saman um að láta aðeins það, er snerti okkur og Auði okkar. Blómin komu mjög óvænt. Við vorum ekki vön að fá blómasending-

ar. Auður hefir fyrir löngu sannað sig fyrir okkur, bæði hjá Hafsteini og fleiri miðlum.

Reykjavík, 20. mí 1946.

Anna Jakobsdóttir.

Jóhann á Breiðabólstað

Í janúar 1945 sat eg fund hjá Hafsteini miðli. Þetta var einkafundur, sem eg fékk í því skyni að fregna eitt-hvað frá einkadóttur minni, sem eg hafði orðið að sjá á bak fyrir rúmu ári síðan. Eg má fullyrða, að eg hafði hana eingöngu í huga, er eg kom á fundinn og meðan eg dvaldi á fundinum. Kom mér það því kynlega fyrir er byrjað var að lýsa manni, sem Finna segir að sé hjá mér og heiti Jóhann. Lýsir Finna honum mjög nákvæmlega, en eg kannast ekkert við hann. Þá fer hún að lýsa landslaginu þar, sem þessi maður hafi átt heima, og húsum og bæ. Þekki eg, að þetta er mjög nákvæm lýsing af Breiðabólstað á Síðu.

Finna heldur svo áfram og segir, að hann hafi verið hestamaður og mikið í ferðalögum. Og í gegnum Finnu fer hann að rifja upp gamlar endurminningar og fer ein þrjátíu ár aftur í tímann. Við allt þetta vaknar minni mitt. Kannast eg nú af lýsingu og frásögn við Jóhann á Breiðabólstað, enda kom Finna með ýmsar endurminningar, sem voru tengdar við kynning okkar þar eystra.

Eg segi eins og er, að eg varð í fyrstu fyrir sárum vonbrigðum og tók honum því ekki jafnhlýtt og eg hefði átt að gera, af því að dóttir mín var mér sífellt í

huga. Eg skildi ekki, hvers vegna hann kom til mín, en ekki hún. Hann var dáiinn fyrir nokkuð mörgum árum, og á seinni árum ævi hans hafði eg engin kynni af honum haft.

Svo fór hann, eftir að hafa sannað sig fyrir mér.

Labba

Eftir að hann var farinn, kom svo Finna og segir, að það sé hér stúlka í sambandinu. Tekur Finna að lýsa henni af sömu nákvæmni og hún lýsti Jóhanni. En við þá lýsingu kannast eg strax og þekki, að verið er að tala um dóttur mína. Segir Finna, að það liggi geisla-band milli hennar og manns, sem sé ekki hér á fundi, en hann sé lifandi. Stafar Finna svo nafn hans, en það er dálítið erfitt að bera það fram. Skyldi eg, að þetta var faðir hennar, en milli þeirra var mjög innilegt samband, meðan hún lifði hérmeigin.

Vegna þess, sem á eftir fer, verð eg að geta þess, að eftir að hún dó, breytti eg ýmsu inni í stofunni minni.

Nú tekur Finna að lýsa stofunni, eins og hún er núna, og það hverjum einstökum hlut og hvar hann sé. Hún segir, að það standi mynd af sér á skápnum. Blómsturvasarnir mínir standi sitt hvoru megin við myndina — og svo eru tvö lítil ljós á veggnum yfir myndinni.

Þetta var rétt. En þessi mynd var ekki til, meðan hún lifði. Blómsturvasarnir stóðu áður í glugganum. En eg færði þá yfir á skápinn og lét þá standa sinn hvorum megin við myndina, oft með blómum í. Litlu vegg-lamparnir, sem hún talaði um, voru ekki til, meðan

hún lifði. En þeir voru komnir í stofuna og hingu á þessum stað, yfir myndinni á skápnunum.

Eg bað Finnu að koma með nafn hennar. Hún átti bágt með það. Hún sagði, að það væru tvö nöfn, stutt nafn og langt nafn, og langa nafnið væri svo erfitt og bætir svo við: En það er eitthvað kringlótt í stutta nafninu. En svo er eitt nafn enn. Hún hefir verið kölluð einhverju stuttu nafni. Eg sé hana litla. Hún gengur — hún labbar. Það er eitthvað svoliðis í nafninu.

Þetta þótti mér gott. Konan, sem sat fundinn með mér, sagði:

Já, Labba mín. Eg kallaði þig nú aldrei annað en Löbbu.

Þá segir Finna í sambandinu: Nú brosir hún.

Hún hét Ólöf Sigríður, en hún var kölluð Labba, þegar hún var lítil. Það nafn loddi lengi við hana hjá sumum, eins og til dæmis konunni, sem sat fundinn með mér.

Svo sagði Finna, að hún ætlaði að koma sjálf gegnum miðilinn og varð nú aðeins þögn. En allt í einu hljómaði rödd, sem eg þekkti vel, rödd Ólafar minnar. Hún var í lifanda lífi fljót mælt og lagði vissar áherzlur á orðin, og svo var einnig hér. Fannst bæði mér og konunni, sem hjá mér sat, þetta vera hennar málrómur. Hún talaði aðeins þetta:

Sæl elsku mamma mín. — Nú er eg búin að læra lag við kvæðið, sem mig langaði til, að væri til lag við. Svo talaði hún um stallsystur sínar, sem hér lifðu og hún hafði verið með, og bað mig fyrir kveðju til þeirra. Eftir það kvaddi hún og fór.

En kvæðið, sem hún talaði um, var Systurlát eftir

Hannes Hafstein. Eg las það fyrir hana, er hún lá banaleguna og óskaði hún þá þess, að til væri lag við kvæðið, svo að hægt væri að syngja það.

Nú fer Finna, en Ragna kemur í sambandið, og lýsir hún bæði bróður mínum og föður, sem hún segir, að séu þarna og vilji gera vart við sig. Kom hún með nöfn þeirra beggja rétt. Að vísu kom nafn bróður míns með nokkuð sérkennilegum hætti. Ragna stagaðist á Berg og segir svo: Nafnið er lengra. Hann hendir steini — þessi bróðir minn hét Bergsteinn. Hún fullyrðir, að hann hefði dáið á sjó, en ekki drukknað.

Þetta er rétt. Hann var á ensku skipi, sem varð fyrir loftárás á stríðsárunum og hefi eg sannar fregnir af því, að hann hafi limlests hryllilega og þá dáið samstundis, en ekki drukknað.

Föður mínum lýsti Ragna mjög nákvæmlega. En hann er dáiinn fyrir 35 árum, eða fjórum árum áður en Hafsteinn miðill fæðist. Hún kom líka með nafn hans án þess að eiga bágð með það. En hún fullyrti, að faðir minn hefði drukknað af litlum báti. Þeir hefðu verið fleiri á bátnum og fleiri en hann drukknað, en ekki allir, sem verið hefðu á bátnum, öldurnar hefðu verið svo miklar, sagði hún.

Þetta er rétt. Faðir minn drukknaði af litlum báti austur í Vík í Mýrdal. Var Sigurður Eggerz þá sýslumaður þar. Orti hann þá í minningu um þennan sorglega atburð hið gullfagra kvæði: „Alfaðir ræður, öldurnar hníga“.

Ingibjörg Sigurðardóttir, Kirkjustr. 6, Rvík.

Frú Guðrún Jónsdóttir, sem var konan er sat fundinn með frú Ingibjörgu, segir að Bergsteinn og hún hafi talað þarna saman. En þau voru nákunnug. Hann heilsaði henni sérstaklega og rifjaði upp ýmsar gamlar endurminningar. Spurði frú Guðrún Rögnu, hvort hún gæti sagt sér, hvar þau hefðu þekkt.

Þegar þú varst stelpa, en hann var ungur, en samt mikið eldri en þú — og svo aftur, þegar þú varst á firðinum. Hann sýnir mér þetta sjálfur, segir hún.

Frú Guðrún segir: Viltu þá spyrja hann að því, hvar við höfum hitzt síðast?

Svarið kom samstundis. Þegar eg drakk kaffi hjá þér í eldhúsinu þarna á firðinum.

Þetta stóð heima að sögn frú Guðrúnar. Þau sáu síðast í eldhúsinu í húsi því, sem þá var heimili frú Guðrúnar á Patreksfirði, og drakk hann kaffi hjá henni þar við eldhúsborðið. Var hann þá stýrimaður á enskum togara.

Eg sat fundinn með frú Ingibjörgu. Er hér rétt farið með það, sem henni kemur við og eins það, sem mig varðar.

Reykjavík, 3. maí 1946.

Guðrún Jónsdóttir.

Fundur

Veturinn 1943 komum við hjónin til Reykjavíkur. Okkur langaði til að ná sambandi við miðil, og varð það úr, að við sátum fund hjá Hafsteini.

Er skemmst frá að segja, að í gegnum miðilinn er lýst þarna útsýni og staðhátum á Reykhólum, sjónum, eyjunum, túninu, bæjarstæðinu og fjöllum. Svo kemur lýsing af allri húsaskipan og hvernig öllu sé fyrir komið innan bæjar. Lengst er þó dvalið í stofunni, og er þar lýst hverjum hlut, sem inni er, og hvar og hvaða myndir séu á veggjum stofunnar, og má geta þess, að lýsingin var svo nákvæm, að sagt var, hvoru megin við orgelið mynd væri af fyrri manni konu minnar.

Svo talaði Finna, sem kom í gegn, um annað hús, sem væri verið að byggja á öðrum stað, og lýsti því, þótt ekki væri byggingin komin lengra áleiðis en það, að búið var að steypa veggina. Síðast lýsti hún slysi, sem orðið hefði á firðinum ekki langt frá Reykhólum. Hún sagði, að þar hefði maður verið á báti með byssu. Hann hefði farizt af skotsári. Finna nefndi nafn hans og föðurnafn, og könnuðumst við vel við þennan atburð, þótt ein tuttugu ár væru liðin, síðan þetta gerðist.

Enn fremur var sagt, að margt væri þarna hjá okkur af framliðnu fólki. Lýsti Finna mjög greinilega fyrri manni konu minnar og gömlum hjónum, bróður mínum og mörgum fleiri, sem við höfðum þekkt.

Lýsingarnar á landslaginu, Reykhólabænum, slysinu á bátnum og fólki því, sem þarna kom fram, voru mjög greinilegar, hárallitur, andlitsfall og önnur líkamleg einkenni voru svo auðkennandi, að okkur fannst við sjá það ljóslifandi fyrir okkur, enda komu nöfn þess fram.

Það skal tekið fram, að miðillinn hafði aldrei séð okkur hjónin né það fólk, sem hann lýsti. Það var sitt

úr hvorri áttinni. Sumt norðan úr Þingeyjarsýslu, sumt vestan úr Reykhólasveit og frá Breiðafjarðareyjum.

Miðillinn kvaðst aldrei hafa komið á þessar stöðvar.

p. t. Reykjavík, 10. marz 1946.

Tómas Sigurgeirsson.

Magnús Þorkelsson segir frá

Þessi fundur, sem hér fer á eftir, var haldinn í apríl 1942. Tilefni fundarins var að við hjónin höfðum misst dóttur okkar, Sigríði Svövu, þá fyrir nokkru, og langaði okkur til að ná sambandi við hana, ef þess væri kostur. Fyrir milligöngu séra Jakobs Jónssonar og frú Þóru Einarsdóttur, konu hans, fengum við fund með Hafsteini Björnssyni.

Vissi miðillinn ekki fyrir hverja fundurinn var og þekkti hann hvorugt okkar hjóna. Kona mín heitir Ingibjörg Árnadóttir, en eg Magnús Þorkelsson.

Fundur hófst með bæn og sálmasöng. Var nokkur bið frá því er við settumst og þar til miðillinn hóf máls úr miðilsstólnum, með mér óþekktri röddu.

Hann eða sú, sem talaði í gegnum hann, segir:

Það er maður hérna, hann lítur út fyrir að vera um fimmtugt, meðal maður á hæð, en hárið er tekið að grána. Hann segist hafa átt heima í Nesi. Kannast þú nokkuð við hann, Magnús?

Eg svara því neitandi.

Hann segist þekkja þig.

Eg spyr, hvort hann sé frá Nesi.

Já, en það er eitthvað fyrir framan nafnið. Eg sé

vatn. Hann átti heima rétt hjá vatninu. Hann heitir Guðlaugur. Það er eins og hann hafi líka verið við veitingar, veitt mörgum, líklega hefir hann veitt þér og ykkur báðum.

Það er ung stúlka hjá þér, Ingibjörg, heldur röddin áfram og snýr sér að konu minni. Það er eins og hún eigi þig og þú eigir hana. Hún virðist vera óvenjulega þroskuð. Það er mikil birta umhverfis hana. Hún er á að gizka 16—17 ára. Hún er hvorki stór eða lítil, en svo mikið sé eg, að hún er komin yfir fermingu. Það er ekki langt síðan hún fór yfir um.

Hún er að sýna mér ýmislegt. Það er eins og hún hafi ekki alltaf verið hjá ykkur. Hún sýnir mér sveitina sína. Svo er eins og hún hafi orðið veik og hafi þá komið aftur til ykkar.

Nú sýnir hún mér tvo viðburði, sem virðast hafa glatt hana mikið í lífinu. Eg sé hana liggjandi í sjúkrahúsi. Umhverfis hana loga mörg ljós. Þar er fólk samankomið. Þar eru sungnir sálmar. Það kemur prestur til hennar. Hann les upp úr bók og leggur hönd á höfuð henni.

Það er eins og hún hafi beðið um þetta sjálf. Hún er fól og sýnist hafa legið lengi, en það er eins og hún hafi oft sagt um veikindi sín: Þetta er nú ekkert.

Hún sýnir mér þrjár bræður sína og eina systur. Einn bróðirinn er með gleraugu. Hár hans er mjög hrokkið að framan og hann á vont með að ráða við það.

Hún hefir saumað mikið. Þú átt saum eftir hana. Það er á stól í stofunni heima hjá þér, rétt hjá ljósinu. Þar situr brúðan hennar. Hún bæði heklaði og saum-

aði á brúðuna. Það er eins og hún sé að biðja að heilsa þessari litlu stúlku heima.

Það er maður hjá þér. Hann heitir Þorkell og hann er pabbi þinn. Bak við hann er kona sem heitir Sigríður. Hún er ekki komin ennþá, en hún er á leiðinni. Hún er komin svo hátt að hún á erfitt með að nálgast jörðina, en hún er samt að koma. Hann er farinn yfir um fyrir nokkru, en það er lengra síðan hún fór.

Hann er meðalmaður á hæð en nokkuð herðibreiður og svolítið lotinn. Hún er lítil. Hann hefir búið í sveit. Þú hefir búið þar líka. Bærinn stendur á hól, fjöllin eru langt í burtu.

Nú tekur röddin sig á og segir: Já, fjöllin eru langt í burtu, en líka nærri. Það er eins og ásar, dalir og mýrar umhverfis bæinn.

Nú þagnar röddin. Miðillinn er eins og hann sé að athuga eitthvað.

Þetta er skritinn náungi og er rauðhærður.

Séra Jakob segir: Þykir þér það skrítið?

Ó já, ó já. Hann segist vera frá Björk. Hann þekkir Magnús.

Eg spyr hvort hann sé úr sveitinni.

Nei, hann er úr sveitinni sem hann Guðlaugur var í. Hann segist heita Sigvaldi og hafa verið á Geithálsi.

Eg kveðst muna eftir honum.

Nú verður hann glaður. Hann segist ekki hafa haft tækifæri til að koma fyrr en þetta.

Nú spyr röddin, sem talar í gegnum miðilinn: Ert þú járnsmiður, Magnús?

Eg hefi smíðað bæði tré og járn, svara eg.

Það er hérna maður, sem heitir Bjarni. Hann hefir stundað sömu vinnu og þú og þekkir þig. Hann sýnir mér hamar, sem hann heldur á í hendinni. Það er ekki langt síðan hann fór yfir um. Hann hefir farið mjög snögglega.

Nú spyr konan mín: Er hún glöð litla stúlkan okkar?

Já, hún er fjarska glöð. Hún er alltaf hjá ykkur báðum.

Með hverjum er litla stúlkan helzt, spyr Ingibjörg?

Hún er með Þorkeli og konunni, sem fylgir honum. Það leggur mikla birtu frá konunni til litlu stúlkuunnar.

Ekki kom nafn litlu stúlkunnar okkar. Hann sagðist sjá svo mörg nöfn og nefndi nafnið Sigríður, Sigrún, Guðrún, Kristín, en nafn hennar var eins og áður segir, Sigríður Svava.

Apríl 1942.

Ingibjörg Árnadóttir.

Magnús Þorkelsson.

Mér finnst rétt að gefa skýringu á að hve miklu leyti það reyndist rétt, sem kom á þessum fundi í gegnum Hafstein.

Þar sem miðillinn talar um Guðlaug, virðist mér vera átt við Guðlaug Þórðarson gestgjafa í Tryggvaskála. En það, sem sérstaklega vekur athygli mína er, að hann segist hafa átt heima í Nesi. Eg kannaðist ekki við hann. Hélt í fyrstu að hér væri átt við Nes í Selvogi. Eg leitaði í huga mér, en fann að enginn, sem eg þekkti þaðan hafði borið nafnið Guðlaugur. Og því ítreka eg það, hvort hann sé frá Nesi.

Því er svarað játandi. En jafnframt sagt: Það er eitt-hvað fyrir framan nafnið. Hann átti heima rétt hjá vatninu.

Enginn, sem þarna var vissi, að Guðlaugur hafði bú-ið í Vatnsnesi, nema við Ingibjörg. En þessar lýsingar og skýringar koma áður en eg átta mig á hver Guðlaug-ur er, eða hvaðan. En Guðlaugur var á seinni árum gestgjafi í Tryggvaskála á Selfossi og veitti þar af miklu örlæti mér sem fleirum. Hann er einn þeirra ágætustu manna sem eg hefi haft kynni af.

Unga stúlkan, sem talað er um í gegnum miðilinn, er dóttir okkar. Teljum við að hún hafi sannað það á þessum fundi, hver hún var í jarðlífinu.

Hún þótti hafa óvenju sterkan sálarþroska. Hún var ekki alltaf hjá okkur, en hún veiktist. Lá hún á fimmta ár og dó á sextánda aldursári.

Athöfnin sem miðillinn talar um á sjúkrahúsinu, er ferming hennar og sakramenti. Sjálf óskaði hún eftir fermingunni. Veikindi sín bar hún mjög vel. Kvartaði aldrei, en sagði nákvæmlega sömu orðin og komu í gegnum miðilinn, þegar minnst var á veikindi hennar:

Þetta er nú ekkert.

Þá segir miðillinn að hún hafi sannað mikið og er það alveg rétt. Hann segir líka hvar það sé í stofunni og á hverju. Brúðan hennar situr á stóli í stofunni eins og getur um. Miðillinn segir ennfremur að hún sé að reyna að biðja að heilsa þessari litlu stúlku heima, en áður hefir hún talað um systkini sín, talið bræður sína og systir.

Eg hygg að kveðjan sé til brúðunnar hennar. Hún

var hennar mesta yndi og dygrastytting í hinni löngu legu.

Nöfnin Þorkell og Sigríður eru foreldranöfn mín, er það rétt að móðir mín andaðist á undan föður mínum.

Þau bjuggu í sveit. Miðillinn segir að eg hafi líka búið í sveit á þessum bæ. Eg hefi tæplega talið svo vera, nema ef það gæti átt við það, að við hjónin vorum þar tvö fyrstu hjúskaparárin. Þá er sagt að bærinn standi á hól. Það er alveg rétt. Svo er sagt að fjöllin séu langt í burtu. Það er líka rétt. Að fjöllin séu líka nærri veit eg ekki hvernig ber að skilja, nema átt sé við holt þau, sem Sölvholt eru kölluð. Þessi holt eru nokkuð há og standa nærri bænum. Þessi bær, sem átt er við, heitir Smádalir.

Það er rétt að mýraflákar eru út frá bænum, en að umhverfis hann séu ásar og dalir tel eg tæplega rétt, þó má benda á að þarna er mikið af litlum hólum og smá dölum eins og bæjarnefnið bendir til.

Kaflinn, er hér fer á eftir, finnst mér athyglisverður. Miðillinn byrjar að lýsa manni, og enginn veit, við hvern átt er. Hann nefnir bæjarnafnið Björk. Segir, að hann sé þaðan. Hann þekki mig. Svo er fullyrt að hann sé úr sveitinni, sem Guðlaugur hafi verið í. En Guðlaugur var úr Grímsnesinu.

Þá fyrst veit eg hvar þessi bær Björk er. Áður hélt eg að átt væri við Björk í Sandvíkurhreppi. Eg vissi ekki til að eg hefði þekkt mann frá Björk í Grímsnesi. Þegar miðillinn nefndi hann Sigvalda og sagt var að hann hefði verið á Geithálsi, áttaði eg mig á hver þetta var. En aldrei hafði eg heyrt þess getið að hann hefði verið ættaður frá Björk. Síðar fékk eg vissu fyrir því að svo

hefði verið. Það, sem kynlegast er, eg hafði aðeins einu sinni séð Sigvalda þennan, en aldrei talað við hann. Eg þekkti hann því raunverulega ekkert. Enginn, sem var á fundinum, kannaðist við hann. Hann var rauðbirkinn og talsvert einkennilegur í útliti.

Manninn með hamarinn áleit eg vera Bjarna Guðnason trésmið. Við stunduðum sömu iðn og vorum málkunnugir. Hann varð fyrir slysi og varð fljótt um hann.

Magnús Þorkelsson.

Eg undirritaður votta hér með, að frásögn Magnúsar Þorkelssonar um miðilsfundinn er rétt, svo langt sem minni mitt og vitneskja nær. Lögð hafði verið áherzla á það, að miðillinn fengi ekkert að vita um það, hverjir væru væntanlegir á fundinn. Var myrkur í stofunni, þegar þau hjónin komu inn, svo að hann sá ekki framan í þau.

Rétt er að taka það fram, að á 1. eða 2. degi eftir fundinn hringdi Magnús og skýrði konu minni frá því, að nú væri hann búinn að fá vitneskju um þau atriði í sambandi við Sigvalda, sem honum voru óljós á fundinum. En mér er kunnugt um, að þá þegar ritaði Magnús skýrslu um fundinn, sér til minnis.

Reykjavík, 4. júlí 1946.

Jakob Jónsson.

Nokkrum sinnum hefi eg verið á fundum hjá Hafsteini Björnssyni miðli. Fundirnir hafa verið mjög strjálir, langt liðið á milli þeirra, og oftast nær hafa

þeir verið haldnir vegna einhverra vina minna eða kunningja. Af þessu leiðir, að mikið af því, sem borið hefir á góma, hefir ekki snert mig persónulega eða verið innan þeirra takmarka, sem eg hafði sem bezt tók á að rannsaka. Við þetta bætist, að þegar víða er við komið í samtali, festist það illa í minni, nema einstök atriði, sem einhverra hluta vegna skera sig úr. Loks má benda á það, að á miðilsfundum getur eitt og annað gerzt, sem er sannfærandi fyrir einn mann, þótt ekki sé hægt að segja, að það hafi þýðingu fyrir fleiri.

Fyrsta skiptið, sem eg sá Hafstein, var heima hjá frú Gíslínu Kvaran haustið 1940, en þá vorum við hjónin fyrir skömmu komin frá Canada. Á þeim fundi vakti það athygli mína, að miðillinn nefndi fullum fetum eitt mannsnafnið eftir annað, lýsti umhverfi og áttum í sambandi við heimili framliðsins fólks, er við höfðum þekkt vestur í Ameríku, og með hvaða hætti dauða þess hefði að höndum borið.

Það vill svo óheppilega til, að tvö atvik, sem eg gæti sagt frá í sambandi við Hafstein, eru tengd við leyndarmál, sem mér er algerlega óheimilt að láta uppi. Hið fyrra var frá fundi, sem haldinn var fyrir nokkrum árum í Reykjavík. Var þar lýst góðkunningja mínum, sem verið hafði frímúrari. Stjórnandi miðilsins flutti mér orðsendingu frá honum og vitnaði til atburðar á frímúrarafundi, sem enginn viðstaddur gat vitað um, þar eð hvorki miðillinn né aðrir voru félagar frímúrarareglunnar. Að Hafsteinn hafi frétt um það hjá frímúrara, tel eg útilokað. Engan annan fundarmann en mig gat grunað, hvaða atburð miðillinn ætti við.

Í fyrravetur var eg staddur á fundi hjá Hafsteini,

og bar þar á góma atvik eða atriði, sem eg skal ábyrgjast að enginn maður hér á landi hefir hugmynd um, nema kona mín og eg. En það var strangt leyndarmál, sem mér var alls ekki leyfilegt að ljósta upp. Ympraði miðillinn á þessu fyrst í sambandi við annað, sem hann var að segja frá. Eg reyndi ekki að stöðva hann, af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi gat eg alveg eins gert ráð fyrir því, að honum skjátlaðist og segði eitthvað annað en hið rétta. Þá var aðeins um misheppnaða tilraun að ræða, og gat engum komið að sök. Í öðru lagi lék ýmsum fundarmönnum forvitni á að vita, hvort stjórnandinn hefði rétt fyrir sér í því, sem hann segði, því að það skildist mönnum undir eins, að hér væri um að ræða hluti, sem miðillinn gæti ekki haft hugmynd um í eðlilegu ástandi. Ætlaði eg nú að treysta á þagmælsku þeirra, sem viðstaddir voru, ef svo ólíklega vildi til, að leyndarmálinu yrði ljóstað upp. En það er alkunna, að stjórnendur góðra miðla eru yfirleitt varkárir og grandvarir í tali sínu um það, sem einhverjum kemur óþægilega. Í þetta sinn hafði „Finna gamla“ vit fyrir fólkinu. Hún þverneitaði að láta nokkuð uppskátt, nema í viðurvist aðeins tveggja manna, auk okkar hjónanna, ef við féllumst á það.

Eigi allllöngu síðar sátum við fund hjá Hafsteini. Stjórnandinn var sjálfur hikandi við að skýra frá leyndarmálinu, kvaðst vera hræddur um, að hann væri að fara með einhverja vitleysu. En það er óþarfi að orðlengja það frekar, að frásögnin reyndist rétt.

Aðeins eina skyggnilýsingu utan fundar get eg nefnt hér, af því að þar er um sams konar sýn tveggja miðla að ræða, að vísu ekki á sama tíma, heldur við sams kon-

ar tækifæri. Hafsteinn hafði verið við fermingu hjá mér í Reykjavík. Spurði eg hann eftir á, hvort nokkuð hefði fyrir augu hans borið. Hann sagði mér frá sýn sinni, er hann lýsti þannig: Uppi yfir altari kirkjunnar sá inn í blikandi ljósadýrð, sem erfitt var að horfa í. Frá þessari ljósuppsprettu lá taug eða straumband niður til prestsins, er stóð fyrir altarinu, umlukti hann að miklu leyti, en út frá honum gengu síðan ljósþræðir í allar áttir, til hvers einasta fermingarbarns og út um alla kirkju, til hvers manns fyrir sig. Virtist miðlinum, sem sumir væru móttækilegri en aðrir fyrir þessum hulda krafti. Auk þess kvaðst miðillinn hafa séð uppi við altarið aðra sýn, sem honum virtist eiga heima á öðru sviði tilverunnar. Fannst honum sem góðar og fagrar verur væru að koma þangað með fólk, sem liði þjáningar, og væri þar verið að hagnýta ljósið að ofan, því til heilla.

Segja má nú, að þessi sýn Hafsteins í kirkjunni feli lítið í sér, annað en þá fegurð, sem í henni er fólgin, og þær hugsanir, sem hún vekur. En eitt er það þó, sem mér virðist benda til þess, að í þessari sýn sé fólgið meira en fögur ímyndun, og að baki hennar sé veruleikur.

Annar skyggn maður, sem eg þekki, var viðstaddur aðra fermingarathöfn, og lýsti alveg nákvæmlega samskonar sýn. Hann sá ljósflóðið uppi við altarið og geislaböndin út um alla kirkju. Hvorugur sjáandinn hafði hugmynd um sýn hins. Þetta virðist mér benda til þess, að messa í kirkju sé ekki fyrst og fremst samkoma, þar sem menn komi til að hlusta á ræður og hlusta á söng, eins og margir virðast álíta, heldur sé messan eins

konar sambandsstöð milli himnesks máttar og jarðneskra manna, svo sem kirkjan hefir sjálf haldið fram.

Að lokum vil eg aðeins taka það fram, að mér hafa virzt fram koma allskýr persónuleg einkenni hjá hverjum fyrir sig, af þeim „stjórnendum“ eða verum, sem tala fyrir munn miðilsins að staðaldri. Og þeir eru lausir við þann annmarka, sem oft kemur fram hjá illa þroskuðum miðlum með lélega stjórnendur, að láta sér þykja, þótt fram komi efi eða gagnrýni á því, sem þeir kunna að halda fram.

Reykjavík, 4. júlí 1946.

Jakob Jónsson.

Framliðinn maður sannar sig

Fundur hjá Hafsteini Björnssyni, miðli, þann 25. janúar 1941.

Það skal strax tekið fram, að eg var sjálfur ekki viðstaddur fund þann, sem hér um ræðir.

Tildrög fundarins voru þau, að til Reykjavíkur kemur maður, Hjálmar J. Guðjónsson að nafni, frá Strandhöfn í Vopnafirði.

Fyrir tilmæli Hjálmars við frú Guðrúnu Jónsdóttur, Vesturgötu 48, Reykjavík, gekkst hún fyrir því, að fundur var haldinn fyrir Hjálmar hjá miðlinum Hafsteini Björnssyni. Fundinn sátu þau þrjú, auk miðilsins, frú Guðrún og Hjálmar, ásamt frú Hansínu Hansdóttur.

Að kvöldi þess 27. janúar bar svo við, að frú Guðrún kom, af tilviljun, heim til mín og meðal annars

barst í tal, okkar á milli, að hún hefði nýlega verið á miðilsfundi, sem henni fyrst framan af, hefði fundizt að fremur lítið yrði á að græða, hvað sannanir snerti, þrátt fyrir góðan miðilskraft, einkum fyrir þá sök, að einhver framliðinn maður hefði gert þar vart við sig og tekið upp mikinn hluta fundartímans, en sem enginn þeirra gat kannast við. Hafði hann sérstaklega viljað gefa sig að Hjálmari, sem átti fundinn, þar sem hann kostaði til hans. Gat Hjálmar alls ekki kannast við „gestinn“, og mun honum hafa þótt nóg um áfergi hans. Enda er slíkt afsakanlegt og mjög skiljanlegt, að Hjálmari hefði verið kærkomnara að fá samband við einhvern, er hann bæri kennsl á. Þegar svo frú Guðrún sagði mér, að maður þessi kvað sig mjög hafa verið bundinn við Eskifjörð og dáið þar o. s. frv., kom mér í hug, að þarna gæti eg, ef til vildi, gerzt þarfur milliliður, með því að skrifa læknishjónunum þar. Síðar sendi eg þeim því bréf, stílað til frænku minnar, konu læknisins á Eskifirði, með nokkrum eftirgrenslunum, er mér þóttu bezt henta og til urðu við þær upplýsingar, er frú Guðrún gaf mér um þennan ókunna fundargest. Efni bréfs míns, að þessu leyti, var ekki víðtækt, aðeins það, hvort læknirinn hefði, fyrir nokkrum tíma, haft með höndum sjúkling að nafni Guðna Magnússon, er orðið hefði fyrir meiðslum í sambandi við bíl eða bílslys og beðið bana af þeim orsökum. Og ef svo væri, þá með hvaða hætti dauða hans hefði að borið. Að eg hafi ekki verið margorður, má síðar sjá á bréfi þeirra, er frúin skrifaði, þar sem hún víkur að því, hvaðan mér geti verið komin sú litla vitneskja um þetta, er eg hafi.

Þess skal getið, að frú Guðrún kvaðst hafa farið að gefa sig að „gestinum“, þegar henni virtist Hjálmari þykja nóg komið og hann kannaðist ekki við neitt. Því mundi hún glöggt eftir öllum helztu atriðum í þessu sambandi. Henni virtist „gesturinn“ svo skýr og duglegur í sambandinu, enda krafturinn mikill og góð samstilling yfir fundinum og miðillinn ágætlega fyrir kallaður. Fleiri atriði höfðu og líka komið fram síðar á fundi þessum, er fólu í sér sannanir annars eðlis en þau, er hér um ræðir.

Sem sagt, skrifaði eg læknisfrúnni og var ekki ítið undrandi, er eg meðtók svarbréf hennar, með ýtarlegustu upplýsingum, er svara nákvæmlega, ekki aðeins til þess fáa, er um var spurt, heldur og í samræmi við öll hin helztu atriði, er frú Guðrún var áður búin að skýra mér frá að gerzt hefðu á umræddum miðilsfundi.

Hér fer á eftir kaflinn úr bréf læknisfrúarinnar, dags. 14. marz 1941, að því, er þetta mál varðar:

„— — Þig mun líklega undra, að eg svara bréfi þínu um hæl, þú veizt, að eg er alltaf löt að skrifa. En út af því, sem þú spurðir mig í bréfi þínu, viðvíkjandi slysi, var eg beðin að skrifa sem allra fyrst og jafnframt biðja um allar mögulegar upplýsingar um, hvaðan þér er komin sú litla vitneskja um þetta, er þú hefir, og hvort þú getir sagt meira í þessu sambandi. Það er bezt að eg segi þér frá málavöxtum, eins og þeir eru okkur hér kunnir. Hér búa hjón, sem heita Anna Jørgensen og Magnús Arngrímsson. Hann hefir lengi unnið að vegagerð, bæði í Múla- og Þingeyjarsýslu, og er kona hans þar alltaf með honum núna seinni árin. Þau áttu

5 mannvænleg börn, öll upp komin. Einn sonur þeirra, sá næstyngsti, á að gizka 20—21 árs, var bílstjóri, hafði verið það 2—3 ár, og oft unnið með föður sínum að vegagerð. Síðastliðið haust hefir piltur þessi — hann hét Guðni Magnússon — dag einn mjög mikið að gera við akstur, fer að morgni hér út í Viðfjörð, sem er alllöng og erfið ferð og síðar um daginn á Reyðarfjörð. Síðan heldur hann heimleiðis. Bíllinn var ekki í lagi og varð hann lengur á leiðinni en vanalega, og hann einn í bílnum. Þegar kemur á hálsinn hér milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, verður hann þess var, að bíllinn er benzínlaus. Skilur hann þá við bílinn og hleypur út á Eskifjörð og sækir sér benzín í skjólu. Það er um 6 kílómetra báðar leiðir. Þegar hann kemur heim, er hann afar þreyttur eftir þetta allt. Um nóttina fær hann miklar kvalir innvortis. Einar er sóttur til hans, og getur þá í fljótu bragði ekki vitað af hverju þessar kvalir stafi. Næsta morgun er Einar sóttur á Reyðarfjörð og var þar allan daginn. Að kvöldi þess dags er hringt héðan til Einars á Reyðarfjörð og hann beðinn að koma fljótlega að innan, því að Guðna hafi þyngt mjög mikið, og Einar beðinn að koma með herlækninn með sér, ef frekar væri hægt að gera eitthvað fyrir Guðna. Þeir komu um kl. 9 að kvöldi og sjá strax, að pilturinn er langt leiddur, að um garnaflækju eða sprungna görn muni vera að ræða. Hér voru ekki tök á að gera við slíkt. Þeir ákveða því að senda piltinn samstundis á Seyðisfjarðarspítala. Um flugvél var ekki að ræða, þar sem þetta er seint í október og dimmt að kvöldi. Guðni er drifinn út í stóran mótorbát og þeir fara á stað, en Guðni heitinn andast á leiðinni milli

Norðfjarðar og Seyðisfjarðar. — Þetta er það, sem við vitum hér um þetta atvik. En þegar eg les bréf þitt, hlýtur mér að detta piltur þessi í hug, því að hann hét Guðni Magnússon, og þótt hér væri ekki um bílslys að ræða, þá er hann að vinna við bíl og reynir mikið á sig. Svo eg afréð strax, að láta foreldra píltsins sjá þann kafla bréfs þíns, er hér um varðar. Það varð til þess, að þeim hjónum þótti þetta afar-merkilegt, og báðu mig endilega að skrifa strax og útvega sér alla vitneskju þessu aðlútandi, sem mögulegt væri. Vona eg, að þú skrifir mér aftur og útvegir þær upplýsingar, sem hægt er að fá.

Að þessu bréfi móttæknu, þótti mér allt þetta svo merkilegt, að eg fór þegar fram á það við frú Guðrúnu, að hún skrifaði Hjálmari, sem hún þekkir og nú var kominn heim til sín á Vopnafjörð, og bæði hann að senda sér skriflega skýrslu yfir það, er hann bezt myndi eftir, af fundinum, þessu viðkomandi, og einnig að hún sjálf skrifaði það upp, er hún myndi réttast.

Umsagnir þeirra beggja, frú Guðrúnar og Hjálmars, fara hér á eftir.

Hjálmar skýrir svo frá:

„Það fyrsta, sem Finna segir við mig var, að hjá mér stæði ungur maður í meðallagi hár, ljóshærður og hár-ið farið að þynnast uppi á höfðinu. Einnig að hann væri á milli tvítugs og þrítugs og hétí Guðni Magnússon og sæi hún hann greinilega. Hún sagði, að hann hefði þekkt eitthvað til míns fólks. Ennfremur að Eskifjörður og Reyðarfjörður væri í sambandi við hann og dauða hans. Hann hefði verið bílstjóri. Sagðist hún greinilega sjá hvernig hann hefði dáið, hefir hann ver-

ið að gera við bílinn sinn, skriðið undir hann, teygt sig og hafi þá slitnað eitthvað innan í honum. Síðan verið fluttur á bát milli fjarða, en dáið á leiðinni. — Meiru man eg ekki eftir.“

Strandhöfn, 30. marz 1941.

Hjálmar J. Guðjónsson.

Frú Guðrún skýrir svo frá:

„Til frekari skýringar þess, er fram kom á fundi þeim, sem Hafsteinn Björnsson miðill hélt, þann 25. jan. 1941, fyrir Hjálmar J. Guðjónsson, Strandhöfn, Vopnafirði, skrifa eg það, er hér fer á eftir: Fundurinn byrjaði með venjulegum hætti. Fór þá Finna (það er stjórnandi miðilsins) að segja frá því, er hún sér hjá Hjálmari og meðfylgjandi vottorð ber með sér.

Hjálmar hafði aldrei áður verið á miðilsfundi og tók þetta ekki trúanlegt, þar eð hann kannaðist ekkert við manninn, sem lýst var. Og eg þóttist merkja á honum, að hann kærði sig ekki um meira frá þessum ókunna manni. Tók eg þá að spyrja Finnu frekar um hann. Finna segir: „Maðurinn á foreldra á lífi og eg sé í sambandi við hann sveit, hann segir hérað.“ Eg spyr: „Getur þú lýst því hvernig það atvikaðist þegar hann dó?“ Finna segir: „Hann hefir verið einn á ferð í bílnum sínum, yfir fjallveg, svo hefir bíllinn bilað. Eg sé greinilega að pilturinn athugar bílinn, skríður undir hann og þá slitnar eitthvað innan í manninum, og af því hefir hann dáið.“ Eg spyr: „Dó hann strax?“ Finna segir: „Nei, hann komst heim til sín og svo sé eg að hann hefir verið fluttur á bát, það átti að flytja hann til læknis, eg sé að það er á milli fjarða, en hann hefir

dáið á leiðinni, í bátnum.“ Eg spyr: „Getur þú sagt mér á milli hvaða fjarða átti að flytja hann?“ Finna segir: „Eg get ekki greint það, en Eskifjörður er alltaf það, sem hann hefir mest í huga.“ Eg spyr: „Hvað heldur þú að sé langt síðan að pilturinn fór?“ Finna segir: „Eg get ekki séð það greinilega. Mér finnst það vera nokkrir mánuðir, svona 4 til 5. Það getur líka verið meira eða minna. Maðurinn virðist vera búinn að átta sig vel. Samt finnst honum hann ekki vel öruggur.“ Eg spyr: „Hvað heldur þú að hann vilji Hjálmari, heldur þú að það sé eitthvað sérstakt?“ Finna segir: „Hann kemur bara svona til hans af því að þeir eru báðir úr sama landshluta, og svo er hann að reyna að fá styrk hjá honum. Þið ættuð að hugsa vel til hans. Það styrkir hann.“ Eitthvað fleira töluðum við um piltinn, en eg man það ekki svo greinilega, að eg treysti mér til að skrifa það.“

Vesturgötu 48, Reykjavík, 6. júní 1941.

Guðrún Jónsdóttir.

„Undirrituð vottar, að framanskráð er rétt.“

Hansína Hansdóttir.

Í júní, í mánuði síðastliðnum átti eg leið austur á Eskifjörð, aðallega til að heimsækja læknishjónin þar, Einar Ástráðs og bróðurdóttur mína, konu hans, Guðrúnu Guðmundsdóttur. Dvaldi eg hjá þeim í vikutíma. Hitti eg þar marga góða menn og konur að máli. En sízt vildi eg láta undir höfuð leggjast að eiga tal við foreldra Guðna sál. Magnússonar. Eg hitti þó svo óheppilega á, að þau voru fyrir nokkrum tíma farin upp á

Fljótsdalshérað, þar sem Magnús dvelur sem verkstjóri við vegagerð á sumrum og kona hans með honum. Varð mér því ekki auðið að ná fundi þeirra. En þar sem mér var kunnugt um, að þeim væri mjög umhugað að ná fundi mínum og fá frekari upplýsingar, sendi eg þeim skriflega umsögn mína um framanskráðan atburð, ásamt staðfestum afritum viðkomandi vottorða. Og ennfremur þessar línur:

Þar sem mér persónulega virðist mál þetta svo stórmerkilegt og skýr sönnun þess, að hér sé um rétt samband að ræða — hugsanaflutningur er alveg útilokaður — vildi eg helst fá leyfi foreldra viðkomandi framliðsins pils til þess að mega, á sínum tíma, birta atburð þennan í tímaritinu „Morgunn“, sem er mál gagn Sálarrannsóknarfélags Íslands, þar sem eg er starfandi sem einn stjórnarmeðlimur. Ef þau kysu heldur að láta nafna sinna ógetið, mundu þau ekki birt. Skemmtilegast hefði mér þótt að geta átt tal við þau sjálfur, en ferð minni nú er svo hátt að, að mér er það ekki mögulegt, en við tilmælum þeirra vil eg verða og ætla eg þeim því þessar línur.

Nokkrum tíma eftir heimkomu mína barst mér svohljóðandi bréf:

Vegtjöldum í Fljótsdal, 23. júlí 1941.

Hr. Ásmundur Gestsson, Reykjavík.

Með línunum þessum vottum við okkar innilegasta þakklæti fyrir þá vinsemd og virðingu, sem þér sýnduð okkur hjónum, með því að hafa austur með yður þessi dýrmætu skjöl. Við vorum afar-leið að geta ekki hitt

yður sjálfan. Þér biðjið okkur um að mega birta þetta í „Morgni“. Okkur er það sönn ánægja, ásamt okkar fullu nöfnum.

Fari svo, að eitthvað kynni að koma fleira, þessu máli viðvíkjandi, biðjum við yður að gera svo vel og láta okkur vita.

Kærar veðjur.

Anna Jørgensen.

*Magnús Arngrímsson,
frá Eskifirði.*

Í umslaginu fylgdi á sérstöku blaði:

„Ritast í ósjálfráðri skrift daginn eftir að hr. Ásm. Gestsson kemur til Eskifjarðar:

Elsku mamma mín. Þú færð boð frá einhverjum manni, eg þekki hann ekki og þú ekki heldur. En því, sem hann færir þér máttu treysta og eg veit, að þið gerið það, elskulegu foreldrar. Eg hefi lagt mikið á mig til að koma þannig fram, að unnt væri að kannast við mig, ekki aðeins hjá miðlinum, heldur hefi eg gert tilraun til að þrýsta þessum manni til athafna, sem eg náði þarna.

Elskulegur sonur ykkar, Guðni.“

Eftirmáli

Hvaða ályktun er nú hægt að draga af þeim merkilega atburði, sem hér hefir verið frá skýrt? Eg vil fyrst taka nokkur atriði til nánari yfirvegunar:

Framliðinn maður gerir vart við sig á fámennum miðilsfundi. Hann er og skýr í sambandi, áleitinn og

vill ekki gefast upp, og það þótt enginn fundarmanna kannast neitt við hann, og því síður það, sem hann skýrir frá. Hann kemur strax í samband. Hann er svo greinilegur, að Finna segist sjá hann vel og gefur af honum stutta og gagnorða lýsingu: Í meðallagi hár, ljóshærður og hárið farið að þynnast ofan á höfðinu. Þetta með hárið mætti í fljótu bragði virðast nokkuð fátítt og jafnvel ótrúlegt á manni rúmlega tvítugum, og satt að segja var eg sjálfur dálítið efablandinn um, að slíkt mundi reynast rétt. En meðan eg dvaldi á Eskifirði, fékk eg að kynnast merkri konu og greindri þar á staðnum, sem verið hafði Guðna sál. og fjölskyldu hans mjög handgengin, hún kvað þetta vera alveg rétt og eins með háralitinn. Hann segir til um aldur sinn, milli tvítugs og þrítugs. Mér var sagt á Eskifirði, að hann hafi verið 24 ára. (Í bréfi læknisfrúarinnar er gízkað á 20–21 árs). Hann sýnir sveit og nefnir Hérað og einnig að hann hafi þekkt eitthvað til fólks Hjálmars og komi til hans, þar sem þeir séu báðir úr sama landshluta. Hann var vanur að vinna að vegagerð uppi á Héraði (Fljótshéraði) og hefir máské kynnt þar einhverju af fólki Hjálmars, um það veit eg ekki, en ekki er það ólíklegt, það gat líka verið án Hjálmars vitundar. Hann segir nafn sitt og föðurnafn. Að hann eigi foreldra á lífi. Að hann hafi verið bílstjóri og farið yfir fjallveg, verið einn í bílnum sínum yfir fjallveg. Í bréfi læknisfrúarinnar segir, að hann, um morguninn, hafi farið einn á bílnum sínum til Viðfjarðar. Eg veit að það er erfiðan fjallveg yfir að fara. Að eitthvað hafi verið að bílnum. Að hann hafi skriðið undir bílinn og að þá hafi eitthvað slitnað innan í sér. Að hann dó ekki

strax, en komst heim til sín. Að hann hafi verið fluttur á bát milli fjarða og dáið á leiðinni, í bátnum. Hann nefnir Reyðarfjörð og Eskifjörð, en Eskifjörður virðist þó ofar í huga hans. Ekki að furða, síðast fór hann frá Reyðarfirði, en á Eskifirði eru foreldrar hans og hjá þeim á hann heima. Stjórnandi miðilsins er spurður hvað langt muni síðan að dauða hans bar að, hann segist ekki sjá það glögg, gizkar þó á 4–5 mánuði, en geti þó munað einhverju. Maðurinn deyr síðari hluta okt. 1940, en eins og áður getur, var fundurinn hjá Hafsteini Björnssyni þann 25. janúar 1941. Það er að líkindum eitthvað á 4. mánuð.

Þegar nú öll þessi atriði, er hér um ræðir, eru borin saman við skýrslu læknisfrúarinnar og aðrar upplýsingar, er eg komst yfir, verður ekki annað sagt en að hér liggi fyrir alveg óvafengjanlegar sannanir hins framliðna manns. Eða hvernig ætti, með skynsamlegum rökum, að vera mögulegt að tengja hér við áhrif undirvitundar, fjarskynjunar, hugsanaflutnings eða huglesturs. Ekkert getur komið frá undirvitundinni nema það hafi fyrst farið gegnum yfirvitundina. Felstir verða að leiða hest sinn frá slíku. Eg tel það alveg útilokað. Eða hvaðan og hvernig ætti t. d. miðlinum eða fundarmönnum að berast slíkt inn í vitund sína annars staðar frá? Eg hefi allra þeirra eiginorð fyrir því, nema Hjálmars, að þau hafa aldrei stigið fæti á Eskifjarðarlóð. Hjálmar hefir að líkindum komið þar, eg veit það ekki, en hann kannaðist ekki við neitt, er fram kom á fundinum viðvíkjandi hinum framliðna manni.

Því næst er það bréfið frá foreldrum piltsins. Eins og áður getur, sendi eg þeim, eða öllu heldur lét liggja

fyrir, á heimili þeirra á Eskifirði, bréf, þar sem eg skýrði þeim frá tildrögum fundarins og hvernig það atvikaðist að eg fór að láta mig varða þetta mál, sem sannarlega mátti kalla einskæra tilviljun, og áður er frá sagt. Einnig lét eg fylgja staðfest afrit af umsögnum þeirra frú Guðrúnar og Hjálmars. Auk þess vissi eg, að þau voru orðin þessu nokkuð kunnug af síðara bréfi því, er eg skrifaði læknisfrúnni.

Það má kannske segja, að þau staðfesti ekki með beinum orðum hvaða gildi framkomnar sannanir hafi fyrir sig. En mér finnst nú samt að þau geri það. Bréfið er svo hlýlegt og þrungið þakklæti fyrir að hafa fengið í hendur þessi, eins og þau segja, dýrmætu skjöl. Þau spyrja einskis, Gjöra heldur engar athugasemdir, sízt að þau láti í ljós neinar rengingar, heldur leyfa hikaust og fúslega, að birta frásögnina um atburðinn í tímaritinu „Morgunn“, með þessum orðum: „Okkur er það sönn ánægja, ásamt okkar fullu nöfnum.“ Þau þrá jafnframt, ef verða mætti, að fá frekari vitneskju frá héðan horfnu barni sínu.

Að síðustu er það svo blaðið með ósjálfráðu skriftinni. Mér er ókunnugt um hvar, eða hjá hvaða skrifmiðli sú skrift er fram komin. Eins og áður er getið, fylgdi blaðið með bréfi hjónanna, foreldra pilsins, án nokkurra umsagna, annarra en þeirra, er í upphafi þess getur, sem sé, að ritast hafi ósjálfrátt daginn eftir að eg kom til Eskifjarðar. Eg kom þangað að kvöldi þess 10. júní, á þriðjudag, en það var ekki fyrr en síðari hluta föstud. þess 13. júní, sem eg gerði tilraun til þess að heimsækja foreldra Guðna sál. á fjórða degi eftir komu mína í Fjörðinn. Eins og áður er sagt, voru þau þá, fyr-

ir nokkrum tíma, flutt upp á Hérað til sumarvinnu sinnar og tel eg mjög ólíklegt, að þau strax á öðrum degi hafi verið búin að öðlast vitneskju um komu mína austur. Liggur því beint við að ætla, að hin ósjálfráða skrift hafi komið fram þar efra hjá þeim sjálfum, áður en þau fengu skrif mín í hendur. Um það skal eg samt ekkert fullyrða. En hafi svo verið, væri slíkt út af fyrir sig, markverð sönnun.

Hver verður svo niðurstaðan? Eg finn enga skynsamari ályktun en þá, að hinn framliðni maður hafi, með svo mörgu og á svo margan ótvíræðan hátt sannað, að hann lifir þótt látinn sé.

Ásm. Gestsson.

Maður Mannsson

Veturinn 1937—1938 hefir Hafsteinn fasta fundi hjá Einari H. Kvaran, fyrst vikulega, en oftast tvisvar í viku, er á veturinn líður. Eftir hátíðarnar fer vera að gera vart við sig í sambandinu og er framkoma hennar allkynleg. Þegar spurt er, hver þarna sé, er svarað:

Eg heiti Jón Jónsson eða Maður Mannsson, eða ykkur varðar andskotann ekkert um, hvað eg heiti.

Kvaran spyr, hvað hann vilji.

Hann svarar: Eg er að leita að leggunum mínum, og eg vil hafa leggin minn.

Kvaran spyr aftur, hvar leggurinn muni vera.

Hinn svarar: Hann er í sjónum.

Fleira kemur ekki fram á þessum fundi.

Þessi vera heldur svo áfram að koma á fundina og talar alltaf um hið sama, um leggin sinn, og heimtar

hann. En hann er alveg ófáanlegur til að segja, hver hann er.

Pegar fundir byrja hjá frú Lilju Kristjánsdóttur haustið 1938, endurtekur þetta sig. Hann kemur á fundina og stagast alltaf á hinu sama. Vill fá legginn sinn. En þegar enginn kannast við hann og hann harðneitar að segja til sín, er engin leið að átta sig á þessu.

Fundina hjá frú Lilju sátu Niels Carlsson og kona hans, og frú Guðrún Stefánsdóttir, Hafnarfirði. Svo bættist Lúðvík Guðmundsson í hópinn og hans kona, Jórunn Guðmundsson. Lúðvík var útgerðarmaður í Sandgerði, en búsettur hér í bæ.

Pegar Lúðvík kemur á fundina, kemur þessi kynlega vera, sem kallar sig Jón Jónsson eða Mann Mannsson, og talar mikið um, hvað hann hafi verið lánsسامur að hitta Lúðvík.

Nú hafði miðillinn aldrei séð Lúðvík og þekkti ekkert til hans né hans fólks. En aftur á móti voru þeir kunnugir, Niels Carlsson og Lúðvík, enda náfrændur.

Lúðvík kannast ekkert við þennan náunga og skilur sízt í, hvað hann vilji sér sérstaklega. Hann óskar þess eindregið að vita, hver hann sé. En hinn situr við sinn keip og neitar sem áður að gefa nokkrar upplýsingar. Aftur á móti fullyrðir hann, að Lúðvík viti um legginn sinn. Hann sé í húsi hans í Sandgerði.

Lúðvík krefst þess, að hann segi, hver hann var í jarðlífinu, svo að hægt sé að afla sér upplýsinga um málið. Hinn er ófáanlegur til þess. Fer þessu svo fram lengi vel, að þessi vera kemur í sambandið og heimtar legginn sinn.

Hann hegðar sér mjög kynlega í sambandinu, biður

oft um í nefið, og sjá þá fundarmenn, að miðillinn ber handarbakið upp að nefinu og sýgur upp í nefið á sama hátt og tóbaksmenn gera. Hann talar líka oft um, að sig langi í kaffi, og biður að hella í bolla handa sér á eftir fundi eins og hinum.

Einu sinni kom hann á fund í Hafnarfirði hjá frú Soffíu. Hún spurði, hvort hann vildi í nefið. Nei, hann vildi ekki í nefið og ekki kaffi. En þú átt annað, sem eg vil fá, sagði hann.

Hún spurði, hvað það væri.

Það er dálítið í glasi frammi í skáp í eldhúsinu, sagði hann.

Þóttist hún þá vita, að hann ætti við lögg af rommi, sem hún átti í eldhússkápnum og notaði í búðinga.

Hún neitaði að láta hann hafa rommið. Hann var heillengi að þrefa um þetta og sagðist vilja fá þessa lögg.

Í sambandinu hefir hann verið spurður, hvers vegna hann væri ekki kominn lengra áleiðis.

Eg kæri mig ekkert um það. Það er ágætt að vera svona, svaraði hann.

Svo er það eitt sinn, að þeir gera honum tvo kosti, Lúðvík og Níels. Annað hvort segi hann, hver hann sé og hvaðan, eða þeir sinni þessu ekki. Hann verður öskuvondur og kemur ekki aftur í langan tíma. Þegar hann kemur næst, brýzt hann í gegnum miðilinn og segir:

Jæja, það er bezt eg segi þá, hver eg er. Eg heiti Runólfur Runólfsson og var eg 52 ára, er eg lézt. Eg bjó með kelli minni í Kólgu eða Klappakoti hjá Sandgerði. Var eg á ferð frá Feflavík seinni hluta dags og

var fullur. Eg kom við hjá Sveinbirni Þórðarsyni í Sandgerði. Þar þáði eg góðgerðir. Þegar eg ætlaði að fara, fannst þeim veðrið svo vont, að þeir vildu láta fylgja mér heim til mín. Þá varð eg vondur og sagðist ekkert fara, ef eg fengi ekki að fara einn. Heim til mín var ekki nema 15 mínútna gangur, eða tæplega það. Fór eg svo, en eg var blautur og illa á mig kominn. Gekk eg inn Kambinn, sem kallaður er. Þegar eg var kominn yfir kambinn, settist eg undir klett, sem kallaður er Flankastaðaklettur, en hann er nú næstum horfinn. Þar tek eg upp flöskuna og sýp drjúgum á. Svo sofna eg. Flóðið kemur, mig tekur út. Þetta er í október 1879. Finnst eg ekki fyrr en í janúar 1880. Rak mig þá upp, en þá komust hundar og hrafnar í mig og tættu mig sundur. Leifarnar af mér fundust og voru grafnar í Útskálakirkjugarði. En þá vantaði lærlegginn. Hann tók út aftur, en rak svo síðar upp í Sandgerði, og þar hefir hann verið að þvælast síðan, og nú er hann hjá Lúðvík.

Þeir spyrja þá Lúðvík og Niels, hvar þeir geti fundið sönnun þess, að hann sé sá, sem hann segist vera.

Hann svarar: Í kirkjubókum Útskálakirkju.

Nú er farið að grennslast um þetta. Þeir finna nafn hans þar, sem hann hefir vísað á, og stendur heima, hvað ártal áhrærir og aldur hans. En nú er eftir að finna legginn.


Þegar Lúðvík Guðmundsson keypti húsið í Sandgerði af Lofti Loftssyni útgerðarmanni, voru þar í húsinu tvær hauskúpur. Sú saga gekk, að einhverju sinni hefði unglingspiltur hent annarri hauskúpunni út í horn með þeim ummælum, að óþarfi væri að hafa

þetta bölvað drasl þarna. Nóttina eftir þóttust menn verða varir við tvo menn, annan lítinn, hinn stóran. Gengu þeir að hvílu hvers og eins og athuguðu þá, sem þar hvíldu. Staðnæmdust þeir við beð unglingsins, sem hent hafði hauskúpunni. Heyrðu þá félagar hans hljóð mikil og komu honum til hjálpar. Var hann þá blár í framan, illa á sig kominn og mjög hræddur. Segir sögnin, að eftir þetta hafi honum ekki verið vært framar í Sandgerði og hafi hann hrökklast þaðan í burtu.

Þegar þessi sögn berst Lúðvík til eyrna, tekur hann hauskúpurnar, lætur þær í glerkassa og setur svo kassann í glugga, sem veit til sjávar. Lúðvík hefir um leið orð á því við einhvern, hann man nú ekki hvern, að undarlegt sé, að þessar hauskúpur séu og hafi verið þarna svona lengi. En þá segir sá, sem hann ræðir við, að það sé nú ekki að vita, nema fleiri bein fyndust í húsinu, ef vel væri leitað.

Lúðvík fór ekkert frekar út í þetta þá. En er Runólfur fullyrti, að leggurinn sinn væri í húsi hans í Sandgerði, rifjaðist þetta upp fyrir honum. Nú fer hann til ýmissa eldri manna, sem höfðu lengi verið búsettir í Sandgerði, rekur suma minni til þess, að lærleggur hafi verið þarna á flækingi. En þeir vita ekki, hvað gert hefir verið við hann. Einhver heldur sig muna, að smiðurinn, sem þiljaði innan niðri í norður-endanum, hafi tekið legginn, látið hann milli þils og veggjar í húsinu og sagt, að þarna yrði hann þó ekki að þvælast fyrir neinum. Nú er húsið gríðarstórt og ekki gott að vita, hvar helzt átti að leita. Héldu sumir, að leggurinn væri geymdur í saltaranum milli glugganna. Var rífið þar upp, en hann fannst þar ekki.

Í herbergi í norðausturenda hússins bjó maður, sem hét Helgi. Hafði Helgi verið mótormaður við frystihús Lofts Loftssonar, er áður átti stöðina. Fer Lúðvík nú til þessa Helga og biður hann að hjálpa sér til að finna legginn. Kemur þá í ljós, að Helgi hefir heyrt að smiðurinn hafi látið hann milli þils og veggjar. Getur Helgi þess til, að hann muni vera í herberginu, sem hann býr í. Er nú aftur farið að rífa og finnst leggurinn þá þar. Leggurinn var mjög langur, enda gat Runólfur þess, að hann hefði verið þrjár álnir og sex tommur á hæð.



Þegar leggurinn var fundinn, tók Lúðvík hann og fór með hann upp í búðina sína, til þess að hann týnd-

ist ekki aftur. Lét hann smíða utan um legginn vandaða kistu, og var leggurinn svo kistulagður. Stóð kistan svo í búðinni upp undir ár, og bar ekkert til tíðinda. Voru svo þessar síðustu leifar Runólfs Runólfssonar frá Kólgu eða Klapparholti í Sandgerði jarðsungnar að Útskálum. Fór allt fram eins og við venjulega jarðarför. Prestur hélt ræðu í kirkju og söngflokkur kirkjunnar mætti. Þar var margt fólk viðstatt, bæði úr Sandgerði, og svo komu frá Reykjavík Niels Carlsson og hans kona, frú Lilja Kristjánsdóttir, Laugavegi 37 og frú Gíslína Kvaran. En um útförina sá Lúðvík og frú hans. En persturinn á Útskálum hélt erfið. Var á eftir athöfninni drukkið kaffi hjá presti, og fór þetta allt virðulega fram.

Þegar fundur var næst eftir útförina, kom Runólfur fram og þakkaði fyrir sig. Sagðist hann hafa verið þarna viðstaddur og lýsti útförinni svo nákvæmlega, að hann taldi upp kökusortirnar, sem voru fram bornar á Útskálum. Þakkaði hann Lúðvík og konu hans sérstaklega. Er honum mjög hlýtt til Lúðvíks, og eftir þetta kallar hann Lúðvík alltaf húsbónda sinn. Hann kemur enn á fundina, en ekki að staðaldri.

Eg fór að kynna mér kirkjubækur Útskálakirkju frá því tímabili, sem Runólfur Runólfsson vísar til. Eg fann nafn hans í bókunum. Árið 1849 er hann til heimilis í Klöpp í Hvalnessókn. Árið 1859 er hann í Flankastaðakoti með konu, sem heitir Guðrún Bjarnadóttir. Þau eiga þá eina dóttur, sem heitir Guðrún María. Þetta ber heim við landsmanntalið 1860. Þar er Runólfur Runólfsson í Flankastaðakoti talinn ókvænt-

ur og grashúsmaður. Þar stendur einnig, að hann sé fæddur í Melasókn. Kirkjubækur Melasóknar sýna, að Runólfur er fæddur 25. desember 1828 að Melaleiti í Borgarfirði. Foreldrar: Runólfur Þorsteinsson, vinnumaður á Hafþórsstöðum í Norðurárdal og Guðrún Magnúsdóttir, vinnukona á Melaleiti.

Guðrún Bjarnadóttir er líka talin húskona í kirkjubókunum. Síðar er Runólfur í Klapparkoti (Kólgu), og eru þá börnin orðin þrjú, tveir drengir og ein stúlka. Árið 1879 er hann á sama stað. Þá er Guðrún Bjarnadóttir sennilega dáið. Nafn hennar sést ekki í kirkjubókunum. Árið eftir er nafn hans líka horfið úr kirkjubókum Útskálakirkju, en í ministerialbók Útskálakirkju stendur eftirfarandi skýrsla:

„Þann 16. október 1879 varð Runólfur Runólfsson, húsmaður í Klapparkoti, úti voveiflega á heimleið úr Keflavík í stórviðri, rigningu og stormi, allskammt frá bæ sínum, um miðja nótt, meint að hann hrakizt hafi niður í fjöru fyrir sunnan Flankastaðatúngarð, hvar sjór hafi tekið hann, því bein hans fundust löngu seinna sundurlimuð og fatnaður.“

Þessi sama bók sýnir, að þessar leifar Runólfs Runólfssonar hafa verið jarðsungnar 8. janúar 1880, og er hann þá talinn vera 52 ára. Eru þá liðnir tæpir þrír mánuðir, frá því að hann hvarf og þar til hinar sundurlimuðu leifar hans fá legstað í vígðri mold, og þó ekki allar. Leggurinn finnst ekki fyrr en 1940, og eru þá liðin 60 ár frá þessum atburði.

Það, sem gerðist í sambandi við Runólf Runólfsson, varð okkur, sem við það vorum riðin, svo eftirminni-legt, að við teljum okkur muna það greinilega. Erum

við því fús til að votta, að rétt er farið með það, sem
að framan er skráð.

Reykjavík, 23. apríl 1946.

Lúðvík Guðmundsson.

Jórunn Guðmundsson.

Lilja Kristjánsdóttir.

Kristjana Árnadóttir.

Niels Carlsson.

IV. KAFLI

Dulárflutningur (Apport)

Í nóvember 1937 var Hafsteinn miðill að vinna í Landsímahúsinu. Vann hann þar venjulega til kl. 10 á kvöldin. Hann þekkti konu, sem hét Sigríður Markúsdóttir og var lengi kennari. Bjó hún á Bergstaðastrætinu. Kom hann oft til hennar eftir vinnutíma, og fékk sér þar kaffisopa og rabbaði við hana. Um þessar mundir var frænka hennar stödd hjá henni. Hét hún María og var Sveinbjörnsdóttir. Hún var vestan af Patreksfirði. Leið hennar lá til fleiri en Sigríðar. Frænka hennar var kennari á Klébergi á Kjalarnesi og heimsótti hún hana líka.

Eitt laugardagskvöld gengur Hafsteinn til Sigríðar. En er hann kemur inn í húsagerðinn sér hann, hvar maður stendur við dyrnar, sem liggja inn til Sigríðar. Honum bregður óþægilega við. Hann gengur þó að dyrunum og opnar. Sá, sem fyrir var, smeygir sér á undan honum inn, og hrökklast hann inn ganginn og alla leið inn í stofu til Sigríðar á undan Hafsteini. Hann er meðalmaður á hæð, samanrekinn og kraftalegur. Höfuð hans er stórt og ennið hátt. Hann er

þungur á brún, og augun eru dökk og hvöss. Hann hefir alskegg, og er það rauðjarpt, en farið lítið eitt að grána.

Það, sem vakti geig í hug Hafsteini var það, sem maðurinn hélt á í hendinni, hníf, sem á voru þrír blóðblettir. Þegar Hafsteinn hefir heilsað Sigríði, segir hann við hana: Hver hefir komið til þín?

Hún hlær við og svarar: Margrét frá Öxnaфelli var hér fyrir lítilli stundu. Hún spurði hins sama. En hér hefir enginn komið í dag nema Margrét og svo María litla frænka. Hún kom ofan frá Klébergi í dag. En hví spyrð þú? bætir hún við.

Hafsteinn segir henni þá, að hér séu fleiri inni en þau tvö. Lýsir hann þessum gesti fyrir Sigríði og getur þess, á hverju hann haldi í hendinni.

Margrét frá Öxnaфelli sá þennan gest líka. Sé eg, að þetta er sami maðurinn. Han á víst eitthvað bágт. Við skulum biðja fyrir honum.

Eftir litla stund kvaddi Hafsteinn Sigríði og hélt heim til sín. En er hann kemur inn í anddyrið, er þessi sami gestur þar fyrir, og er Finna þar líka, og varnar hún honum inngöngu. Hafsteinn gengur fram hjá þeim og inn til sín. Háttar Hafsteinn svo, en festir ekki blund alla nóttina. Hann heyrir stöðugt skark fyrir framan dyrnar, og eru þau að stimpast á, Finna og gesturinn, fram á morgun.

Skömmu eftir þennan atburð, 6. desember, hringir Einar H. Kvaran, rithöfundur, til Hafsteins og spyr, hvort hann vilji koma vestur eftir í kvöld og drekka með sér kaffisopa, það sé afmælisdagurinn sinn.

Hafsteinn þakkar fyrir, en segist ekki geta komið fyrr en klukkan tíu, því að fyrr sé hann ekki laus.

Nei, vinur, þú verður að koma heldur fyrir átta, segir Einar H. Kvaran.

Hafsteinn þykist þá skilja, að í kvöld eigi að vera fundur. Fær hann sig lausan og er kominn vestur eftir á tilsettum tíma.

Auk Kvaranshjónanna eru þar Ísleifur Jónsson, séra Kristinn Daníelsson, Einar Loftsson, kennari, frú Lilja Kristjánsdóttir, Björg Havsteen, Guðjón Sæmundsson og hans kona, Arnheiður Jónsdóttir.

Var fundur settur kl. 8. Var setið í hring, og sat Ísleifur Jónsson á móti miðlinum. Svo fer fundur fram eins og venjulega. En er miðillinn er að vakna úr dásvefninum og er á því stigi, að hann sér og heyrir jafnt í báða heimana, sér hann, hvar sami maðurinn og hann sá hjá Sigríði Markúsdóttur, er þarna kominn, og stendur hann fyrir aftan Ísleif Jónsson. Hann er með hnífinn í hendinni, og otar hann hnífnum í bak Ísleifi. Virðist Hafsteini þetta standa yfir í nokkrar mínútur, og er hann enn ekki fyllilega vaknaður. Allt í einu heyra allir fundarmenn, að eitthvað dettur á gólfið, og verður þeim að orði: Hvað datt?

Björg Havsteen, sem hafði líka fallið í dásvefn, var enn ekki komin til sjálfrar sín, þótt fundur væri raunverulega úti og þeir allir farnir, sem komið höfðu fram á fundi. Kom það öllum á óvænt, er Finna kom í gegnum Björgu og svarar spurningu fundarmanna með þessum orðum:

Þið sjáið það bráðum.

Svo vakna þau, Björg og Hafsteinn, og er þá staðið upp og stólar fluttir á sinn venjulega stað. En þá rekur frú Lilja Kristjánsdóttir fótinn í eitthvað, sem liggur á gólfinu. Beygir hún sig niður og tekur það upp. Þetta er gamall hnífur, kolryðgaður. Allir urðu hissa nema miðillinn, sem sá þennan gest enn inni, en nú var hann hníflaus. Sagði nú Hafsteinn, hvar hann hefði fyrst komið í tæri við hann.

Meðan kaffið var drukkið, lá hnífurinn á borðinu hjá Einari H. Kvaran, og ræddu menn um þennan



merkilega atburð. Þótti Einari sýnilegt, af því, sem á undan var gengið, að þessi náungi hefði viljað komast í samband við Hafstein, en einhverra hluta vegna er stjórnendum miðilsins að handan ekki um það. Finna er send til að aftra því.

Þegar staðið er upp frá borðum, tekur Einar H. Kvaran hnífinn, vefur hann inn í munnþurrkuna sína og réttir Hafsteini hann með þessum orðum:

Oft hefi eg fengið góðar afmælisgjafir, en enga eins einkennilega og þesas.

Eigð þú hnífinn vinur, til minja um þessa stund. Þú ert minn yngsti og síðasti miðill.

Þetta er þá saga hnífsins, sem sést hér á myndinni. En því miður hefir þessi gestur ekki komið fram síðan í sambandinu hjá Hafsteini. Það hefir því aldrei sannazt, hver hann var, þótt hann sjálfur hafi sannað sig á

all-áþreifanlegan hátt með hnífnum, sem hann skildi eftir.

Við heyrðum öll, að eitthvað datt. Eftir því, sem við munum bezt, er satt og rétt frá skýrt um atburðinn hér að framan.

*Lilja Kristjánsdóttir.
Arnheiður Jónsdóttir.
Guðjón H. Sæmundsson.*

Eg er fús til þess að votta það, að hér er rétt farið með. Eg sá þennan mann, sem Hafsteinn lýsir hér, hjá Sigríði Markúsdóttur, og man eg vel eftir hnífnum, sem hann hélt á í hendinni. Eg man ekki mánaðardag, en eg man, að María, frænka Sigríðar, var þá hjá henni.

19. marz 1946.

Margrét Jónsdóttir frá Öxnafeili.

Eg var átta ár hjá Kvaranshjónunum. Oftast sat eg á þeim fundum, sem voru haldnir þar. Man eg eftir mörgu, sem þar gerðist. Þar á meðal hnífnum, sem að framan getur. Þótti þetta bæði merkilegt og einstætt fyrirbrigði hérlandis. Er eg fús til að votta, að rétt er sagt frá þessum atburði. Fannst mér blaðið á hnífnum líkast því, sem því hefði verið stungið í mold, eða moldarvegg og geymzt þar. Eg vil um leið geta þess, að Einar H. Kvaran gerði sér miklar vonir um Hafstein Björnsson sem miðil, og taldi Hafstein hafa mikla miðilshæfileika.

3. maí 1946.

Ágústa Þorsteinsdóttir.

Til frú Elinborgar Lárusdóttur.

Mér er ánægja að votta, að framanrituð lýsing, sem frú Elinborg Lárusdóttir hefir ritað og sýnt mér, af miðilsfundi með Hafsteini Björnssyni, er nákvæmlega rétt í öllum þeim atriðum, sem mér voru kunn og eg man gjörla. Þau aðalatriði eru þessi: Hinn 6. des. árið 1937, síðasta fæðingardag Einars H. Kvaran, er hann var á lífi, var um kveldið, á tímabilinu kl. 8—10, haldinn miðilsfundur með Hafsteini Björnssyni á heimili þeirra Kvaranshjónanna. Fundarmenn voru þeir, sem frú Elinborg telur, og að auki þjónustustúlka hjónanna, Ágústa, sem var kölluð Gústa. Það var hinn venjulegi fasti hringur á fundunum og man eg ekki að neinn þeirra vantaði.

Eg man nú ekki, hverju miðillinn var að lýsa, eða að hverju hann beindi sér, þegar nálægt miðjum, eða þó heldur að áliðnum fundi, heyrðist eitthvað hart detta á gólfið, en myrkur var í stofunni. Þó að mér væri þá þegar tekin að daprast heyrn, minnir mig að eg heyrði einnig fallið, að minnsta kosti heyrði eg á umtalið, sem þegar varð, og eg tók þátt í. Enginn hafði misst neitt og leið svo fram fundurinn. En þá er honum var lokið og ljós tendruð á ný, var þegar gáð að, hvað fallið hefði á gólfið, og kom í ljós, að á gólfinu lá gamall hnífur ryðgaður, á að gizka 7—8 þuml. langur, blað og skaft. Eg hefi ekki séð hann síðan, en hann er enn til sýnis. Öllum varð okkur fundarmönnum starsýnt á hnífinn, því að auðvitað hafði enginn gestanna haft slíkt áhald með sér og heimafélkið, hjónin og Gústa, skýrðu frá, að hann ætti ekki heima þar í húsinu og hefði aldrei í þeirra vörzlu komið fyrri. Enginn hefði heldur á und-

an fundi getað komið honum þarna fyrir inni á stofugólfi, enda höfðu fundarmenn heyrt og vissu hvenær hann kom. Hér gat þá engu öðru verið til að dreifa, en að hnífuirnn væri þarna að tilhlutun og fyrir tilverknað einhverra þeirra ósýnilegu gesta, er hjá okkur höfðu verið þetta kvöld. Óhugsandi var og engum mundi detta í hug, að nokkur þeirra fundarmanna, er þarna voru — hvort heldur í spaugi eða af hrekkjahneigð — væru að hafa leikaraskap í frammi og voru þeir því sammála um, að hér væri um það að ræða, sem sálarrannsóknarmenn kalla á ensku a p p o r t, þ. e. tilbúður eða dulflutningur.

Þetta er fólgið í því, að einhver hlutur, lifandi eða dauður (t. d. dúfa, blóm eða þessi hnífur) er fluttur inn í lokað herbergi gegnum fast efni. Það er eitt af hinum furðulegustu fyrirbrigðum sálarrannsóknanna og fremur sjaldgæft, nema hjá miðlum, sem eru gæddir þeirri sérstöku tegund af miðilsgáfu. Þó er það nógu algengt til þess, að það er eigi að síður fullsönnuð staðreynd en öll önnur dulræn fyrirbrigði spiritismans. Hinn frægi ítalski sálarrannsóknarmaður, Ernesto Bozzano, hefir um það efni ritað sérstaka bók.

Jafnaðarlega vita rannsóknarmenn (fundarmenn) ekki, hvaðan hinn dulflutti hlutur kemur eða stafar. Enginn vissi hvaðan þessi dularhnífur kom fremur en það, sem segir í lýsingu frá Elinborgar. Þá er það ekki sjaldgæft, að hlutur er fluttur þaðan, sem fundarmenn þekkja og vita, og skiptir þá ekki máli um vegalengd, stundum langt að, en stundum líka lifandi, döggvott blóm utan úr garði hjá fundarhúsinu eða hlutur frá annarri hæð eða herbergi í sama húsi.

En þó að þessi torskildu fyrirbrigði séu fullsönnuð og margsönnuð staðreynd, þá er ekki með því fengin skýring á, hvernig þetta gjörist, fremur en á mörgu öðru dularfullu í hinum sálrænu fyrirbrigðum. Helztu skýringartilraunir hafa verið tvær: Önnur sú, að til sé í rúminu það ástand, sem hefir fjórar víddir, sem vér skiljum ekki, og hluturinn, sem flytja á, í því ástandi fluttur á fundarstaðinn, en breytt þar jafnskjótt í vort venjulega þrívíddarástand. Hin skýringin, er spiritist-ar aðallega aðhyllast, er sú, að andavera með viljakrafti sínum aflíkamar hlutinn, svo að hann fyrirstöðulaust fer gegnum fast efni á staðinn, sem ætlað er, og fyrir sama viljakraft líkamast þar í sitt eðlilega ástand.

Um skýring á þessu skiptir þó ekki máli. Aðalatriðið er, að þetta, sem önnur furðufyrirbrigði spiritismans, hvert fyrir sig, og því fremur öll til samans, sýna og sanna, að samhliða vitundarheimi vorum starfar annar heimur yfir (eða ó-) skynjanlegur, nema þegar hann að gefnum sérstökum skilyrðum getur gjört oss vart við sig á ýmsan hátt. En þau skilyrði eru gáfa eða hæfileiki af vorri hálfu til að skynja það, sem sá heimur vill miðla oss eða koma á einhvern hátt í samband við oss. Þetta er miðilshæfileikinn og þeir miðlar, sem hann hafa.

Önnur atriði en þau, sem eg að framan hefi tekið fram um dular-hnífinn, voru mér ekki kunn, en í engum efa er eg um, að öll lýsing frú Elinborgar sé rétt.

Kristinn Danielsson.

Eg get ekki munað einstök atriði eða orðaskipti, sem fram fóru milli manna meðan á fundi þessum stóð,

vegna þess, að venjulega er svona fundir voru haldnir, var eg að meira eða minna leyti í sambandsástandi, þó ekki væri talað af vörum mínum. Hins vegar man eg mjög vel að hnífur fannst á gólfinu er fundinum var lokið.

Man eg að talsvert umtal varð um atburð þennan og þótti hann mjög einkennilegur.

Reykjavík, 13. júní 1946.

Ísleifur Jónsson, Bergstaðastræti. 3.

Eins og tekið er fram af gestum þeim, er voru staddir hjá Einari H. Kvaran á afmælisdegi hans 6. des. 1937 var eg staddur þar þetta kvöld, og sat fundinn eins og áður segir. Í fundarlokin, áður en miðlarnir voru komnir fyllilega til sjálfs sín, heyrðum við hin, að eitt-hvað féll á gólfið, en enginn sinnti því að svo stöddu, því að fundinum var enn ekki lokið.

Á fundi þessum sat eg vinstra megin við Hafstein Björnsson, en við sátum gegnt Ísleifi Jónssyni og var auðheyrt, að hlutur sá, er datt, eða hvað það var, kom niður fyrir aftan Ísleif. Flest héldum við þá, að eitt-hvað hefði fallið niður af borðinu.

Um það leyti, sem verið var að búa sig til að kveikja ljósin að nýju, segir Hafsteinn: „Hann er þá loksins laus við hnífinn.“ Þessi orð Hafsteins vöktu vitanlega athygli E. H. Kv. o. fl., og bað hann Hafstein um nánari skýringu á þessu, og er hún skráð í kaflanum hér að framan. Þegar stólarnir voru fluttir til, hafði frú Lilja Kristjánsdóttir orð á því, að hún hefði stigið ofan á eitthvað, en þegar hún hafði tekið þetta upp, sást, að

Þetta var ryðgaður hnífur, og var líkast því, að hann hefði legið lengi í mold. Enginn kannaðist við hníf þennan, og þau hjónin og vinnustúlkan þeirra full-yrða, að slíkur hnífur hefði aldrei í húsið komið, en hann lá samt þarna á gólfábreiðunni, þegar upp var staðið, og voru menn undrandi yfir. Tekið skal fram, þótt naumast sé þess þörf, að engir fundargesta hreyfðu sig úr sætum, meðan á fundi stóð, og öðru hverju rétti Hafsteinn mér hönd, meðan fundurinn varði, eins og hann gerir oft við þau tækifæri.

Reykjavík, 13. júní 1946.

Einar Loftsson.

Púðurdósín

Eg undirrituð, sem setið hefi fundi hjá Hafsteini miðli, tel mig hafa fengið óyggjandi vissu um framhaldslífið og það, að hinir látnu viti, hvað fram fer hér, eftir aðskilnað sálar og líkama. Eg hefi ekkert skrifað niður jafnóðum, og því gleymir maður sumu, og annað er svo óljóst, að það verður ekki sagt skýrt og greinilega. Því er bezt að láta það eitt fara, sem maður man satt og rétt.

Eg hefi misst þrjú börn. Öll hafa þau sannað sig fyrir mér á miðilsfundum og einnig utan funda. Það, sem eg man bezt og greinilegast af því, sem komið hefir í gegn hjá Hafsteini miðli, er, að á fyrsta fundinum, sem eg sat hér í Hafnarfirði, kom dóttir mín og talaði við mig. Hún talaði um litla dragkistu, sem hún átti. Geymdi hún þar allt sitt dót. Og gekk enginn um hana nema hún.

Hún spurði mig, hvað væri komið í eina skúffuna í dragkistunni.

Eg sagði, að allt hennar dót væri þar ósnert, og sagði að þar hefði ekkert verið hreyft, engu bætt við og ekkert heldur tekið þaðan.

Jú, það er komið eitthvað logagyllt ofan í eina skúffuna, sagði hún.

Eg hélt, að þetta gæti ekki verið rétt. Hún bað sjálf um að láta dótið sitt vera ósnert fyrst um sinn. Hún sagðist stundum koma til að skoða það og lesa í bókunum sínum, sem eru geymdar þar í skúffunum.

Finnst þér ekki skrítið, mamma mín, að eg skuli geta lesið þær, þótt þær séu lokaðar? sagði hún eitt sinn.

Eftir fundinn var það mitt fyrsta verk að líta í skúffurnar í dragkistunni. Mér til mikillar undrunar finn eg þar logagyllta púðurdós, sem eg á og var von að bera í töskunni minni. Er mér alveg óskiljanlegt, hvernig hún hefir komið þar niður. Enginn kannast við að hafa haft hönd á henni né svo mikið sem opnað skúffurnar í dragkistunni. Af mínum völdum komst hún ekki þar niður, enda vissi eg ekki betur en hún væri í töskunni minni.

Eg hefi kynnt mér þessi mál nokkuð ýtarlega og setið fundi hjá Hafsteini og fleiri miðlum. Eftir þá kynning, sem eg hefi af Hafsteini, get eg ekki séð annað en að hann sé mjög samvizkusamur og trúverðugur miðill.

Ólafía Hallgrímsdóttir.

Við munum eftir þessu, sem að framan er skráð, og

erum fús til að votta, að rétt er farið með. Við teljum rétt að geta þess, að Hafsteinn hefir aldrei komið til frú Ólafíu Hallgrímsdóttur svo við vitum til.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Soffía Sigurðardóttir.
Sigurður Þorsteinsson.

Eg hefi aldrei komið til frú Ólafíu Hallgrímsdóttur og þekki ekkert til þar, enda var eg búsettur í Reykjavík er frú Ólafía sat þennan fund.

Hafsteinn Björnsson.

Hafsteinn Björnsson miðill hefir aldrei komið á hemili mitt og þekki eg ekkert til hans né hans fólks, nema hvað eg hefi setið nokkra fundi hjá honum í húsi frú Soffíu Sigurðardóttur. En er þessi fundur var haldinn, sem getið er hér að framan, var Hafsteinn búsettur í Reykjavík. Má eg segja, að hann var þá ekki einungis mér, heldur og flestum Hafnfirðingum ókunnur.

Hafnarfirði, 10. júní 1946.

Ólafía Hallgrímsdóttir.

V. KAFLI

Ummyndun

Transfiguration

Það bar ekki sjaldan við, að miðillinn breyttist í dá-svefninum. Oft varð hann mun minni en hann átti að sér að vera, en stundum varð hann hærri og þreknari, og jafnframt breyttist andlitsfallið, svo að hann varð ekki þekkjanlegur. Gat eg ekki betur séð en hann tæki þá á sig vöxt, svipbrigði og látbragð þess, sem þá tal-aði í gegnum hann. Voru þessar ummyndanir augljós-ar, er Runólfur Runólfsson kom í gegnum hann. Skal eg líka geta þess, að eitt sinn varð miðillinn svo sterkur í sambandinu, að tveir elfdir karlmenn gátu ekki hald-ið honum í stólnum. Kom eg þeim til hjálpar.

Það væri hægt að skrifa langt mál um þessar um-myndanir á Hafsteini, en eg ætla aðeins að tilfæra hér eitt atriði, af því að svo vel vill til, að eg hefi vitni að því.

Það var á fundi heima hjá mér, og var Hafsteinn miðill. Fundinn sátu sem venjulega 7 manns. Voru sumir fundargestir innan úr Reykjavík, en aðrir héð-

an úr Hafnarfirði. Meðal þeirra var Arnfríður Long og sat hún næst mér. Nú kom vera í sambandið, sem talaði við eina fundarkonuna. Sú kona var innan úr Reykjavík. Kannaðist eg við hana og eins veruna, sem talaði við hana í gegnum miðilinn. Tók eg nú eftir greinilegum ummyndunum á miðlinum. Eg sat næst honum og hafði því gott tækifæri til að athuga þetta nákvæmlega, enda vildi eg ganga úr skugga um, að þetta væri engin missýning.

Hafsteinn varð mun minni en hann átti að sér að vera og allur rýrari. Brjóst hans varð innfallið, en bakið óeðlilega kúft. Þreifaði eg um bakið miðilsins og fann, að hér var ekki um neina missýningu að ræða. Annað herðablaðið var gengið út, og upp úr bakinu var stór kryppa. Mér þótti þetta svo undarlegt atriði, að eg vildi að fleiri væru til vitnis um það. Af því að frú Long sat næst mér, notaði eg tækifærið og bað hana að taka á baki miðilsins. Fer frásögn hennar hér á eftir.

Hafnarfirði, 24. marz 1946.

Soffía Sigurðardóttir.

Kryppan

Árið 1944 var eg á fundi hjá Hafsteini miðli. Sá fundur var haldinn í húsi frú Soffíu Sigurðardóttur í Hafnarfirði.

Á fundinum fór fram samtal milli eins fundargestsins og veru, sem kom í gegnum miðilinn. Virtist sem vera þessi væri mjög nákominn konu þeirri, sem hún ræddi við. Eg sat við hlið frú Soffíu og hlýddi á sam-

talið. Inni var eigi svo bjart, að eg treysti mér til að greina andlit miðilsins nákvæmlega. En allt í einu tekur frú Soffía um hönd mér og segir:

Finndu bakið á miðlinum.

Eg strýk þá um bakið á Hafsteini. Finn eg að annað herðablaðið er gengið út og upp, og bregður mér ónotalega, því að kryppan er köld og eins og eg snerti við stirðnuðu líki.

Frú Soffía hvíslar þá að mér: Hún var krypplingur stúlkan, sem var að tala við konuna.

Hafnarfirði, 23. marz 1946.

Arnfríður Long.

Hún vildi láta þekkja sig

Eitt sinn, er eg var á fundi hjá Hafsteini miðli, suður í Hafnarfirði, kom mágkona mín í sambandið. Rétt í því heyri eg, að frú Soffía Sigurðardóttir, sem fundurinn var haldinn hjá, segir:

Sjáið þið bakið á miðlinum. Það er komin á hann stór kryppa. Sé eg þá, að hún þreifar um bakið á honum, og eins sé eg frú Arnfríði Long gera, en hún sat næst frú Soffíu. Bar þeim saman um þetta. Eg sat ekki það nærri miðlinum, að eg næði til hans nema standa upp og rjúfa hringinn. Það vildi eg ekki gera. Guðrún mágkona mín talaði við mig aðeins örfá orð. En nægilegt til þess, að eg sannfærðist um, að það væri hún, er talaði, enda þekkti eg rödd hennar. Þegar hún kvaddi mig með handtaki, þóttist eg einnig þekkja hönd hennar og handtak.

Þegar hún var farin, kom stjúp dóttir mín, sem látin er, og segir:

— Fannst þér ekki gustur á Gunnu? Hún vildi láta þekkja sig. —

Margrét Sigurðsson.

Gamla konan

Á þessum sama fundi lýsti miðillinn ýmsum hjá frú Arnfríði Long. Meðal þeirra gamalli konu, sem sagt var, að hefði verið henni mjög nákominn. Var lýsingin af henni skýr mjög. Að síðustu bætti Finna því við, að hún hefði oft setið fyrir utan húsið með þrjónana sína. Hún hafi horft dálítið einkennilega. Það hafi verið venja hennar að bera hönd fyrir auga og horfa þannig frá sér.

Frú Arnfríður Long kannaðist við að þetta væri lýsing á ömmu hennar. En er Finna fór að lýsa gömlu konunni, sá eg ekki Hafstein í miðilsstólnum. Eg er ekki skyggn, en í þetta sinn sá eg greinilega gamla konu, með skýlu á höfði og þrjóna í höndum. Eg sá hana bera hönd fyrir auga og horfa þannig frá sér.

Reykjavík, 28. apríl 1946.

Margrét Sigurðsson.

Umsögn Arnfríðar Long

Á fundi, sem eg sat með Hafsteini miðli, í húsi þeirra hjóna, Soffíu Sigurðardóttur og Sigurðar Þorsteinssonar, skúlaskeiði 2, Hafnarfirði, kom Finna í

gegnum miðilinn og lýsti gamalli konu, sem hún full-
yrti að væri mér nákominn. Eftir lýsingu þá, sem Finna
gaf af henni, þóttist eg þekkja þarna móðurömmu
mína. Minnst eg þess, að hún var vön að bera hönd
fyrir auga, er hún horfði frá sér. Hún sat líka oft fyrir
utan húsið, þegar veður var gott og hélt hún þá á
þrjónunum sínum.

Á þessum sama fundi voru tvær konur, sem töldu sig
sjá hana þarna, frú Margrét Sigurðsson og frú Anna
Hallgrímsson. Bar þeim heim við lýsingu Finnu, nema
hvað frú Hallgrímsson tók það fram, að hún væri með
tóbakspung. Finna hafði sagt: Hún er með höndina
undir svuntunni sinni. Við hvort tveggja kannaðist eg.
Hún stóð oft þannig, að hún hélt hönd undir svuntu-
jaðrinum. Neftóbak notaði hún og man eg að hún átti
tóbakspung.

Hafnarfirði, 30. maí 1946.

Arnfríður Long.

Eg vil geta þess, að eg hefi séð miðilinn breytast
mjög mikið í dásvefninum. Sérstaklega hefir mér orðið
það augljóst, er læk'nirinn kemur í gegnum hann. Þá
virðist hann stækka allur. Andlitsfallið breytist. Höfuð-
ið hækkar. Hann er allt í einu kominn með hátt enni
og stór kollvik. En er Finna talar í gegnum hann, virð-
ist hann minni en ella og sýnist horaður og allur mjög
rýr. Líkist hann þá helzt lítilli, gamalli konu, sem er
þreytuleg orðin og bogin í baki.

Hafnarfirði, 5. marz 1946.

Guðrún Ólafsdóttir.

Eg vil geta þess, að eg hefi séð fara fram miklar breytingar á miðlinum, er hann er í dásvefni. Fara þær eftir því, hver talar í gegnum hann. Eg hefi séð hann verða svo þykkan og sveran eins og mann, sem hefir mikla ístru. Eg hefi einnig séð hann miklu minni en hann á að sér að vera. Eg hefi tekið um hendur hans í dásvefninum og fundið þær verða svo mjúkar og litlar. Eg hefi líka fundið þær stækka, verða mikið stærri en hans hendur eiga að sér að vera. Eg hefi einnig séð hann verða eins og að engu í miðilsstólnum, eins og hann hyrfi gersamlega sjónum mínum.

Hafnarfirði, 4. marz 1946.

Maria Albertsdóttir.

Ummyndun

Á fundi, sem eg sat hjá Hafsteini miðli, kom barn í gegnum miðilinn og talaði við móður sína. Eg man ekki samtalið. En meðan á samtalinu stóð, féll birta á andlit miðilsins, svo að eg sá hann greinlega. Mér brá í brún. Hann var svo gerbreyttur í útliti, að eg þekkti hann ekki. Líkami hans var orðinn lítill og rýr eins og lítill barnslíkami. Andlit hans hafði minnkað að sama skapi og allt breytt svo, að hann var mér óþekkjanlegur. Í einu orði sagt var hann orðinn að litlu og hálf horuðu barni í miðilsstólnum.

Eg get með góðri samvizku sagt, að rödd miðilsins breytist undantekningarlaust mjög mikið, eftir því hver kemur í gegnum hann. Eg þekkti alltaf á rödd-

inni þá, sem komu að staðaldri í gegn, svo sem Finnu, lækninn, Rögnu og stjórnandann, Vin. Raddir þeirra voru mjög ólíkar. Kæmu svo nýir í sambandið, voru raddirnar ólíkar og sín með hvorum blæ, enda töldu sumir, sem sátu fundi, sig þekkja horfna ástvini og kunningja, ekki eingöngu af því, sem kom í gegnum miðilinn — endurminningasannanir, — heldur miklu fremur af látbragði miðilsins og raddblænum: Eg heyri marga segja: Þarna kemur hann með þennan kæk hins látna vinar eða ástvinar. — Eða sagt var: Jú, eg kannast við þetta, svona gerði hann eða hún alltaf. Í einu orði sagt virtist útlit hans og látbragð breytast í líkingu þeirra, sem töluðu í gegnum hann. Þessar breytingar voru augljósar vegna þess, að margir komu í gegn, og hver og einn átti sín einkenni.

Eg hefi verið á mörgum fundum hjá Hafsteini miðli. Því miður man eg ekki að segja frá þeim, svo að eg læt það ógert, þótt eg telji, að þar hafi komið fram margt merkilegt. En þessar breytingar hafa orðið mér svo minnissstæðar, að eg vil geta þeirra. Eg er ekki skyggn, svo að eg get ekki hafa verið í neinu óvenjulegu ástandi, er eg sá ummyndanirnar á Hafsteini og heyrði raddbreytingarnar. Það hafa áreiðanlega fleiri, sem fundinn sátu, séð og heyrt hið sama og eg.

Að endingu vil eg taka það fram, að eg hefi aldrei orðið vör við blekkingar eða blekkingatilraunir í sambandinu, og finnst mér Hafsteinn mjög trúr málefni.

Reykjavík, 22. maí 1946.

Stefana G. Björnsdóttir.

VI. KAFLI

Um lækningar

Kaflí úr bréfi

Meðal þeirra, sem starfa við sambandið hjá Hafsteini, er látinn læknir. Nafns hans verður ekki getið í þessari bók. Munum við alltaf nefna hann lækninn. Margir telja sig hafa fengið bót meina sinna fyrir hans milligöngu. Skal eg sjálf ekkert um það fullyrða. En í þessari bók er kaflí, sem fjallar um þessar lækningatíraunir. Á eftir fer kaflí úr bréfi. Bréfið er til Hafsteins. Er það ritað af dóttur Jóns Stefánssonar (Þorgils Gjallanda) og er á þessa leið:

Litluströnd, 30. október 1940.

Kæri herra Hafsteinn Björnsson!

Þakka yður fyrir síðast og kvöldið hjá frú Kristínu Bjarkan. Það var yndislegt kvöld. Eg fékk óskiljanlega snöggan og góðan bata við augnverk mínum. Er fyrir nokkru orðin jafngóð. Eg er viss um, að þar hafa verið góð öfl að verki. — —

Bréfið er lengra, en óþarft að birta nema þetta. — Undirskriftin er:

Védis Jónsdóttir.

Andlegar lækningar

Fyrir þremur árum var eg veik, þótt ekki væri eg rúmliggjandi. Eg leitaði mér lækninga, en fékk enga bót. Um þessar mundir var eg mjög höfuðveik, fékk kvalir í höfuðið og oft hálsbólgu. Eg hafði oft verið á fundum hjá Hafsteini miðli. Datt mér þá í hug, að spyrja þá fyrir handan, hvort að þeir gætu ekki gert eitthvað fyrir mig. Læknirinn, sem kemur í sambandið, lofaði að athuga þetta, og kvaðst hann mundi koma heim til mín.

Þegar eg kem heim um kvöldið, hátta eg strax og sofna. Er þá kl. langt gengin 12. Voru þá allir háttaðir og kyrrð komin á í húsinu. Húsið var lokað, því að enginn var úti. Klukkan að ganga tvö vakna eg við undirgang í svefnherberginu. Heyri eg greinilega, að hurð er opnuð. Mér þykir þetta kynlegt. Rís eg upp og fer fram úr til að athuga, hvað þetta sé og hvort nokkur í húsinu sé á ferli, en verð einskis vís. Leggst eg þá út af aftur. En er eg er komin upp í, finn eg sterk áhrif og nálægð einhvers, en sé engan. Þegar eg vakna morguninn eftir, er eg helaum í öllu lífinu, og þannig er eg allan daginn. En svo fer að draga úr mestu eymslunum og mér fer að líða mun betur. Eftir þetta fer mér svo smám saman að batna. Eg sat fleiri fundi hjá Hafsteini. Á þeim fundum fann eg sterk áhrif og eins og farið væri um mig höndum. Einnig varð eg áfram vör við áhrif heima, og heyrði eg oft gengið um, þótt allir hvíldu í fasta svefni. Síðan þetta var eru nú þrjú ár og hefi eg ekki fengið kvalir í höfuðið. En það er

margt fleira að mér, og get eg ekki sagt, að eg hafi fengið bót allra minna meina.

Eg á telpu, sem nú er 15 ára. Þegar hún var 12 ára, fór að bera á veiklun í henni. Hún var óróleg og afundin. Það sótti á hana svefnleysi og svo megn hræðsla, að hún þorði ekki að vera ein um hábjartan dag. Eg fór með hana til læknis, því að mér var þetta mikið áhyggjuefni. Læknirinn sagði, að hún væri blóðlaus, og lét hana hafa meðul við því. En þrátt fyrir meðulin vildi þetta ekki batna, ekki hræðslan. Hún lék sér nú aldrei með öðrum krökkum og þorði ekki að ganga ein um húsið, þótt um albjartan dag væri. Leitaði eg þá til þeirra fyrir handan og bað þá fyrir hana.

Þeir sögðu, að hún væri svo næm. Hún yrði fyrir áhrifum handan yfir. En þeir lofuðu að hjálpa henni. Ekki vissi hún um þetta. Var forðast að láta hana vita, að henni hefði verið leitað hjálpar á þennan hátt. Á henni urðu ekki snöggvar breytingar — ekki nærri eins og á mér. En þó bregður svo við, að henni fer að líða betur. Hún getur sofið. En áður átti hún mjög bág með svefn. Sú hræðsla, sem ásótti hana, smáhverfur, svo að nú er hún laus við hræðsluna og þau óþægindi, sem henni fylgja. Eg tel, að okkur hafi báðum verið veittur bati, og má það segjast, sem satt er.

Hafnarfirði, 4. marz 1946.

Maria Albertsdóttir.

Þér er illt í bakinu

Veturinn 1940 lá eg lengi og var á tímabili þungt haldin. Frú Gíslína Kvaran kom þá til mín, og var Hafsteinn með henni. Hún kvað það ekki spilla. Verið gæti, að þeir fyrir handan sæju einhver ráð til að hjálpa mér. Eg skildi umhyggju hennar og var henni mjög þakklát. Þau komu svo til mín nokkrum sinnum. Fannst mér líðan mín alltaf betri á eftir. Fullan bata fékk eg þó ekki, sem varla var að vænta. Hafsteinn féll ekki í dásvefn. Hann sat á stól við rúmið og rabbaði við okkur, sagði, að þeir fyrir handan — læknir sambandsins segði þetta og hitt. Eg væri veik þarna og þarna. Það stóð heima við það sem læknir sá, sem stundaði mig áleit, og eg vissi það líka sjálf. En er hann fór að hafa orð á því, að eg væri veik í bakinu — neðarlega í bakinu, sagði hann að læknirinn segði — og kom um leið með hendina við spjaldhrygginn, þá neitaði eg að svo væri og rengdi hann og þá. Eg fann að vísu til í bakinu. Af því að legan var orðin löng, áleit eg það bara þreytu. Hann lofaði að senda mér hjálp. Varð eg vör við greinileg áhrif, og eitt sinn sá eg mann ganga að rúminu mínu. Var það um hábjartan dag. En hann hvarf mér jafnskjótt.

Eg komst á fætur og út í sumar og sól. En samt vildi þessi bakverkur ekki hverfa. Kvartaði eg um þetta við lækninn minn. Hann gerði lítið úr þessu og taldi þetta gigt. Samt sem áður vildi verkurinn ekki fara. Hann sat á sama stað í spjaldhryggnum. Fór eg svo að fá smá kvalaköst, og varð ekkert við gert. Var eg svona ein tvö ár. Mátti eg vænta þess, að fá qualirnar við vissar

hreyfingar og allt í einu. Tæpum tveim árum síðar fékk eg svo miklar kvalir í bakið, að eg varð að liggja og gat ekki snúið mér í rúminu. Var þá læknir sóttur. Taldi hann þetta vera botnlangabólgu og ráðlagði að láta taka botnlangann. En svo stóð á, að sá læknir, sem eg óskaði að gerði skurðinn, var sjálfur veikur og lá uppi á Helgafelli undir uppskurði. Var þá annar læknir fenginn til að athuga mig. Hann áleit þetta ekki botnlangabólgu. Taldi hann nýrun og gallið grunsamlegra. Hann óskaði þess eindegið, að eg legðist inn til rannsóknar. Var eg fús til þess. Kom þá í ljós, að einn hryggjarliður í bakinu var kalkaður. Var það á þeim stað í bakinu, er læknirinn að handan sagði að eg væri veik.

Þótt eg fengi ekki fullan bata, tel eg ekki óhugsandi, að þeir fyrir handan hafi samt á einhvern hátt hjálpað mér. Og það tel eg dálítið merkilegt, að fullyrt var handan yfir, að eg væri veik í bakinu, og það löngu áður en eg gerði mér grein fyrir að svo væri og löngu áður en myndin, sem tekin var, sýndi að svo var.

Reykjavík, 12. janúar 1946.

Elinborg Lárusdóttir.

Lækning

Á fundi hjá Hafsteini kom læknirinn eitt sinn í sambandið og talaði við konu, sem sat fundinn. Eg gaf mig ekki að því, segi ekkert og bið ekki um neitt mér til handa. Mér hafði undanfarið verið mjög illt í öðrum handleggnum og svo, að eg þoldi stundum varla

við fyrir verk. En eg gat þess ekki þarna. Vissi eg ekki til þess, að neinn vissi um það, er fundinn sat.

En allt í einu þrífur læknirinn í handlegginn á mér, tekur um hönd mér og heldur um hana góða stund. Því næst þreifur hann upp eftir handleggnum og strýkur hann fram. Um leið finn eg sterk áhrif, eins og eitt-hvað strjúkist burtu, og með það sama er verkurinn horfinn.

Þegar eg kom heim, var eg heilbrigð í handleggnum og síðan hefi eg ekki fundið til í honum.

Hafnarfirði, 23. marz 1946.

Guðrún Ólafsdóttir.

VII. KAFLI

Hlutskyggni

Sýn Hafsteins Björnssonar

Þann fjórða janúar 1940 var fundur í Sálarrannsóknarfélaginu. Átti Einar Loftsson kennari að flytja erindi á fundinum. Þegar Einar er kominn inn í fundarsalinn tekur hann sér sæti í öðrum stól frá mér. Milli okkar var því auður stóll. Rétt í því sé eg Einar Kvaran koma inn í salinn. Gengur hann til Einars Loftssonar og heilsar honum glaðlega, svo setzt hann í auða stólinn á milli okkar.

Rétt á eftir gengur Einar Loftsson fram úr salnum, en skilur töskuna sína eftir í stólnum. Þá sé eg hvar Finna kemur og er vera í fylgd með henni sem oft kemur í sambandið. Finna tekur tösku Einars og fer að blaða í henni. En verður víst litlu nær, því að hún lærði aldrei að lesa í jarðlífinu. Hún snýr sér þá að förunaut sínum og segir:

Mangi komdu og lestu.

Blaða þau nú í þessu en ekkert les hann upphátt og ekki sýna þau mér neinn staf. Svo lokar Finna töskunni, gengur til mín og hvíslar að mér þessum orðum:

Hafa hlutirnir sál?

Síðan hverfur hún. Nú kemur Einar Loftsson inn aftur og biður hann mig að segja sér ef eg sjái eitthvað hjá sér á þessum fundi.

Eg janka því og hvísla að honum orðunum sem Finna sagði við mig rétt í þessu:

Hafa hlutirnir sál?

Eg sá að hann varð mjög undrandi og spurði hvað eg ætti við með þessu.

Finna sagði mér þetta, svaraði eg.

Þegar Einar Loftsson kom upp í ræðustólinn, sá eg þrjár skærar stjörnur blikka yfir höfði hans. Þær sýndust litlar í fyrstu, en stækkuðu óðfluga, og að sama skapi urðu þær bjartari og bjartari. Sá eg að til hans var kominn vera, sem eg hefi oft séð hjá honum áður. Virtist hann láta sér mjög annt um Einar og fylgdist alveg með starfi hans. Hann var klæddur ljósbláum kyrtli og bar vefjarhött á höfði. Hjá honum sá eg bókstafina C. Z. Var dálítið bil á milli stafanna. Búningurinn er austurlenzkur. Þetta er Indverji. En hví hann fylgist svo náið með Einari veit eg ekki. Hann stóð fast við hlið Einars meðan hann hélt ræðuna, út frá honum streymdi mikið ljós, sem ófst eins og þéttur ljóshjúpur utan um Einar. Í fyrstu hóf hann upp báðar hendur, líkt og hann væri að blessa yfir ræðumann og áheyr-endur. Þar næst sá eg blakta flögg sitt í hvorri hendi. Var annað flaggið gult, með blárri stjörnu í einu horninu, en hitt blátt með gulri stjörnu. Vék hann aldrei fet frá meðan ræðumaður flutti erindið. Virtist mér hann fylgjast með hverju orði. Mér fannst sem ræðu-

maður hlyti að hafa orðið var við nálægð hans, enda sé eg hann líta oft til þeirrar hliðar er hann stóð.

Hinir og aðrir komu til ræðumanns og heilsuðu honum meðan á erindinu stóð. Heyrði eg greinilega að nefnt var nafnið, Eiður.

Yfir ræðumanni og um allt húsið innanvert blikuðu ljósgeislar, einna áþekkastir norðurljósum. Virtist mér þeir varpa friði og styrk yfir alla, sem fundinn sátu.

Hafsteinn Björnsson.

Allt, sem Hafsteinn segir hér að framan, er rétt með farið. En eg varð dálítið undrandi, er hann hvíslaði að mér orðunum:

Hafa hlutirnir sál?

Erindið, sem eg flutti á þessum fundi, byrjaði á þessum orðum: Það skal tekið fram, að ekki hafði eg minnst á erindið við Hafstein og vissi hann ekki á neinn eðlilegan hátt, um hvað það fjallaði. Þegar eg hóf erindið, var mér ljós nærvera eins samverkamanns míns, þótt eg sæi ekkert beinlínis. En þennan góða gest, sem Hafsteinn getur um, að staðið hafi við hlið mér, kannast eg vel við, þótt eg gefi hér enga nánari skýringu.

Einar Loftsson.

Psychometry

(Tekið upp úr Morgni, júní-hefti 1940.)

Erindi það, er Einar Loftsson flutti á fundi Sálarrannsóknarfélagsins 4. janúar 1940, fjallaði um hlutskyggni. Eins og áður er sagt, hófst það á þessari spurningu:

Hafa hlutirnir sál?

Skýrir hann frá hæfileikum ýmissa erlendra miðla á þessu sviði og segir svo:

Þegar eg hafði aflað mér nokkurrar þekkingar á reynslu, sem fengizt hefir hjá erlendum miðlum í þessum efnum, lék mér hugur á að kynna mér þessa merkilegu tegund miðilshæfileika af eigin athugun, ef unnt væri. Dag einn bar svo til, að maður einn, sem búinn er sálrænum hæfileikum, leit af hendingu inn til mín. (Hér á hann við Hafstein Björnsson.) Án þess að segja honum nokkuð frá fyrirætlunum mínum, rétti eg honum gamlan steinhring. Bað hann að taka hann sér í hönd og segja mér, ef hann kynni að verða einhvers var í sambandi við hann. Hann varð góðfúslega við þessum tilmælum mínum og tók við hringnum án þess að spyrja um, hvað fyrir mér veki með þessu, en eg hafði aldrei beðið hann um neitt svipað þessu áður.

Hringurinn

Þegar hann hafði haldið á honum í nokkrar sekúndur, sagði hann:

Eg sé einkennilegt blik umhverfis hringinn, eins og það streymi út frá honum. Í blik þessu sé eg gamlan

mann. Hann er herðabreiður með alskegg. Hann hefir átt þátt í því að þú eignaðist þennan hring. Hvernig stendur á því, að eg verð var við svo mikið af börnum í sambandi við hann? Þessi gamli maður hefir átt hringinn. Hann hefir átt heima langt í burtu. Eg sé sveitabæ með fjórum burstum. Það er stofa inn úr bæjardyrunum til hægri handar, þegar inn er gengið. Eg heyri orðin: hestur, fjall, snoppa, eyru, rósín, áin, hvað á þetta að þýða? Það sópar að gamla manninum. Hann er höfðinglegur á svip og einstaklega góðlegur. Hann er áreiðanlega nákominn þér. Einhver hefir gefið gamla manninum hringinn til verðlauna fyrir unnin afrek. Eg heyri sagt, slétta túnið, steinarnir. Verð óljóst var við háan, grannvaxinn mann, heyri nefnt stóra landið, talað um eitthvað danskt. Það er einhver unglingspiltur þarna, heldur eldri en þú. Eg næ ekki meiru.

Hvert atriði í þessari umsögn hlutrýnandans er hárrétt. Lýsing hans á gamla manninum, sem hann verður fyrst var í sambandi við hringinn og segir að sé nákominn mér, á í öllum greindum atriðum við föður minn, sem átti hring þennan, og honum var gefinn þessi hringur af eiganda ábýlisjarðar hans í viðurkenningsarkyni fyrir bætur á henni. Eg ólst upp í Vatnsnesi í Grímsnesi, og hver og einn, sem þar er kunnugur, mun kannast við örnefni þau úr landareign þessarar jarðar, sem hlutrýnandinn nefndi. Þá má og geta þess, að hringur þessi var útvegaður á sínum tíma frá Danmörku af gullsmið einum í Reykjavík, sem eg man ekki hver var. Mér er því ekki unnt að fullyrða

neitt um það, hvort lýsing hans af háa, granna mannum eigi við þann mann, er útvegaði hringinn, þótt mér þyki sennilegt að svo geti verið. Unglingspiltinn, sem hann segist verða var við þarna, kannast eg vel við. Geta má þess, að eg er barnakennari og bar hringinn æfinlega á hendi, þar til hann bilaði fyrir nokkrum árum. — Þá skal það og tekið fram, að maður sá, sem hér um ræðir — Hafsteinn Björnsson — hefir aldrei komið á þær stöðvar, þar sem eg er uppalinn, og gat ekki vitað neitt um það, er hann sagði mér í sambandi við hring þennan.

Í annað sinn fékk eg þessum sama manni vesti til athugunar. Hafði búið þannig um það, að svo liti út, sem þetta væri böggull, sem eg hefði komið með utan úr bæ.

Vestið

Þegar hann hafði tekið umbúðirnar utan af því, sagði hann:

Vesti, þú átt það sjálfur. Það var kona, sem gaf þér það. Hún afhenti þér það; nokkuð langt síðan. Þessi kona er lifandi. Þú ert vel kunnugur henni og ekki síður manninum hennar. Hún er orðin nokkuð roskin. Nafnið hennar byrjar á G (nefndi síðan nafn hennar). Þér var gefið það í sambandi við hátíðlegt tækifæri, kvöldið þegar búið var að kveikja á kertunum. — Þú geymir það í minningu um einhvern, sem þér hefir þótt vænt um.

Þetta er að öllu leyti rétt.

Teskeiðin

Eitt sinn fékk eg honum teskeið til athugunar. Hún hafði verið send mér utan af landi, og var hvorugum okkar kunnugt, hver hana ætti, eða neitt í sambandi við hana. Rétt eftir að hann hafði tekið við henni, segir hann:

Hún virðist vera langt að komin, þessi. Líklega er hún útlenzk. Nei, eg held hún sé smíðuð af íslenzkum manni, einhverjum þjóðhagasmíð. Sé roska konu, finnst eg hálfþekkja hana, held að það sé sama konan og gaf þér vestið; gefin henni af manni, sem eg held, að sé þarna hjá henni, en sé hann ekki svo greinilega, að eg geti lýst honum, gefin henni að eg held við eitt-hvert hátíðlegt tækifæri; finnst eins og hún muni einhvern tíma hafa tapast.

Sendandi teskeiðarinnar hefir staðfest, að atriði þau, er hlutrýnandinn verður var við í sambandi við skeiðina, séu rétt. Hún hafi verið gefin þeim eitt sinn, er þau voru í brúðkaupsveizlu, og einnig, að hún hafi glatazt um lengri tíma, en fundizt aftur.

Þetta eru þá þau atriðin úr erindi Einars Loftssonar, er snerta dulhæfileika Hafsteins Björnssonar, miðils, en hann var maðurinn, sem Einar Loftsson gerði til-raun með.

Bréfið

Viðurkenning á einhverju. Það er langt að komið, úr stóru landi, stór maður, enskt, meistari frá einhverri deild, stjarna, einkennismerki eða búningur, blátt og

gult, stjarnan, stafurinn, táknið. Stór landslagsmynd, sem er í sambandi við þetta, fjöll, sjór, sólin að koma upp yfir hnjúkinn. Bréfið felur í sér einhvers konar viðurkenningu, frá einhverjum félagsskap, sem hann tilheyrir.

Umrætt bréf var mér afhent lokað af hr. Þorláki Ófeigssyni, og fékk eg Hafsteini það óopnað í hendur. Bað eg hann að segja mér, ef hann yrði einhvers var í sambandi við það. Skrifaði eg niður það, er hann sagði, og að lokum afhenti hann mér bréfið aftur, eins og hann hafði tekið við því. Hvorugur okkar vissi, hvað í bréfinu var.

Einar Loftsson.

Bréf það, sem eg afhenti hr. Einari Loftssyni, samkvæmt framanskráðu, er frá hr. Paul Brunton, rithöfundi, og var svar við bréfi frá mér til hans. Bréf Bruntons var ritað á ensku, sent frá Indlandi. Ókunnugt er mér um vöxt Bruntons, en andlega mun mega telja hann með meisturum.

Litirnir, sem miðillinn nefnir, gætu verið áhrif frá skrifstofuherbergi mínu, veggirnir eru bláir, en gul húsgögn.

Á bréfhausnum er tákmynd, sem nákvæmlega svarar til þess, sem miðillinn segir um landslagsmynd o. s. frv., sem sé í sambandi við þetta.

Það, sem miðillinn segir um viðurkenningu, gæti átt við það, að í bréfi sínu gefur hr. Brunton mér umbeðna heimild til að þýða á íslenzku og gefa út eina af bókum hans.

Þorlákur Ófeigsson.

Kristín Bjarkan segir frá

Hafsteinn Björnsson dvaldi á heimili mínu um tíma sumarið 1939. Þá var það eitt sinn, að eg kom inn í stofuna til hans, rétti honum stóra, fagra brjóstnælu og bað hann að segja mér, hvað hann sæi í sambandi við hana. Hafsteinn tekur næluna í hönd sér og segir eftir litla stund:

Hvaða ósköp er eg kominn langt í burtu.

Hann lýsir svo landinu, sem hann sá, vinkonu minni látinni, sem hafði gefið mér næluna, ferðum, sem við höfðum farið saman þar í landinu, og stöðum, þar sem við höfum komið.

Við frásögn hans minntist eg svo mikillar gleði og gæða frá þessum árum, sem farið var að gleymast mér.

Eg sé þið hafið líka ferðast saman um önnur lönd.

En svo segir hann: Konan er með hund með sér.

Það gat eg vel skilið, því að vinkona mín átti hund mjög fylgispakan.

Hann stekkur upp í stólinn hjá þér og situr þar. Honum þykir mjög vænt um þig.

Eg hugsa með mér: Nú sér hann ekki rétt. — Við vorum engir vinir. Mér fannst hann æfinlega hálf-leiðinlegur.

Hafsteinn heldur áfram: Jú, honum þykir ákaflega vænt um þig og hann langar til að sleikja þig í framan, en snertir þig þó ekki með tungunni.

Ó, þetta hlaut þá að vera blessaður hundurinn minn, sem dó 1907. Vinkona mín hafði gefið mér hann smáhvolp. Hann hafði þennan vana, þegar hann sat hjá mér, að mynda sig til að sleikja mig með tungunni,

en þetta vitra, ástúðlega dýr gerði það þó ekki, af því að hann vissi, að þetta mátti hann ekki gera.

Viltu lýsa hundinum?

Hafsteinn segir: Hann er fallegur, svo af ber, með löng, lafandi eyru, o. s. frv., og var öll lýsingin rétt.

Meðal nokkurra mynda af hundum, sem við skoðuðum á eftir, tók Hafsteinn þá réttu.

Frásögn Hafsteins er mér, sem þekki allar aðstæður, mikil sönnun þess, að hér er um merkilega skyggni-hæfileika að ræða, sérstaklega, þegar þess er gætt, að Hafsteinn var mér þá alókunnugur.

Akureyri, 16. marz 1946.

Kristín Bjarkan.

VIII. KAFLI

Um æsku miðilsins

Hafsteinn Björnsson er fæddur 30. október 1914 að Syðri-Hofdölum í Skagafirði, sonur hjónanna Ingibjargar Jósafatsdóttur og Björns Skúlasonar.

Hann telur sig hafa verið skyggnan frá fyrstu. Hvenær fyrstu sýnina bar fyrir hann, man hann ekki. Hann mun þá ekki hafa gert sér grein fyrir, að hann sæi neitt annað en það, sem fullorðna fólkið sæi líka. En ekki var hann orðinn hár í lofti, er hann komst að því, að hann var eitthvað öðruvísi en aðrir. Hann var atyrtur fyrir það, sem hann sá og sagði frá, því, sem var honum jafn raunverulegt og fólkinu var líf þess og starf.

Æska hans varð að því leyti ömurleg, að hann mætti megnu skilningsleysi og andúð hjá öllum nema móður sinni. Hún skildi hann og rengdi aldrei frásögur hans. Sjálf var hún dulræn, dreymdi merkilega drauma og vissi fyrir óorðna atburði. Í móðurætt Hafsteins og enda báðum ættum er margt af dulrænu fólki.

Í bernsku lifir hann í tveim heimum. Í hvorugum þeirra unir hann sér verulega vel. Hann sér allt annað en það, er samferðamennirnir sjá. Það skilja þeir ekki,

og hann skilur þá ekki. Hann kemst síðar að því, að með skilningsleysi og vantrú varpar annar heimurinn skugga á hinn heiminn, sökum þess að margir neita sambandi við hann meðan þeir lifa. Til eru þeir líka, sem trúa því ekki, að neinn annar heimur sé til.

Þessar dulgáfur, sem Hafsteinn hlaut í vöggugjöf, verða honum í fyrstu sízt til blessunar eða framgangs. Lund hans er ör og viðkvæm og opin fyrir öllum áhrifum. Um hann er háð barátta. Hinir tveir heimar togast á um hann. Að nafninu til á hann heima í hinum jarðneska, en þroska sinn á hann að meðtaka frá báðum heimunum. Hann sér hamrana opnast, sér inn í heim huldufólksins, leikur sér með börnum þess, á sama hátt og hann leikur sér með jafnöldrum sínum hér. En ef hann segir frá því, er hann sagður skrökva, og honum er harðbannað að koma með svona fjarstæðu. Oft fellur hann í dvala. Tímum saman situr hann í leiðslu og veit þá ekki hvað fram fer í kringum hann. Svona hátterni verður grunsamlegt í augum samferðamannanna. Hann er talinn mjög undarlegur. Foreldrar hans hafa áhyggjur af honum.

Þetta ágerist eftir því sem hann stækkar, og það er það ískyggilegasta. Framtíðarhorfur virðast ekki vænlegar. Hann berst einn við andúð fólksins. Honum líður oft illa og hann gerist þunglyndur og einrænn. Hann spyr sjálfan sig stöðugt að því, hvers vegna hann sé svona allt öðruvísi en aðrir menn.

Fermingarvorið rofar aðeins til. Hann fær loks fregnir um fleiri, sem eru eins og hann.

Það vor fer hann sem léttadrengur til Guðmundar móðurbróður síns að Hlíði í Hjaltadal í Skagafirði.

Á því heimili kynnist hann Margréti, sem var móðir fyrri manns frú Jóhönnu Linnet.

Margrét sagði honum, að tengdadóttir sín væri miðill.

Hafsteinn varð ekki miklu fróðari. En hún skýrði honum frá, hvað það orð táknaði. Hún sæi og heyrði og hefði samband við framliðnar verur. Hafsteinn varð harla glaður, því að nú vissi hann, að hann var ekkert einstakt afbrigði þessarar tilveru. Hjá honum vaknaði löngun til þess að kynnast fleirum, sem vit hefðu á þessum málum.

Margrét þessi var velviljuð málefnninu. Sagði Hafsteinn henni frá öllu, sem fyrir hann bar, og ræddu þau um það.

Öll þessi ár hefir líf hans verið þrotlaus barátta við sig og samtíð sína. Hann vill losna undan áhrifum að handan, vill verða eins og aðrir menn, en það tekst ekki. Hann er eirðarlaus og hvarflandi og flæktist úr einum stað á annan, dvelur ár í senn á sama býlinu og stundum skemur. Í sannleika sagt er hann einstæðingur, og fátækur af fjármunum. Einu auðæfin, sem hann hefir hlotið, er ófreskisgáfan, en enn sem komið er verður hún honum sízt til heilla. Hann hittir ýmsa, sem hafa misjöfn áhrif á hann. Honum verður á að segja Pétri og Páli frá sýnum sínum. Margir gera gys að honum, og til eru þeir á þessum árum, sem telja hann svona hraðlyginn.

Árið 1936 rofar enn til. Það vor ræðst hann að Nesjum í Grafningi, til frú Guðrúnar Jónasson og fröken Gunnþórunnar Halldórsdóttur.

Þær verða þess vísar, að hann er skyggn og spyrja

hann. Hann segir þeim það, sem hann sér, og er sumt af þeim sýnum skráð í þessa bók. Hafsteinn telur, að kynning sín við þær og vera sín á Nesjum hafi orðið sér til mikillar blessunar.

Þær meðhöndluðu mig eins og mann og sýndu óvenjulegan skilning á þessum málum. Hjá þeim mætti eg aldrei tortryggni né rengingum, segir hann.

Samt dvaldi hann þar ekki nema eitt ár. Vorið 1937 fór hann sem fjósamaður til Geirs Gunnlaugssonar í Eskihlíð.

Fyrir milligöngu Hallgríms Jónssonar, skólastjóra, og séra Kristins Daníelssonar, komst Hafsteinn í kynni við Einar H. Kvaran, en til þess hafði Hafstein lengi langað.

Átti hann að mæta vestur á Sólvallagötu kl. 8 á annan í hvítasunnu. Hafsteinn kom á réttum tíma. Voru þarna fleiri en Kvaranshjónin. Man hann eftir Einari Loftssyni, kennara, syni Einars, hann man ekki hvorum þeirra, og svo var séra Kristinn Daníelsson þar líka.

Þegar Hafsteinn hefir heilsað, snýr Einar H. Kvaran sér að honum og segir:

Það er sagt, að þér séuð skyggn.

Þessi orð komu óþægilega við Hafstein. Hann vissi sjálfur allt of vel að hann var skyggn. Um leið og hann kom inn til Einars, sá hann margt framliðinna.

Svo bætir Einar H. Kvaran við: Og hvað sjáið þér nú hérna?

Meðal þeirra, sem Hafsteinn sá, var Haraldur Níelsson. Sagði hann Einari, að Haraldur stæði hjá honum.

Hvað færið þér því til sönnunar? spyr Einar, og horfir fast á Hafstein.

Við þessi orð varð Hafsteini líkt og honum hefði verið gefið laglega utan undir. Hann gat engu svarað, engar sannanir fært fyrir þessu. Hann sá bara. En á þessari stundu varð honum ljóst, að hann var enn ekki laus undan rengingunum. Hér var krafizt sannana. En langflest af því, sem hann sá, virtist erfitt að sanna.

Eftir orð Einars H. Kvaran varð þögn andartak. En þá segir frú Gíslína Kvaran:

Við skulum setjast hér inn og vita hvað Hafsteinn sér.

Er það gert.

Fór Hafsteinn svo að lýsa því, sem hann sá. En svo fór hann frá Einari að þessu sinni, að hann hafði enga hugmynd um, hvernig lýsingarnar höfðu tekizt, eða hvort Einar eða þeir, sem þarna voru viðstaddir, könnuðust við hina framliðnu, sem Hafsteinn sá og lýsti. Segist Hafsteinn á þessum fyrsta fundi með Einari H. Kvaran hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum.

Leið svo tæp vika. Þá hringir frú Gíslína Kvaran til Geirs Gunnlaugssonar og vill tala við Hafstein. Eftir hinar þurrlegu viðtökur hjá Einari, bjóst Hafsteinn ekki við að verða kallaður oftár þangað, og langaði ekki heldur sjálfan til þess.

Frú Gíslína heilsar Hafsteini og segir, án nokkurra umsvifa: Þér komið vestur eftir kl. 8 í kvöld.

Hafsteinn kvaðst hafa orðið svo hissa, að hann gat ekkert sagt annað en já, og var svo samtalinu lokið.

En Hafsteinn var bundinn við vinnu og gat ekki mætt á réttum tíma. Það var beðið eftir honum í nær því klukkutíma.

Nú fannst Hafsteini léttara yfir öllu en í fyrra sinnið. Auk Einars Loftssonar og einhverra fleiri, sem Hafsteinn man ekki hverjir voru, var Ísleifur Jónsson og Snæbjörn Jónsson. Sá Hafsteinn þarna margt fólk og lýsti því, sem hann sá. Bar Einar H. Kvaran sig saman við Ísleif Jónsson. Sá Ísleifur allt, sem Hafsteinn sá, og staðfesti það. En hvorki Ísleifur eða Hafsteinn féllu þarna í dásvefn.

Eftir þennan skyggjifund var svo um talað milli Einars og Hafsteins, að Hafsteinn kæmi þangað tvisvar í viku og æfðist þar í skyggnilýsingum, og varð það úr. Hvað þar hefir komið fram vitum við ekki. Lítið eða ekkert af því mun hafa verið skráð. En atburðir frá transfundum þeim, sem Hafsteinn hélt hjá Einari, eru í þessari bók.

Það munu alla daga verða talin meðmæli með Hafsteini, að Einar H. Kvaran taldi það ómaksins vert að halda áfram með hann. Er nú óðum að rakna úr fyrir honum. Hann er nú kominn það áleiðis, að hann er undir handleiðslu þess manns, sem vegna þekkingar og dómgreindar er öllum öðrum færari til að æfa hann sem miðil. Hérlandis var Einar sá maðurinn, sem hafði lang víðtækasta reynslu á þessum málum. Hin alkunna varfærni hans kemur greinilega fram, þegar fundum þeirra ber fyrst saman.

Þeir, sem oftast sátu fundina, voru séra Kristinn Danielsson, Björg Havsteen, Einar Loftsson, kennari, Snæbjörn Jónsson, Ísleifur Jónsson og kona hans. Guðjón Sæmundsson, byggingameistari, og hans kona, frú Arnheiður Jónsdóttir. Svo vitanlega Kvaranshjónin. Stúlka sú, sem þá var hjá þeim, sat alltaf fundina. Hún

heitir Ágústa og er Þorsteinsdóttir. Eru ummæli eftir henni í þessari bók, viðkomandi atburði, sem gerðist á fundi hjá Hafsteini.

Fyrst er Hafsteinn æfður sem lýsingamiðill, en ekki liður á löngu, þar til transinn gerir vart við sig. Það var einhver beygur í honum við transinn. Lengi vel stritaði hann á móti. Einar H. Kvaran sagði, að hann skyldi ekki óttast, og brátt varð transinn yfirsterkari.

Eftir því sem mér skilst af viðtali við þá, sem fundina sátu, hafa þeir tekizt vel, sumir hverjir. Eftir umsögn sumra, mun Einar H. Kvaran hafa talið Hafstein efni í mikinn miðil.

Því miður nýtur Hafsteinn handleiðslu Einars ekki nema skamma stund. Eg var ekki sjálf á þeim fundum og get því ekki um það dæmt, hvort Hafsteini hefir farið mikið fram síðan Einars missti við.

En Einar H. Kvaran veiktist, og fór þá Hafsteinn þaðan um tíma.

Telur Hafsteinn sitt mesta lán, að hafa kynnt Einari H. Kvaran og konu hans. Var hann alltaf velkominn á heimili þeirra hjóna. Í hinni þungu legu Einars kom hann oft til hans. Síðustu stundirnar voru þeir báðir við beð hans, Ísleifur og Hafsteinn.

Eftir að Einar H. Kvaran veiktist, voru fundir haldnir hjá frú Lilju Kristjánsdóttur, Laugavegi 37. Árangurinn af þeim fundum er kaflí í þessari bók sem heitir Maður Mannsson.

Um tíma eftir dauða Einars H. Kvaran voru fundir hjá frú Gíslínu Kvaran. En 1941–1945 eru fundir haldnir í Hafnarfirði, hjá frú Soffíu Sigurðardóttur. Frá þeim fundum birtist ýmislegt í þessari bók.

Síðan Einar H. Kvaran andaðist, hefir enginn fastur hringur verið um Hafstein til lengdar, nema þessi ár í Hafnarfirði.

Þetta að framan er þá frásögn Hafsteins um æsku-árin og baráttuna við hleypidóma samtíðarinnar og öflin handan yfir, sem að lokum höfðu yfirhöndina.

Á eftir ætla eg í fáum orðum að gera grein fyrir, hvers vegna eg skrifa þessa bók, og hvernig eg hefi starfað að henni. Eftir að bókin Úr dagbók miðilsins kom út, fór Hafsteinn þess á leit við mig, að eg skrifaði um hann og þá reynslu, er fólkið hefði af honum fengið. Mér fannst aðstaðan dálítið önnur, og varð ekki úr þessu fyrr en í haust sem leið.

Þegar eg ritaði bókina Úr dagbók miðilsins, komst eg að því, að margt var glatað, sem vert hefði verið að varðveita. Mér datt í hug, að hér kynni að fara á sömu leið, að atburðirnir fyrntust í hugum fólksins og það leiddi aftur til þess, að ekkert yrði varðveitt af því, sem fram hefði komið á fundunum. Í minni vitund var þetta þarft verk. Málefnisins vegna tók eg þetta að mér, þótt mér væri það ljóst, að það var mjög vandasamt. Þetta verk leiddi til þess, að eg varð að fara víða og hitta marga að máli. Eg þakka fólkinu af alhug. Hvarvetna hefir mér verið tekið mjög vel. Margir hafa fagnað því, að nú skuli eiga að skrá þetta.

Eg tók það ráð að skrifa upp eftir fólkinu. Láta það segja frá atburðunum, og breyta engu sem máli skipti, láta stíl þess og orðalag halda sér, að svo miklu leyti sem unnt var.

Skal eg geta þess, að eg hefi borið undir alla og lesið fyrir þá það, sem eftir þeim er haft í þessari bók, til þess að vera örugg um, að rétt sé farið með, frá minni hendi. Skal eg fúslega játa, að fyrir efasemdarmennina hefir ekki allt, sem stendur í þessari bók sannanagildi. Sýnirnar hefi eg gert tilraun til að vottfesta. Kemur greinilega fram í þessari bók, að þeir hafa sagt sýnir sínar hvor fyrir sig, Hafsteinn og Ísleifur, áður en fundum þeirra bar saman. Á eg þar við sýnir þeirra við útför Einars H. Kvaran.

Það, sem ritað er hér að framan eftir fundarmönnum, er flest vottfest. Stundum hafa tveir eða þrír af þeim, sem fundinn sátu, verið viðstaddir, er eg skrifaði niður. Tók eg þá það eitt, sem þeir mundu allir greinilega og bar saman um að rétt væri.

Að endingu vil eg geta þess, að eg hefi starfað að þessari bók á sama hátt og að bók Andrésar heitins miðils. Eg hefi engu bætt við frá eigin brjósti, svo að skáldskapur er hún ekki.

Kaflinn um lækningarnar hefði getað orðið lengri og sterkari. Eg hefi talað við fólk, sem telur sig ótvírætt hafa fengið lækning gegnum Hafstein miðil. Eg hefi einnig haft spurnir af fólk, sem muni að meira eða minna leyti hafa læknazt hjá honum. En hér endurtekur sagan sig. Fólkinu er langtum ljúfara að þiggja lækningu, en bera sannleikanum vitni, snúa við og gefa guði dýrðina.

Enn er einn liður ósagður, og mun hvergi verða skráður, einkamálin. En í þeim sumum hverjum eru ef til vill sterkustu sannanirnar. Eg geri ráð fyrir, að í þessari bók sé margt, sem má rengja. En eg vona samt,

að í henni finnist margt, sem hugsandi menn staldra við og athuga. Hún ætti að minnsta kosti að sýna, hve Hafsteinn hefir fjölbreytta miðilshæfileika, þótt hann sé vitanlega langsterkastur lýsinga- og sannanamiðill.

Eg býst við, að það sé í þessu máli langtum auðveldara að rífa niður en byggja upp og brúa djúpið. En sé það hlutverk miðlanna að brúa djúpið milli heimanna, er líf þeirra og starf fyllilega þess virði, að því sé gaumur gefinn. Það ætti að verða öllum, sem þrá vissuna, stærsta áhugamálið og fyrsta rannsóknar-efnið.

Séra Kristinn Daníelsson, Snæbjörn Jónsson, Einar Loftsson og Ísleifur Jónsson hafa látið mér í té mikilsvarðandi upplýsingar um ýmis atriði í þessari bók. Jónas Þorbergsson, útvarpsstjóri, skrifar um miðilinn og þá, sem starfa í sambandinu. Séra Jón Auðuns hefir lesið handritið og gefið mér ýmsar leiðbeiningar.

Kann eg öllum þessum mönnum beztu þakkir fyrir.

Reykjavík, 30. júní 1946.

Elinborg Lárusdóttir.

E F N I

I. MIÐILLINN HAFSTEINN BJÖRNSSON (J. Þorbergss.) II. DULSKYGGNI — DULHEYRN

Sýn við dánarbeð Einars H. Kvarans	17
Frásögn Ísleifs Jónssonar, gjaldkera	25
Umsögn Ísleifs Jónssonar, gjaldkera	27
Umsögn Einars Loftssonar, kennara	27
Umsögn Snæbjarnar Jónssonar, endurskoðanda	29
DULSÝNIR. (Hafsteinn Björnsson)	29
Húskveðjan	32
Mannskaðinn á Sauðárkróki	34
Feigð	37
Látinn maður gerir mér greiða	39
Þegar Ólafur fórst	42
Sýn við útför Unnar B. Bjarklind. (Elinborg Lárusdóttir)	43
Umsögn Elinborgar Lárusdóttur	45
Umsögn Sigurðar Bjarklind	47
Stefán frá Karlsskála. (Einar Loftsson)	48
Skyggnilýsing. (Einar Loftsson)	49
Hvíta kisa. (Jón Pálsson)	52
Þorgeirsboli. (Elinborg Lárusdóttir)	55
Skemman er opin (Elinborg Lárusdóttir)	57
Þú verður að fara heim. (Einar Loftsson)	58
Afi minn. (Zophonias Pétursson)	60
Hundurinn (Zophonias Pétursson)	61
Unga stúlkan. (Ásgeir Magnússon)	62

III. FRÁ FUNDUNUM.

Hefir Einar H. Kvaran gert tilraun til að sanna sig. (Séra Jón Auðuns)	66
Ferðalagið	71
Bænin	72
Litli drengurinn sem átti svo bágð	74
Á jólnum	76
Blómakarfan. (Ragna Helgadóttir)	79
Boðin. (Anna Hallgrímsson)	80
Kistillinn. (Anna Hallgrímsson)	82
Það, sem enginn vissi. (Anna Hallgrímsson)	83
Presturinn. (Séra Jón Skagan)	85
Lagið. (Séra Jón Skagan)	87
Draumur. (Séra Jón N. Jóhannessen)	88
McKermott. (Séra Jón N. Jóhannessen)	91
Stjúpdóttir mín. (Margrét Sigurðsson)	94
Sigurður á Þúfu. (Gunnhildur Bjarnadóttir)	94
Myndin. (Gunnhildur Bjarnadóttir)	96
Fundur. (Brynhildur Jónsdóttir)	98
Miðilsfundur. (Ingimar Jóhannesson)	102
Finna fer til Danmerkur. (Málfríður Jónsdóttir)	106
Ofninn. (Málfríður Jónsdóttir)	107
Skrítni maðurinn. (Kristinn Grímsson)	108
Æskustöðvarnar	110
Lýsingar á fundi. (Guðrún Ólafsdóttir)	112
Kveðjan	114
Bréfið. (Sveinn Jónsson)	118
Aðvörun	119
Lýsingar (Þorbjörg Jónsdóttir)	120
Páll. (Ingveldur Lárusdóttir)	121
Um fundina í Hafnarfirði. (Soffía Sigurðardóttir)	123
Reimleikar. (Elinborg Lárusdóttir)	126
Frásögn. (Séra Jón Auðuns)	130
Frá fundum. (Elinborg Lárusdóttir, séra Ingimar Jónsson)	136
Frá Ásunnarstöðum. (Oddný Stefánsdóttir)	140
Móðirin. (Guðjón Sæmundsson)	141
Eg þekkti hann ekki. (Pálína Steinsdóttir)	143

Gamla konan. (Pálína Steinsdóttir)	144
Guðný G. Hagalín segir frá	145
Við þekktum hann. (Zophonias Pétursson)	151
Óvænt heimsókn. (Einar Loftsson)	153
Þið finnið þau í kvöld. (Ásmundur Helgason)	154
Hún barzt á tónunum. (Guðný Jónsdóttir)	160
Tónarnir áttu sér dýpri rætur. (Ásmundur Gestsson) ..	162
Hann var í kassanum. (Kristófer Grímsson)	166
Árni Magnússon segir frá	168
Umsögn. (Anna Jakobsdóttir)	172
Jóhann á Breiðabólstað. (Ingibjörg Sigurðardóttir)	173
Labba	174
Fundur. (Tómas Sigurgeirsson)	177
Magnús Þorkelsson segir frá	179
Mín reynsla. (Jakob Jónsson)	185
Framliðinn maður sannar sig. (Ásmundur Gestsson)	189
Maður Mannson. (Elinborg Lárusdóttir)	201

IV. DULFLUTNINGUR — Apport.

Hnífurinn. (Elinborg Lárusdóttir)	210
Umsögn séra Kristins Daníelssonar.	214
Púðurdósinn (Elinborg Lárusdóttir)	219

V. UMMYNDUN — Transfiguration.

Frásögn Soffíu Sigurðardóttur	222
Kryppan. (Arnfríður Long)	223
Hún vildi láta þekkja sig. (Margrét Sigurðardóttir	224
Gamla konan. (Margrét Sigurðardóttir)	225
Umsögn. (Arnfríður Long)	225
Umsögn (Guðrún Ólafsdóttir)	226
Umsögn. (María Albertsdóttir)	227
Ummyndun. (Stefana G. Björnsdóttir)	227

VI. UM LÆKNINGAR

Kafli úr bréfi. (Védís Jónsdóttir)	229
Andlegar lækningar. (María Albertsdóttir)	230

Þér er illt í bakinu. (Elinborg Lárusdóttir)	232
Lækning. (Guðrún Ólafsdóttir)	233
VII. HLUTSKYGGNI — Psychometry.	
Sýn Hafsteins Björnssonar	235
Umsögn. (Einar Loftsson)	237
Psychometry	238
Hringurinn. ((Einar Loftsson)	238
Vestið. (Einar Loftsson)	240
Teskeiðin. (Einar Loftsson)	241
Bréfið. (Einar Loftsson)	241
Umsögn Þorláks Ófeigssonar byggingameistara	242
Frú Kristín Bjarkan segir frá	243
VIII. UM ÆSKU MIÐILSINS (Elinborg Lárusdóttir)	245